Bændablaðið

20. tölublað 2026 • Fimmtudagur 5. nóvember • Blað nr. 713 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is

Vill framleiðniaukningu í landbúnaði



Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra vill meira svigrúm til nýsköpunar og framleiðniaukningu í landbúnaði. **8**

Sigrún á Stórhóli



„Það að maður sé manns gaman er ekki gripið úr lausu lofti," segir bóndinn á Stórhóli. **32–33**

Hafmeyjan og sólskríkjan



Sagnaþátturinn fjallar um Fljótshlíð og þau Nínu Sæmundsson og Þorstein Erlingsson. **50**



FAGUR FISKUR Í BORHOLUSJÓ Í Þorlákshöfn starfar fyrirtækið First Water sem elur lax í lokuðum kerjum og nýtir til þess tæran sjó úr borholum. Fyrsti áfangi af sex er langt kominn og er fullvöxnum laxi reglulega slátrað. Ísland nýtur forskots þegar kemur að aðgengi að verðmætum mörkuðum í Bandaríkjunum og Kína. ***– Sjá nánar á bls. 20–21.***

Mynd / Ástvaldur Lárusson

Skimanir lykilatriði

Búfjártengdur meticillín ónæmur Staphylococcus aureus (MÓSA), sýklalyfjaónæm baktería, greindist í fyrsta sinn í íslenskum svínum í fyrra.

MÓSA þekkist víða í Evrópu og finnst til að mynda í 90% danskra svínabúa. Matvælastofnun og Sóttvarnalæknir fylgjast náði með stöðunni og segja skimanir vera mikilvægan þátt í að draga úr hættu á útbreiðslu.

Staphylococcus aureus er eðlilegur hluti bakteríuflóru á húð og í nefholi hjá stórum hluta manna og dýra og veldur sjaldnast sýkingu í heilbrigðum einstaklingum. MÓSA eru afbrigði bakteríunnar sem eru ónæmir sýklalyfjum og því er mikilvægt að MÓSA-smit berist ekki inn á heilbrigðisstofnanir og til fólks með skert ónæmiskerfi. Bakterían smitast ekki með kjöti og er því ekki talin hætta á að neyta dýraafurða.

Sýklalyfjaónæmi er almennt lítið á Íslandi í evrópskum samanburði. Karl Gústaf Kristinsson, prófessor í sýklafræði og fyrrum yfirlæknir á sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, segir visst áfall að búfjártengdur MÓSA greinist hérlendis og mikilvægt sé að bregðast við. Hann segir fjármagn skorta til skimana og stofngreininga bakteríanna svo hægt sé að takmarka útbreiðslu. */kró*

– Sjá nánar á síðu 6

Búist við talsverðum verðhækkunum

Áburðarsalar búast við talsverðum áburðarverðshækkunum á tilbúnum áburði fyrir næsta ár.

Vísbendingar eru um að köfnunarefnisáburður gæti hækkað um 25–30% og NPK-áburður um 15–20%. Slíkar verðhækkanir gætu orðið íþyngjandi fyrir búrekstur íslenskra nautgripa- og sauðfjárbænda, þar sem áburðarkaup eru einn stærsti einstaki útgjaldaliðurinn.

Stór hluti framleiddur við Persaflóa

Áhrif stríðsátaka við Persaflóann hafa þar mest áhrif á heimsmarkaðsverð á jarðgasi, sem er grunnhráefni og orkugjafi í framleiðslu flestra tegunda köfnunarefnisáburðar. Bæði er þar um að ræða röskun á framleiðslu á jarðgasi og útflutningi áburðar frá svæðinu – en ríki við Persaflóa standa fyrir verulegum hluta útflutnings köfnunarefnisáburðar á heimsmarkað.

„Við erum í reglulegu samtali við okkar birgja og þær verðvísbendingar sem við fáum nú benda til þess að köfnunarefnisáburður gæti verið á bilinu 25–30% dýrari en á síðasta sölutímabili. Fyrir dæmigerðan NPK-áburð er einnig rætt um hækkanir á bilinu 15–20%. Þetta er þó háð áframhaldandi markaðsþróun sem ekki er útséð með hver verður," segir Jóhannes Baldvin Jónsson hjá Líflandi.

Jóhannes segir að hátt orkuverð hafi líka þrýst upp framleiðslukostnaði í Evrópu. „Það eru einhver dæmi um að evrópskir framleiðendur hafi dregið úr framleiðslu vegna þessa og óvissa ríkir um verð og framboð næstu vikur.

Þessi óvissa veldur því að bæði kaupendur og seljendur fara varlega í að skuldbinda sig til lengri tíma, enda getur þetta snúist nokkuð hratt ef aðstæður breytast. Við fylgjumst því áfram með stöðunni og metum þróunina." Hann bætir við að þrátt fyrir ástandið sé ekki fyrirsjáanlegur vöruskortur, heldur fyrst og fremst óróleiki á mörkuðum og óvissa með endanlegt verð.

Vetni unnið úr jarðgasi

Að sögn Jóhannesar er vetni unnið úr jarðgasi í hefðbundinni áburðarframleiðslu og það síðan látið hvarfast við köfnunarefni úr andrúmsloftinu í svokölluðu Haber-Bosch-ferli til að framleiða ammóníak. „Okkar vörur innihalda mest ammóníumnítrat, gjarnan líka kalkbundið ammóníumnítrat, auk þess sem ammóníak er notað við framleiðslu á díammóníumfosfati sem er einnig algengt í okkar vörum.

Jarðgasið sem notað er í Evrópu kemur úr ýmsum áttum, ekki síst frá Noregi og Bandaríkjunum og í raun bara lítill hluti frá Persaflóasvæðinu, miðað við þær tölur sem ég hef nýlega séð. Ástandið þar hefur hins vegar áhrif á alþjóðlegt gasverð og framboð, auk þess sem verulegt magn áburðar er framleitt á svæðinu og flutt þaðan á heimsmarkað. Truflanir á framleiðslu og siglingum hafa því áhrif á bæði orkuverð og áburðarframboð, óháð því hvar einstakar áburðarverksmiðjur eru staðsettar." */smh*





Nýtt varnarlínukort með rauðum línum utan um áhættuhólfin og grænar línur utan um líflambasölusvæðin. Mynd / MAST

Nýtt varnarlínukort

– Engar tengingar við lit eyrnamerkja

Matvælastofnun hefur gefið út nýtt og endurskoðað varnarlínukort. Kortið tekur mið af nýrri reglugerð um merkingar og skráningar dýra þar sem kveðið er á um að litur á eyrnamerkjum sauðfjár sé ekki lengur bundinn við varnarhólf landsins, sem eru 22.

Að sögn Sigurbjargar Ólafar Bergsdóttur, sérgreinadýralæknis jórturdýrasjúkdóma hjá Matvælastofnun (MAST), er meginbreytingin að eyrnamerkjalitirnir hafa verið fjarlægðir, engar breytingar séu á línunum sjálfum. „Svo var ákveðið, til glöggvunar, að draga rauða línu umhverfis áhættuhólfin og grænar línur til þess að afmarka líflambasölusvæðin, þannig að fólk eigi auðveldara með að átta sig á staðsetningunum á þessum svæðum," segir hún.


Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

Innfluttir sauðfjársjúkdómar

Í umfjöllun um varnarhólfin á vef MAST segir að varnarlínurnar séu ýmist girðingar eða náttúrulegar hindranir. Upphaflegur tilgangur fyrirkomulagsins hafi verið að varna útbreiðslu sauðfjársjúkdóma sem borist höfðu með innflutningi á karakúlfé frá Þýskalandi árið 1933.

„Um var að ræða sjúkdómana garnaveiki og mæðiveiki (votamæði og þurramæði). Varnarhólfin voru liður í aðgerðum sem ráðist var í til útrýmingar á sjúkdómunum. Fé var fargað á sýktum svæðum og nýtt tekið í staðinn frá ósýktum svæðum. Votamæði var útrýmt árið 1952 en þurramæði árið 1965. Ekki tókst jafn vel til með garnaveiki og er hún enn til staðar.

Eftir að bólusetning var tekin upp hefur tíðni garnaveiki þó minnkað mikið og hefur henni verið útrýmt á nokkrum svæðum," segir á vef MAST.

Breytt hlutverk gagnvart riðu

Þótt varnarlínur hólfanna séu óbreyttar hefur sú breyting orðið á hlutverki þeirra gagnvart riðu, sem er einn skæðasti sauðfjársjúkdómurinn, að með útgáfu á reglugerð um riðuveiki í lok síðasta árs er nú breytt nálgun við útrýmingu á riðu í fé. Þannig verða samkvæmt reglugerðinni aðgerðir vegna staðfestra riðusmita áhættumiðaðar og beint að tilteknum áhættuflokkuðum bæjum en ekki jafnt að öllum bæjum í viðkomandi varnarhólfi líkt og verið hefur.

Þótt litur eyrnamerkja hafi verið gefinn frjáls er þar ein undantekning. Rauðan lit má aðeins nota með leyfi yfirdýralæknis.

/smh

LÍFLAND
Kjarngóðar ærblöndur
Ærblöndurnar frá Líflandi henta íslensku sauðfé og eru samsettar með efnaþarfir íslensks sauðfjár að leiðarljósi.



Ærblanda
Próteinríkt (24%) orkufóður sem hentar þar sem þörf er á sterku fengieldi. Inniheldur ríflegt hlutfall fiskimjöls sem eykur meltanleika.

Ærblanda LÍF
Hagkvæm blanda með 15% próteini sem leggur til viðbótar prótein og orku og hentar með betri heyjum.

Ærblöndurnar fást í 25 kg og 500 kg sekkjum
sala@lifland.is sími 540 1100

Loftslagsdagurinn:

Leiðir til úrbóta í gegnum landbúnaðinn

Loftslagsdagurinn var haldinn í fimmta sinn í Norðurljósasal Hörpu 28. október. Umhverfis- og orkustofnun (UOS) stóð að viðburðinum þar sem fjallað var um loftslagsmálin frá ýmsum hliðum – til að mynda út frá fæðuframleiðslu og landbúnaði.

Loftslagsdagurinn var haldinn í kjölfar birtingar UOS á bráðabirgðaniðurstöðum úr losunarbókhaldi Íslands fyrir síðasta ár. Í þeim tölum mátti sjá að samdráttur í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda mældist 3,9% á milli áranna 2024 og 2025, sem er langt frá markmiðum Íslands sé tekið mið af framtíðarhorfum.

Íslenskur landbúnaður losar tvöfalt meira

Birgir Urbancic Ásgeirsson, sérfræðingur í teymi losunarbókhalds hjá UOS, og Elín Björk Jónasdóttir, sérfræðingur á skrifstofu loftslagsmála í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, töluðu á loftslagsdeginum um losun gróðurhúsalofttegunda sem Ísland ber ábyrgð á samkvæmt losunarbókhaldi Íslands og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Fram kom að losunin í flokki landbúnaðar er tvöfalt meiri á Íslandi en á meginlandi Evrópu, sem skýrist af fleiri dýrum sem hér eru á hvern íbúa, auk þess sem losun á hvert dýr er meiri hér á landi.

Þar kom einnig fram að ekki væri auðvelt að draga þar verulega úr losun, þar sem mesta losunin úr þeim flokki væri vegna dýrahaldsins, bein losun frá nautgripum og sauðfé. Spár losunarbókhaldsins gera ekki ráð fyrir miklum samdrætti, þar sem ekki sé hægt að breyta þessu frumframleiðslukerfi matvæla svo auðveldlega.

Ýmsar leiðir til úrbóta

Þau Birgir og Elín sögðu að því væri engin nærtæk lausn á þessum tilteknu áskorunum en þó væru ýmsar leiðir til úrbóta á öðrum sviðum landbúnaðar. Nefnd voru til að mynda tækifæri í lífdísilframleiðslu, bættri nýtingu áburðar með nákvæmnisbúskap og betri orkunýtni í ylrækt með LED-ljósum.

Þau nefndu að binding kolefnis í skógrækt hefði aukist mjög á undanförnum árum, bæði með nýskógrækt og stækkun núverandi skóga. Í raun væri binding á Íslandi helmingi meiri á hvern íbúa en í Evrópu. Það skýrðist að mestu af því að dregið hefði úr hæfni skóga í Evrópu til að binda kolefni, sem gerist þegar skógar eldast.

Hér á Íslandi séu meiri tækifæri í skógrækt og til framtíðar litið sé horft til enn frekari möguleika þar til að binda meira kolefni.

Fjölskrúðugra fuglalíf

Þau töluðu einnig um aðra landnotkun, sem væri langstærsti áhrifaþátturinn. Fram kom að á Íslandi væri þessi losun margföld á við meginland Evrópu. Framræst votlendi væru þar áhrifamest. Hluti af því landi væri í nýtingu sem ræktarland en meirihlutinn ekki.

Þau sögðu að endurheimt vistkerfa fylgdi endurheimt votlendis með fjölskrúðugra fuglalífi. Um fremur einfalda og hraðvirka loftslagsaðgerð væri að ræða og hvöttu þau landeigendur til að koma með í þá vegferð.



Birgir Urbancic Ásgeirsson og Elín Björk Jónasdóttir. Mynd / Skjáskot af vef UOS

Innflutt aðföng

Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, flutti erindi um fæðuöryggi. Hún sagði að á yfirborðinu kynni að líta þannig út að við stæðum okkur ekki svo illa. Við værum með háa hlutdeild innlendrar framleiðslu á matvörumarkaði í mjólkurvörum, eggjum og kjöti. Hlutdeildin hefði reyndar farið niður í 40% í grænmetisframleiðslu árið 2009 og aðeins eitt prósent af korni á markaði væri innlend framleiðsla.

Myndin væri önnur þegar horft er til aðfanga, sem eru meira og minna öll innflutt. Ef aðfangakeðjur raskast vegna ytri aðstæðna væri landbúnaðarframleiðslu hratt ógnað með ýmsum hætti. Eftir þrjár vikur án innflutnings væri líklegt að skammta þyrfti eldsneyti í landinu. Svína-, alifugla- og fiskeldi myndi lenda í alvarlegum vanda vegna þess.

Eftir þrjá mánuði myndi starfsemi þessara búgreina stöðvast, auk þess sem mjólkurframleiðsla yrði fyrir verulegu höggi. Kæmi slík staða upp að vori til, að áburðarskip kæmust til dæmis ekki til landsins, hefði það veruleg áhrif á uppskeru ársins.

Hringrásarhagkerfi fyrir landbúnaðinn

Margrét sagði að ýmislegt væri hægt að gera á Íslandi til að auka fæðuöryggið, bæði með því að huga betur að öflun eigin aðfanga og aukinni landbúnaðarframleiðslu.

Nýta megi það sem telst vera lífrænn úrgangur í dag til áburðarframleiðslu og stuðla þannig að hringrásarkerfi fyrir landbúnaðinn. Þegar sé til staðar hrein íslensk raforka og hitaveita sem nota megi til orkuskipta í landbúnaði og til að knýja meiri innlenda framleiðslu, meðal annars í grænmetis- og kornrækt.

Til þess að þetta geti raungerst – og til að fyrirbyggja mögulegt neyðarástand – verði að styrkja innviði íslensks landbúnaðar með traustum rekstrargrundvelli bænda og bestu mögulegri nýtingu allra aðfanga. Einnig þurfi að styrkja áfallaþol matvælaframleiðslunnar með neyðarbirgðum af áburði, sáðkorni og olíu. Loks nefndi Margrét nauðsyn þess að fjárfest verði í nýsköpun og þróun þannig að hægt verði að þróa innlent hringrásarkerfi fyrir landbúnaðinn. */smh*

Áætlun fyrir álft í bígerð

Álftir valda bændum tjóni árlega þar sem þær borða og skemma korn á ökrum. Bændur hafa kallað eftir lausnum og samtali við stjórnvöld um málið. Í grein um álftir í síðasta blaði kom fram í svari umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álft væri í bígerð og að Náttúruverndarstofnun væri að vinna fyrstu skrefin í því ferli.

Umræðan kemur upp ár eftir ár í samfélagi bænda en hefur nú komist í fréttir og verið til umræðu meðal stjórnmálamanna. Álftin er friðaður fugl á Íslandi og í Evrópu. Sumir bændur hafa kallað eftir því að fá að skjóta fuglinn en Náttúrufræðistofnun hefur ítrekað sagt að slíkar breytingar sé ekki hægt að gera á lögum nema eftir ítarlega rannsóknarvinnu því slíkt þurfi að byggja á góðum rökstuðningi og þekkingu á hvaða áhrif breytingarnar hafi á stöðu tegundarinnar.

Í svari Náttúruverndarstofnunar til blaðsins segir að fyrsta skrefið í gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir álft í samræmi við áform ráðuneytisins sé verkefni sem er þegar hafið. „Í þeirri vinnu er meðal annars verið að fara yfir fyrirliggjandi upplýsingar um stofnþróun álfta og tjón af þeirra völdum í landbúnaði, auk þess sem leitað hefur verið eftir frekari gögnum um umfang og dreifingu tjónsins." Í svarinu segir að ljóst sé að upplýsingar um raunverulegt umfang tjóns séu takmarkaðar og að aðstæður séu mismunandi eftir svæðum.

„Því er nú til skoðunar að hefja afmarkað átaksverkefni á völdum svæðum þar sem ágangur álfta er talinn mestur. Markmiðið væri að prófa mismunandi leiðir til að draga úr tjóni, meta árangur þeirra og nýta niðurstöðurnar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Ekki er útilokað að slík áætlun nái einnig til gæsa."

Meðal þeirra úrræða sem Náttúruverndarstofnun segir að komi til skoðunar er skipulögð fæling, griðarsvæði og aðgerðir sem byggja á reynslu bænda af því að draga úr ágangi. Þá er tekið fram að alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að samþættar aðgerðir séu almennt vænlegri til árangurs en að treysta á eina aðferð. Verið er að móta nánari útfærslu verkefnisins í samstarfi við viðkomandi ráðuneyti og aðila í landbúnaði. Stefnt er að því að fyrstu verkefnin geti hafist á næsta ári þó ekki hafi enn verið tekin ákvörðun um einstakar aðgerðir eða endanlega tímaáætlun. „Markmiðið er að bregðast við þeim vanda sem bændur standa frammi fyrir, jafnframt því að tryggja að aðgerðir byggist á faglegum forsendum og samræmist verndarskyldum Íslands."

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtakanna, sagði á fyrsta fundi í hringferð BÍ að þau væru í góðu samtali við ráðuneytið og að vonir hans og Jóhanns Páls Jóhannssonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra væru í þá átt að árangur sjáist fljótlega og náist vonandi fyrir sumarið 2027. Ekki náðist í ráðherra við gerð fréttarinnar.

/kró

Volkswagen
Atvinnubílar

Eigum úrval atvinnubíla á lager - allt frá Caddy til Crafter

Erum flutt í Þorraholt 2, Garðabæ - velkomin!



ID. Buzz People
Tilboðsverð m. styrk frá:
8.490.000 kr.
Verð með styrk: 8.990.000 kr.*
Fullt verð: 9.990.000 kr.



Transporter
Verð frá: 7.990.000 kr.

Fáanlegur rafdrifinn



ID. Buzz Cargo
Verð með styrk: 8.990.000 kr.*
Fullt verð: 9.490.000 kr.



Crafter
Verð frá: 9.990.000 kr.



Amarok 4Motion
Verð frá: 14.690.000 kr.



Caddy Cargo
Verð frá: 5.290.000 kr.

*Hægt er að sækja um 500.000 kr. Orkustyrk - nánar á uos.is

Hekla

Þorraholt 2, 210 Garðabær ⌙ Sími 590 5000 ⌙ www.hekla.is
Höldur Akureyri ⌙ Bílasala Selfoss ⌙ Bílakjarninn Reykjanesbæ

Búnaðarsambandssvæði	Dagur	Staður og tími
Búnaðarsamtök Vesturlands	Þri. 17. nóv.	Dalabúð kl. 20:00
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mið. 18. nóv.	Lyngbrekka kl. 20:00
Bún.samb. Húnaþ. og Stranda	Mið. 18. nóv.	Sævangur kl. 14:00
Bún.samb. Húnaþ. og Stranda	Mið. 18. nóv.	Víðihlíð kl. 20:00
Búnaðarsamb. Skagfirðinga	Fös. 27. nóv.	Tjarnarbær kl. 13:000
Búnaðarsamb. Eyjafjarðar	Mán. 23. nóv.	Búgarður kl. 20:00
Búnaðarsamb. S-Þingeyinga	Mið. 25. nóv.	Ýdalir kl. 20:00
Búnaðarsamb. N-Þingeyinga	Mið. 25. nóv.	Svalbarði kl. 13:00
Búnaðarsamb. Austurlands	Þri. 24. nóv.	Barnaskólinn Eiðum kl. 13:30
Búnaðarsamb. Suðurlands	Fim. 19. nóv.	Félagslundur kl. 20:00
Búnaðarsamb. Suðurlands	Fös. 20. nóv.	Hótel Smyrlabjörg kl. 20:00
Búnaðarsamb. Suðurlands	Fös. 20. nóv.	Kirkjuhvoll Kirkjubæjarklaustri kl. 12:00

Kynningarfundir vegna útgáfu nýrrar Hrútaskrár.

Hrútaskrá:

Fjölbreyttur hrútakostur með verndandi arfgerðir

Von er á nýrri prentaðri Hrútaskrá 16. nóvember, þar sem sauðfjárbændum verður kynntur sá hópur sæðingastöðvahrúta sem er í boði í vetur. Hrútum fjölgar úr 49 í 55 frá síðasta ári og þar af eru 44 nýir hrútar.

Að sögn Eyþórs Einarssonar, ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), verða lambhrútar áfram í aðalhlutverki en þeir verða 36 talsins. „Hér er áherslan áfram sú að innleiða verndandi arfgerðir gegn riðuveiki hratt og vel en reyna að sporna gegn óæskilegri aukningu skyldleikaræktar með því að hafa hröð ættliðaskipti og hóflega notkun á hverjum hrúti. Erfðahlutdeild Gimsteins 21-899 og Gullmola 22-902 lækkar talsvert á milli ára í hrútakostinum en sem dæmi var samanlögð erfðahlutdeild þessara kappa í arfhreinu ARR-hrútunum í fyrra rúmlega 25% en verður í kringum 15% í ár að jafnaði," segir hann.



Flestir með ARR-arfgerðina

„Megnið af sæðingastöðvahrútunum, eða 46 þeirra, bera ARR-arfgerðina og þar af 13 sem eru arfhreinir fyrir hinni verndandi arfgerð og er það nánast tvöföldun í fjölda arfhreinna ARR-hrúta milli ára. Meira úrval en áður er af reyndum ARR-hrútum. Teknir voru fimm hyrndir veturgamlir hrútar og einn kollóttur sem allir hafa sýnt góðan eða framúrskarandi árangur sem lambafeður. Þá eru sjö ARR-hrútar sem hefja nú sinn annan vetur á stöð," heldur Eyþór áfram.

Hann útskýrir að móranðir hrútar verði nú í boði í fyrsta sinn sem bera ARR-arfgerðina, bæði hyrndur og kollóttur hrútur og jafnframt sé í fyrsta sinn í boði feldhrútur með þessa verndandi genasamsætu. Hann segir að nýr arfhreinn hrútur með T137-arfgerðina hafi verið tekinn inn, sem kemur frá Sveinsstöðum, en alls verði sex hrútar sem bera þessa arfgerð. Þá séu tíu hrútar með AHQ-arfgerðina og fimm hrútar með C151-arfgerðina.

Tveir feldhrútar og tveir forystuhrútar

Þá hafa tveir nýir feldhrútar verið teknir í hóp stöðvahrúta og tveir nýir forystuhrútar. Eyþór segir að þegar á heildina sé litið megi segja að framboðið á sæðingastöðvunum sé bæði fjölbreyttara og öflugra en á síðasta ári.

Stefnt er að útgáfu Hrútaskrárinnar á vefnum eftir næstu helgi og verður hún aðgengileg hjá RML, Búnaðarsamtökum Vesturlands og Búnaðarsambandi Suðurlands. Eftir útkomu prentuðu útgáfunnar verður henni fylgt eftir með fundum í samstarfi við búnaðarsamböndin víðs vegar um landið þar sem ráðunautar frá RML kynna hrútakostinn. */smh*

Bændasamtök Íslands:

Hringferðin hafin

Fyrsti fundurinn í árlegri hringferð Bændasamtaka Íslands var vel sóttur. Ferðin hófst í Félagslundi í Flóahreppi 2. nóvember og henni lýkur þann 11. nóvember. Trausti Hjálmarsson formaður og Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, fóru yfir helstu mál.

Meðal annars var rætt um geðheilsu bænda, ágang álfta og tilkynnt var um nýtt fjármagn til stuðnings við kæligeymslu í útiræktun grænmetis. Bændur sem sóttu fundinn gátu stigið í pontu sem margir gerðu bæði til að spyrja spurninga, gagnrýna, hrósa starfinu sem og benda á einstök mál.


Vel var mætt á fundina og helstu málin rædd.

Fjölbreytt mál á borði BÍ

Í erindi sínu fjallaði Trausti um fjölbreytt verkefni. Til að mynda áframhaldandi fjárfestingarstuðning í ylrækt, að það stæði til fyrir áramót að úthluta nýju fjármagni til að styðja við útiræktendur í grænmeti til að setja upp hagkvæmari og orkusparandi geymslur og að það yrði haldið áfram með stuðning í nákvæmnisdreifingarbúnaði á áburði. Margir sem stigu í pontu vildu ræða ágang álfta og inntu eftir lausnum. Trausti sagði á fundinum að álftin væri stórt vandamál en að Bændasamtökin væru í góðu samtali við ráðuneytið og væru nær því en áður að ná árangri í álftamálum. Hann sagði að stefnan væri að hafa lausnir á borði næsta vor.


Geðrækt og geðheilbrigðismál bænda voru til umræðu sem og hækkanir ýmissa gjalda sem eru í kortunum, þar á meðal kílómetragjaldsins og hækkun úrvinnslugjalds á plastumbúðir og heyrúlluplast. Margrét fjallaði um hvernig hækkun þessara gjalda yrðu íþyngjandi fyrir fólk á landsbyggðinni og þá sérstaklega í dreifbýli. Margrét fór auk þess yfir nýleg mál og áherslur í hverri búgrein fyrir sig.

Valur Þorsteinsson, markaðsstjóri BÍ, fór að lokum yfir sýnileika og vitundarvakningu með notkun samfélagsmiðla. Hann fór yfir nýlega herferð Bændasamtakanna, umræðuna í kringum ESB-aðild og ræddi hvernig það gagnist hagsmunabaráttu bænda að fólk skilji hvað sé að gerast í sveitum. Valur hefur unnið bæði skemmti- og fræðiefni fyrir samfélagsmiðla BÍ, auglýst viðburði og sýnt frá sveitastörfum.

„Mikilvægt að halda fundi"

Davíð Clausen Pétursson frá Hvammi í Ölfusi var ánægður með fundinn. „Það er mikilvægt að halda svona fundi. Mér finnst gaman að sjá hvað Bændasamtökin eru virk á samfélagsmiðlum, það er jákvætt og líka flott að sjá hvað þau hafa lært mikið af baráttunni í sumar og hvernig þau koma út úr henni og vonandi bara eflast samtökin enn meira við þetta," segir Davíð. „Það hefði kannski mátt taka aðeins fyrir nýliðun og ættliðaskipti. Ég er til dæmis að fara í þann pakka fljótlega, að taka við búinu heima. Það er mikilvægt að brýna á þeim málum, ég hefði kannski viljað heyra hver stefnan er varðandi það. Kerfið eins og það lítur út í dag virðist einstaklega flókið en nýliðunin skiptir máli."


Catharina Krentel og Þorsteinn Logi Einarsson.


Davíð Clausen Pétursson.


Bryndís Eva Óskardóttir.

Þorsteinn Logi Einarsson og Catharina Krentel eru bændur í Egilsstaðakoti í Flóahreppi. Þeim fannst fundurinn vel skipulagður og upplýsandi. „Það er gott að fá að heyra hvað er búið að vera að gera og gott að fara í allar búgreinarnar, að fara yfir allar áherslurnar þar," segir Catharina. „Mér fannst gott að sjá yfirferðina hjá Val um samfélagsmiðlana, það er búið að vera gaman að fylgjast með honum," segir Þorsteinn. „Sýnileikinn á þessu innra starfi sem fólk gerir sér ekki grein fyrir er mikilvægur. Það er mikilvægt að sýna að bændur eru bara fólk og að áhugi vakni á okkar störfum."

Kúabóndinn Bryndís Eva Óskarsdóttir á Dalbæ í Flóa var einnig ánægð með fundinn. „Það er greinilegt að Bændasamtökin eru með mörg járn í eldinum sem er ánægjulegt að sjá og frábært að sjá hvernig þau fræða almenning um landbúnað. Það er áhyggjuefni hvað bilið milli afurðarinnar og neytandans er alltaf að breikka," segir Bryndís. „Ég fagna umræðunni um öryggismálin á fundinum og mér finnst það mætti fara meira út í brunavarnir, fæst fjós eru með almennilegar brunavarnir sem virka en það er svo mikilvægt." Bryndís var einnig ánægð með umræðuna um geðheilbrigði bænda. „Við erum mörg hver sem vinnum mikið ein við búskapinn og þá er auðvelt að fela sig. Þetta er mikilvæg umræða og öll þessu hagsmunabarátta er góð. Það er frábært að þau séu að tala fyrir allar greinarnar líka og það hvetur vonandi fólk til að borga í samtökin. Við stöndum öll saman að þessu verkefni." */kró*



Valur Þorsteinsson, markaðsstjóri BÍ.



Mjólkurkvóti:

Verð heldur áfram að hækka

Á tilboðsmarkaði með greiðslumark mjólkur 2. nóvember hélt jafnvægisverð áfram að hækka frá fyrri mörkuðum og var við opnun tilboða komið í 300 krónur á lítrann, sem er 30 krónum hærra en á síðasta markaði í september.

Jafnvægisverðið hefur ekki verið jafnhátt síðan í nóvember 2023.

Fjögur gild sölutilboð bárust nú og fækkar um þrjú frá síðasta markaði. Hins vegar var talsverð aukning í magni lítra sem í boði voru, eða alls 563.487 lítrar samanborið við 379.072 lítra á septembermarkaðnum.

Kauptilboðum fækkaði líka úr 89 í 59, en alls var óskað eftir 2.801.000 lítrum núna samanborið við 3.985.000 lítra á septembermarkaðnum.

Seljendur sem lögðu fram tilboð á jafnvægisverði eða lægra voru þrír og selja 100% af sínu framboðna magni. Kaupendur með tilboð á jafnvægisverði eða hærra voru 13 talsins og fá 69% af því magni sem sóst var eftir.

Af kauptilboðum er einn aðili sem fær úthlutað úr forgangspotti nýliða. */smh*


Mun fleiri lítrar voru í boði á nýliðnum mjólkurkvótamarkaði en á septembermarkaðnum, en færri sölutilboð voru þó þar að baki. Mynd / smh



Tilboðsverð og frí afhending heim á hlað

ef pantað er fyrir **10. desember 2026**

Framúrskarandi fyrirtæki 2024-2026

Verðlistann í heild sinni er að finna á hesja.is - hér eru verðdæmi á vinsælum týpum:

ActiveMow R320
hliðartengd sláttuvél
vbr. 3,22 m. - 8 diska - aflþ. 68 hö.



1.784.150 + vsk.

EasyCut R360
miðjuhengd sláttuvél
vbr. 3,60 m. - 8 diska - aflþ. 75 hö.



2.379.150 + vsk.

EasyCut R400
miðjuhengd sláttuvél
vbr. 4,04 m. - 9 diska - aflþ. 130 hö.



2.676.650 + vsk.

EasyCut F320
framsláttuvél
vbr. 3,17 m. - 7 diska - aflþ. 65 hö.



2.166.650 + vsk.

EasyCut B1000
sláttufiðrildi
vbr. 10 m. - 2x8 diska - aflþ. 140 hö.



5.879.200 + vsk.

Vendro 820
lyftutengd snúningsvél
vbr. 8,14 m. - 8 stjörnu - aflþ. 65 hö.



2.676.650 + vsk.

Vendro T1120
dragtengd snúningsvél
vbr. 11,15 m. - 10 stjörnu - aflþ. 55 hö.




4.589.150 + vsk.

Swadro S 380
einnar stjörnu rakstrarvél
vbr. 3,80 m. - 10 arma - aflþ. 31 hö.



1.274.150 + vsk.

Swadro TC880
tveggja stjörnu miðjurakstrarvél
vbr. 8,80 m. - 2x13 arma - aflþ. 50 hö.



4.759.150 + vsk.



Comprima CF155 XC
vinsælasta samstæðan okkar

Vbr. 2,15 m - aflþ. 100 hö.
Rúllustærð 1,25–1,50 x 1,20 m.
17 hnífar - vökvastýrð stíflulosun
CCI1200 stjórntölva og myndavél
500/55-20 dekk - miðlægt smurkerfi
50% eða 70% forstrekking

13.964.050 + vsk.

Síminn hjá okkur er
546-0415
Allar upplýsingar á **hesja.is**

Lokað 6.-9. nóvember
föstudag til mánudags
vegna starfsmannaferðar.
Opnum strax kl. 8 á þriðjudag.

Verðin eru tilboðsverð án vsk. sem miða við gengi EUR = 136 ISK.

HESJA

Nánari upplýsingar á **hesja.is** | **hesja@hesja.is**
Hafnarfjörður: Selhella 1 - **Sími 546 0415** | **Akureyri:** Frostagata 2 - **Sími 415 6415**

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Karólína Rós Ólafsdóttir karolina@bondi.is – Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is

Vefur blaðsins: www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Aðhaldsplan fjármálaráðherra

Bændur þurfa stöðugleika eins og aðrir sem standa í rekstri. Ríkisstjórnin hefur haft tæp tvö ár til þess að ná tökum á verðbólgu og vöxtum en ekki tekist. Verðbólga stóð þó í stað í síðustu mælingu og kannski má loksins fara að búast við lækkun. Samt eru óveðurssky á himni. Olíuverð fer enn hækkandi og framhaldið er óvíst eins og fram kemur í blaðinu í dag. Ákveðin stöðnunareinkenni eru líka komin fram með auknu atvinnuleysi og uppsögnum, minnkandi landsframleiðslu, samdrætti í byggingariðnaði og einkafjárfestingu. Spurningin er hvaða áhrif aðhald í ríkisfjármálum mun hafa á þetta ástand.

Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra hefur hóflegar áhyggjur af ástandinu. Í viðtali við Útvarp Bændablaðið segir hann ekkert benda til þess nú að íslenskt efnahagslíf stefni inn í samdráttarskeið. Hagvöxtur sé jákvæður, fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja sterk og áfram sé veruleg fjárfesting í útflutningsatvinnuvegunum. Hann hafi mestar áhyggjur af byggingargeiranum. Hækkun olíuverðs hafi hins vegar ekki jafnslæm áhrif á íslenskt efnahagslíf og margir hafi óttast. Krónan hafi styrkst samhliða verðhækkuninni og viðskiptakjör Íslands raunar batnað þar sem verð á ýmsum útflutningsafurðum hafi einnig hækkað. „Auðvitað hef ég áhyggjur og myndi miklu frekar vilja sjá lækkandi olíuverð. Ég er bara að segja að þetta hefur ekki reynst eins vont og við óttuðumst," segir ráðherra.

Daði telur skilyrði fyrir lækkun verðbólgu óvanalega góð og hefur væntingar til þess að hún muni lækka tiltölulega hratt þegar líður á haustið og í upphafi næsta árs. Vonandi rætist úr, því varla verður meira lagt á heimili og fyrirtæki þessa lands í bili. Bændur standa nú í þokkabót frammi fyrir hækkandi áburðarverði eins og fram kemur í frétt á forsíðu. Vísbendingar eru um að köfnunarefnisáburður gæti hækkað um hvorki meira né minna en 25–30% og NPK-áburður um 15–20%. Slíkar verðhækkanir gætu orðið íþyngjandi fyrir búrekstur íslenskra nautgripa- og sauðfjárbænda þar sem áburðarkaup eru einn stærsti einstaki útgjaldaliðurinn, eins og segir í fréttinni.

Rétt eins og hækkandi olíuverð stafa hækkanir á áburðarverði af utanaðkomandi aðstæðum sem ríkisstjórnin fær ekki við ráðið. En hafi þessar hækkanir óæskileg áhrif á þróun verðbólgu og vaxta þá verður spurningin um áherslu ríkisstjórnarinnar á hallalaus fjárlög óneitanlega enn meira aðkallandi. Og svo það sé endurtekið þá þola heimili og fyrirtæki, þar á meðal bændur, ekki frekari hækkanir á verðbólgu og vöxtum.

Brak og brestir heyrast víða úr stjórnkerfinu þessa dagana. Utanríkisráðherra tekur slaginn fyrir framkvæmdastjóra í Flokki fólksins sem sendir forseta Frakklands arfavitlaus skilaboð á Instagram. Fjármálaráðherra svarar fyrir stjórnsýslu stjórnar Landsvirkjunar og segist raunar í blaðinu í dag bera fullt traust til hennar þó að hún hafi kostað fyrirtækið forstjórann. Forsætisráðherra situr hjá og segir fátt. Og kannski er þetta bara ys og þys út af engu. Friðurinn verður þó endanlega úti ef aðhaldsplan fjármálaráðherrans fer ekki að skila árangri í baráttu við verðbólgu og vexti á næstu vikum og mánuðum. Þolinmæðina þrýtur fyrr en varir.

Þröstur Helgason



Sýklalyfjaónæmar bakteríur í svínum

Fréttaljós | Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is

Búfjártengdur meticillín ónæmur Staphylococcus aureus (MÓSA), sýklalyfjaónæm baktería, greindist í fyrsta sinn í íslenskum svínum í fyrra. Sérfræðingar innan heilbrigðiskerfa bæði manna og dýra fylgjast náið með stöðunni. Búfjártengdur MÓSA finnst í búfénaði, aðallega í svínum en einnig í nautgripum og alifuglum og þekkist vel í Evrópu og víðar.

Bakterían fannst í fjórum nátengdum svínabúum við skipulega skimun. Bakterían getur borist á bú með mismunandi hætti. Algengt er að smit berist með fólki, en bakterían getur einnig borist með fóðri, búnaði eða hlutum sem koma inn á bú.

Vöktun í búfé og matvælum

Reglulega hefur verið skimað fyrir MÓSA í svínum hér á landi síðustu 10 ár. Í skriflegu svari Vigdísar Tryggvadóttur, sérgreinadýralæknis súna og lyfjaónæmis hjá Matvælastofnun, til blaðsins um vöktun og greiningar, segir að ekki hafi verið skimað fyrir MÓSA í alifuglum á Íslandi. „Árin 2023 og 2024 voru hins vegar tekin mjólkurtankssýni af 142 kúabúum, sem valin voru af handahófi, og þau skimuð fyrir MÓSA. Verkefnið var styrkt af Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóði þáverandi matvælaráðuneytis. Öll sýnin reyndust neikvæð," Hingað til hafa svín verið skimuð annað hvert ár við slátrun en nú er gert ráð fyrir að skima árlega og að sýnatakan fari fram á búunum sjálfum. „Sú aðferð er talin næmari og gefur jafnframt betri mynd af stöðunni á hverju búi, þar sem þannig má draga úr áhrifum mögulegrar krossmengunar við flutning eða í sláturhús."

„Þegar búfjártengdur MÓSA greinist á búi er ekki eingöngu fylgst með þrouninni heldur er einnig gripið til aðgerða til að draga úr hættu á frekari útbreiðslu. Á búum þar sem bakterían hefur greinst hafa verið settar takmarkanir og smitvarnir auknar. Meðal annars eru flutningar lifandi svína frá viðkomandi búum takmarkaðir, dregið úr umferð fólks og dýra milli búa og gerðar auknar kröfur um hlífðarfatnað, handhreinsun og þrif og sótthreinsun búnaðar," útskýrir Vigdís.

Áfall að þetta greinist hérlendis

Karl Gústaf Kristinsson er prófessor emeritus í sýklafræði við Háskóla Íslands. Hann hefur lengi rannsakað sýklalyfjaónæmar bakteríur og segir það visst áfall að búfjártengdur MÓSA hafi greinst hérlendis.

„Þetta er búið að vera vandamál í nágrannalöndum okkar og því hefur MAST verið að fylgjast með þessu. Þá voru settar reglur um að allir sem kæmu frá erlendum svínabúum til að vinna á svínabúum hér á landi þyrftu að fara í sýnatöku til að athuga hvort þeir beri þessar bakteríur, áður en þeir hefja störf. Þetta berst yfirleitt á milli svínabúa með fólki sem er að vinna á búunum. Við erum búin að vera laus við þetta alveg þar til núna 2025, en einhvern veginn hefur þetta komist inn, við vitum ekki hvernig," segir Karl.

Á vef MAST segir að Staphylococcus aureus sé eðlilegur hluti bakteríuflóru á húð og í nefholi hjá stórum hluta heilbrigðra manna og dýra og veldur sjaldnast sýkingu í heilbrigðum einstaklingum. MÓSA eru afbrigði bakteríunnar sem eru ónæmir fyrir meticillín og öllum β-laktam sýklalyfjum og mögulega öðrum flokkum sýklalyfja. Því getur reynst erfitt að meðhöndla sýkingar af völdum MÓSA með hefðbundnum sýklalyfjum og hefur þetta einkum verið vandamál á heilbrigðisstofnunum þar sem mikið er af fólki með veikt ónæmiskerfi og meiri líkur á að smit berist í sár.

„Þær bakteríur sem verða ónæmar fyrir meticillíni eru oft ónæmar fyrir mörgum öðrum sýklalyfjum líka og það getur verið alvarlegt. Þetta er baktería sem við höfum lifað með í gegnum aldirnar, ónæmið hefur aukist og það er í raun ekki langt síðan að þetta meticillín ónæmi varð vandamál í svínum," útskýrir Karl. „Þótt það hafi verið vaxandi útbreiðsla MÓSA í mönnum á Íslandi á undanförnum árum þá hafa þær ekki verið mikið vandamál til þessa."

Berst ekki með kjöti

„Þetta er ekki talið berast með kjötinu sjálfu heldur aðallega með snertingu manna við svínin. Þetta er því mest vandamál hjá þeim sem eru að vinna á svínabúunum og fjölskyldum þeirra. En svo getur baktería alltaf borist á milli manna," segir Karl. Sá sem ber bakteríuna veit ekki endilega af henni nema hann sýkist. Bakterían þolir einnig vel þurrk og þegar hún kemst út í umhverfið getur hún því einnig borist með ryki. „Nýleg rannsókn frá Danmörku frá því í desember í fyrra talar til dæmis um hvernig bakterían getur borist með vindi, þar sem vindátt hafði áhrif á smit í kringum svínabú. Maður hefur séð þetta í rannsóknum frá Þýskalandi þar sem þetta er líka útbreitt."

Karl segir það mikilvægt að fylgjast náið með smitum í dýrum og að stefnan þurfi að vera að halda smitum eins afmörkuðum og mögulegt er. „Við getum horft til Norðurlandanna því að þróunin er komin mun lengra þar en hér. Þegar mósa-stofninn nær festu í búfjárstofni í Danmörku



gerðu þeir til að mynda lítið til að takmarka útbreiðsluna, þannig að núna finnst þessi búfjárstofn í meira en 90% danskra svínabúa og á síðasta ári greindist 591 tilfelli búfjórstofna MÓSA í mönnum í Danmörku. 80% þeirra tilfella voru hjá fólki eða heimilismönnum fólks sem hafði beina snertingu við svín, en 20% tilfellanna höfðu enga snertingu við dýr og hafa þá líklega dreifst frá manni til manns eða í umhverfinu. Tilfellin voru flest á svæðum í nálægð við svínabú."

Hvað ætlum við að gera?

„Það er áfall að fá þetta inn í landið," segir Karl. „En Noregur er mikilvægt dæmi í andstöðu við Danmörku. Þegar þessi búfjárstofn MÓSA kom upp í norksum svínum þá var ákveðið að reyna upprætingu með takmörkunum á flutningi dýra og meira að segja aflífun á sýktum dýrum, ítarlegum þrifum og sótthreinsun og sóttvörnum. Þetta var auðvitað mjög kostnaðarsamt og erfitt en hefur virkað og þeir náðu tökum á þessu hjá sér. Ef maður skoðar nýlegar skýrslur frá Noregi viðrðist þetta vera að ganga upp. Við stöndum því á krossgötum. Hvað ætlum við að gera? Ætlum við að reyna að hefta útbreiðsluna, ætlum við að reyna að uppræta þetta eða ætlum við að leyfa þessu að vera?"

Karl segir samtalið á milli lækna og dýralækna gott og að boðleiðir séu stuttar sem skipti sköpum. Þá er Einnar heilsu verkefnið mikilvægt sem og aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn sýklalyfjaónæmi. Vandinn sé þó að meira fjármagn vanti. „Nú hefur heilbrigðisráðuneytið lagt fjármagn í aðgerðaáætlunina en það hefur ekkert komið frá atvinnuvega-ráðuneytinu né umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Samt er þetta vandamál sem viðkemur þeim öllum. Þannig að hægt sé að framfylgja skimunum og eftirliti á fullnægjandi hátt þarf meira fjármagn," segir Karl.

Tækifæri til að bregðast snemma við

Þegar smit koma upp er mikilvægt að reyna strax að hindra smit á milli búa, koma í veg fyrir að starfsmenn á búi þar sem er smit fari á önnur bú auk þess sem mikilvægt er að takmarka flutning dýra og efla smitvarnir. Karl segir að smitið sem hafi komið upp hérlendis sé afmarkað og þá skipti máli að bregðast við. „Það er ekki þannig að svínakjöt sé hættulegt eða svínin sjálf en nú er tækifæri til að ákveða hvað við ætlum að gera og bregðast við. Spurning er hvort það sé raunhæft að við förum sömu leið og Norðmenn og komum í veg fyrir að þetta verði landlægt, hvort við náum því. Þó að þetta verði kannski ekki jafnútbreitt og í Danmörku, enda er svínarækt mjög stór þar, þá er þetta ekki eingöngu vandamál þeirra sem vinna á svínabúum. Eins og ég nefndi áðan, þá er slæmt að bakterían komist út í samfélagið með einhverjum hætti, sérlega ef hún kemst inn á heilbrigðisstofnanir. Þetta er ekki einkamál einstakra svæða eða búa heldur lýðheilsumál."

MÓSA-greiningum fjölgar almennt

Í svari Sóttvarnalæknis til blaðsins um stöðu MÓSA-sýkinga segir að „búfjártengdir MÓSA-stofnar (LA-MRSA), af klónhópnum CC398, hafa greinst hjá fólki á Íslandi, en slíkar greiningar hafa þó verið fátíðar samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Í norrænni rannsókn sem birtist árið 2021 komu fram tvö tilfelli búfjártengds MÓSA hjá fólki á Íslandi á tímabilinu 2009–2016".

Þá segir að MÓSA-greiningum hjá fólki hafi almennt fjölgað hérlendis undanfarin ár og samkvæmt nýjustu ársskýrslu sóttvarnalæknis um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi greindust 148 einstaklingar með MÓSA í fyrsta sinn árið 2025. „Þessar tölur ná hins vegar til allra MÓSA-stofna en ekki eingöngu þeirra sem tengjast búfé. Sóttvarnalæknir fær ekki upplýsingar um stofngerðir MÓSA frá rannsóknastofum sem greina MÓSA og því liggja ekki fyrir hjá sóttvarnalækni upplýsingar um hvort búfjártengdum MÓSA-stofnum hafi fjölgað hjá fólki á síðustu árum. Vonir standa til að í framtíðinni verði fleiri MÓSA-stofnar hérlendis heilgenaraðgreindir (WGS), sem myndi veita betri upplýsingar um stofngerðir þeirra og gera kleift að fylgjast nánar með útbreiðslu búfjártengdra stofna."

Í lok svarsins er tekið fram, líkt og á vef MAST, að greining búfjártengdra MÓSA í fyrsta sinn í íslenskum svínum undirstriki mikilvægi áframhaldandi skimunar og vöktunar og samstarfs heilbrigðis- og dýraheilbrigðisyfirvalda í anda Einnar heilsu.

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Hér sést hvar Bændablaðið rennur í gegnum prentsmiðju Landsprents, sem er dótturfélag útgáfufélags Morgunblaðsins og eina blaðaprentsmiðja landsins. Frá því að prentvélarnar eru ræstar tekur um tvo tíma að prenta öll 33.000 eintök Bændablaðsins. Að auki við Bændablaðið eru blöð eins og Morgunblaðið, Heimildin og Reykjavík Grapevine prentuð í þessari vél. Mynd / ál

Vilji einstaklings

Vinkill | Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir
halla@solskins.is

Í október fékk ég einstakt tækifæri til að taka þátt í viðburði á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm, þar sem hundrað konur víðs vegar að úr heiminum voru heiðraðar fyrir fjölbreytt framlag sitt til landbúnaðar og byggðaþróunar.

FAO er stofnun sem leikur mikilvægt hlutverk við alþjóðlega stefnumótun, fæðuöryggi og leiðir umræður um framtíð landbúnaðar. Það er áhrifamikið að upplifa að stofnun sem þessi haldi svo stóran viðburð þar sem áhersla er lögð á að heiðra konur sem hafa jafnvel þrátt fyrir takmörkuð úrræði haft gríðarleg áhrif á nærumhverfi sitt.

Sérstök áhersla var lögð á sögu og ævistarf Yin Yuzhen, konu frá Innri-Mongólíu í Kína, sem var kynnt sem sú hundraðasta í hópnum og sýnd stuttmynd um störf hennar.

Yin var aðeins 19 ára árið 1985 þegar hún var, vegna fátæktar fjölskyldu sinnar, gift manni á afskekktu svæði í Mu Us-eyðimörkinni í norðurhluta Kína. Þar blöstu við henni erfið lífsskilyrði, sandstormar og mikil einangrun. Heimili hennar var eins og hellir sem var að hluta grafinn niður í eyðimörkinni og oft liðu margar vikur á milli þess sem þau hjónin hittu annað fólk.

Í stað þess að sætta sig við aðstæðurnar ákvað hún að reyna að breyta þeim. Árið 1986 seldi hún kind sem þau áttu og keypti 600 litlar trjáplöntur sem hún gróðursetti í kringum heimili sitt. Tilraunin gekk illa og það lifðu einungis af um 10 plöntur. En Yin hélt ótrauð áfram.

Á næstu áratugum helgaði hún tíma sinn því að græða upp land í nærumhverfi sínu. Með eiginmanni sínum vann hún við gróðursetningu við erfiðar aðstæður og skref fyrir skref lærði hún hvaða aðferðir skiluðu árangri. Hún áttaði sig í gegnum endurteknar tilraunir á því hvernig væri best að græða upp sandinn og ná að rækta upp gras og lággróður til að undirbúa jarðveginn fyrir trjáplönturnar. Einnig byggði hún áveitukerfi til að byggja upp ræktunarland til landbúnaðar á uppgræddum svæðum. Í dag leggur hún áherslu á fjölbreytt lífríki trjáa og plantna til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og sjálfbærni uppgræðslusvæðisins.

Það sem byrjaði sem tilraun til að bæta aðstæður í kringum hennar eigið heimili varð að umfangsmiklu uppgræðslustarfi. Samkvæmt FAO hafa nú verið gróðursett yfir átta milljónir trjáa og nærri 5.000 hektarar lands endurheimtir vegna starfs hennar. Áhrifin ná þó lengra en það. Starfið hefur skapað ný tækifæri til ræktunar og landbúnaðar og hafa fleiri hundruð fjölskyldur tekið upp uppgræðslu að hennar fyrirmynd, m.a. til að styrkja stoðir landbúnaðar og matvælaframleiðslu á svæðinu.

Saga Yin Yuzhen fangar sérstaklega vel þann boðskap sem lá að baki viðburðinum í Róm. Saga hennar undirstrikar hvernig einstaklingar geta með frumkvæði sínu haft áhrif á lífsgæði og afkomu nærsamfélagsins.

Þótt áskoranir landbúnaðar og matvælaframleiðslu séu ólíkar og geti verið mjög krefjandi þá minnir saga hennar á að langvarandi breytingar geta hafist með vilja eins einstaklings til að bæta nærumhverfi sitt.

Höfundur er eigandi Sólskins grænmeti á Flúðum.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Í framhaldi af Jarmi síðasta blaðs var forvitnilegt að heyra svör Daða Más Kristóferssonar fjármála- og efnahagsráðherra, í Útvarpi Bændablaðsins við spurningum um stöðu RÚV á auglýsinamarkaði.

Daði sagði þar alveg skýrum orðum að það væri skynsamlegt að RÚV færi af auglýsingamarkaði. Hann bendir réttilega á að það þurfi ýmsar ákvarðanir að taka um heildarumsvif fjölmiðilsins ef þetta skref verði stigið. „Ef þú ætlar að kippa undan einni tekjustoðinni þá þarftu alla vega að taka afstöðu til þess hvaða afleiðingar þú ætlar að láta það hafa.“

Hér í blaðinu hefur einmitt verið bent á að það þurfi að endurskilgreina hlutverk RÚV á íslenskum fjölmiðlamarkaði um leið og það er tekið af auglýsingamarkaði.

Í raun er fyrir löngu kominn tími til að hefja slíka endurskoðun á hlutverki RÚV. Eins og staðan er núna nær almannamiðillinn ekki að sinna meginhlutverkum sínum með nægilega markvissum hætti. Of mikið púður fer í að sinna hlutum sem einkamiðlarnir hafa bæði áhuga á og getu til að sinna.

Endurskoðun á hlutverki RÚV myndi tvímælalaust styrkja almannamiðilinn en ekki veikja eins og ráðherra fjölmiðla virðist halda. Það lýsir litlum skilningi á starfsemi RÚV.

Daði Már segist aftur á móti fagna umræðunni um endurskoðun á starfsemi RÚV. Hann segir hana vera að hefjast og þar á hann vonandi við að hún sé að hefjast innan ríkisstjórnarinnar. Annars staðar eru hún fyrir löngu hafin.

Lengi hefur verið beðið eftir því að fram komi fjölmiðlaráðherra eða ríkisstjórn sem hefur hugrekki til þess að taka á stöðu RÚV á auglýsingamarkaði og starfsskilyrðum einkamiðla. Ríkið þarf auðvitað sjálft að taka ábyrgð á fjármögnun miðils síns. Ekki er ásættanlegt að því sé haldið fram að eitthvað annað gildi um ríkisútvörp í Evrópu almennt því svo er einfaldlega ekki.

Ríkisútvörp þróast og breytast eins og aðrir miðlar. Þau aðlaga sig að því umhverfi sem þau starfa í í hverju landi. Þetta er ekki hættulegt heldur eðlilegt. Starfsemi RÚV þarf að aðlaga að breyttu umhverfi.

Daði Már segir skattlagningu auglýsinga á samfélagsmiðlum hafa reynst erfiðari en talið var. Það hafi reynst erfiðara að innheimta slíka skatta en að setja reglurnar. Hann segist þó reiðubúinn til þess að skoða betur þær leiðir sem farnar hafa verið annars staðar til að skattleggja staðbundnar auglýsingar alþjóðlegra samfélagsmiðla.

Bændablaðið spurðist fyrir hjá breska tollinum sem svaraði því til að skattlagning auglýsinga á erlendum samfélagsmiðlum hafi þvert á móti reynst afar árangursrík. Skatturinn hefur skilað hækkandi tekjum allt frá því hann var settur á 2021. Frá 1. apríl 2025 til 31. mars á þessu ári hafi hann skilað 944 milljónum punda, eða 154 milljörðum króna. Það munar líklega um það í rekstri breska ríkisins. Meira um það síðar.

Sem stendur fer um helmingur auglýsingatekna á Íslandi til erlendra samfélagsmiðla. Í raun er það alveg augljóst að skattleggja verði þessar tekjur sem streyma úr landi í síauknum mæli án þess að ríkið hafi gripið til nokkurra ráðstafana. Sú staða er óþolandi.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

Árangur með öflugum landbúnaði

Þegar þessi orð eru rituð er árleg fundaferð okkar stjórnarmanna og starfsfólks samtakanna í kringum landið rétt tæplega hálfnuð, en yfirskrift þeirra í ár er „Lausnin er landbúnaður“. Erfitt er að ofmeta mikilvægi Bændafundanna, því öll vinna stjórnar og starfsfólks samtakanna byggir á traustum og heiðarlegum samskiptum við félagsmenn og samningsstaða okkar er sterkari eftir fundina en fyrir þá.

Fundirnir hafa verið vel heppnaðir og mæting verið afar góð. Eins og við er að búast hafa umræður verið líflegar og málefnalegar og umræðuefnin ágætis blanda af nýju og gömlu. Það skal engan undra að það sem helst brennur á bændum er mikilvægi þess að ná góðum samningi við ríkið um starfsskilyrði í landbúnaði, samningi sem tryggir bændum sanngjarnar tekjur fyrir sína vinnu og stuðlar að fjárfestingu og nýliðun í greininni. Bændur eru hins vegar ekki að kalla eftir umbyltingu á því kerfi sem nú er við lýði.

Þegar maður ferðast um landið sér maður urmul vaxtarsprota og fjölda fólks með góðar hugmyndir og viljann til að koma þeim í framkvæmd. Starfsumhverfi bænda þarf að búa yfir hvötum til uppbyggingar, nýsköpunar og vaxtar. Það er það sem þarf.

Með því að stíga aðeins til baka og horfa á stóru myndina sést að öflugur innlendur landbúnaður er langt frá því að vera eitthvert sérhagsmunamál bænda. Á fundunum höfum við farið yfir fjölmargar stefnur og stefnuskrár hins opinbera í ótalmörgum málaflokkum og í öllum þeirra getur landbúnaður leikið lykilhlutverk til að ná markmiðum stjórnvalda. Þetta er ein leið til að kortleggja mikilvægi landbúnaðar í samfélaginu, en alls ekki sú eina.

Augljóslega skiptir landbúnaður máli í landbúnaðarstefnu og matvælastefnu ríkisins, ekki þarf öflugt ímyndunarafl til að sjá það. En stefna um líffræðilega fjölbreytni er líka háð samstarfi við bændur til að ná markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, vernd erfðaauðlindar í bústofnum og landgræðslu og skógrækt.

Markmiðum þjóðaröryggisstefnu verður vart náð án þess að innlend matvælaframleiðsla sé nægilega öflug og áfallaþolin. Byggðastefna og byggðaáætlun er um margt háð landbúnaði eigi markmið um sjálfbæra þróun byggðarlaga og verðmætasköpun að nást. Það sama á við um atvinnustefnu, orkustefnu og rannsókna-, mennta- og nýsköpunarstefnu.

Í heilbrigðis- og lýðheilsustefnu er fjallað um aðgengi fólks að heilnæmum matvælum, samspil heilsu fólks, dýra og umhverfis og mikilvægi minni sýklalyfjanotkunar og öruggrar matvælaframleiðslu. Ég á erfitt með að ímynda mér betri leið til að ná markmiðum stefnunnar en með því að styrkja íslenskan landbúnað, sem m.a. er í sérflokki á heimsvísu í notkun sýklalyfja.

Svona mætti áfram telja. Það skiptir nánast ekki máli hvert litið er, ef vandamál er til staðar getur landbúnaður verið lausnin, eða að minnsta kosti mikilvægur hluti af lausninni.

Þetta undirstrikar það hve mikilvægt það er að horfa á hlutina heildrænt. Samfélag og hagkerfi eru flókin fyrirbæri og öll erum við háð hvert öðru á ótal mismunandi vegu. Íslenskt samfélag reiðir sig á íslenska bóndann og þær afurðir sem hann framleiðir, og íslenskir neytendur vilja geta gengið að þessum afurðum vísum í verslunum landsins. Það er kjarninn í okkar vinnu, en alls ekki það eina sem við gerum. Með því að horfa á stóru myndina verður mikilvægi landbúnaðar ljósara.

Fundaferðin okkar heldur áfram og verða síðustu fundirnir haldnir þann 11. nóvember á Vestfjörðum, en alls verða fundirnir fjórtán talsins. Ég hef áður sagt að einn stærsti kosturinn við að fá að gegna embætti formanns Bændasamtakanna er hve mörg tækifæri maður fær til að ferðast um landið og hitta bændur og annað áhugavert fólk. Á það við nú sem aldrei fyrr. Ég hlakka til að sjá ykkur sem flest á fundunum sem fram undan eru.

Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.

Fjármála- og efnahagsráðherra:

Vill meira svigrúm til nýsköpunar og framleiðniaukningar í landbúnaði

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra telur að bæta þurfi arðsemi íslensks landbúnaðar til að auðvelda nýliðun og skapa bændum meira svigrúm til nýsköpunar og framleiðniaukningar. Hann vill einfalda stuðningskerfið, fækka liðum þess og draga úr því að ríkið stýri staðsetningu, stærð og ráðstöfun stuðnings. Tollvernd sé hins vegar grundvallarhluti stuðnings við landbúnaðinn og ekki hægt að hrófla við henni án þess að eitthvað komi í staðinn.

Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra var gestur Útvarps Bændablaðsins. Þar ræddi hann stöðu efnahagsmála, ríkisfjármál og áhrif hækkandi olíuverðs en ekki síður framtíð íslensks landbúnaðar, nýliðun, búvörusamninga og tollvernd.

Daði segir sjálfbæran rekstur ríkissjóðs hornstein langtímastöðugleika, ekki síst í litlu opnu hagkerfi eins og því íslenska. Ísland sé að koma út úr löngu tímabili hallareksturs sem hafi farið saman við verulega þenslu og mikla verðbólgu.

Þótt skuldir ríkisins séu að hans sögn hóflegar, um 60% af landsframleiðslu, sé vaxtakostnaðurinn mikill og skerði getu ríkissjóðs til að verja fé til annarra verkefna.

„Ef við ætlum að viðhalda stöðugleika, ef við ætlum líka að endurheimta slagkraft ríkisins til þess að geta brugðist við áföllum framtíðarinnar og ef við ætlum að lækka vaxtakostnað ríkisins, þá þarf áherslan að vera á að lækka ríkisskuldir og ná tökum á ríkisfjármálunum.“

Vextir voru of lágir of lengi

Daði segir auðvelt að vera vitur eftir á en ljóst sé að hallarekstur ríkissjóðs hafi komið á versta mögulega tíma. Erfitt hafi verið að sjá fyrir hvernig þróunin eftir Covid yrði en í kjölfarið hafi farið saman gríðarlegur hagvöxtur og mikill halli ríkissjóðs.

„Auðvitað leiddi það til þenslu. Ég held líka, eftir á að hyggja, og ég er viss um að Seðlabankinn tekur undir þetta, að vextir voru of lágir of lengi, sem varð til þess að það varð að hækka þá alveg rosalega mikið í kjölfarið.“

Hann telur þó ekkert benda til þess nú að íslenskt efnahagslíf stefni inn í samdráttarskeið. Hagvöxtur sé jákvæður, fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja sterk og áfram sé veruleg fjárfesting í útflutningsatvinnuvegunum.

Byggingariðnaðurinn sé sá geiri sem valdi honum mestum áhyggjum. Samdráttur í húsbyggingum geti leitt til skorts þegar eftirspurn tekur aftur við sér og þar með til hækkunar húsnæðisverðs. Aðgerðir stjórnvalda hafi því meðal annars miðað að því að halda húsnæðisframleiðslu gangandi.



Daði Már Kristófersson.

Býst við lækkandi verðbólgu

Hækkun olíuverðs hefur að mati Daða ekki haft jafnslæm áhrif á íslenskt efnahagslíf og óttast var. Krónan hafi styrkst samhliða verðhækkuninni og viðskiptakjör Íslands raunar batnað þar sem verð á ýmsum útflutningsafurðum hafi einnig hækkað.

„Auðvitað hef ég áhyggjur og myndi miklu frekar vilja sjá lækkandi olíuverð. Ég er bara að segja að þetta hefur ekki reynst eins vont og við óttuðumst.“

Hann segir jafnframt að verðbólguáhrif olíuverðshækkunarinnar séu að mestu komin fram. Olíuverðið þurfi að halda áfram að hækka ef frekari verðbólguáhrif eigi að verða.

Daði segist að jafnaði efins um verðbólguspár en telur skilyrðin nú óvenjulega góð.

„Það er hins vegar í dag óvanalega góð skilyrði fyrir lækkun verðbólgu og ég hef væntingar til þess að hún muni lækka tiltölulega hratt núna þegar líður á haustið og í upphafi næsta árs.“

Áhrif hærra orkuverðs geti meðal annars komið fram í áburðarverði. Áburðarframleiðsla sé orkufrek og jafnframt eigi stór hluti framleiðslu ákveðinna áburðarefna sér stað við Persaflóann. Daði telur þó ekki sérstaka ástæðu til aðgerða stjórnvalda eins og staðan sé nú.

Landbúnaðurinn þarf að vera efnahagslega sjálfbær

Daði, sem er búfræðingur frá Hvanneyri og með doktorsgráðu í auðlindahagfræði frá norskum landbúnaðarháskóla, segir að aðstæður séu mjög mismunandi milli greina landbúnaðarins. Grundvallaratriðið sé þó að atvinnugreinar sem eigi að vera sjálfbærar verði einnig að vera efnahagslega sjálfbærar.

Hann telur að Íslendingar hafi að einhverju leyti blandað saman byggðahlutverki landbúnaðarins og eðli hans sem atvinnurekstrar.

„Við höfum pínulítið blandað saman byggðahlutverki landbúnaðarins og því að þetta er atvinnurekstur. Lagt á herðar landbúnaðinum skyldur sem hafa þýtt að hann verður ekki eins spennandi framtíðarvalkostur.“

Hann segir þá hluta landbúnaðarins þar sem meiri áhersla hafi verið lögð á efnahagslega sjálfbærni ganga betur en þar sem áherslan hafi fremur verið á að viðhalda tilteknu byggðamynstri eða öðrum samfélagslegum hlutverkum.

Daði segir mikilvægt að skilgreina skýrt hvaða markmiðum stuðningskerfið eigi að ná.

„Ef þú ert ekki með nein markmið, hvernig ætlarðu að meta það hvort þú ert að ná árangri eða ekki?“

Ríkið skipti sér minna af

Að mati Daða ætti að gefa landbúnaðinum meira svigrúm til að þróast á markaðsforsendum.

„Með því að menn fái enn þá frekari tækifæri til þess að njóta afraksturs af eigin fjárfestingum og vinnu og ríkið sé minna að skipta sér af því nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Skipti sér ekki af staðsetningu, skipti sér ekki af stærð, skipti sér ekki af hvernig stuðningurinn er nýttur svo lengi sem hann er nýttur til þess að skapa framleiðni.“

Hann viðurkennir um leið að Ísland sé að mörgu leyti krefjandi landbúnaðarland. Landið henti vel til grasframleiðslu en önnur jarðrækt sé takmörkunum háð. Engin einföld lausn sé því til.

Daði leggur mikla áherslu á nýsköpun, samkeppni og einstaklingsframtak. Hann telur sömu drifkrafta þurfa að vera til staðar í landbúnaði og öðrum atvinnugreinum.

„Ég held að nýsköpun og samkeppni skipti jafnmiklu máli í þessari atvinnugrein og öllum öðrum til þess að tryggja það að bestu fyrirtækin haldi áfram.“

Einfalda þarf stuðningskerfið

Búvörusamningar hafa verið framlengdir til ársloka 2027. Daði segir að þegar horft sé til kerfisins sem taki við þurfi að hafa hugfast að landbúnaður sé ólíkur flestum öðrum atvinnugreinum vegna þess hversu samofinn rekstur búanna sé heimilum fjölskyldna.

„Þess vegna held ég að þurfi að nálgast allar kerfisbreytingar í landbúnaði af virðingu fyrir því að við erum að tala að einhverju leyti bara um heimili fólks.“

Þrátt fyrir það telur hann þörf á breytingum.

„Við þyrftum að einfalda kerfið, fækka liðunum í því, gera það opnara þannig að það sé meira rými fyrir nýsköpun í því að skapa ný verðmæti og ný atvinnutækifæri á grunni þeirra auðlinda sem við höfum aðgang að.“

Daði rifjar upp að þegar hann starfaði hjá Bændasamtökunum hafi hann ásamt Ernu Bjarnadóttur unnið skýrslu um framleiðslukostnað mjólkur. Þá hafi komið í ljós að munurinn á framleiðslukostnaði mjólkur á Íslandi og í Danmörku hafi verið minni en þau höfðu gert ráð fyrir. Lágt landverð hér á landi hafi þar haft veruleg áhrif.

Hins vegar hafi bæst við kerfiskostnaður og mun hærri úrvinnslukostnaður hér á landi.

„Það er miklu meiri munur á mjólkurlítranum úti í búð heldur en við mjólkurhúsdyrnar.“

> Við höfum pínulítið blandað saman byggðahlutverki landbúnaðarins og því að þetta er atvinnurekstur. Lagt á herðar landbúnaðinum skyldur sem hafa þýtt að hann verður ekki eins spennandi framtíðarvalkostur...

Arðsemin lykill að nýliðun

Daði telur að nýliðunarvandi landbúnaðarins verði ekki leystur án þess að bæta afkomu í greininni.

„Grundvallaratriði er það að arðsemin batni. Ég held að þú þurfir aldrei að hafa áhyggjur af nýliðun í atvinnugreinum sem er ábatasamt að koma inn í.“

Þar komi þó fram togstreita milli ólíkra markmiða. Aukin framleiðni geti þýtt færri bú ef markaðurinn stækkar ekki á sama tíma. Sé jafnframt gerð krafa um að landbúnaðurinn verði hornsteinn byggðaþróunar geti markmiðin rekist á.

Daði vill því sjá einfaldara kerfi og færri hindranir fyrir fólk sem vill skapa verðmæti með nýjum hugmyndum. Breytingarnar eigi þó ekki að verða byltingarkenndar.

„Þetta eru heimili fólks sem þarna eru samofin þessum fyrirtækjarekstri.“

Tollverndin grundvallarhluti stuðningsins

Daði telur jafnframt að tollvernd verði ekki tekin úr sambandi án þess að horft sé til heildaráhrifa á íslenskan landbúnað.

„Tollverndin er auðvitað grundvallarhluti af stuðningnum við íslenskan landbúnað og ef við ætlum að hrófla við því þá þarf eitthvað annað að koma í staðinn.“

Íslenskur landbúnaður glími jafnframt við stærðarvanda á alþjóðlegum mörkuðum. Matvælamarkaðurinn einkennist af gríðarlegri stærðarhagkvæmni og örfáum stórum aðilum. Jafnvel þótt íslenskir framleiðendur fyndu eftirsóknarverðan markað væri framleiðslumagnið takmarkað.

„Ef við fyndum okkur einhvers staðar horn í þessum markaði þá gætum við ekki fyllt upp í það.“

Um leið undirstrikar Daði að landbúnaður gegni mikilvægu byggðahlutverki þótt leggja þurfi áherslu á arðsemi atvinnugreinarinnar.

„Á mörgum svæðum hringinn í kringum landið er landbúnaðurinn enn þá raunverulega akkerið undir byggðinni.“

Ber fullt traust til Harðar

Daði var einnig spurður um brotthvarf Harðar Arnarsonar úr starfi forstjóra Landsvirkjunar.

„Ég hef borið fullt traust og ber fullt traust til Harðar og okkar samskipti hafa einkennst af því.“

Hann segist ekki hafa fengið með beinum hætti þau skilaboð frá Herði að hann teldi sig ekki njóta nægilegs trausts stjórnar Landsvirkjunar. Ráðherra eigi heldur ekki að skipta sér af daglegum rekstri ríkisfyrirtækja.

Daði segist ekki hafa séð neitt sem grafi undan trausti hans til stjórnar Landsvirkjunar. Pólitísk áhrif á ríkisfyrirtæki eigi fyrst og fremst að birtast í opinberri eigendastefnu en ekki afskiptum af einstökum rekstrarákvörðunum.

„Símtöl og símskeyti, ég held ekki að það sé fagleg leið til þess að stýra þessum fyrirtækjum.“

Vill RÚV af auglýsingamarkaði

Daði segist jafnframt telja skynsamlegt að Ríkisútvarpið fari af auglýsingamarkaði.

Hann bendir á að tillögur liggi fyrir um að byrja að takmarka aðkomu RÚV að markaðnum. Slík breyting verði þó ekki gerð án þess að jafnframt sé tekin afstaða til umfangs og fjármögnunar miðilsins.

„Ef þú ætlar að kippa undan einni tekjustoðinni þá þarftu alla vega að taka afstöðu til þess hvaða afleiðingar þú ætlar að láta það hafa.“

Almennt eigi ríkið að hans mati að fara mjög varlega inn á samkeppnismarkaði. Hann telur skattlagningu auglýsinga hjá erlendum samfélagsmiðlum hins vegar vandasama í framkvæmd þótt hann skilji vel gagnrýni íslenskra fjölmiðla á samkeppnisstöðuna.

„Auðvitað svíður okkur það að sjá þessa miðla geta raunverulega boðið sína vöru án eðlilegra gjalda sem aðrir bera.“

Hann segir vandann raunverulegan og að skoða þurfi áfram leiðir til þess að jafna stöðu erlendra tæknirisa og íslenskra fjölmiðla.



Neyðarkall til þín



Taktu vel á móti sjálfboðaliðum okkar 4.-8. nóvember

Háskólasetur Vestfjarða:

Viðhorf almennings til sauðfjárbúskapar

Könnun á viðhorfi almennings til sauðfjárræktar stendur nú yfir. Hún er hluti af rannsóknarverkefninu Lost to Climate og hluti af meistaraverkefni Freju Kidal, nemanda við Háskólasetur Vestfjarða.

Verkefnið Lost to Climate rannsakar hvernig loftslagsbreytingar geta stuðlað að tapi eða umbreytingu menningararfs víðs vegar á norðurslóðum. Verkefnið er alþjóðlegt og rannsakendurnir Jóhanna Gísladóttir og Matthias Kokorsch við Háskólasetur Vestfjarða leiða það fyrir hönd háskólasetursins og eru jafnframt leiðbeinendur Freju í meistaraverkefni sínu. Ellefu háskólar og rannsóknastofnanir frá níu löndum taka þátt í verkefninu.

Á Íslandi er sjónum sérstaklega beint að menningarlegu gildi sauðfjár og hefðum tengdum sauðfjárrækt. Þar er horft til hlutverks smölunar og flokkunar búfjár í réttir sem skilgreindar eru sem „mikilvægir félagslegir og menningarlegir viðburðir sem færa fólk saman og stuðla að varðveislu þekkingar, færni og hefða sem hafa gengið milli kynslóða“, eins og segir í lýsingu á verkefninu. Þar segir enn fremur: „Víða um land eru göngur og réttir meðal skýrustu birtingarmynda íslensks landbúnaðararfs og menningarlegrar sjálfsmyndar.“



Í Grafarrétt í Skaftártungu. Mynd / eks

Önnur könnun verður send til bænda fyrir jól til að kanna viðhorf þeirra. Niðurstaðna er að vænta í maí 2027, en könnunina má finna á https://tinyurl.com/saudfe.

/eks

Kindakjöt:

Aukin framleiðsla í september

Framleiðsla á kindakjöti jókst um þrjú prósent í septembermánuði miðað við í fyrra, samkvæmt nýútgefnum tölum Hagstofunnar.

Þegar skoðaðar eru tölur um fjölda gripa sem komu til slátrunar í september í nýliðinni sláturtíð sést að talsvert fleiri gripum var slátrað í ár miðað við á síðasta ári – bæði hvað dilka varðar og fullorðið fé. Þannig var í september á þessu ári 3.295.929 dilkum slátrað samanborið við 3.196.271 á síðasta ári. Þá var í liðnum septembermánuði slátrað 9.776 fullorðnum gripum en 8.832 á síðasta ári.

Eyþór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segist telja að fallþungi sé nú svipaður og í fyrra en heilt yfir lakari flokkun. Í fyrra var fallþungi óvenjugóður að meðaltali og mældist 17,7 kíló, auk þess sem meðaleinkunn fyrir gerð var sú hæsta á landsvísu frá því að núverandi kjötmat var tekið í notkun, eða 9,65.

„Fjölgun sláturlamba getur skýrst af því að framleiðslan sé að aukast, en það var jú fleira fé sett á í fyrrahaust en árið þar áður. Þetta getur líka gefið til kynna að lifun lamba hafi verið góð og gefið væntingar um að fjöldi lamba til nytja á hverja kind sé meiri en í meðalári.

Vissulega geta þessar tölur líka verið til marks um að bændur séu að draga saman, þá kemur meira inn af lömbum og ám. Ég vona bara að það sé góð útkoma og framleiðsluaukning,“ segir Eyþór.

Hann bætir við að þessir þættir muni skýrast von bráðar þegar lokaniðurstöður komi frá sláturhúsunum, afurðauppgjöri bænda lýkur og búfjártölur haustsins skili sér.

/smh



Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum:

Sértækur byggðakvóti hefur jákvæðari ávinning

Íslenskur sjávarútvegur hefur tekið stórkostlegum breytingum á síðustu áratugum, sem rekja má til nýrrar stefnu í fiskveiðistjórnun, tækniþróunar og almennra samfélagsbreytinga.

Samþjöppun í greininni hefur leitt til þess að útgerð hefur dregist saman á vissum stöðum og samsetning heimaflotans breyst. Sem dæmi er uppsjávarvinnsla nú að mestu bundin við átta til níu hafnir og stór hluti bolfiskaflans fer til vinnslu í tæknivæddum fiskiðjum þar sem stærðarhagkvæmni er fullnýtt. Þótt sjávarútvegur blómstri í mörgum sveitarfélögum, hefur þróunin verið á annan veg í smærri og brothættari byggðum þar sem greinin á verulega undir högg að sækja.


Ný rannsókn Rannsóknaseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum (RBS) við Háskólann á Bifröst bendir til þess að sértækur byggðakvóti hafi jákvæðari áhrif á efnahagsþróun í sjávarbyggðum en aðrar byggðaráðstafanir innan fiskveiðistjórnunarkerfisins. Heiti rannsóknarinnar er: Strandveiðar og byggðakvótar: Verður auknum umsvifum í strandveiðum og byggðakvótum vart í auknum atvinnutekjum eða útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélaga?

Niðurstöðurnar þykja að sumu leyti athyglisverðar, sér í lagi hvað varðar strandveiðar og línuívilnun. Í rannsókninni, sem unnin var af þeim Vífli Karlssyni og Sveini Agnarssyni, voru metin áhrif fimm mismunandi byggðaaðgerða á tímabilinu 2008–2024. Þær aðgerðir sem litið var til eru strandveiðar, línuívilnun, almennur og sértækur byggðakvóti, auk skel- og rækjubóta. Stuðst var við yfirgripsmikil gögn til að greina tengsl þessara þátta við útsvarstekjur sveitarfélaga, atvinnutekjur íbúa, misskiptingu þeirra, atvinnuleysi, íbúafjölda, búferlaflutninga og þróun fasteignamarkaðar.

Meginniðurstaðan sýnir að sértæki byggðakvótinn, sem Byggðastofnun úthlutar, skilar mælanlega besta árangrinum. Marktæk, jákvæð fylgni kom fram á milli þessarar úthlutunar og aukinna útsvarstekna, hærri atvinnutekna, fjölgunar íbúa og fleiri íbúðakaupa. Þá sýndu gögnin jafnframt fram á minna atvinnuleysi samfara aðgerðinni. Sérstaklega vakti athygli að jákvæð tengsl við atvinnutekjur reyndust rúmlega helmingi sterkari meðal kvenna en karla.

Aðrar byggðaaðgerðir sýndu mun óljósari niðurstöður. Skel- og rækjubætur komu næstbest út og almenni byggðakvótinn þar á eftir, en línuívilnun og strandveiðar höfðu minnst áhrif í samanburðinum. Segir í skýrslunni að „Jafnframt hafi mælst neikvæð fylgni við atvinnuleysi auk þess sem jákvæð fylgni við atvinnutekjur var meira en tvöfalt sterkari hjá konum en körlum.“

Rannsóknin leiðir jafnframt í ljós að mikilvægi strandveiða er mjög mismunandi eftir svæðum. Sem dæmi má nefna Árneshrepp á Ströndum, þar sem strandveiðiafli hefur numið allt að 90% af heildar botnfiskafla á árunum 2020–2024, á meðan hlutfallið er mun lægra í flestum öðrum sjávarútvegssveitarfélögum. Hlutdeild strandveiða í byggðaráðstöfunum jókst úr 40% í 46% á milli fiskveiðiáranna 2020/2021 og 2024/2025 á landinu öllu. Svipaður munur í svæðisbundnu mikilvægi er að finna í öðrum úrræðum; línuívilnun telur mest um 60% af lönduðum afla í Strandabyggð og Kaldrananeshreppi, og almenni byggðakvótinn vegur hvað þyngst í Húnaþingi vestra, Súðavíkurhreppi og Strandabyggð.



Úr skýrslu, mynd 4: Uppruni botnfiskafla sveitarfélaga eftir kerfum 2020–2024. Gögn Fiskistofu, Hagstofu Íslands og Samgöngustofu/Vegagerðarinnar. Flokkun sveitarfélaga stýrist af heimahöfn skipa.



Sveinn Agnarsson.



Vífill Karlsson.

Höfundar telja niðurstöðurnar gefa mikilvægar vísbendingar um mismunandi efnahagslega þýðingu byggðaaðgerða í sjávarútvegi. Þótt ekki sé hægt að fullyrða um orsakasamhengi, benda tölfræðilegu greiningarnar til þess að sértæki byggðakvótinn hafi sterkari jákvæð tengsl við efnahagsþróun sjávarbyggða en aðrar sambærilegar aðgerðir. Þá útiloka niðurstöðurnar ekki að einstök úrræði geti haft mikla þýðingu fyrir afmörkuð byggðarlög, jafnvel þótt slík áhrif komi ekki skýrt fram í heildargreiningunni.

Áður hafi verið gerð sambærileg rannsókn en niðurstaðan á svipuðum nótum. Þá hafi verið skoðuð fylgni milli kerfanna og veiddum afla, lönduðum afla og unnum afla. Allt magntölur. Núverandi rannsókn hafi verið tilraun til að meta þetta út frá efnahagslegum stærðum og með öflugri líkönum og víðtækari gögnum.

Segir Vífill Karlsson áform áframhaldandi rannsókna vera í bígerð, en dæmi séu um að útgerðir sem fái úthlutað almenna byggðakvótanum leigi frá sér kvóta á móti.

Byggðakvóta er skipt í tvennt

Almenni byggðakvótinn – fyrir þá sem standa höllum fæti
Dreifist á marga staði og skip samkvæmt föstum útreikningum og reglum. Ef byggðarlag eða fiskiskip uppfyllir ákveðin skilyrði í lögunum (t.d. ef afli hefur dregist saman á staðnum), þá fær það sjálfkrafa úthlutað ákveðnum tonnum af fiski á hverju ári.

Sértæki byggðakvótinn – bráður vandi, neyðaraðstoð
Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, með það að markmiði að tryggja heilsársstörf og viðhalda búsetu.

Ólíkt almennum kvóta byggir þessi á gagnkvæmum og bindandi samningum til allt að þriggja ára. Fyrirtæki sem fá kvótann skuldbinda sig til að vinna aflann á staðnum og tryggja lágmarksfjölda starfa, sem gefur samfélögunum aukinn fyrirsjáanleika.

Línuívilnun

Úrræði sem heimilar dagróðrabátum að landa ákveðnu hlutfalli umfram úthlutaðan kvóta sinn, að því gefnu að línan sé landbeitt eða stokkuð upp í landi samkvæmt reglugerð matvælaráðuneytisins.

„Að úthlutun ýti undir leigu. Erfiðara er að setja fram tilgátur um skel- og rækjubætur sem og línuívilnun. Það er hins vegar eitthvað sem við munum fara næst í að skoða. Það er ekki áhlaupaverk því þetta eru flókin samhengi.

Rannsóknin var unnin með styrk frá Byggðarannsóknasjóði og var gefin út í ritröð RBS í október árið 2026.

/sp

can-am®

OUTLANDER 1000R LIMITED

250.000kr afsláttur og 250.000kr aukahlutapakki
fylgir Limited hjólum í október

TVEIR INNBYGGÐIR
FARANGURSKASSAR

1.588KG SPIL
STÁL STUÐARAR



ROTAX 1000 MÓTOR
101 HESTAFL

30 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
KYB SNJALLFJÖÐRUN

TIL Á LAGER - TAKMARKAÐ MAGN

ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Rjúpnastofninn stór og sterkur í ár

Rjúpnastofninn er stór í ár og einkum sterkur á Norðaustur- og Austurlandi. Náttúrufræðistofnun segir enga eina skýringu fyrir uppsveiflu stofnsins heldur að margir þættir spili inn í.

Rjúpnastofninn er breytilegur milli ára og sveiflast náttúrulega. Nú virðist stofninn vera í uppsveiflu þar sem rjúpurnar, hvítar með loðnar tær, sjást skjótast inn í veturinn.

Í svari Náttúrufræðistofnunar, sem sér um rjúpnatalningu ár hvert, segir að samkvæmt rjúpnatalningum vorsins 2026 hafi þéttleiki rjúpna verið um 7% meiri en árið áður. „Staðan er þó mismunandi eftir landshlutum. Miðað við stofnvísitölur síðustu tveggja áratuga er stofninn nálægt meðaltali á Vestur- og Suðurlandi, en yfir meðaltali á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austurlandi. Sérstaklega hefur stofninn verið öflugur á Norðaustur- og Austurlandi.“

Ekki er hægt að rekja stöðu rjúpnastofnsins til einnar skýringar. Náttúrufræðistofnun bendir á að stofnstærð ráðist af samspili ýmissa þátta, meðal annars veðurfars, aðgengis að fæðu, afráns og annarra vistfræðilegra ferla. Þá er talið líklegt að fækkun fálka hafi átt þátt í fjölgun rjúpna á sumum svæðum, en þéttleiki rjúpna hefur víða aukist þar sem fálkastofninn hefur verið í lágmarki undanfarin ár. „Á sama tíma geta veðurfarsskilyrði og afkoma unga haft mikil áhrif á þróun stofnsins milli ára. Því er ekki hægt að nefna eina orsök, heldur er um samverkandi áhrif margra þátta að ræða.“

Umræðan um fjölgun rjúpunnar hefur stundum snúið að því að fækkun veiðimanna valdi stækkun stofnsins. Náttúrufræðistofnun telur að það sé ekki úrslitaþáttur. „Fækkun veiðimanna hefur verið þróun sem staðið hefur yfir um langt skeið, á sama tíma og rjúpnastofninn hefur sveiflast bæði upp og niður. Því er ólíklegt að breytingar á stofnstærð rjúpunnar megi rekja eingöngu til fækkunar veiðimanna. Líkt og áður þarf að horfa til samspils margra þátta, þar á meðal afráns, veðurfars, nýliðunar og veiða.“ */kró*

Ytri-Tjarnir í Eyjafirði:

Kvóti verðlaunanaut

Hjónin Baldur Helgi Benjamínsson og Elin Nolsøe Grethardsdóttir fengu viðurkenningu fyrir nautið Kvóta 19042 sem var besta naut Nautastöðvar BÍ úr árgangi 2019.

„Þessi verðlaun eru heilmikil viðurkenning fyrir okkur bæði hjónin,“ segir Baldur í samtali. „Það er gaman að geta lagt sitt af mörkum í þetta sameiginlega kynbótastarf kúabænda. Ég myndi segja að konan mín beri ábyrgð á því að þessi gripur varð til. Þann 8. janúar 2019 sendi ég Elinu skilaboð og segi henni að kvígan Angela, sem við höfðum mikla trú á, væri yxna og spurði hvort hún væri ekki með tillögu að nauti sem við ættum að nota á hana. Elin lagði til að við notuðum Sjarma 12090 frá Hrepphólum og Angela hélt við fyrstu sæðingu. Kálfurinn fæddist svo þann 8. október og við tilkynntum hann til Guðmundar Jóhannessonar, ábyrgðarmanns í nautgriparækt hjá RML (Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins), og í kjölfarið var ákveðið að senda hann á Nautastöð Bændasamtaka Íslands.

Erfðamengisúrvalið var svo innleitt þarna árið 2022 og kom þá skýrt í ljós að Kvóti væri með bestu gripunum og var ákveðið strax að hefja almenna notkun á sæðinu úr Kvóta. Ef við hefðum verið enn þá í gamla afkvæmaprófunarkerfinu hefði ekki verið búið að taka ákvörðun um hvort ætti að senda sæði úr Kvóta í almenna dreifingu fyrr en í fyrra. Núna er kominn slatti af kúm undan Kvóta og er búið að staðfesta að hann stendur undir þeirri einkunn sem hann fékk í erfðamengjaúrvalinu.“

Kýrnar undan Kvóta þykja mjólkurlagnar, með gott hlutfall verðefna, góða júgurgerð, netta spena, góðar mjaltir og ákaflega gott skap. Kynbótamat Kvóta er 113 og Baldur útskýrir að meðalgripurinn á hverjum tíma sé með einkunnina 100. „Lægstu einkunnirnar í einstökum eiginleikum sem við sjáum eru í kringum 70 hjá alslökustu gripunum og svo upp í 130 fyrir einstaka eiginleika. Það er nánast útilokað að gripur fái heildareinkunn yfir 120, en það eru þá yngstu gripirnir sem eru í notkun núna. Kvóti er orðinn sjö ára gamall og hann var með hærra kynbótamat, en þar sem kúastofninn er í framför lækkar kynbótamat eldri gripa samhliða því sem meðalgripurinn verður betri. Ef maður flettir upp í nautaskránni má sjá að Kvóti er efstur í sínum árgangi með 113 og sá sem er næstur þar á eftir er Nafni 19009 frá Brúsastöðum með einkunnina 111. Þá eru tvö naut með 110 í kynbótamat. Núna er búið að taka Kvóta úr notkun, en ég held að það sé enn þá til sæði úr honum.“

Baldur bendir á að það taki alltaf ákveðinn tíma að fá úr því skorið hvort naut séu sannarlega góð eða ekki. „Þú þarft fyrst að bíða eftir því að nautið verði kynþroska í kringum eins árs aldur. Svo þarf að taka sæðið og bíða eftir að kýrnar haldi og beri. Kvígurnar þurfa svo að vaxa úr grasi og byrja að mjólka. Þetta er ferill sem tekur fimm til sex ár og þá er loksins hægt að segja með fullri vissu að naut standi undir sínu kynbótamati. Þess vegna naut naut fætt árið 2019 verðlaunað árið 2026.“



Baldur Helgi Benjamínsson og Elin Nolsøe Grethardsdóttir frá Ytri-Tjörnum í Eyjafirði. Mynd / Guðrún Björg Egilsdóttir



Kvóti 19042 var besta nautið í sínum árgangi. Mynd / Nautastöð BÍ

Nautum á Nautastöðinni er slátrað þegar þau eru búin að gefa sæði. Baldur bendir á að Angela móðir Kvóta sé enn þá á lífi og sé búin að mjólka tæplega 60 þúsund kílóum frá upphafi. „Hún er farsæll gæðagripur og einhver sú skapbesta kýr sem ég hef nokkurn tímann kynnst. Kvóti átti sammæðra hálfsystur og einkunn hennar fyrir skapgerð var 150. Því miður voru lélegir í henni eggjastokkarnir þannig að hún bar aldrei sem voru mér ólýsanlega mikil vonbrigði. Angela, móðir Kvóta er kolótt einlit, á meðan Kvóti var dökkkolóttur með gráar yrjur. Kálfarnir undan honum hafa sumir hverjir verið mjög skrautlegir á litinn og hefur hann gefið af sér gráa gripi sem margir bændur kunna að meta.“ Á Ytri-Tjörnum hefur sama fjölskyldan búið síðan 1899. Benjamín Baldursson, faðir Baldurs Helga, fékk viðurkenningu fyrir besta nautið í árgangi 2005. Samkvæmt upplýsingum frá RML er þetta í fyrsta sinn sem tveir ættliðir ræktenda hafa hlotið þessa viðurkenningu. */ál*

Ylrækt:

Áfram stutt við orkusparnað

Fjárfestingaátak stjórnvalda sem miðar að orkusparnaði í gróðurhúsum garðyrkjubænda heldur áfram og hefur Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, tilkynnt um þriðja áfanga verkefnisins.

Því hefur verið opnað fyrir umsóknir um styrki í þriðja skiptið, en heildarfjárhæð til úthlutunar nú er allt að 150 milljónir króna. Hafa garðyrkjubændur nýtt styrkina meðal annars til að setja upp LED-ljós sem eru mun sparneytnari en HPS-ljósin. Einnig geta bændur notað styrkinn meðal annars til uppsetningar á tölvu- og stýribúnaði og gardínukerfum.

Getur hver styrkur numið að hámarki 40% af heildarkostnaði hvers verkefnis eða 20 milljónir króna fyrir hvern framleiðanda.

/smh



Umhverfis- og loftslagsmál:

Betri yfirsýn yfir ástand votlendissvæða

„Verkefnið Mýrarlíf er sjálfstætt en fer vel með aðgerðum stjórnvalda um endurheimt votlendis,“ segir Magnus Göransson, plöntulíffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, um verkefnið, sem er umfangsmikið evrópskt sex ára verkefni um endurheimt votlendis.

Verkefnið er á ríkisjörðum og áhrifasvæðið um 1300 hektarar. „Við vitum nokkuð vel að þessar jarðir sem eru ekki í notkun eru að losa mikið kolefni út í andrúmsloftið. Ef vatnsyfirborð þeirra hækkar aftur, þá hættir losunin. Ef maður skalar þetta upp er þetta góð viðbót í að binda kolefni, en 60 km duga ekki.“



Magnus Göransson.

Fyllt upp í 60 km af skurðum

Magnus leiðir vinnu um vöktun lífríkis svæðanna og gagnagrunnur verkefnisins verður hjá Náttúrufræðistofnun.

„Við munum fylla upp í um 60 km af skurðum, en það eru um 35 þúsund km af skurðum á Íslandi, það er næstum í kringum hnöttinn,“ segir Magnus. Hann segir lítinn hluta þess lands vera í notkun, við þurfum sannarlega framræst land til jarðræktar, en að þegar framræst land sé ekki í notkun, losi það gróðurhúsalofttegundir.

Náið fylgst með framvindunni

Verkefninu er ætlað að vera tilraunaverkefni um endurheimt votlendis þar sem náið verður fylgst með framvindu á þremur til fjórum stöðum á landinu; í Borgarbyggð við Hvanneyri, friðlandi í Flóa, Odda og Grafarnesi og mögulega svæði í Loðmundarfirði, en það gæti breyst. Fylgst verður með framvindunni næstu fimm til sex árin, „vonandi lengur“, segir Magnus.

Rúmlega 100 fastir reitir voru lagðir út í sumar til að fá grunnviðmið en endurheimt mun hefjast næsta sumar. Verkefninu er ætlað að leggja grunn að betri yfirsýn yfir ástand votlendissvæða og helstu áskoranir við endurheimt þeirra. Áhersla verður á samfélagslega þátttöku og miðlun þekkingar.



Járngerður Grétarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir, starfsmenn Náttúrufræðistofnunar, að leggja út vöktunarreit. Mynd / Magnus Göransson

Búsvæði lykiltegunda þrengjast

„Áhrif endurheimtar votlendis eru mikil á lífríki landsvæða,“ segir Magnus. „Áherslan verður sérstaklega á jaðrakan, stelk, lóuþræl og spóa. Þær eru lykiltegundir og búsvæði þeirra eru að þrengjast mikið. Við horfum til þess að það geti fjölgað í þessum tegundum.“

Landbúnaðarháskólinn leiðir verkefnið en að því koma auk Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnun, Land og skógur, sem sér um sjálfa endurheimtina, auk mælinga á gösum og vatnshæð. Þar að auki Fuglavernd og bresku fuglaverndarsamtökin (RSPB), í ljósi þess að margar fuglategundanna á áhrifasvæðinu eru farfuglar. Hafrannsóknastofnun mun koma að rannsóknum á vatnalífi á svæðunum, sér í lagi athugunum á álum sem helst er að finna í Flóunum. Gildrum til að mæla fjölda ála hefur þegar verið komið upp. */eks*



DUCAR Rafstöð
bensín 3Kw 212Cc
VNR: DG4650

68.700 kr.

DUCAR
POWER WITH VISION



DUCAR Háþrýstidæla
bensín 303 bör 420cc
VNR: DGPW44T

159.750 kr.



DUCAR Rafstöð
bensín 9,5Kw 550Cc
VNR: DG14500E

189.750 kr.



DUCAR Háþrýstidæla
bensín 254 bör 212cc
VNR: DGPW3400H

49.750 kr.

Réttu olíurnar fyrir vinnuvélina

Smurolíur, gírolíur og glussi
fyrir krefjandi vinnu og íslenskar aðstæður.

Sendum um land allt!



Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is

Kemi



Tólg frá Stóruvöllum.


Áfram hægt að kaupa hamsatólg

Framleiðsla hamsatólgar heldur áfram. Í byrjun hausts leit út fyrir að Stóruvellir ehf. sem hafa verið einu framleiðendur hamsatólgar, tólgar og hangiflots myndu hætta framleiðslu og erfitt yrði fyrir landsmenn að nálgast hamsatólgina fyrir jól. Nú hefur fyrirtækið verið selt og framleiðslan heldur því áfram.

Í september birti Bændablaðið grein um að Stóruvellir ehf. í Bárðardal hygðust hætta framleiðslu á hamsatólg, tólg og útikertum vegna þess að Garðar Jónsson, stofnandi fyrirtækisins, er að fara á eftirlaun. Garðar segist mjög ánægður með að framleiðslan haldi áfram og að þessi matarhefð leggist ekki af.

Þórhildur Jónsdóttir er kennari og deildarstjóri á leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík. Hún keypti framleiðsluna nú í október. „Ég sá þetta auglýst og fannst þetta bæði spennandi og áhugavert. Mig langaði ekki að missa hamsatólgina, ég er mjög hrifin af henni, svo ég ákvað að taka stökkið," segir Þórhildur í samtali við blaðið.

Hún og maðurinn hennar, Jónas Sigmarsson, eiga iðnaðarhúsnæði á Húsavík sem hýsti einu sinni matvælaframleiðslu. Þau eru að gera húsnæðið upp sem stendur og mun framleiðslan færast úr Bárðardal yfir á Húsavík eftir áramót. Þórhildur er byrjuð með reksturinn en Garðar aðstoðar hana við að læra handtökin. „Ég er mjög spennt fyrir þessu öllu og þakklát Garðari að vera mér innan handar," segir Þórhildur. Þau ætla að halda framleiðslunni áfram með óbreyttu sniði enda vörurnar vinsælar eins og þær eru. „Ég ætla að halda nafninu og útlitinu enda er þetta klassísk vara. Einn daginn mun ég kannski breyta umbúðunum eitthvað en ekki í bili, nú er ég bara ánægð að það sé nóg til af tólg." */kró*


Þórhildur Jónsdóttir.



Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. **Sérstök áhersla er lögð á viðhald og endurgerð aldursfriðaðra og friðlýstra kirkjubygginga.**
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um íslenskan byggingararf.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst, og í samræmi við innsend umsóknargögn.

Umsóknareyðublaðið er fyllt út rafrænt og má finna á vef Minjastofnunar Íslands www.minjastofnun.is, - Sjóðir & nefndir - Umsóknir í húsafriðunarsjóð. Þar er einnig að finna leiðbeiningar við gerð umsókna. Fyrirspurnir sendist á netfangið: husafridunarsjodur@minjastofnun.is, eða hringið í síma 570-1307.

Umsóknarfrestur er til miðnættis þriðjudaginn 1. desember 2026.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 5701300
www.minjastofnun.is

Olíuverð áfram hátt og sveiflukennt

– Hækkun kílómetragjalds leggst þyngra á landsbyggðina

Eldsneytisverð hefur hækkað verulega frá áramótum og Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir horfur næstu mánaða óvissar. Við þetta bætist fyrirhuguð 15,9% hækkun kílómetragjalds um áramót, sem hann segir koma sérstaklega niður á fólki sem þarf að aka langar vegalengdir, ekki síst á landsbyggðinni. FÍB telur hækkunina einnig geta aukið kostnað við vöruflutninga og stuðlað að verðbólguþrýstingi.

Samkvæmt upplýsingum Runólfs hefur verð á bensíni hjá N1 farið úr 216,7 krónum á lítra í ársbyrjun í 289,4 krónur í lok október sem jafngildir um 34% hækkun. Dísilverð hjá félaginu hefur á sama tíma farið úr 237,7 krónum í 340,5 krónur á lítra, eða hækkað um 43%.

Svipuð þróun hefur orðið hjá öðrum söluaðilum. Costco hefur áfram boðið lægsta verðið að sögn Runólfs en þar hefur verðið einnig hækkað verulega frá áramótum.

Hann segir mestu verðhækkunina hafa orðið frá byrjun september þegar verð tók stökk upp á við hjá öllum söluaðilum. Þar hafi meðal annars haft áhrif að tímabundin lækkun virðisaukaskatts var aflögð og ólga jókst við Hormússund.

Runólfur segir álagningu íslensku olíufélaganna háa og að hún hafi vaxið samhliða samdrætti í sölu eldsneytis. Samdráttinn megi meðal annars rekja til orkuskipta og sparneytnari brunahreyfilsbíla.

„FÍB teldi eðlilegt að stjórnvöld settu hömlur á álagningu á fákeppnismarkaði með olíu þegar fyrirtækjunum er ekki treystandi til að stunda heilbrigða samkeppni," segir Runólfur.

Óvissa um verðþróun næstu mánaða

Runólfur segir horfur á eldsneytismarkaði næstu misseri afar óvissar. Kolefnisgjald muni hækka um 2,5% um næstu áramót og áætlar hann að sú hækkun bæti um einni krónu við lítraverð eldsneytis.

Þá ríki mikil óvissa um þróun heimsmarkaðsverðs á olíu. Spenna og hernaðarátök í Mið-Austurlöndum, þar á meðal tengd Íran, áframhaldandi stríð í Úkraínu og ófyrirsjáanleg stefnumótun bandarískra stjórnvalda geti haft veruleg áhrif á framboð, eftirspurn og verð á alþjóðlegum olíumörkuðum.

„Við núverandi aðstæður er því erfitt að spá fyrir um þróun eldsneytisverðs á næstu mánuðum, en helstu vísbendingar benda til þess að verð verði áfram hátt og sveiflukennt," segir Runólfur.

Meiri áhrif á þá sem þurfa að aka langt

Við hækkandi eldsneytisverð bætist fyrirhuguð 15,9% hækkun kílómetragjalds um næstu áramót. Runólfur segir hana hafa neikvæð áhrif bæði á rekstur heimilisbíla og vöruflutninga.

Áhrifin eru að hans mati sérstaklega mikil fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og þurfa að aka langar vegalengdir til vinnu, skóla eða til að sækja þjónustu.

Fyrir fólksbíl sem ekið er 15 þúsund kílómetra á ári segir Runólfur hækkunina þýða að kílómetragjaldsreikningurinn hækki um 16.500 krónur á ári. Sé bílnum ekið 20 þúsund kílómetra hækkar reikningurinn um 22 þúsund krónur.

„Þótt kostnaðaraukning fyrir hvern einstakan ökumann kunni að virðast hófleg í krónum talið verður samanlögð hækkun bifreiðakostnaðar heimilanna umtalsverð þegar tekið er tillit til eldsneytis, trygginga, viðhalds og annarra gjalda," segir Runólfur.

Getur skilað sér út í verðlag

Hækkun kílómetragjaldsins hefur samkvæmt mati FÍB jafnframt áhrif á atvinnulífið. Gjaldið sé beinn kostnaðarliður við vöruflutninga, dreifingu og aðra þjónustu sem krefst mikils aksturs og telur Runólfur að flutningafyrirtæki muni að óbreyttu velta kostnaðarhækkuninni út í verðlag.

Vegna landfræðilegra aðstæðna hér á landi geti aukinn flutningskostnaður meðal annars komið fram í verði matvæla, byggingarvara og annarra neysluvara. Áhrifin á hverja einstaka vöru kunni að vera takmörkuð en samanlagt geti þau aukið verðbólguþrýsting.

Runólfur bendir jafnframt á það sem hann telur ákveðna þversögn í fyrirhugaðri hækkun. Kílómetragjaldið eigi að hækka um 15,9% á sama tíma og stjórnvöld og opinberir aðilar hafi lagt áherslu á að takmarka gjaldskrárhækkanir við um 2,5% til að styðja við verðbólgumarkmið.

Að mati Runólfs mega því bæði heimili og fyrirtæki búast við áframhaldandi þrýstingi á samgöngukostnað á árinu 2027. Hækkun kílómetragjalds muni þar bætast við hátt eldsneytisverð og geti að einhverju leyti skilað sér í hærra vöruverði og viðvarandi verðbólguþrýstingi.

/þh

Ljárskógar í Dalabyggð:

Stefnt á mikla skógrækt

Fyrirtækið Yggdrasill Carbon ehf., hyggst ráðast í skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð í samstarfi við landeigendur á svæði sem nær yfir alls um 5.500 ha.

Einungis verður þó plantað í að hámarki 2.780 hektara, eða 51% svæðisins. Það er vegna þess að ekki verður plantað í votlendi og 15 metra svæði umhverfis það. Það verður ekki heldur plantað í 20 metra svæði umhverfis fornminjar. Kynning á verkefninu var sett í skipulagsgátt vegna umhverfismatsskýrslu vegna verkefnisins en opið var fyrir athugasemdir til 13. október. Lilja Björg Ágústsdóttir er sveitarstjóri Dalabyggðar. Hún svaraði nokkrum spurningum vegna verkefnisins.

Hvernig líst þér á þessi miklu áform um skógrækt í landi Ljárskóga?

„Áformin eru umfangsmikil og hafa vakið bæði áhuga og umræður í nærumhverfinu. Á þessu stigi liggur fyrir umhverfismatsskýrsla framkvæmdaraðila sem hefur verið kynnt og umsagnir og athugasemdir hafa borist frá ýmsum aðilum. Sveitarfélagið hefur ekki tekið afstöðu til sjálfrar framkvæmdarinnar heldur leggur áherslu á að málið fari í gegnum lögbundið skipulags- og matsferli þar sem áhrif á umhverfi, landnotkun og aðra hagsmuni verða metin og vegast hvert á móti öðru áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið," segir Lilja Björg.

Er búið á jörðinni og er skógrækt á henni í dag eða hvað?

„Það hefur ekki verið búskapur á Ljárskógum síðan um 1980. Íbúðarhúsið hefur verið nýtt sem veiðihús í seinni tíð og á jörðinni hafa verið skipulögð frístundasvæði ásamt því að uppbygging er á ferðaþjónustu með ströndinni. Heiðarhluti jarðarinnar er landmikill og stór hluti beitarlands sauðfjárbænda á svæðinu."

Er mikið um skógrækt í sveitarfélaginu og hvernig dafnar gróðurinn, er gott að rækta upp tré í Dalabyggð?

„Það er töluvert um minni skógræktarsvæði víða í sveitarfélaginu og á nokkrum stöðum eru villtir birkiskógar. Mest er þó um skógrækt á Skógarströndinni þar sem margar jarðir eru orðnar svokallaðar skógræktarjarðir," segir Lilja Björg.

Hvað er jákvæðast við verkefnið í Ljárskógum að þínu mati?

„Framkvæmdaraðilinn sér fyrir gott tækifæri til kolefnisbindingar með beitarskógrækt þar sem votlendi sé þó hlíft. Verkefnið er aðeins á fyrstu stigum í skipulagsferlinu og er umhverfismatið með fyrstu skrefunum í því. Það liggur svo til grundvallar komi til breytinga á aðalskipulagi og afgreiðslu á framkvæmdarleyfi fyrir skógræktinni. En ítreka að sveitarfélagið hefur ekki tekið afstöðu til áformanna."


Lilja Björg Ágústsdóttir, sveitarstjóri Dalabyggðar.
Mynd/Aðsend

Er eitthvað neikvætt við það, ef já, hvað þá helst?

„Það eru ýmsar skoðanir á lofti varðandi fuglalíf, vistkerfi og aðgengi sauðfjár að beitarlandi, svo dæmi séu tekin úr þeim umsögnum og athugasemdum sem hafa borist við umhverfisskýrsluna í skipulagsgáttinni," segir Lilja Björg.

Er eitthvað meira sem þú vilt segja eða láta koma fram?

„Skipulagsferlið er í raun ekki formlega hafið. Nú er búið að kynna umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðilans og afla umsagna en svo mun HMS yfirfara málið og gefa út álit sitt á umhverfismatinu og niðurstöðum þess," segir Lilja Björg og bætir við: „Dalabyggð benti á það í sinni umsögn um umhverfismatsskýrsluna að svona umfangsmikil skógrækt kallaði á aðalskipulagsbreytingu þar sem skilgreina þyrfti skógræktar- og landgræðslusvæði og setja skipulagsákvæði um skógræktarframkvæmdina. Þegar sótt verður um framkvæmdaleyfi fyrir skógræktinni þá þarf að liggja fyrir staðfest stefna um hana í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar." */mhh*

YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is



Frá viðburði á Sogni í Ölfusi á dögunum þegar formlegt átak í endurheimt votlendis á ríkisjörðum var sett af stað og byrjað var að moka ofan í skurði.
Mynd / Hreinn Óskarsson

Heildarlög um loftslagsmál

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra mælti fyrir frumvarpi til nýrra heildarlaga um loftslagsmál á Alþingi 13. október.

Markmið frumvarpsins eru þríþætt. Í fyrsta lagi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu í samræmi við markmið stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar með réttlát umskipti, verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í öðru lagi að Ísland verði kolefnishlutlaust eigi síðar en 2040 og loks að íslenskt samfélag aðlagist og búi að þoli gagnvart áhrifum loftslagsbreytinga og stuðli að þoli vistkerfa fyrir þeim.

Viðbrögð við frávikum frá skuldbindingum

Gildandi lög eru frá 2012 og í tilkynningu úr ráðuneyti umhverfismála segir að frumvarpinu sé ætlað að styrkja umgjörð loftslagsmála, tryggja eftirfylgni með skuldbindingum Íslands og hraða innleiðingu loftslagsaðgerða.

Í frumvarpinu er að finna nýtt ákvæði sem kveður á um skýr viðbrögð ef losun þróast með þeim hætti að Ísland sé ekki á réttri leið til að standa við loftslagsskuldbindingar sínar. Gefi losunarbókhald til kynna frávik frá skuldbindingum þurfi þannig að meta fjárhagslegan kostnað, gera grein fyrir honum í ríkisreikningi og leggja fram tillögur að markvissari aðgerðum.

Ákvæðinu er ætlað að skapa skýrari lagastoð fyrir eftirfylgni með þeim ferlum sem eiga að tryggja metnað og raunhæfi loftslagsaðgerða og stuðla að því að loftslagsskuldbindingar Íslands verði uppfylltar með sem hagkvæmustum hætti.

Réttlát umskipti

Til að flýta loftslagsaðgerðum hefur verið sett heimild í frumvarpið til að starfrækt verði sérstök framkvæmdateymi sem eiga að hraða innleiðingu loftslagsaðgerða þvert á ráðuneyti og stofnanir. Þá er krafan um réttlát umskipti lögfest þannig að loftslagsaðgerðir taki mið af samfélagslegum áhrifum og stuðli ekki að auknum ójöfnuði.

Í frumvarpinu er lagt til að Loftslagsráð verði vísinda- og sérfræðiráð með aukið sjálfstæði og sterkari faglegan grunn. Einnig verður starfsemi landsnefndar um loftslagsvísindi lögfest í fyrsta sinn. Markmiðið er að ákvarðanir stjórnvalda í loftslagsmálum byggi á bestu tiltæku vísindalegu þekkingu hverju sinni.

Loftslagsstefna fyrir Ísland

Í frumvarpinu eru ákvæði um að mótuð verði loftslagsstefna fyrir Ísland. Stefnunni er ætlað að marka heildstæða framtíðarsýn stjórnvalda í loftslagsmálum og fela í sér bæði langtímamarkmið og skilgreind milli- og skammtímamarkmið.

Þá er í frumvarpinu lagt til að fyrir árslok 2027 fari fram sérstakt mat á forsendum markmiðs Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040.

Á grundvelli þess skal ráðherra leggja til viðmið um losun gróðurhúsalofttegunda utan landnotkunar og sérstakt viðmið um losun vegna landnotkunar. Jafnframt skal innan sama tímaramma skýra hvernig haga skuli mögulegri notkun kolefniseininga vegna uppgjörs skuldbindinga samkvæmt Parísarsamningnum og hvenær neikvæðri nettólosun skuli náð. */smh*

Lúxus Betsy Rúmdýna

Sofðu í lúxus – á sanngjörnu verði

Lúxus Betsy er vönduð heilsurúmdýna með pokaskiptum gormum sem veita einstakan stuðning við líkamann og tryggja þægilegan og heilnæman svefn. Þetta er dýna fyrir þá sem vilja sameina þægindi, gæði og hagstætt verð.



Skoða má á vefsíðunum: www.gamatilboð.is og www.x18.is.
Nánari upplýsingar gefur Hans í s. 896-1612 - Konrad Engineering.

Aðgerðir til verndar líffræðilegri fjölbreytni

– Hvatar fyrir sjálfbæra landnýtingu landeigenda

Út er komin aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni. Meðal forgangsaðgerða er að samþætta náttúruvernd og búskaparhætti og innleiða hvata fyrir sjálfbæra landnýtingu.

Aðgerðaáætlunin kemur í kjölfar stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni til 2030 sem samþykkt var í upphafi árs.



Meðal forgangsaðgerða nýrrar aðgerðaáætlunar um líffræðilega fjölbreytni er að innleiða hvata fyrir sjálfbæra landnýtingu. Mynd / smh

Samþætting náttúruverndar og búskaparhátta

Forgangsaðgerðirnar eru fimm: verndarsvæði í hafi, virk svæðisvernd á landi, átak í gerð stjórnunar- og verndaráætlana, landbúnaður og náttúruvernd og innleiðing hvata fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu.

Með aðgerðinni um virka svæðisvernd á landi er markmiðið að skilgreina og efla svæðisbundna vernd líffræðilegrar fjölbreytni á landi sem styður við markmið Íslands um að 30% landsvæða verði undir skipulagðri vernd fyrir árið 2030.

Aðgerðin Landbúnaður og náttúruvernd miðar að því að efla líffræðilega fjölbreytni í landbúnaði með samþættingu náttúruverndar og búskaparhátta, þróun þekkingar og innleiðingu hvetjandi styrkjakerfa. Henni er ætlað að efla samstarf við bændur og landeigendur um sjálfbæra landnýtingu þar sem líffræðileg fjölbreytni er höfð að leiðarljósi. Unnið verður að því að brúa bilið á milli framleiðslumarkmiða landbúnaðar og verndar náttúru með ýmsum skilgreindum leiðum. Gert er ráð fyrir tímalínu áranna 2027–2029 fyrir þessa aðgerð.

Stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt

Með innleiðingu hvata fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu er markmiðið að efla og styðja markvissa vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu í samstarfi við landeigendur. Með þessu er stefnt að því að auka það flatarmál sem fellur undir 30% markmiðin um virka vernd og endurheimt vistkerfa fyrir árið 2030.

Í lýsingu á aðgerðinni segir að veruleg tækifæri liggi í samstarfi við bændur og aðra landeigendur um sjálfbæra landnýtingu. Aðgerðin feli í sér að efla og samræma fjárhagslega hvata, ráðgjöf og framkvæmdagetu til að styðja við náttúrumiðaðar lausnir sem stuðla að vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri landnýtingu.

Aðgerðin byggi meðal annars á nýrri reglugerð sem tók gildi í janúar 2026 um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt og felur meðal annars í sér stuðning við verndun kolefnisríkra og líffræðilega mikilvægra vistkerfa, endurheimt votlendis, birkiskóga og annarra raskaðra vistkerfa, gerð heildstæðra landnýtingaráætlana fyrir jarðir og landslagsheildir og samræmda ráðgjöf til bænda og landeigenda um náttúrumiðaðar lausnir.

Jafnframt sé lagt upp úr því að auka samráð og þátttöku bænda og landeigenda í framkvæmd og eftirfylgni aðgerða, þar á meðal vöktunar. Markmiðið sé að skapa aðstæður þar sem landeigendur hafi raunhæf og fyrirsjáanleg tækifæri til að varðveita og auka náttúruverðmæti landa sinna samhliða sjálfbærri landnýtingu. Gert er ráð fyrir tímalínu áranna 2027–2028 fyrir þessa aðgerð.

Engin landsmarkmið náðst

Þótt umfangsmiklar upplýsingar liggi fyrir um ástand og þróun einstakra vistkerfa, tegunda plantna og dýra á Íslandi skortir nýlegt heildstætt mat á þróun líffræðilegrar fjölbreytni í landinu. Í nýju aðgerðaáætluninni er hins vegar gert ráð fyrir að umfang hnignaðra vistkerfa á Íslandi verði metið og kortlagt árið 2027. Niðurstöðurnar munu varpa mikilvægu ljósi á ástand lífríkisins, þótt matið nái ekki til allra þátta líffræðilegrar fjölbreytni, svo sem stofnþróunar tegunda dýra og plantna og erfðafræðilegrar fjölbreytni.

Í nýlegri landsskýrslu Íslands til samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni kemur fram að einungis hafi verið unnt að skila upplýsingum um átta af 27 meginmælikvörðum alþjóðlega rammasamkomulagsins. Af 21 landsmarkmiði Íslands hafði ekkert þeirra sem metin voru náðst eða var á réttri leið miðað við núverandi framkvæmdahraða. Staða um þriðjungs markmiðanna var þó ekki metin.

Samkvæmt landsskýrslunni var 20,2% landsvæðis Íslands innan friðlýstra svæða árið 2025, en markmið stjórnvalda er að 30% landsvæða verði undir skipulagðri vernd fyrir árið 2030.

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á verulega hnignun líffræðilegrar fjölbreytni á heimsvísu á undanförnum áratugum, sem meðal annars birtist í eyðingu búsvæða dýra og plantna og fækkun í stofnum fjölmargra tegunda. */smh*

Fleiri fluttu til en frá öllum sveitarfélögum Vesturlands

Búferlaflutningar hafa verið hagfelldir á Vesturlandi undanfarin fimm ár. Fleiri fluttu til en frá öllum átta sveitarfélögum landshlutans á tímabilinu 2021–2025. Staðan var þó misjöfn á síðasta ári og var flutningsjöfnuður neikvæður í þremur sveitarfélögum.

Þetta kemur fram í nýrri Glefsu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), þar sem fjallað er um búferlaflutninga á Vesturlandi. Vífill Karlsson tók greininguna saman og byggir hún á gögnum Hagstofu Íslands.

Árið 2025 var flutningsjöfnuður jákvæður í fimm af átta sveitarfélögum á Vesturlandi. Hvalfjarðarsveit kom best út, en þar voru tæplega 50 fleiri aðfluttir en brottfluttir á hverja 1.000 íbúa. Næst komu Grundarfjarðarbær og Dalabyggð. Í Borgarbyggð, Snæfellsbæ og Eyja- og Miklaholtshreppi var flutningsjöfnuður hins vegar neikvæður á árinu.

Jákvæður jöfnuður alls staðar til lengri tíma

Önnur mynd blasir við þegar litið er yfir fimm ára tímabil í stað eins árs. Á árunum 2021–2025 var flutningsjöfnuður jákvæður í öllum átta sveitarfélögum Vesturlands.

Hvalfjarðarsveit kemur einnig best út í þeim samanburði, Dalabyggð er í öðru sæti og Borgarbyggð í því þriðja.

Í Glefsunni er bent á að búferlaflutningar geti sveiflast verulega frá einu ári til annars, einkum í fámennum sveitarfélögum. Því sé mikilvægt að horfa til lengri tímabila þegar lagt er mat á þróun byggðarlaga.

Konum fækkaði vegna búferlaflutninga á tveimur stöðum

Sérstaklega er horft til búferlaflutninga kvenna. Að meðaltali var flutningsjöfnuður kvenna neikvæður í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ á tímabilinu 2021–2025 þótt þróunin hafi farið batnandi í báðum sveitarfélögum.

Niðurstöðurnar birtast í 8. tölublaði Glefsu árið 2026. Greiningin byggir á gögnum Hagstofu Íslands og eru niðurstöðurnar meðal annars settar fram á landfræðilegum kortum.

/þh

HUGSAÐU STÆRRA

Með íslensku límtré og steinullareiningum getur þú byggt fjósið, geymsluna eða höllina sem þig langar í.

limtrevirnet.is



- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Límtré er hlýlegt byggingarefni sem gerir bygginguna þína notalegri.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.

Hafðu samband og kynntu þér möguleikana

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Ástralía:

Lögleiða jarðgerð eftir dauða

Ástralir í Nýju Suður-Wales hafa fest í lög að jarðgerð eftir dauða sé heimil. Þar með bætist þriðji möguleikinn við jarðsetningu og brennslu eftir andlát. 18 mánaða tímabil útfærslu eftirlits með lögunum gengur nú í garð.

Þverpólitísk sátt ríkti um frumvarp óháðs þingmanns um jarðgerð eftir dauða. „Ferlið er náttúrulegt og mjúkt, fyrir suma hjálpar það í sorginni," segir Emma Hurst, þingmaður þings Nýju Suður-Wales, sem segir það bæði geta verið kolefnishlutlaust og sparað mikið landrými.



Búið er um hinn látna í vöggu ásamt lífrænu efni áður en hann er færður inn í hylkið þar sem ferlið hefst.
Mynd / Mat Hayward/Getty Images fyrir Recompose

Bandarískt fyrirtæki þróaði aðferðina

Lagafrumvarpið var kynnt af óháðum þingmanni, Alex Greenwich, sem ferðaðist til Bandaríkjanna og Þýskalands í rannsóknarerindum. Sambærileg lagasetning er þegar í gildi í sumum héruðum Þýskalands og 14 ríkjum Bandaríkjanna. Washington var fyrsta ríkið til að lögleiða aðferðina árið 2019.

Fyrirtækið Recompose hefur um árabil þróað ferlið í kringum jarðgerð eftir andlát og opnuðu fyrstu útfararþjónustuna sem er sérhæfð í aðferðinni í Seattle.

Recompose bjóða upp á heildræna útfararþjónustu þar sem nosturslega er hugað að hverju skrefi í ferlinu. Þjónustan nær yfir 8–12 vikur og aðstandendur geta fengið moltuna í lok tímabilsins. Recompose vinna einnig með samtökum sem vinna að náttúruvernd og aðstandendur geta gefið moltuna til þeirra.

Tekur 8–12 vikur

Jarðgerðarferlið (terramation) felur í sér að hinn látni er færður í hitastýrðar aðstæður ásamt lífrænu efni, svo sem alfa-alfa, hálmi, trjákurli og blómum auk hvata sem flýta niðurbrotsferlinu. Hylkinu, þar sem umbreytingin fer fram, er lokað og því vaggað dulítið sem hleypir lofti í ferlið. Við hreyfinguna bindast hvatar súrefninu og næra örverur sem finnast náttúrulega í líkamanum, sem leiðir til þess að líkaminn brotnar hratt niður. Hitamyndun á sér stað við niðurbrotið sem tekur um 5–7 vikur. Jarðgerðar leifarnar eru látnar hvíla í aðrar 3–5 vikur og að þeim liðnum standa eftir um 110 kg af mannlegri moltu. Moltan er næringarríkt náttúrulegt efni, laust við sýkla vegna hitans sem myndast. Ferlið er sambærilegt við aðra moltugerð.

Kolefnishlutlaust og sparar landrými

„Ég hlakka til að nýta mér þessa þjónustu í fjarlægri framtíð," segir Cameron Murphy, þingmaður verkamannaflokksins í Ástralíu. Lögin sem ganga undir heitinu „mannlegu moltu-lögin" voru samþykkt í ástralska þingi Nýju Suður-Wales í lok október.

Sátt ríkti um frumvarpið í þinginu en einstaka þingmenn settu fram fyrirvara. Susan Carter, þingmaður frjálslyndra, samþykkti frumvarpið en vakti athygli á að tryggja þyrfti að hinir látnu nytu virðingar. Emma Hurst, sem berst fyrir réttindum dýra á þinginu, sagði ávinning umhverfisins mikinn, ferlið gæti verið kolefnishlutlaust og sparað stór landsvæði sem fara undir kirkjugarða. Hún sagði mannlegu moltuna gefa tækifæri á að rækta tré og gróður og heiðra þannig líf og í hægu ferlinu gæfust mörg tækifæri til hátíðlegra athafna til að minnast viðkomandi, svo sem í upphafi og lok ferlisins. Hjá Recompose eru aðstandendur einnig boðnir velkomnir meðan á ferlinu stendur.

/eks

Finnland:

Skógareyðing Google fyrir gagnaver

Google hjó 250.000 tré ólöglega í Muhos í Finnlandi til að byggja gervigreindargagnaver. Fyrr í mánuðinum stöðvaði Leyfisveitinga- og eftirlitsstofnun Finnlands (LVV) framkvæmdir Google á tveimur stöðum í Finnlandi, Muhos og Otanmäki, þar sem umhverfismat lá ekki fyrir á svæðunum. Atvikið hefur vakið hörð viðbrögð í landinu.

Finnland er eftirsóknarverð staðsetning fyrir gagnaver vegna kalds loftslags sem stuðlar að lægri orkukostnaði þar sem ekki þarf að nota jafnmikla orku í kælingu. 145 gagnaver eru í kortunum þarlendis sem stjórnmálamenn líta á sem sóknarfæri en umhverfissinnar sem áhyggjuefni.



Google ruddi skóga ólöglega í norðurhluta Finnlands til að hefja byggingu gervigreindargagnavers.

Kalla eftir hertum reglugerðum

Rúmlega 93.000 manns hafa skrifað undir yfirlýsingu sem kallar eftir harðari reglum um gagnaver og að nærsamfélög fái umhverfistjónið bætt fjárhagslega. Engin fordæmi eru fyrir því að fyrirtæki brjóti lög með þessum hætti í Finnlandi. Í frétt á vef breska miðilsins Guardian kemur fram að Hanna Halmeenpää, formaður Finnska náttúruverndarsambandsins (SLL), kallar athæfið hrokafullt og segir fyrirtækið hafa misnotað það traust sem finnska kerfið byggi á.

Google hefur fjárfest 13 milljörðum evra, sem nemur um 1.733 milljörðum íslenskra króna, í gervigreindarinnviði í Finnlandi og er nú að byggja þrjú gagnaver í landinu. Petteri Orpo, forsætisráðherra landsins, hefur meðal annars haldið því fram að fjárfesting Google væri forgangsatriði og að mikill ávinningur fengist af því að hýsa gagnaver fyrirtækisins. Í tilkynningu Google segir að gagnaverin muni skapa um 37.000 störf meðan á byggingu þeirra stendur, sem reiknað er með að sé um eitt ár. Ekki er tekið fram hversu mörg störf gagnaverin eigi að skapa þegar þau eru gangsett en segir í tilkynningunni að þau hlaupi á einhverjum þúsundum.

Jussi Kangasharju, forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Helsinki, segir ávinninginn verða lítinn fyrir finnskt samfélag þar sem hann telji að starfsemin muni að endingu skapa fá störf, að fyrirtækið sé aðallega með alþjóðlega viðskiptavini og borgi ekki fullan skatt.

Jarðvegurinn strípaður

Ásamt því að fella tré var jarðvegurinn ruddur svo að gróðurmoldin, efsta lag jarðvegsins, var tekin af. Íbúar í nágrenni svæðisins segja brúnt vatn flæða af svæðinu og í ána Oulujoki sem er þar rétt hjá. Reiknað er með að 150.000 tré hafi einnig verið höggin í Otanmäki, hinu svæðinu sem LVV skipaði að stöðva framkvæmdir á. Þar eru áhrifin af skógareyðingunni áþreifanleg og villt dýr þurftu að flýja skóginn, til að mynda flykktust úlfar úr skóginum inn í nálæg þorp. Fuglar sem búa í skóginum hafa einnig yfirgefið heimkynni sín. Þá hafa íbúar á svæðinu áhyggjur af hávaða frá gagnaverinu og að svæðið yrði skotmark Rússa ef kæmi til átaka.

Svæðisstjóri Google í Finnlandi, Antti Järvinen, hefur beðist afsökunar en segir fyrirtækið hafa skilið löggjöfina öðruvísi. Málið er til rannsóknar hjá LVV og hjá finnsku lögreglunni sem fékk fyrst tilkynningu um mögulegt ólöglegt skógarhögg um þarsíðustu mánaðamót.

Google vinnur nú að því að vernda gæði vatns í kringum framkvæmdasvæðið við Muhos og hefur lofað því að planta 130 hekturum trjáa. Náttúruverndarsinnar segja það framtak of lítið sem og að það sé ekki í neinu samræmi við skaðann sem sé skeður. */kró*



Bandaríkin:

Matvælaverð gæti haldið áfram að hækka

Matvælaverð í Bandaríkjunum hefur hækkað um 2,5 prósent á síðustu tólf mánuðum og aukinn framleiðslukostnaður bænda bendir til þess að verðþrýstingurinn kunni að halda áfram. Þetta kemur fram í fréttaskýringu New York Times þar sem rætt er við bændur og söluaðila á bændamarkaði í Tennessee.

Þótt matvælaverð hafi staðið í stað síðasta mánuðinn hafa fjölmargir kostnaðarliðir í landbúnaði hækkað. Bændurnir sem rætt er við nefna meðal annars launakostnað, eldsneyti, fóður, áburð, tryggingar, heilbrigðiskostnað og ýmsar rekstrarvörur.

Eggjaframleiðandinn Ed Vaught Jr. segir verð á eggjum frá búi sínu hafa tvöfaldast á sex árum og kosta nú níu dali tylftin. Að hans sögn hefur verðhækkunin verið nauðsynleg til að mæta auknum kostnaði, meðal annars vegna vinnuafls, viðhalds beitilands og trygginga. Fóðurkostnaður hefur einnig hækkað verulega. Poki af sérstöku kjúklingafóðri hefur hækkað um nærri fimm dali frá árinu 2025.

Kostnaður við umbúðir hefur sömuleiðis aukist. Vikulegur kostnaður Vaughts vegna eggjabakka hefur hækkað úr um 230 dölum í 500 dali á einu ári. Hann segist þó bíða eins lengi og mögulegt er með verðhækkanir og aðeins grípa til þeirra þegar reksturinn sé við það að skila tapi eða einungis standa undir kostnaði.

Svipaða sögu segja grænmetisbændur. Verð á salatfræjum hefur hækkað um tæp níu prósent á tveimur árum og kostnaður við ýmsar aðrar rekstrarvörur hefur einnig aukist. Bændur standa jafnframt frammi fyrir erfiðleikum við að ráða og halda starfsfólki og íhuga því að hækka laun.

Tollar hafa einnig áhrif. Blómaræktendur á markaðnum segja 7,5 prósenta toll hafa átt þátt í að hækka kostnað við blómlauka, hnýði, plöntur og fræ. Þá hefur vatnskostnaður aukist, sem vegur þungt eftir mikla hita.

Framleiðendurnir segja þó erfitt að velta öllum kostnaðarhækkunum út í verð. Neytendur séu orðnir varkárari í innkaupum og bændur óttist að frekari verðhækkanir dragi úr sölu.

Þrýstingurinn kemur því úr báðum áttum: Framleiðslukostnaður heldur áfram að aukast á sama tíma og kaupendur eru orðnir viðkvæmari fyrir verði. */þh*

MILWAUKEE®
KAUPAUKATILBOÐ

KAUPTU MILWAUKEE® OG FÁÐU GLÆSILEGAN KAUPAUKA!



KAUPAUKI 1
M12 HÁTALARI



KAUPAUKI 2
M18 HÁTALARI



KAUPAUKI 3
HEYRNARHLÍFAR



KAUPAUKI 4
M18 ÚTVARP



KAUPAUKI 5
M18 ÚTVARP

SKANNAÐU OG SKOÐAÐU Á **RUBIX.IS**

AÐEINS Í BOÐI HJÁ

RUBIX | VERKFÆRA SALAN | rubix.is

Husqvarna®

MHG Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Forest & Garden á Íslandi | *Varahlutir og þjónustuverkstæði



Husqvarna TF325 Tiller (working depth 30 cm)



Husqvarna 520IRX Sláttuorf 36V



Husqvarna Traktor TC220 14,4kw



Husqvarna GX 560 (cutting width 51 cm)



Husqvarna Rider 320X AWDTraktor 10,5 kW



Husqvarna 522IHD60 60cm



Husqvarna LC253S Sláttuvél 2,8kW



Husqvarna 525BX Blásari 86 m/s



Husqvarna 535RX Sláttuorf 1,6kW



Husqvarna 580 EPOS 16.000m²



Husqvarna AM535AWD EPOS 3.500 m²



Husqvarna 450e Keðjusög 2,4kW

MHG VERSLUN

Husqvarna Forest & Garden Products

Garðverkfæri, slátturóbotar, steinsagir, steinsagarblöð, jarðvegsþjöppur, hopparar, kjarnaborvélar, garðsláttuvélar, golfslípivélar, sandarar, gröfur, golfbílar og margt fleira

MHG Verslun | Vikurhvarf 8
S. 544 4656
mhg@mhg.is



Stefán Páll Ágústsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs First Water, stendur hér við framkvæmdasvæði fyrirtækisins í Þorlákshöfn. Miðað við áætlanir stefnir í að First Water verði stærsta landeldisstöð Íslands þegar framkvæmdir klárast með framleiðslugetu upp á 60 þúsund tonn af slægðum laxi á ári. Núna eru 20 fiskeldisker á svæðinu komin í notkun, en áætlanir gera ráð fyrir 164 tönkum af ólíkum stærðum á lóð sem er 50 hektarar. Myndir / ál

Stefna á 60 þúsund tonna ársframleiðslu á laxi

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Í Þorlákshöfn rís landeldisstöðin First Water og er fyrsti áfangi af sex langt kominn. Að framkvæmdum loknum er áætlað að árleg framleiðslugeta séu 60 þúsund tonn af laxi á ári. Miðað við áætlanir annarra fyrirtækja sem eru í uppbyggingu á landeldi verður First Water stærsta landeldisstöð Íslands.

Framkvæmdir hófust árið 2021 og upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að þeim yrði lokið árið 2031 og á staðnum yrðu samtals 164 ker fyrir áframeldi á laxi á lóð sem er um 1,3 kílómetra löng, eða rúmlega 50 hektarar. Í samtali segir Stefán Páll Ágústsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, að líklegt sé að framkvæmdir dragist eitthvað miðað við upphaflegar áætlanir.

Á lokafasa fyrsta áfanga

„Árið 2021 byrjuðum við á því að bora sjóholur, leggja lagnir og byggja svokallaðan vatnsmiðlunarturn," segir Stefán. „Fyrsta karið fyrir áframeldi var tekið í gagnið í apríl 2022 og um sumarið vorum við komnir með fjögur lítil og krúttleg ker sem eru 620 rúmmetrar hvert. Síðan þá erum við búnir að bæta við átta 1.440 rúmetra kerjum og öðrum átta 3.500 rúmmetra kerjum. Síðasta skrefið í að klára fyrsta áfanga felst í því að byggja átta 5.500 rúmmetra ker sem við erum byrjaðir að reisa.

Við gáfum út framkvæmdaáætlun í september og ef við fylgjum henni verða kerin tilbúin eftir eitt og hálft ár. Enn sem komið er er ekkert sem gefur til kynna að tafir verði á því. Þegar þessi kör eru komin í notkun verðum við komnir upp í þá 10.000 tonna framleiðslu sem fyrsti fasi á að standa undir. Langtímamarkmiðið er ársframleiðsla upp á 60 þúsund tonn þegar allir sex áfangarnir verða búnir. Hversu hratt við byggjum ræðst af rekstrarárangri, fjármögnun, leyfum og stöðu afurðarinnar á markaði. Við erum búnir að fjármagna fyrsta áfanga að fullu, en hver áfangi er fjármagnaður fyrir sig. Áætlanir okkar gera ráð fyrir að fyrirtækið skili jákvæðri EBITDA þegar fyrsti áfangi er kominn í fulla notkun.

Stærstu eigendur First Water eru Stoðir með 33 prósent, en það er stærsta fjárfestingafélag landsins í einkaeigu. Upphafsmenn First Water eru sex aðilar sem tóku sig saman utan um þessa hugmynd árið 2017 og eru flestir tengdir fyrirtækinu enn þá. Stoðir komu inn í þetta tiltölulega snemma, en þegar verkefnið var kynnt fyrir þeim sáu þeir mikla möguleika."

Ísland verður með einhver prósent af heimsframleiðslu

„Heildarframleiðsla á slægðum eldislaxi í heiminum árið 2025 var í kringum 2.850.000 tonn," segir Stefán. „Miðað við það framleiðslumagn væri First Water með rúm tvö prósent af heimsframleiðslunni með fullbyggða stöð. Þegar öll landeldisverkefnin sem eru komin á legg á Íslandi, sem eru þá við, Samherji, Thor og Laxey, ná fullum afköstum, verða fyrirtækin saman með fimm til sex prósent af heimsmarkaðnum miðað við framleiðsluna 2025. Þetta hlutfall á hins vegar eftir að breytast því að við vitum að heimsframleiðslan á eftir að aukast þar sem eftirspurnin á laxi hefur vaxið umfram framboð í talsverðan tíma. Þá eru fleiri íslensk landeldisverkefni í burðarliðnum þannig að greinin getur stækkað enn meira.

Þegar við tölum um landeldi í heild sinni þá þýðir velgengni hjá einum velgengni hjá öðrum. Iðnaðurinn er enn þá það nýr að hann er ekki búinn að ryðja sér alveg til rúms og hver einasta árangurssaga er mikilvæg fyrir alla. Þannig fæst meiri tiltrú markaðarins og lánveitenda á svona verkefnum.

Við seljum núna fyrst og fremst til Evrópu og Bandaríkjanna. Við njótum þess, eins og aðrir framleiðendur á Íslandi, að við erum sólarhring nær Bandaríkjunum með skipi en Noregur. Við erum jafnframt að hasla okkur völl í Asíu, en ég geri ráð fyrir að laxinum verði flogið þangað frá Evrópu. Núna er álfan stútfull af Temu-flugvélum sem fljúga tómar til baka, þannig að það er nóg laust pláss sem mun ekki bæta við kolefnissporið af vörunni."

Fiskvinnsla í Þorlákshöfn

„Við erum með seiðastöð í Hveragerði þar sem við ölum öll okkar seiði og tökum hópana okkar inn sem 100 gramma seiði í minnstu kerin hérna í Þorlákshöfn," segir Stefán. „Yfirleitt flytjum við allan hópinn í einu milli kerja eftir því sem hann stækkar til



Vatnið í fiskeldiskerjunum er borholusjór sem er afar tær eftir að hafa síast í gegnum hraun. Hægt er að stjórna lýsingunni, straumnum, súrefnismagni og fleiru í kerjunum til þess að skapa sem bestar aðstæður fyrir fiskinn. Um 1.220.000 fiskar eru núna í kerjum First Water í Þorlákshöfn, en sú tala mun margfaldast eftir því sem verkefninu vindur fram. Fyrirtækið rekur jafnframt seiðaeldi í Hveragerði og fiskvinnslu í Þorlákshöfn.

þess að lágmarka allt inngrip. Í hverjum hópi eru um 88 þúsund einstaklingar í byrjun og eru meira en 85 þúsund af þeim sem ná fullri stærð.

Við slátruðum fyrst laxi árið 2023 og erum við með sláturaðstöðu í tímabundinni aðstöðu á svæðinu þar sem fiskurinn er aflífaður og blóðgaður. Þaðan fer hann í kæli- og flutningstanka sem við keyrum með í vinnsluna okkar í Þorlákshöfn sem við tókum í notkun á síðasta ári. Lokatakmarkið er að hafa alla þessa starfsemi hér á svæðinu. Hvenær það raungerist á eftir að koma í ljós.

Fullvaxinn fiskur hjá okkur er í kringum sex kíló, eða fimm kíló eftir slægingu, og vorum við meðal fyrstu landeldisfyrirtækjanna á heimsvísu að ná þeim árangri. Kaupendur telja sig fá betri nýtingu á fiski sem er fimm kíló slægður, enda haus, sporður og beinagarður alltaf einhver hluti af þessu. Um leið og búið er að flaka fiskinn styttist tíminn sem þú getur geymt hann ferskan og er okkar söluvara því slægður fiskur með haus, sem er oft kallaður „Head On Gutted“ eða HOG.

Í dag erum við með 1.220.000 fiska í fulleldisstöðinni og er heildarlífmassinn þessa stundina 2.160 tonn. Heildarframleiðslan á slátruðum fiski í ár verður á bilinu 2.500 til 2.700 tonn, en á meðan fyrsti áfangi er óklárаður höfum við svigrúm til að flytja lífmassa yfir áramót til þess að nýta okkur breytilegt verð á laxi. Verðið rís skarpt í lok desember og í janúar og helst hátt fram í apríl eða maí á meðan verðið er í lágmarki í ágúst og september.“

Landeldi flóttahelt

„Ein af sérstöðunni sem landeldi hefur umfram sjókvíaeldi er fyrirsjáanleg framleiðsla í hverri viku allt árið,“ segir Stefán. „Verslanir geta því treyst því að við getum alltaf fyllt hillurýmið hjá þeim. Annar kostur við landeldi er að þetta er algjörlega flóttahelt þegar fiskurinn er kominn í áframeldi. Við erum með fimmfaldar varnir, en fyrst er mikil vörn í að vera með fiskinn í steyptu keri. Þar á eftir er vörn í fráflæðiboxi, síðan eru ristar yfir tromlusíurnar í fráveitustöðinni, þá tromlusíurnar sjálfar og að lokum ristar á eftir henni. Við höfum sett dauðan fisk í fráveitukerfið okkar og hann kemst ekki lengra en að ristunum fyrir framan tromlusíurnar. Ef svo ólíklega vill til að tankar rofna er dágóður spotti héðan niður í sjó.

Í landeldi þurfum við ekki að glíma við laxalús og í kerjunum er lítið lífrænt álag, en vatnið kemur mjög hreint upp úr borholunum sem eru 80 til 100 metra djúpar. Því þurfum við ekki að nota nein sýklalyf eða eiturefni. 95 til 97 prósent af fiskinum nær hæsta gæðaflokki og afföllin eru í kringum þrjú prósent. Undanfarin ár og áratugi hafa afföllin verið í kringum 15 til 18 prósent í sjókvíaeldi þó svo að það sé breytilegt milli ára.

Við endurnýtum í kringum tvo þriðju af sjónum í karinu með því að setja það í gegnum afloftara og síur. Síurnar grípa föst efni og óhreinindi í vatninu og náum við út koltvísýringi í lofttæmi. Við erum þrjá tíma að endurnýja allt vatn sem þýðir að ef þú kemur að kari klukkan eitt þá er búið að skipta út öllu nýju og endurunnu vatni í karinu klukkan fjögur.“

Fyrirsjáanleiki skortir hjá hinu opinbera

„Við erum að knýja á um lagasetninu um landeldi, en regluverkið og lagaumhverfið þarf að taka mið af því hvernig reksturinn fer fram og við hvaða aðstæður,“ segir Stefán. „Landeldi fylgja áskoranir sem snúa að vatnstöku, raforkuöryggi, áreiðanleika búnaðar og annað slíkt á meðan við getum betur stýrt og vaktað marga þætti eldisumhverfisins í samanburði við fiskeldi í sjó.

Núna eru stjórnvöld búin að leggja fram frumvarp um lagareldi sem nær yfir allt fiskeldi, bæði á landi og í sjó og sá hluti frumvarpsins sem snýr að landeldi er mjög lítill. Rekstrarumhverfi þessara starfsgreina er ansi ólíkt og þess vegna teljum við skynsamlegt að aðskilja lögin eftir eðli eldisins. Við erum engir andstæðingar sjókvíaeldis en það þarf skýrar leikreglur fyrir landeldi.

Þegar verið er að byggja upp og fjárfesta í nýrri atvinnugrein þarf að vera fyrirsjáanlegt regluumhverfi, sérstaklega varðandi útgáfu leyfa, hvernig eftirlit fer fram og fleira. Við erum ekki að fara fram á sérmeðferð, en til þess að fá að borðinu fjárfesta og lánveitendur þurfa þessi atriði að vera skýr. Stjórnvöld ættu ekki að þurfa langan tíma til að semja heildarlög um landeldi, því að þau atriði sem almenningur og hið opinbera hefur mestar áhyggjur af í fiskeldi almennt eru fiskheldni og flóttavarnir – og það eru ekki vandamál í þessari starfsgrein. Að sama skapi er mengunarhætta mun minni og fráveituvatnið er hreinsað sem gefur okkur ný verðmæti, eins og áburð eða orku.“

> „Þegar við tölum um landeldi í heild sinni þá þýðir velgengni hjá einum velgengni hjá öðrum ...

Verðmæti í mykjunni

„Ef við tölum um hliðarstrauma eru það annars vegar slóg í vinnslu og hins vegar fiskeldismykja sem fellur til í tönkunum og hægt er að sía frá,“ segir Stefán. „Mykjan er uppfull af næringarefnum sem er hægt að fanga og nýta. Við tökum þátt í verkefni sem heitir Terraforming Life þar sem við erum að reyna að þróa lausnir til þess að þróa lífrænan áburð og lífgas. Fiskeldismykjuna er hentugt að nýta með annarri búfjármykju, eins og af kjúklingabúum og svínabúum – nauta- og fjárbúum jafnvel líka. Þetta þarf hins vegar að gerast í einhverju stærra samstarfi og höfum við undirritað viljayfirlýsingar um samstarf við önnur landeldisfyrirtæki. Að þessu koma meðal annars Ölfus Cluster, Bændasamtökin og Orkídea.

Það sem við síum frá núna er skráð og samþykkt sem blautur áburður sem við dreifum á skógræktarsvæði sem heitir Þorlákskógar. Við erum ekki enn þá komnir með innviðina til þess að koma allri mykjunni í farveg, en við sjáum fyrir okkur að fyrst og fremst verði þetta nýtt sem áburður.“

Öflugur meðbyr með íslenskum laxi



Ómar Grétarsson.

Ómar Grétarsson, markaðs- og sölustjóri First Water, segir gríðarleg tækifæri vera fyrir íslenskan lax á Asíu-markaði og í Bandaríkjunum. Lykillinn að því er gott orðspor Íslands, lega landsins og hagstætt tollaumhverfi.

Ómar var að koma heim frá stórri sjávarútvegssýningu sem haldin er á hverju hausti í Qingdao í Kína. Hann segir mörg fyrirtæki í laxeldi hafa tekið þátt þar ásamt Íslandsstofu. „Kínamarkaðurinn er ansi spennandi og ætlar First Water að taka fyrstu skrefin þar strax í nóvember til þess að fá viðbrögð við vörunni,“ segir Ómar í samtali.

„Fyrir nokkrum dögum byrjaði fyrsta beina flugið til Kína. Það er vissulega farþegaflug, en það er líka hægt að flytja vörur. Þá getum við líka sent með tengiflugi í gegnum Evrópu. Ísland er með fríverslunarsamning sem þýðir að það er ekki lagður tollur á íslenskan lax sem gefur okkur smá forskot.

Ísland sem land er ansi þekkt í Kína og samkvæmt skoðanakönnunum er Ísland eitt af þeim löndum utan Asíu sem Kínverjar eru spenntastir fyrir að heimsækja. Þetta speglast yfir í eftirspurn á vörum eins og laxi. Jákvæð ímynd Íslands sem framleiðanda á sjávarafurðum er eitthvað sem við sjáum að gagnast laxinum og hefur hjálpað okkur að koma þessari nýju vöru á markað.

Sögulega séð hafa kínverskir kaupendur að mestu selt laxinn áfram heilan inn á veitingastaðamarkaðinn, en slægður lax með haus getur haldist ferskur í hátt í þrjár vikur. Þetta hefur hins vegar breyst núna á þann hátt að laxinn er flakaður, skorinn í sneiðar og vakúmpakkaður af vinnslum úti og seldur neytendum í auknum mæli í beinni útsendingu á samfélagsmiðlum.

Eins er íslenskur lax tollfrjáls í Bandaríkjunum sem helst vonandi til frambúðar. Síðast þegar ég tékkaði er 12,5 prósent tollur lagður á norskan lax. Íslendingar hafa færi á að senda ferskan lax með skipi yfir til austurstrandar Bandaríkjanna á meðan Norðmenn þurfa að fljúga sínum laxi. Framleiðslan á eldislaxi í Kanada hefur á sama tíma dregist saman.

Íslensk framleiðsla á laxi er ekki stór í samanburði við Noreg. Núna erum við með samtals um 50 þúsund tonn á ári sem er rúmlega vikuframleiðsla í Noregi. Miðað við þessa jákvæðu athygli sem Ísland fær ættum við að geta komið okkur vel fyrir sama um hvaða markað er að ræða. Það er mikilvægt að byrja á því að tryggja orðspor íslensks lax en svo er annað verkefni að selja hugmyndina að landeldi eða laxi frá First Water. Í Noregi starfar opinber markaðsstofa sem nefnist Seafood from Norway sem sér um að markaðssetja norskan lax á heimsvísu og tel ég vera kominn tími á að hér á Íslandi verði skoðað að koma á fót einhverjum sameiginlegum grundvelli til markaðsstarfs.

Verðið á laxi er mjög gott þar sem framboðið nær varla að anna eftirspurninni. Gæðin á eldislaxi er fyrsta flokks vegna mikillar þróunar á eldi, slátrun og flutningi. Það er hægt að slátra laxi á Íslandi og hann er kominn á boðstólinn sem sushi hvort sem er í Kína eða Kaliforníu innan tveggja til þriggja daga. Þessi ferskleiki hefur aukið eftirspurnina enn frekar,“ segir Ómar.



Málþing:

Blásið til sóknar í lífrænum landbúnaði

– Hvernig má tífalda framleiðsluna á Íslandi?

Fagráð í lífrænum landbúnaði stendur fyrir málþinginu „Tíföldum lífræna framleiðslu – blásið til sóknar“ í Kaldalóni í Hörpu fimmtudaginn 19. nóvember, frá klukkan 10–15.30.

Daninn Paul Holmbeck verður sérstakur gestur málþingsins, en hann er alþjóðlegur ráðgjafi í stefnumótun og markaðsuppbyggingu fyrir lífrænan landbúnað, var um árabil framkvæmdastjóri Organic Denmark, Økologisk Landsforening og átti mikilvægan þátt í uppbyggingu og velgengni lífræna geirans í Danmörku.

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, formaður VOR – félags um lífræna ræktun og framleiðslu, segir að þau séu sérstaklega ánægð með komu Paul Holmbeck til landsins. „Hann situr í stjórn IFOAM – Organics International, alþjóðlegra regnhlífarsamtaka lífrænu hreyfingarinnar. Hann hefur því einnig víðtæka yfirsýn yfir þróun lífræns landbúnaðar á alþjóðavísu.“




Elínborg Erla Ásgeirsdóttir. Mynd / smh

Danir með einn öflugasta markað heims

Að sögn Elínborgar hefur Holmbeck bæði reynslu í stefnumótun og framkvæmd og hefur meðal annars komið að mótun aðgerðaáætlana um lífræna framleiðslu, unnið að uppbyggingu samstarfs við verslanir og því að auka notkun lífrænna matvæla í opinberum eldhúsum. Í dag starfi hann sem ráðgjafi stjórnvalda, fyrirtækja og samtaka víða um heim um hvernig megi efla lífræna framleiðslu.

„Það sem gerir heimsókn hans sérstaklega áhugaverða er þessi viðtæka reynsla hans af því að fá ólíka aðila til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Danir hafa byggt upp einn öflugasta markað heims fyrir lífrænar vörur og við viljum læra af þeirra reynslu og reyna að koma auga á hvaða verkfæri er hægt að nýta við íslenskar aðstæður.“



Elínborg segir að málþingið snúist í raun um þá spurningu, hvernig megi tífalda lífræna framleiðslu á Íslandi og hver þarf að gera hvað til þess að það geti orðið að veruleika. „Við vonumst til að koma auga á lausnir sem geta fært okkur nær því að ná markmiðum aðgerðaáætlunar stjórnvalda, að 10% landbúnaðarlands verði vottað lífrænt árið 2040.“

Aðgerðaáætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu

Elínborg segir að Paul muni hefja daginn á erindi um uppbyggingu öflugs lífræns geira. Í kjölfarið verði fjallað um stuðningskerfi og starfsskilyrði lífrænna framleiðenda með aðkomu Bændasamtaka Íslands, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Eftir hádegi verði fjallað um aðgerðaáætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu, reynslu framleiðanda og hlutverk verslunar.

„Pallborðsumræður munu síðan brjóta daginn upp og gefa áheyrendum færi á að koma spurningum og sinni innsýn á framfæri.

Að þeim loknum mun Paul draga saman það sem fram hefur komið yfir daginn. Við viljum þannig freista þess að nýta þekkingu hans til að vinna áfram með þær hugmyndir og áskoranir sem koma upp á málþinginu.

Mér finnst mikilvægt að við horfum á eflingu lífrænnar framleiðslu sem sameiginlegt verkefni. Bændur þurfa að hafa aðgang að þekkingu og ráðgjöf, starfsskilyrðin þurfa að styðja við þróunina og afurðirnar þurfa að komast á markað. Með málþinginu viljum við leiða þessa aðila saman og blása til sóknar,“ segir Elínborg enn fremur.

Fundarstjóri verður Salvör Jónsdóttir, skipulagsfræðingur og stjórnarformaður Matís.

Málþingið er haldið með stuðningi atvinnuvegaráðuneytisins og því verður einnig streymt. */smh*





Annars flokks gulræturnar eru smærri, en sætar og safaríkar. Ólína kynnti þær á síðasta lífræna deginum. Mynd / eks

Útiræktun:

Nokkur hundruð kíló ruku út

Matland brást skjótt við áhuga lesenda á að kaupa annars flokks lífrænar gulrætur frá Akri Organic, sem eru ræktaðar í Þistilfirði og sagt var frá í þarsíðasta blaði að þau ættu erfitt með að koma í verð.

Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Akurs Organic, segir ánægjulegt að Matland hafi hafið almenna sölu á þeim, sjálf hafi þau fundið fyrir góðum viðbrögðum. Hún segir dreifingu á fyrsta flokks gulrótum einnig vandkvæðum bundna. Þær rati oft ekki í búðir í þeirra nærumhverfi á Norður- og Austurlandi því stóru birgjarnir og verslanakeðjurnar setji kröfur á að fá allar vörur á lagera sína fyrir sunnan til dreifingar. Vörurnar rati ekki aftur í landshlutann. Flutningskostnaður hafi þar að auki hækkað mikið, meðal annars vegna aukinna álaga ríkisins sem þyngi reksturinn. Ríkisstjórnin þurfi að ákveða hvort byggð eigi að vera áfram um allt land.

Nokkur hundruð kíló á fáum dögum

„Matland setti gulræturnar í sölu um leið og umræðan um að bændur kæmu öðrum flokknum ekki í verð,“ segir Tjörvi Bjarnason, eigandi Matlands. „Við byrjuðum á að taka nokkra tugi af kílóum en enduðum á að sækja nokkra skammta og selja nokkur hundruð kíló á örfáum dögum. Allir vilja hreinleika og góðar vörur og við finnum greinilegan áhuga á að vita meira um upprunann,“ en á Matlandi er rík áhersla lögð á að segja söguna á bak við vörurnar sem eru allar merktar framleiðendum.

Neytendur sjá vöruúrval Matlands á vef verslunarinnar þar sem þeir ganga frá kaupunum og sækja svo annaðhvort vörurnar á afhendingarstað á Hrísateig eða fá sendar með heimsendingu um allt land eða sækja á sjálfsafgreiðslustöðvar Pikkoló sem fer fjölgandi.

Bein tenging við bændur

„Það er klárlega einn skemmtilegasti hluti rekstrarins að vera í beinum samskiptum við bændur. Birgjum hefur fjölgað jafnt og þétt og við finnum að fólk stendur með okkur. Þetta er nýstárleg söluleið og markmið okkar er að stytta leiðina á milli bænda og neytenda. Við viljum að bændum gangi vel og allt gegnsæi í söluferlinu er af hinu góða. Við kaupum af bændum og erum ekki umboðssala. Það er jákvætt að okkar mati að bændur hafi aukið val um að koma afurðum sínum í verð. Bændur eru líka að byggja upp sitt vörumerki með því að markaðssetja undir nafni búsins. Það eitt og sér getur skapað mikil verðmæti þegar til lengdar lætur.“

Mega ekki senda beint í verslanir

Bændur Akurs Organic rækta í Þistilfirði og eru því langt frá stórum markaðssvæðum. Þau eru með fullbúna vinnslu á Þórshöfn þar sem þau þvo allt, pakka og geyma.

Þau senda sjálf í nokkrar verslanir í nágrenni sínu á Norðausturlandi. „Annars staðar í okkar landshluta eru lífrænu gulræturnar okkar oft ekki fáanlegar því við megum ekki, að minnsta kosti ekki enn þá, senda beint til verslana. Krafa stóru birgjanna og verslanakeðjanna er sú að varan fari suður á lagera þeirra og þaðan í dreifingu í eigin verslanir,“ segir Ólína.

„Vandinn er ekki að neytendur vilji ekki vöruna, heldur að hún ratar ekki til þeirra.“ Ólína segir vörurnar því oft ekki skila sér aftur að sunnan. Hún nefnir dæmi um Nettó og Bónus á Egilsstöðum.

Fyrirkomulagið felur auk þess í sér mikla óþarfa flutninga. „Vara myndi ferðast frá okkur og til baka, um 1400 km. Þetta passar engan veginn við nútímaþjóðfélag.“

Vikulegar fyrirspurnir

Sölufélag garðyrkjumanna er stór partur af starfsemi Akurs Organic og „allir af vilja gerðir“. Ólína segir Sölufélag garðyrkjumanna hafa reynt að þrýsta á keðjurnar að taka á móti sendingum beint frá þeim, en það hafi ekki borið árangur, stóru birgjarnir vilji dreifa sjálfir í sínar verslanir. „Búðirnar þurfa að vinna með okkur. Kúnninn á að geta keypt vöruna,“ segir Ólína.

Hún segir þau fái margar fyrirspurnir í hverri viku um hvar sé hægt að fá gulræturnar þeirra á Austur- og Norðurlandi. Þau hafi reynt að svara fyrirspurnum með öðru móti. Hún nefnir dæmi um að Kvenfélag Aðaldælinga hafi verið að fá stóra sendingu frá þeim.

Ólína segir þau reyna að sporna við matarsóun og því sé mikilvægt að koma öðrum flokknum líka í sölu. Hún vonast eftir að markaðssetning á honum sem „safagulrótum“ nái enn meira flugi næsta haust.

Flutningskostnaður síaukinn

„Flutningskostnaður hefur hækkað gríðarlega síðastliðið ár, meðal annars vegna aukinna álaga ríkisins, og hefur það veruleg áhrif á reksturinn,“ segir Ólína. „Það má nefna að á einokunarsvæði Vörumiðlunar þá er flutningskostnaðurinn svo hár frá Akureyri til Hvammstanga að matvöruverslunin á Hvammstanga getur ekki verslað við okkur þó þau gjarnan vildu vegna þessa okurs.“ Ólína segir þau jafnvel þurfa að endurskoða reksturinn. „Við þyrftum að hækka verð vegna þessarar miklu aukningar á flutningskostnaði sem og hækkunar allra annarra aðfanga og jafnvel endurskoða hvort það sé gerlegt að vera með framleiðslufyrirtæki svona langt frá höfuðborgarsvæðinu. Ég myndi gjarnan vilja að núverandi ríkisstjórn ákveði sig hvort eigi að vera áfram byggð á öllu landinu eða ekki.“ */eks*

ISUZU D-MAX

DRÁTTARGETA **3.500 KG**



Bíll í mynd er með AT33" breytingu (Arctic Trucks)

5 stjörnu öryggi
5 ára ábyrgð*
Verð frá: **11.990.000 kr.**

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.isuzu.is

BB bílar
Akureyri
www.bbbilar.is
534 7200

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FORSTEYPTIR STÆÐUVEGGIR


Gott gróffóður er undirstaða í góðri fóðrun!



STÆÐA - VERÐDÆMI

Forsendur (L:40m/B:15m/H: 2,0m)

- 40 vikna gjafatími
- 60 kúa bú
- með 50 kvígum, 3-24 mánaða
- og 10 törfum



L200HAK 10T

6.100.000 kr. + vsk.*

*Athugið! Miðað við að einingarnar séu komnar heim á hlað hjá kaupanda en miðast þó við að um 150 km sé frá uppskipunarhöfn. Gert ráð fyrir L200HAK 10T einingum. Reiknað út m.v. gengi EUR 137,-



Forsteyptir stæðuveggir frá Bosch Beton endast í kynslóðir og uppfylla allar gæðakröfur.

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Grænbók um landgræðslu og skógrækt í Samráðsgátt

– Fyrsti áfangi endurskoðaðrar landsáætlunar og nýrrar aðgerðaáætlunar

Grænbók um landsáætlun í landgræðslu og skógrækt var nýlega sett í Samráðsgátt stjórnvalda. Hún er fyrsti áfangi endurskoðaðrar landsáætlunar í landgræðslu og skógrækt.

Land og líf var fyrsta sameiginlega stefna stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt, kom út í ágúst 2022 og gildir til 2031. Stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun fyrir árin 2022–2026.

Árangursvísar og lykilviðfangsefni

Í grænbók er lagt mat á stöðu málaflokksins, framkvæmd gildandi landsáætlunar, framgang aðgerða og helstu áskoranir.

Í yfirliti yfir stöðu árangursvísa í aðgerðaáætlun Lands og lífs kemur fram að af 50 árangursvísum teljast 22 vera lokið eða í föstum farvegi, 23 árangursvísum er lokið að hluta eða eru í vinnslu og fimm af árangursvísunum teljast ekki hafnir eða eru óstaðfestir.

Átta möguleg lykilviðfangsefni eru dregin fram í grænbók til mótunar hvítbókar – sem fylgir í kjölfarið áður en stefna er gefin út.

Þar segir að leita þurfi leiða til að auka vernd og endurheimt kolefnisríkra vistkerfa og vistkerfa sem eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni, með votlendi og náttúrulega birkiskóga í forgangi.

Einnig þurfi að leita svara við því hvernig áherslur í skógrækt skuli þróast næstu áratugina, meðal annars hvert jafnvægið skuli vera milli nýskógræktar og aukinnar umhirðu og nýtingar þeirra skóga sem þegar hafa vaxið upp. Jafnframt þurfi að finna leiðir til að efla fjölþætta verðmætasköpun úr skógum, svo sem sjálfbæra nýtingu skógarafurða, úrvinnslu, kolefnisbindingu, líffræðilega fjölbreytni og samfélagsleg verðmæti.

Þá er talið að endurskoða þurfi gæðaramma og viðmið aðgerða í takti við nýja þekkingu og breyttar áherslur. Hér er einkum átt við val lands og aðferða auk tegundavals og dreifingaráhættu. Skýr markmið séu sett út frá aðstæðum og hentugleika hvers svæðis og tekið mið af líffræðilegri fjölbreytni. Rammarnir séu þróaðir í víðtæku samráði, uppfærðir reglulega og aðgengilegir.



Í grænbókinni segir að leita þurfi leiða til að auka vernd og endurheimt kolefnisríkra vistkerfa og vistkerfa sem eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni, með votlendi og náttúrulega birkiskóga í forgangi. Mynd / smh

Virkja þarf landeigendur til þátttöku

Í grænbókinni er einnig talin þörf á að efla aðgengi og samnýtingu opinberra landupplýsinga, svo sem með auknu samstarfi stofnana, þannig að gögn séu aðgengileg á opnu og nýtanlegu formi í þágu nýsköpunar og til samfélagslegra hagsbóta. Jafnframt þurfi að finna leiðir til að öll nauðsynleg grunnkort, svo sem um jarðveg Íslands, séu til staðar. Sérstaklega þurfi að tryggja að gögn séu aðgengileg á opnu, stöðluðu og nýtanlegu stafrænu formi þannig að þau nýtist beint við ákvarðanatöku, landupplýsingavinnu og skipulagsgerð ríkis og sveitarfélaga.

Grænbókin leggur til að tryggt sé að ákvarðanir um landnýtingu séu byggðar á ástandi lands og bestu fáanlegri þekkingu, meðal annars með markvissri miðlun landupplýsinga. Leita þurfi leiða til betri beitarstjórnunar og víðtæks samstarfs þar um, þar sem sjálfbær landnýting, uppgræðsla og stýring nýtingar stuðli jafnframt að vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Grænbókin telur að skýra þurfi hlutverk svæðisáætlana og tengsl þeirra við landsáætlun, landsskipulagsstefnu og skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Leita þurfi leiða til að gera svæðisáætlanir að raunhæfu tæki til forgangsröðunar og framkvæmdar og skýra hvernig þær tengjast skipulagsskyldu sveitarfélaga og ákvörðunum um einstaka framkvæmdir.

Þá er talin þörf á að auka þátttöku samfélagsins og skilning á ávinningi landgræðslu og skógræktar. Tengja þurfi aðgerðir betur við lífsgæði, útivist og daglegt umhverfi fólks og auka skilning á nauðsyn áframhaldandi jarðvegsverndar og baráttu gegn landeyðingu. Árangursmat þurfi að vera skýrt og því miðlað með aðgengilegum hætti. Jafnframt þurfi að leita leiða til að virkja þátttöku og ábyrgð bænda, landeigenda og annarra hagaðila á þeim verkefnum sem þeir taka þátt í, meðal annars með virkari þátttöku þeirra í söfnun og skráningu gagna í tengslum við vöktun og árangursmat. Nýta mætti hvata- og stuðningskerfið á markvissari hátt til að stuðla að slíkri þátttöku og yfirfærslu ábyrgðar.

Loks er nefnt að meta þurfi hvort endurskoða skuli verkaskiptingu milli ríkis/ríkisstofnunar og annarra framkvæmdaraðila með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Skýra þurfi hvaða verkefnum Land og skógur sinnir og hvaða verkefnum aðrir geta sinnt og þá hver stjórnsýsluleg og fjárhagsleg áhrif þess yrðu.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti

Í umfjöllun grænbókarinnar um tilefni endurskoðunar segir að um lögbundið ferli sé að ræða auk þess sem gildistími aðgerðaáætlunar Lands og lífs renni út í lok árs 2026.

Samkvæmt lögunum skal ráðherra gefa út sameiginlega áætlun um landgræðslu og skógrækt eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og til tíu ára í senn.

Í grænbókinni segir að frá útgáfu núgildandi stefnu hafi jafnframt orðið breytingar á stjórnsýslu og regluverki málaflokksins, meðal annars með stofnun Lands og skógar og setningu nýrra reglugerða, annars vegar um sjálfbæra landnýtingu og hins vegar um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt. Þá hafi áherslur þróast í loftslagsmálum, málefnum líffræðilegrar fjölbreytni, endurheimt vistkerfa, landupplýsingamálum og hvað varðar verðmætasköpun úr skógum.

Sjónarmið um stöðumat

Tilgangur samráðsins er að gefa almenningi, hagaðilum og öðrum áhugasömum tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum um stöðumat grænbókarinnar og þau lykilviðfangsefni, áherslur og leiðir sem þar eru settar fram. Sérstaklega er kallað eftir ábendingum um hvort stöðumatið endurspegli stöðu málaflokksins, hvort lykilviðfangsefni næstu ára séu vel skilgreind og hvaða áherslur og leiðir séu mikilvægar til framtíðar.

Að loknu samráði um grænbókina verður unnið úr umsögnum og niðurstöður samráðsins nýttar við gerð hvítbókar með drögum að framtíðarsýn, markmiðum og áherslum nýrrar landsáætlunar. Gert er ráð fyrir frekara samráði við gerð hvítbókarinnar, meðal annars með samráðsfundum, áður en endanleg landsáætlun og aðgerðaáætlun verða mótaðar. */smh*





Ólöf Ósk Guðmundsdóttir og Hafþór Finnbogason, bændur í Miðdal. Mynd / ál

Miðdalur fyrirmyndarbú

Ábúendur í Miðdal í Kjósarhreppi fengu viðurkenningu sem fyrirmyndarbú deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Í Miðdal búa Ólöf Ósk Guðmundsdóttir og Hafþór Finnbogason sem stunda mjólkurframleiðslu, sauðfjárrækt og hrossarækt. Þau hafa á undanförnum árum tekið við búrekstrinum af foreldrum Ólafar. Frá þessu greindi Sigurbjörg Ottesen, formaður deildar nautgripabænda BÍ, í ræðu sem hún flutti þegar bændunum voru færð verðlaunin á fagfundi nautgriparæktarinnar þann 22. október.

Á árinu 2012 voru meðalafurðir kúabúsins þær mestu hérlendis, eða 8.086 kílógrömm á hverja kú, og hafa Ólöf og Hafþór náð að viðhalda þeim árangri á sama tíma og þau hafa ráðist í miklar breytingar á fjósinu og sett upp mjaltaþjón. Þau hafa lagt mikla vinnu í kynbótastarf, en Sigurbjörg bendir á í ræðu sinni að það hafi sýnt sig meðal annars í því að Nautastöð BÍ keypti á síðastliðnu ári tvö kynbótanaut úr Miðdal.

Um áratugaskeið hefur leik- og grunnskólabörnum verið boðið í skipulagðar heimsóknir á búið í Miðdal. Með því vilja bændurnir efla tengsl milli borgarbúa og bænda og sýna ungum börnum að uppruni matvælanna er ekki í kælum matvöruverslana. Í ræðu sinni segir Sigurbjörg bændurna eiga miklar þakkir skildar fyrir að gefa komandi kynslóðum tækifæri til að kynnast íslenskum landbúnaði. */ál*

Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



BÆNDAFUNDIR 2026

LAUSNIN ER LANDBÚNAÐUR



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

6. NÓV	12:00	HVANNEYRI, LANDBÚNAÐARHÁSKÓLINN
10. NÓV	20:00	HÓTEL LAUGAR, SÆLINGDSDALUR
11. NÓV	12:00	STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ, 4. HÆÐ, ÍSAFJÖRÐUR
	16:00	FÉLAGSHEIMILIÐ BIRKIMELUR, BARÐASTRÖND

Sautjándi ættliður í Kirkjubæ í Færeyjum

Það er fagur dagur í Tórshavn í dag og ég er að gera mig ferðbúna að leggja af stað til Íslands en á eitt mikilvægt stopp áður og það er að heimsækja Kirkjubæ. Sólin skín þennan dag og ég legg af stað frá Tórshavn full tilhlökkunar að heimsækja þennan sögufræga stað, en þangað kom ég fyrst sem barn. Í Kirkjubæ er nokkur hundruð ára saga allt frá tímum víkinga og síðar biskupstíðar og konungstíðar. Það tekur um 15 mínútur að aka til Kirkjubæjar frá Tórshavn. Síðasti spölurinn er einbreiður vegur og þegar á leiðarenda er komið eru ferðamenn þau fyrstu sem ég sé á staðnum. Ég geng framhjá hvítri kirkju sem er elsta kirkja Færeyja, síðan um árið 1100 og geng síðar upp að Kirkjubøgarði þar sem Jóannes Patursson og kona hans Gudrið búa ásamt fjórum sonum sínum.



Sigríður Huld Blöndal
siggahuld82@gmail.com

Það er eins og að koma nokkur hundruð ár aftur í tímann þegar komið er hingað, húsin sum byggð voru fyrir um 700-900 árum síðan, vel við haldin. Við mér blasir einnig hinn tignarlegi og flotti "Múrinn" svokallaði en þetta eru rústir af hinni sögufrægu Magnúsarkirkju frá um 1300. Í dag standa einungis veggir kirkjunnar eftir sem setja mikinn svip á staðinn. Kirkjubær stendur við sjóinn og útsýnið er stórfenglegt yfir á eyjarnar Koltur og Hest og eftir sjónum eins langt og augað eygir. Ég banka uppá og Jóannes tekur glaðlegur á móti mér klæddur í færeyska peysu og býður mig hjartanlega velkomna. Hann er bóndi á bænum og er 17 ættliður sömu fjölskyldunnar í Kirkjubæ, Patersson ættarinnar. Við göngum inní stórt og rúmgott eldhús og setjumst síðan inní stofuna "Stóru stovu" sem svo er kölluð og fáum okkur kaffi og kökur með því. Inni í stofunni eru húsmunir sem eiga sér langa sögu og málverk af ættfólki Jóannesar. Næst fáum við okkur sæti við fallegt borð við gluggan og sjáum ferðmenn á gangi fyrir utan húsið. Sagan drýpur hér af veggjum og munum og ég byrja á að spyrja Jóannes útí þessa miklu sögu Kirkjubæjar.

Sagan hér er allt frá tímum víkingatíðar um árið 800. Síðan segir sagan að um árið 1000 hafi hér verið bóndakona nokkur kölluð Streymoyar Birna og átti hún Kirkjubæ og alla Streymoy. Hún var gift „Tórhalli ríka sum er af götuskeggjaslagnum" eins og Jóannes kemst svo skemmtilega til orða á færeysku.

Hún hafi átt þrjár dætur og skipti stórum landshlutum á milli þeirra og dóttir hennar Gæsa hafi fengið Kirkjubæ. Sú á að hafa tekið á móti fyrstu kaþólsku prestunum sem komu hingað og fengu að búa hjá henni. En hún hafi síðan verið send í burtu einn dag í föstunni, ákærð fyrir að borða kjöt, já þetta segja sagnirnar. Þá verður bóndabærinn lagður niður og prestarnir taka við. Á þeim tíma stóð byggðin í Kirkjubæ úti á hólma hér sem var landfastur og þar á að hafa verið stærri byggð en er hér í dag, um 50 hús og um 500-800 manna byggð. Þannig var það frá víkingatímanum og á biskupatímanum sem stóð frá 1105-1540 en þá er kaþólska biskupsdæmið lagt niður og danska konungsvaldið tekur við. Konungsvaldið tók allt sem kirkjan átti og skip komu frá Danmörku. Jörðin sem var tekin af konungsvaldinu er síðan leigð út til bænda og verða nokkurs konar konungsjarðir. Á þessum tíma tæmist byggðin sem var hér milli hólms og lands og fólk fór annað.

Árið 1600 gerist svo það að stór flóðalda skolaði öllum húsunum í burtu þar sem gamla byggðin var.

Eftir þennan tíma kemur einokunarverslun sem var mjög ströng í Færeyjum. Þetta tímabil verður Færeyingum erfitt og það er ekki fyrr en árið1850 þegar einokunarverslun er afnumin að Færeyjar fá aftur tengingu við önnur lönd og peningasamfélag tekur við. Fiskvinnan tekur þá yfir og samband við umheiminn opnast, ný tækifæri blasa við. Þá verður einnig fólksfjölgun í Færeyjum. Þetta er á þeim tíma sem langafi og langamma Jóannesar eru að hefja sinn búskap á bænum. Jóannes er ansi fróður um gamla tímann og mikill sögumaður.



Jóannes Patursson bóndi á Kirkjubøgarði.

Íslensk langamma

Langafi Jóhannesar var nafni hans Jóannes Patursson (1866-1946) leiðtogi sjálfstæðisbaráttu færeyinga á 20.öld. Hann var stjórnmálamaður, skáld og bóndi í Kirkjubæ. Hann var einn af stofnendum Sjálvstýrisflokksins í Færeyjum og einnig síðar formaður Fólkaflokksins. Skemmtilegt er að segja frá því að langamma Jóannesar var íslensk og hét Guðný Eiríkssdóttir, frá Karlsskála við Reyðarfjörð, faðir hennar var bóndi og útgerðarmaður. En hvernig ætli þau hafi kynnst. Jóannes með sína einstöku frásagnargáfu lætur mann svífa inní gamla tímann og segir frá sögunni.

„Það var nú þannig að Pálína systir Guðnýjar, íslensku langömmu minnar giftist færeyeskum skipstjóra og Guðný kemur til Færeyja í brúðkaupið og hafði sagt við systur sína og fleiri að hún ætlaði ekki að ná sér í Færeying eins og systir sín og alls ekki bónda en örlögin gripu þarna í taumana og hún verður ástfangin af langafa og flytur til Færeyja", segir Jóannes. Foreldrar Jóannesar hafi reyndar í byrjun bannað þeim að giftast þar sem hún væri frá erlendu landi og þau vildu að Guðný myndi fá sér landbúnaðarmenntun og hún fer til Noregs að mennta sig og þegar hún kemur aftur fá þau leyfi að giftast. Þau taka síðan við búskapnum á Kirkjubøgarði nokkru síðar og byggja hér fjós og nútímavæða margt á bænum. Þetta er þá rétt fyrir aldamótin 1900."

Málverk af þeim hjónum hangir einmitt inní stofunni sem við sitjum í. „Þau eignuðust mörg börn, þar á meðal pappa minn Pál Patursson bónda og tvíburabróður hans Tránd Patursson, einn þekktasta listamann Færeyja."

Ferðaþjónusta

Við fáum okkur meira kaffi. Í blómavösum á borðum eru sóleyjar og önnur blóm úr haganum og stundum eins og sögurnar og gamli tíminn lifni við í þessu fræga húsi. Talið berst svo aftur að húsinu sjálfu en hér býr Jóannes með konu sinni og sonum og þau reka hér ferðaþjónustu. Hluti af húsinu er notað fyrir ferðamenn eins og hin svokallaða Reykstofa (Roykastovan) sem er elsti hluti hússins og eitt af elstu timburhúsum í heimi sem ennþá er búið í. Þetta hefur verið heimili Patursson fjölskyldunnar síðan 1557 og fyrir þann tíma var þetta hluti af biskupatímanum fyrir meira en 900 árum síðan. Roykstofan var það svæði sem var bæði eldstæði og eldhús, vinnuherbergi, stofa og svefnálma hér áður fyrr. Ferðamenn geta núna heimsótt þennan part af húsinu þegar komið er í Kirkjubæ. Þarna, einmitt í Roykstofunni tekur fjölskyldan á móti ferðafólki, hópum í hádegismat, kaffi eða kvöldmat með fyrirlestrum um sögu staðarsins. Ferðaþjónustan er í vexti og fjöldinn allur af ferðafólki sem heimsækir staðinn.

Þetta byrjaði allt þegar foreldrar Jóannesar voru bændur hér, þau Páll Paturson og Sølvá. „Pabbi minn Páll tók hér við bænum árið 1967 og hann og mamma byrjuðu með ferðaþjónustu hér í Kirkjubæ. Það byrjaði þannig að þegar Landstýrið – færeysk stjórnvöld fengu þjóðhöfðingja og fleiri heimsóknir erlendis frá þá var engin „matstova" í Tórshavn þar sem hægt var að fara út að borða nema Hótel Havnia og Hótel Færeyjar. Það var því tekið uppá því að koma með fólk hingað og eigendur Hótel Færeyja gerðu matinn en boðið sjálft fór fram í Kirkjubæ. Þannig hófst ferðaþjónustan hér á bæ."

„Þegar ég var barn og ólst hérna upp þá bjuggu hér tvö ættarlið, afi og amma bjuggu einnig á bænum og við bræðrnar þrír. Þá var bændasamfélagið ennþá til staðar eins og í gamla daga og fleiri ættliðir bjuggu saman á bænum. Nú er þetta breytt eins og á Íslandi."

Kýr og kindur

Það var síðan árið 1999 sem Jóannes og kona hans Gudrid tóku við Kirkjubæ. „Við héldum áfram að vera með mjólkurkýr en árið 2007 seldum við kvótan og fórum meira í ferðaþjónustu sem þá var í miklum vexti og er það enn. Við erum einnig með um 300 kindur. Síðustu ár höfum við notað mest af lambakjötinu í mat fyrir ferðafólk og við tökum á móti hópum þar sem kona mín eldar og við erum með fyrirlestri fyrir gesti um sögu staðarins.

Nú yfir sumarið getum við verið með hópa í mat á hverjum degi og þetta hefur vaxið mikið, segir Jóannes. Í kvöld eru að koma um 40 manns í mat hér í Roykstofuna og þá ætlum við einmitt að vera með lambakjötið á boðstólnum og svo kaupum við grænmeti af bæ af Sandeynni."

Kúabúum fer hratt fækkandi

Umræðan fer svo yfir í færeyskan landbúnað. Jóannes segir að þróunin hefur síðan verið þannig í Færeyjum að kúabúum hefur farið hratt fækkandi. Árið 1985 voru um 145 mjólkurbændur og þegar við seldum kvótann árið 2007 voru 85 og í dag eru þetta 13 kúabændur í öllum Færeyjum með stærri kúabú en jafn mikla mjólkurframleiðslu.

„Í Færeyjum er ekki hægt að bíða eftir því að það komi gott veður. Ef sólin skín og gott veður er þá þarf að slá grasið strax, það þýðir ekki að bíða. Sama þegar farið er á fjall eftir kindum að þá er sama með veðrið, þú verður að fara þegar veður leyfir og verður að vera tilbúinn að hoppa af stað og það myndast smá álag vegna ferðaþjónustunnar því við getum ekki frestað hóp sem ætlar að koma í mat um kvöldið. Við verðum því að fara að hugsa þetta þegar ferðaþjónustan vex svona hjá okkur að hafa meira starfsfólk, því við hjónin sinnum þessu mest núna en fáum ungt fólk héðan úr nágrenninu að hjálpa okkur að bera fram matinn og fleira."

Við horfum út og þar er ferðafólk enn á gangi og Jóannes fer yfir framtíðarplön tengd ferðaþjónustu og fróðlegt að sjá hvaða hugmyndir hann mun framkvæma í framtíðinni.

En ætli hann hafi alltaf átt sér þann draum að verða bóndi hér? „Þegar ég var lítill drengur já en svo hugsaði maður stundum eitthvað annað á unglingsárum. Ég kláraði menntaskólann árið 1990 og fór fljótlega eftir það til Ástralíu að vinna í smá tíma á bóndabæ þar. Fór seinna á Landbúnaðarskóla í Noregi það var árið 1994 og þegar ég kom heim aftur til Færeyja var ég alveg ákveðinn að gerast bóndi hér."

Það hefur verið einstaklega fróðlegt að spjalla við Jóannes og hefur hann mikla sagnagáfu. Að búa hér á þessum sögufræga fagra stað í Færeyjum hefur væntanlega mótað bóndann mikið og hér býr hann góðu lífi með fjölskyldu sinni.

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

H. HAUKSSON EHF.

Stöðluð hús úr límtré og yleiningum

1 x Iðnaðarhurð | 2 x Gönguhurðir | 1 x Gluggi

- Burðarvirki úr límtré
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Úrval lita á þak og veggi
- Aðaluppdrættir og teikningar af sökkli og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Finnsk framleiðsla



Stærðir

BREIDD	LENGD	VERÐ M. VSK.
12m	20m	17.400.000 kr.*
14m	20m	19.978.000 kr.*
14m	25m	22.430.000 kr.*
16m	25m	25.590.000 kr.*

*Tilboðsverð gilda til 31.12.2026 *Afreiðslutími ca. 14 vikur

H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is


Jarðvegsgrindur

Fyrir bílastæði, göngustíga, garðinn og margt fleira



Auðveld uppsetning | Sterkt yfirborð | 100% endurunnið efni


Málmsteypan



Gerð Reykjavíkurhafnar 1916. Verkfræðingar stilla sér upp. Myndir / Aðsendar



Menn við jarðbor í Vatnsmýrinni 1907.



Arnarnesgöng 1953.

Heimildarmynd:

Framfarir, hugvit og trúin á tæknina

Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is

Trúin á tæknina – svipmyndir úr sögu verkfræði og tækniframfara á Íslandi er heimildarmynd í tveimur hlutum sem skoðar nútímavæðingu Íslands frá því um aldamótin 1900 fram á okkar daga.

Myndin er sýnd á RÚV þann 10. nóvember og verður aðgengileg fólki um land allt. Adrian Freyr Rodriguez verkfræðingur og Einar Kári Jóhannsson, ritstjóri og bókmenntafræðingur, eru höfundar og leikstjórar myndarinnar. *Trúin á tæknina* var gerð fyrir Verkfræðingafélag Íslands í tilefni af 110 ára afmæli félagsins.

Frá vanefnum til velfarnaðar

Myndin tekur fyrir nútímavæðingu Íslands með áherslu á tæknina sjálfa og verkfræðiþekkingu sem Íslendingar hafa öðlast. Fyrstu íslensku verkfræðingarnir komu heim úr námi um aldamótin 1900 og hófu víðtæka uppbyggingu, en þar með hófst eitt mesta umbreytingaskeið Íslandssögunnar, „þegar þjóðin fer frá vanefnum til velfarnaðar á nær öllum sviðum mannlífs“, eins og kemur fram í lýsingu myndarinnar. Fjölbreytt viðfangsefni eru tekin fyrir líkt og vegagerð, virkjanir, byggingarframkvæmdir, hitaveita, íslenskur iðnaður og hugbúnaðargerð. Einnig skoðar myndin samfélagslegt samhengi breytinganna og viðbrögð almennings við framförunum.

Verkefni sem vatt upp á sig

Adrian Freyr og Einar Kári settust niður með blaðamanni. „Við vorum beðnir um að gera myndband um sögu verkfræði sem átti að vera korter en svo lengdist það alltaf og lengdist og við sáum fljótt að þetta yrði að vera lengra verk,“ segir Adrian. Einar sammælist og segir að verkefnið hafi vaxið í höndum þeirra. „Málið er að saga verkfræðinnar er saga nútímavæðingar á Íslandi. Þessi saga hefur eitthvað verið rannsökuð en það var engin ein bók sem við gátum opnað og sagt: *þetta er saga verkfræði frá A til Ö*. Þegar við byrjuðum að grúska vatt þetta alltaf upp á sig.“ Adrian bætir við að þeir hafi í raun verið heppnir að gera þetta á Íslandi þar sem hægt er að ná utan um söguna. „Þetta eru margar stórar sögur sem við erum að niðurnjörva í eina setningu eða málsgrein til að koma sem flestu fyrir.“


Hér gerast hlutir seint en hratt

„Það er áhugavert þegar maður fer að skoða sögu verkfræði að í upphafi eru engir innviðir á Íslandi. Ólíkt öðrum löndum þar sem búið er að byggja alls konar byggingar og félagslega innviði og leggja vegi, þá á eftir að gera allt þegar fyrstu verkfræðingarnir eru að koma til Íslands,“ segir Einar. „Það er ekki nóg með að það verði til embætti sem heitir landsverkfræðingur heldur leita verkfræðingarnir líka í stjórnunarstöður í samfélaginu. Það er eins og þessir menn sæju að það þurfti að gera ákveðna hluti og til þess að hrinda þeim í framkvæmd þurftu þeir að stjórna.“



Frá vinstri: Ingi Kristján Sigurmarsson, klippari og hönnuður hreyfigrafíkur, Adrian Freyr Rodriguez og Einar Kári Jóhannsson. Auk þeirra samdi Guðlaugur Hörðdal tónlist fyrir myndina.

„Það er magnað hvað þetta gerist allt seint en hratt á Íslandi,“ segir Adrian. „Margt sem er augljóst í dag var það ekki þá. Eins og að nota jarðvarmann, það var ekki komin nein reynsla á þetta. Þeir fyrstu sem voru að predika fyrir því að virkja og nota rafmagn voru álitnir algjörir rugludallar.“



Innflutt tæki fyrir landbúnað



„Það var ekki alveg jafnmikil nýsköpun í landbúnaðinum og í öðrum greinum á þessum tíma en tækniþróunin er samt sýnileg, til dæmis í sláturhúsunum eða á mjólkurbúum,“ segir Einar. Á meðan að tæknivæðing fór mjög hratt af stað í arðbærum greinum líkt og fiskveiðum sat hún á sér í landbúnaði framan af. „En aftur á móti voru fundnar leiðir til þess að vinna úr landbúnaðarvörum. Við nefnum til dæmis íslenskar spunavélar, til að vinna ull, sem knúnar voru með vatns- eða gufuafli.“ Adrian útskýrir að innflutningur á tækjum til landbúnaðarnota breytti miklu og jókst til muna eftir seinni heimsstyrjöldina. Þeir fundu bæði skemmtilegar myndir og myndskeið af vélum og tækjum í sveitum sem líta má í heimildarmyndinni, meðal annars myndskeið af fyrsta þúfnabananum frá árinu 1921.

Hugvit og heimatilbúnar lausnir

„Við erum þó minna að skoða innflutt tæki og frekar að skoða íslenskt hugvit í myndinni, finna hvar sérstaðan er hér,“ útskýrir Adrian. „Hér voru til dæmis gerðar tilraunir með íslenska steypu, allir af ákveðinni kynslóð þekkja alkalískemmdir sem var mikið um á 8. áratugnum,“ bendir Einar á. Adrian útskýrir að íslenska steypan hafi verið framleidd í yfir áratug og að skemmdirnar hafi verið áberandi þar til steypunni var breytt. „Lausnin var að blanda kísilryki í steypuna og koma þannig í veg fyrir alkalískemmdirnar. Þetta var sérislensk lausn því það var verið að nota íslensk hráefni,“ segir Adrian.

„Hugsunarhátturinn var oft að finna einhverja íslenska leið til að leysa svona verkefni vegna þess að það voru líka rosaleg höft á innflutningi. Við leituðum að auglýsingum um íslenskan iðnað og það er eiginlega ótrúlegt hvað það var mikið framleitt á Íslandi á þessum tíma, Rafha var til dæmis að að búa til eldavélar hérlendis og í landbúnaði var verið að búa til margt heima við,“ segir Einar.

Allir vildu veðurfréttir

„Annað sem var mjög mikilvægt landbúnaði og stólaði á heimatilbúnar lausnir var útvarpið í sveitum,“ segir Einar. „Það er svo mikilvægt fyrir bændur að hafa veðurfréttir og þegar Rás 1 fer í loftið 1930





Ekið með rafmagnsstaura.



Fnjóskárbrú 1908.



Ylrækt í Mosfellssveit.



Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði 1913.



Hitaveitustokkur úr Reykjaveitu, einangraður með torfi. Um 1930.



Malbikað í Reykjavík 1923.

þá dreifist útvarpið mjög hratt um landsbyggðina svo fólk geti séð hvort hægt sé að heyja á fimmtudaginn eða hvort veðrið verði slæmt. Þá þurftu bændur sem voru ekki komnir með neinar raflínur úr landsnetinu sjálfu að finna sér aðrar leiðir og fóru þá til dæmis að virkja bæjarlæki eða setja upp litlar vindrafstöðvar á bæjunum til að geta hlustað á útvarpið.“

„Tilraunir með ylrækt hefjast líka ótrúlega snemma á Íslandi miðað við annars staðar í heiminum. Við fjöllum meðal annars um þegar er byrjað að bora í Mosfellssveit, á Suðurreykjum og þeir byrja með tilraunir að rækta grænmeti og ávexti með jarðvarma,“ segir Einar. „Á seinni hluta 20. aldar eru Íslendingar síðan orðnir einhvers konar sérfræðingar í jarðhita og byrja að flytja út þessa þekkingu.“ Adrian bendir á að margt hafi byrjað svona, sem tilraun heima á bæ og þess vegna erfitt að finna nákvæmar heimildir um fyrstu tilraunir eða tæki.

Tæknin er alls staðar

„Við sjáum endurtekið í gegnum söguna að það er góð framtakssemi á landinu og trú á eigið ágæti,“ segir Adrian. „Oft er verið að byggja ýmislegt hér og engin þekking er til staðar vegna þess að Ísland er öðruvísi en aðrir staðir á plánetunni og verið er að vinna í aðstæðum sem enginn hefur unnið í áður,“ segir Einar. „Eins og við byggingu Kröfluvirkjunar, þá hefst eldgos á meðan verið er að byggja og það kemur nær allt upp á sem gæti, á einhverjum tímapunkti rann kvika inn í borholur.“ „Og samt er alltaf haldið áfram,“ bætir Adrian við.

Seinni hluti myndarinnar skoðar samspil náttúruverndar og tækniþróunar. „Við reyndum að fá heildarsamhengi og skoðuðum gamlar fréttir til að sjá hvernig umræðan er í samfélaginu hverju sinni,“ útskýrir Adrian. „Það eru eiginlega átök um allt. Það eru alltaf einhverjir sem setja sig upp á móti tækninni,“ segir Einar. „Tækniframfarirnar eru alltaf átakapunktar.“ „Það var svolítið magnað að sjá hvað samfélagsumræðan var svipuð þá og hún er í dag,“ bætir Adrian við. „Fólk er með svipaðar áhyggjur og spurningar, sérstaklega kannski um virkjanirnar, ef þú lest blað frá þessum tíma, 1930 eða 1940, þá gæti það jafnvel verið pistill sem myndi birtast í dag um Hvammsvirkjun.“

Myndin rekur tækniframfarir og þróun landsins alla 20. öldina. „Síðasti punkturinn í myndinni er Kárahnjúkavirkjun og við segjum í lokin að nú sé í raun ekkert sem viðkemur ekki verkfræði, tæknin er allsráðandi,“ útskýrir Einar og Adrian bætir við að það sé varla hægt að rekja söguna áfram því að nú sé tæknin í öllu. „Kárahnjúkavirkjun er líka einhver hápunktur í baráttunni um það hvort náttúran eigi að njóta vafans eða hvort tæknin eigi að ráða för og setur upp sviðið fyrir átökin um tæknina á 21. öldinni,“ segir Einar að lokum.



Náttúruvernd:

Fyrsti fræbankinn á Íslandi stofnaður

Ekki eru til nein fræ af friðuðum plöntum á Íslandi. Spor verður brátt markað í sögu náttúruverndar á Íslandi þegar fyrsti fræbanki landsins verður til. „Við vitum að umhverfið mun breytast mjög hratt," segir Magnus Göransson, sem stýrir stofnun fræbankans fyrir hönd Náttúrufræðistofnunar en það er hluti af stærra fjölþjóðlegu verkefni. Hann segir mikilvægt að varðveita erfðaefni stofna sem hafa þróast hér á landi, við vitum ekki enn hlutverk allra tegunda í náttúrunni.

Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

Magnus er plöntulíffræðingur, hann er með bakgrunn í garðyrkjuvísindum, vann að byggkynbótum í doktorsnámi sínu og með Jónatani Hermannssyni í kynbótastarfi við Landbúnaðarháskólann. Löngun til að vinna með náttúruvernd leiddi hann til Náttúrufræðistofnunar þar sem hann sinnir nú fjölmörgum verkefnum sem tengjast vistgerðarkortlagningu, verndun flóru norðurslóða, endurheimt votlendis, söfnun erfðaefnis tegunda í útrýmingarhættu, villtum erfðalindum og fyrsta fræbankanum sem nú er í mótun.

Allt mun breytast

Magnus telur áhersluna í náttúruvernd almennt vera góða á Íslandi. „Í rannsóknum gætum við hins vegar bætt okkur en það krefst fjármagns og fleira fólks. Við erum sérstök á Íslandi hvað varðar loftslagið, það er ákveðið náttúruúrval hér sem getur ýtt tegundum í ákveðnar áttir."

Magnus vísar í þá staðreynd að norðurslóðir eru að hitna þrisvar sinnum hraðar en restin af jörðinni. Norðurslóðir geta því orðið eins konar botnlangi fyrir ákveðnar tegundir. Hann leggur áherslu á að við þurfum að vera snör í snúningum á næstu árum í náttúruvernd og verndun líffræðilegs fjölbreytileika.

„Við vitum að umhverfið mun breytast mjög hratt út af loftslagsbreytingum fyrir árið 2100; Á okkar tíma. Þetta er flókið samspil og margir óvissuþættir, til dæmis með golfstrauminn. Það sem við vitum er að allt mun breytast."

Verndun æðplantna fyrst

„Stofnun fyrsta fræbankans er í raun ekki mjög flókið verkefni og kostnaðurinn ekki mjög mikill heldur," segir Magnus. „Fyrsta skrefið er að varðveita æðplöntur á válista. Á honum eru um 80 tegundir, flokkaðar eftir stöðu þeirra í náttúrunni. Um 50 tegundir eru friðaðar með lögum og af þeim eru ekki til nein fræ. Við erum í heildina með um 500 tegundir villtra æðplantna. Það væri gott að koma upp safni af þeim tegundum, það er alveg hægt og væri næsta skref."

Magnus segir sumar þessara tegunda bara eiga einn þekktan vaxtarstað og veltir upp spurningunni hvað verði um þær þegar breytingar í loftslagi eiga sér stað. Hann nefnir skeggburkna sem dæmi. „Við vitum af þremur einstaklingum sem vaxa á sama kletti í Eyjafirði. Tegundin hefur verið þekkt á þessum stað í 60-80 ár. Við söfnuðum gróum af þessum einstaklingum fyrir tveimur árum og höfum komið upp plöntum í Grasagarðinum. Markmiðið er ekki að varðveita lifandi plöntur, en varðveita gróin til framtíðar." Hann segir að það gefi möguleika á að rækta upp plöntur bæði til rannsókna og til að styrkja stofna í sínu náttúrulega umhverfi.

Fyrsti fræbankinn á Íslandi verður hluti af vísindasafni Náttúrufræðistofnunar og varðveittur í frysti í Grasagarðinum í Reykjavík. Stofnun hans er hluti stærra verkefnis, Pledge, sem er stytting á Plants on the Edge, og er samstarf Náttúrufræðistofnunar, Grasagarðsins í Reykjavík, Grasagarða Oulu í Finnlandi og Dublin sem leiðir verkefnið.

Ferlið ekki ýkja flókið

Til að koma upp fræbanka þarf að safna fræi af þeim tegundum sem á að varðveita. Fræið þarf að hreinsa og kanna spírunarhæfni til að tryggja að það sé nothæft. „Við höfum ekki mikla reynslu af að rækta þessar sjaldgæfu villtu tegundir. Þær geta sumar verið erfiðar í ræktun."


Magnus Göransson.

Fræin eru þurrkuð og pakkað í þar til gerðar pakkningar og geymd í frysti. Þannig geta þau varðveist árum, áratugum og jafnvel öldum saman. Þetta starf mun fara fram í Grasagarðinum. Fræ verða einnig varðveitt á öðrum stað til öryggis. Þann stað á enn eftir að ákvæða, en hann gæti til dæmis orðið hjá NordGen. „Þá fyrst er tryggt að fræin séu örugg."

Afkoma plantna breytingum háð

Margar tegundir eru sjaldgæfar í einu landi en algengar í öðru. Magnus nefnir dæmi um tegundir af ættkvísl steinbrjóta sem eru algengar á Íslandi en fágætar á Írlandi. Því er öfugt farið með til dæmis fyrrnefndan skeggburkna, þar sem norðlægustu mörkin eru hér á Íslandi.


Glitrós í sínu náttúrulega umhverfi á eina vaxtarstað sínum á Íslandi. Mynd / Magnus Göransson

„Nágrannaríkin eru farin að styrkja náttúrulega stofna í útrýmingarhættu. Blálilja sem er algeng hér er í bráðri útrýmingarhættu í Svíþjóð út af loftslagsbreytingum. Hún þarf kulda til að spíra og hitastigið í Svíþjóð er komið yfir það sem hún þarf. Grasagarðurinn í Gautaborg hefur því komið upp plöntum og plantað á náttúrulegu búsvæði tegundarinnar til að styrkja stofninn. Við viljum eiga fræ frá upprunalegum stofnum á hverjum stað svo það sé ekki verið að færa erfðaefni langar leiðir."

Þekkjum ekki hlutverk allra tegunda

„Við viljum hafa erfðaefni frá okkar stofnum, sem hafa þróast í okkar loftslagi, bæði til að varðveita og gera rannsóknir." Magnus segir það einu gilda um tegundir sem þegar hafa þekkt efnahagslegt gildi, svo sem hveiti- og berjategundir sem geta nýst við kynbætur og aðrar. „Við vitum að við erum að tapa fullt af tegundum núna en við þekkjum ekki enn hlutverk allra tegunda í náttúrunni."

Magnus vísar í skilgreiningar sænska fræðimannsins Johans Rockströms um níu mörk lífvænleika á jörðinni, Planetary Boundaries, þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki er verr staddur en loftslagið sjálft. „Við viljum ekki tapa fleiri tegundum."

Hann rifjar upp að hafa hlustað á upptöku af fuglasöng tegundar sem nú er útdauð. „Það er kannski auðveldara að sannfæra fólk um mikilvægi fugla en burkna en vistfræðin er heildarsamhengi. Þó eitthvað sé sjaldgæft núna þýðir það ekki að það hafi ekkert hlutverk."

Vantar sérfræðinga í mosum og fléttum

Írland og Finnland eiga þegar sína fræbanka með fræjum plantna á válista og taka næstu skref í þróun fræbanka sinna í verkefninu.

„Finnar eru nú byrjaðir að varðveita mosa. Þeir eru varðveittir í fljótandi köfnunarefni og þeir eru að þróa aðferðir til þess. Við erum með ríka mosaflóru og sumir þeirra eru á válista. Það væri gott að komast í að varðveita þá líka. Við erum með mjög sérstakan jarðveg, hveri og fleira sem gera aðstæður á Íslandi frábrugðnar Norðurlöndunum. Það er ekki bara kuldinn sem gerir aðstæður hér sérstakar." Hann segir okkur þó vanta sérfræðinga í mosum og fléttum.

Erfðaefni glitrósa og þyrnirósa

Talið berst að gildi fegurðar. Glitrósin er friðuð tegund á Íslandi og fræ af henni verða því varðveitt í fræbankanum. Rannsókn á erfðaefni hennar stendur einnig yfir hjá Náttúrufræðistofnun.

„Við eigum tvær villtar rósir, glitrósina og þyrnirósina. Þyrnirósin vex á sex stöðum en glitrósin aðeins á einum stað á Suð-Austurlandi. Hún gæti auðveldlega horfið. Við vitum ekki hvaðan hún kemur og hvernig hún er skyld öðrum rósum.

Við erum búin að safna erfðaefni af glitrós og þyrnirós þar sem þær vaxa og ætlum að safna blöðum af þessum tegundum erlendis frá til að kanna skyldleika.

Þyrnirósin hvarf af einum vaxtarstað í Fljótsdal, en vex sums staðar vel. Við þekkjum ekki erfðabreytileikann innanlands, hvort hún hefur borist með fuglum eða fólki. Það eru til heimildir í flóruupptalningum í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1756 en það er ekki ólíklegt að hún hafi komið með landnámsmönnum sem vildu taka eitthvað fallegt með sér."

Magnus segist vonast eftir að geta fengið meiri upplýsingar með rannsóknunum og örugglega verði hægt að segja til um hvort erfðabreytileiki þyrnirósar er til staðar eða hvort plöntur af vaxtarstöðum í ólíkum landshlutum séu af sama klóninum. Hver niðurstaða þess verður er enn óvíst en viðmælendur eru sammála um mikið gildi fegurðar og þess að njóta hennar.

Alþjóðlegir fræbankar

Norðurlöndin stofnuðu sameiginlegan erfðabanka fræja af landbúnaðarplöntum árið 1979 í Alnarp. 1984 voru fyrstu fræin send til varðveislu á Svalbarða, í öryggisgeymslu. NordGen er þekkingarmiðstöð erfðaauðlinda Norðurlandanna og rekur alþjóðlegu fræhvelfinguna á Svalbarða. Rannsakendur geta pantað sýni til rannsókna eða kynbótastarfs úr alþjóðlegum fræbönkum.

Hvað öryggi fræbankanna varðar segir Magnus nálægð fræbankans á Svalbarða við Rússland geta skipt máli, bráðnun jökla og staða heimsmálanna heilt yfir hafi áhrif á öryggi fræbanka heimsins.

„Í Aleppo á Sýrlandi var til dæmis risastór genabanki með hveititegundum og linsubaunum og ýmsum tegundum, sem hægt var að endurheimta frá Svalbarða þegar fræbankinn þar var eyðilagður í stríðinu." Magnus segir hann nú hafa verið færðan til Marokkó. Einhver yrki hafi vafalaust glatast en meirihluti fræja hafi verið til á Svalbarða.

Alþjóðlegt samstarfsnet fræbanka heimsins hefur margsinnis sannað gildi sitt og þess að varðveita fræ markvisst á fleiri stöðum. Í þessum efnum gildir því forsjáin ein.

ALLT FYRIR
RJÚPNAVEIÐINA



Sími: 551 6770
www.vesturrost.is
Vesturröst

TIL SÖLU







Fjórir Benz Arocs vörubílar
Hóflega eknir (130-200.000 km)
Verð á stk: frá 12.000.000 + vsk

Tvær Kubota beltagröfur
Lítið notaðar
Verð á stk: 5.400.000 + vsk

Upplýsingar hjá Bílasölu Selfoss
í síma 480-4000
eða 892-2846 (Rögnvaldur)


BÍLASALA SELFOSS

Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

Hýsi.is



Færanlegar byggingar



Bogahús



Límtréshús

HÝSI
BYGGJUM BETUR



Vel er tekið á móti gestum í Rúnalist Galleríi á Stórhóli. Sigrún og Bergrún, yngsta dóttirin, eru fyrir miðri mynd, Gunnar Freyr, elsti sonurinn, er við búðarborðið og Ásta Sif, bróðurdóttir Þórarins, og hennar börn, Jóhann og Bjargey á sófanum.
Mynd / eks

Skagafjörður:

Stærsti jólamatarmarkaður Norðurlands



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

Árlegur jólamatarmarkaður verður haldinn á Stórhóli í Skagafirði laugardaginn 21. nóvember og gestir boðnir velkomnir frá 12-17. „Það að maður er manns gaman er ekki gripið úr lausu lofti," segir gestgjafinn, Sigrún Helga Indriðadóttir. Hún segir góða stemningu alltaf myndast á markaðsdögum.

Búið á Stórhóli í Skagafirði lætur lítið yfir sér en búskapurinn er fjölbreyttur. Sigrún Helga er garðyrkjufræðingur og bóndinn á bænum. Hún er með litla geitahjörð, andahóp og verslunina Rúnalist, þar sem hún selur eigið ullarband, handverk og matvöru auk handverks fjölskyldumeðlima og matvöru frá um fimmtán smáframleiðendum. Eftir að hún og elsti sonur hennar sameinuðu sauðfjárhjarðir sínar fór hún að halda markaði á bænum. Sigrún segir fjölgun í hópi smáframleiðenda eftirtektarverða og neytendur í síauknum mæli sækjast eftir að kaupa beint frá býli.

Matarmarkaður í hverjum landshluta

Árið 2023 varð Beint frá býli, félag heimavinnsluaðila, 15 ára og ákveðið var að halda veglegan matarmarkað í hverjum landshluta. Árið áður höfðu Sigrún og sonur hennar, Sverrir, og tengdadóttirin, Karen í Gilhaga, sameinað sauðfjárhjarðir sínar. Í Gilhaga, sem er aðeins 7 km frá Stórhóli, eru nú yfir þúsund fjár.

Andrými skapaðist fyrir Sigrúnu til að sinna öðrum verkefnum sem hún brennur fyrir og einnig tækifæri til að gefa gömlu hlöðunni nýtt hlutverk. Hún er handverkskona og hefur sótt ótal námskeið í vinnslu heimaafurða, leðurvinnu, pappírsgerð, tálgun, vinnslu úr hornum og beinum, körfugerð og fleiru.

Úr varð að fyrsti Beint frá býli dagurinn á Norðurlandi vestra, afmælismatarmarkaður Beint frá býli, var haldinn að Stórhóli. Tíu aðilar seldu afurðir sínar og gestir voru um 500. Sigrún kunni vel við sig í þessu hlutverki og ákvað að halda jólamarkað. Þar myndaðist góð stemning og sú hefð hefur skapast að halda jólamarkað síðustu helgina í nóvember.

„Ég var alveg gapandi yfir gestafjöldanum," segir Sigrún. Hún segir markaðinn stærsta matarmarkaðinn fyrir jól á Norðurlandinu öllu. „Ég hef líka boðið 10. bekk í Varmahlíðarskóla að koma og vera með kökubasar til fjáröflunar en þau fara til Danmerkur á hverju ári í skólaferðalag."

Kaffi, kjöt, æðardúnn og góðgæti

Þátttakendur í ár koma víða að og færa með sér ýmsar kræsingar til jólahaldsins eða í jólapakkana. Austan vatna verður með mat til að borða á staðnum, Áskaffi góðgæti, bændur í Birkihlíð kjöt, Mathias í Böggvisbrauði kruðerí, Geitagott og Háafell með geitaafurðir, Huldubúð sultur og pestó Karólína með Hvammshlíðarost, Korg kaffibrennslan jólakaffið, Merete í Hrauni á Skaga kjöt og æðardún, Sölvanes sem eru í næsta nágrenni lífrænt lambakjöt og Sveifla og Einar Ernir verða einnig með sínar vörur. Ekki má gleyma kökubasar tíundu bekkinganna og þeim sem þegar selja vörur sínar í búðinni. Ekki er loku fyrir það skotið að listinn eigi eftir að lengjast.



Sigrún segir endurnar skemmtileg dýr og verpa eins og klukku.



Pekinghænuegg, andaregg og hænuegg leynast í kælinum á Stórhóli.

Sveita-jólastemning

„Gestir munu ganga inn í sveita-jólastemningu, boðið verður upp á jólate og glögg, varðeld á hlaðinu og börnin geta grillað sér sykurpúða." Sigrún segir gesti hafa lýst ánægju með hve nærandi það sé fyrir samfélagið í sveitinni og héraðinu að koma saman á markaði. „Það að maður er manns gaman er ekki gripið úr lausu lofti," fólki finnist gott að hittast og jafnvel þeir sem síður eru félagslyndir ílengjast.

„Mig langar að halda markað í hverjum mánuði. Ég hef haldið sumarmarkað, diskósúpu í apríl og jólamarkaðinn og jólaról síðustu helgina fyrir jól. Eftir því sem smáframleiðendum fjölgar eru meiri líkur á að það sé hægt." Hún segir að eitt árið hafi hún haldið markað í mars og þá mættu á þriðja hundrað gesta. Fólk sé farið að kalla eftir reglulegum mörkuðum, „sem styrkir trúna á að ég sé að gera eitthvað rétt".

Baðstofustemning

Þegar blaðamann bar að garði á Stórhóli í sumar voru þrjár kynslóðir saman komnar í versluninni Rúnalist. Stemningin var hlýleg og stutt í bros, hver að sýsla í sínu.

„Við eigum fimm börn og þrjú barnabörn og erum svo lánsöm að hafa barnabörnin í næsta nágrenni í Gilhaga. Elsti sonurinn, Sverrir, er bóndinn í Gilhaga, Gunnar er kennari í Mosfellsbæ, Álfrún á Liljugaldur og býr á Akureyri, Indriði er smiður og er hérna heima og Bergrún sú yngsta er í 10. bekk."

Sigrún sér alfarið um búskapinn á Stórhóli. Eiginmaður hennar, Þórarinn Sverrisson, „léttadrengur" vinnur alfarið utan bús, hann var enda fjarri góðu gamni þetta síðdegið.

„Ég opnaði Rúnalist Gallerí 2014 en hafði selt að heiman fyrir það. Upphaflega seldi ég bara mínar matvörur en smátt og smátt tók ég inn matvörur frá fleirum. Nú er ég með vörur frá um 15 aðilum. Þegar ég er á ferðinni hef ég auga með vörum smáframleiðenda sem væri gaman að hafa í búðinni."

Andar- og pekinghænuegg

„Við erum með um 20 geitur núna, 30 endur og eitthvað af hrossum. Í Skagafirði segir maður aldrei hvað hrossin eru mörg," segir Sigrún og hlær. Hún segir þau ganga á milli bæjanna Gilhaga og Stórhóls eftir því hvað hentar best. Hrossin þeirra séu aðallega notuð á haustin í smölun, en að öðru leyti séu þau til heimilisbrúks.

Blaðamaður greip með sér andaregg á ferð sinni og gæddi sér á með silfurskeið í góðum selskap. Þau reyndust einhver þau gómsætustu sem hann hafði smakkað.

„Mér finnst endurnar voðalega skemmtilegar. Þær eru þægileg dýr. Þær eru ekkert að fljúga í burtu, þær geta ekki flogið en eru ekki



Merete í Hrauni á Skaga mætir á jólamarkaðinn með kjöt og æðardún. Myndir / Aðsendar

vængstýfðar. Þær verpa alveg eins og klukka. Það er auðveldur búskapur að vera með endur.

Ég geri það viljandi að hafa svæðið sem þær valsa um takmarkað, þeim til verndar. Hrafninn getur verið skæður, hann verpir hér beggja vegna við mig og maður getur lent í vandræðum með hann, sérstaklega með unga. Eins með hunda, sem geta tekið upp á að leika við þær. Endurnar eru einu dýrin sem ég á sem elska rigningu og bleytu, polla og drullumall," segir Sigrún og hugsar greinilega glaðbeitt til flokksins.

„Núna er ég með andaregg allt árið. Þegar maður er með unga byrja þeir oft að verpa rétt fyrir jól. Þær tóku sér áður pásu frá október og fram í mars, en það fer eftir hitastiginu í húsinu. Ef það er ekki kalt á þær halda þær áfram að verpa. Ég á viðskiptavini sem ganga fyrir andareggjum." Hún segir alveg geta komið til þess að selja eggin víðar.

Ærgæti og Smalabiti

Sigrún vinnur allt geitakjötið sjálf, „þá veit ég nákvæmlega hvað ég er að bjóða upp á. Ég þróaði vörur úr ærkjöti sem ég hef haldið áfram, þær eru góðar og vinsælar." Sigrún vinnur allar sínar matvörur í BioPol á Skagaströnd, aðstöðu sem smáframleiðendur og frumkvöðlar geta leigt sig inn í.

„Ég geri Huðnubita sem eru grafið geitakjöt, Geitabita léttreykt og grafið geitafille, Kiðla er vel reykt kiðlingalæri, kæfu, hangirúllur, rúllupylsur, hakk og borgara, hryggi, læri, sneiðar og þess lags. Ærgæti og Smalabiti eru afurðir úr ærkjötinu sem eru vinsælir og fólk þarf að fá fyrir jólin!" Innt eftir útskýringu segir hún Ærgæti vera grafið ærlæri og Smalabita léttreykt og grafið ærfillet.

„Ef ég hefði sest niður og reiknað dæmið til enda fyrst þá hefði ég vafalaust ekki gert neitt. Ég byrjaði að vinna ærkjötið þegar við vorum að fækka kindunum og við fengum ekkert fyrir að leggja þær inn. Ég ákvað að gera mér pening úr ærkjötinu og selja og kynna það fyrir fólki. Þetta er frábær matur."

Hagleikin fjölskylda

Bróðir Sigrúnar, Jón Egill, og mágkona eru með pekinghænur og landnámshænur og selja eggin í búðinni. „Hann er mjög hagur, þau súta gærur, smálambaskinn og eru með vörur úr hornum og beinum í búðinni.

Eldri dóttir mín er að svífa inn í handverkið og það gleður mig ósegjanlega. Það er ástæða fyrir því að búðin heitir Rúnalist, eldri dóttirin heitir Álfrún og sú yngri Bergrún. Það var ósagður draumur að sjá fyrir mér að Rúnalist gæti orðið vettvangur fyrir okkur allar." Sigrún segir Álfrúnu hekla búálfa og hún sé heppin að fá að selja vörurnar hennar í búðinni. „Búálfarnir heita eftir gömlu mánuðunum svo gestir geta fundið sinn afmælisálf. Hún heklar þá úr bandi af fjölskyldukindunum, sem ég lita fyrir hana."

Farskólinn

Farskólinn er miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Markmið hans er að efla endur- og símenntun á svæðinu, greina þarfir fyrir fræðslu, standa fyrir hvers konar námi og koma á fót háskólanámi í heimabyggð.

Ríkulegt úrval vef- og staðnámskeiða eru í boði, auk náms- og starfsráðgjafar, íslenskukennslu, fyrirtækjafræðslu og raunfærnimats sem skólinn sinnir.

Farskólinn hefur sótt um styrki til að auðvelda smáframleiðendum að fara í ferðir erlendis til að fræðast og sækja sér innblástur. „Þetta hafa verið stórkostlegar ferðir. Ég hef lært svo margt og séð hvað aðrir eru að gera," segir Sigrún um reynslu sína af ferðalögum með Farskólanum.

Sendir ullina í Uppspuna

„Þegar við sonur minn vorum að sameina hjarðirnar þá komu nokkrar vöflur á mig, það var svo fallegt að sjá kindurnar í túnfætinum." Hún segir soninn hafa tekið af sér loforð um að hjálpa sér við rúning og hún skyldi fá alla þá ull sem hún vildi.

Ullina sendir Sigrún í smáspunaverksmiðju Uppspuna og vindur bandið sjálf upp. „Ég læt fylgja með af hvaða kind ullin er, bandið er því merkt með ullargjafanum. Ég hanna og sel líka uppskriftir." Geitafiðan er líka spunnin í Uppspuna og blaðamaður getur vottað að hún er dúnmjúk og dásamleg.

Sigrún segir mikilvægt að varðveita og miðla vinnubrögðum ríkulega til komandi kynslóða, svo sem matarhandverki og tóvinnu. Hún harmar þróun sútunar á Íslandi og segir mikilvægt að passa upp á starfsemi eins og ullarvinnslu Ístex, hún sé dýrmætari en flestir geri sér grein fyrir.

Geiturnar eldklárar og fyndnar

„Það hafa verið tvö skipti sem við Íslendingar höfum næstum tapað geitastofninum. Þegar ég byrjaði með geitur 2012 voru rétt innan við 1.000 dýr í landinu. Þau eru að skríða yfir 2.000 núna, en eru í raun enn í útrýmingarhættu. 2.000 geitur er enginn fjöldi. En það eru býli sem eru farin að mjólka og vinna osta. Það er vakning, breyting.

Fólk saup hveljur í sveitinni þegar ég fékk mér geitur, sagði þær óalandi, óferjandi og kjötið óætt. Þær fara kannski eitthvert sem þú vilt ekki hafa þær, en það er alveg hægt að girða fyrir þær. Það eru líka til túnrollur," segir Sigrún og hlær.

„Geiturnar eru gæfar, þú getur kallað á þær og þær koma. Ég set þær sem hafa fjallaleyfi upp á fjall, þær sem eru hér heima eru gæfar og þegar það koma gestir eru þær fljótar að átta sig á því og koma og fá brauðmola og heilsa upp á gestina. Þetta eru fyndin dýr, eldklár."

Hún segir fyndið að sjá hvað geitunum finnst sauðfé heimskt. „Þær reka rollur miskunnarlaust af garðanum ef maður ætlar að láta þær éta saman."

Hreinleiki skiptir máli

Sigrúnu er umhugað um hreinleika afurða og hefur hugleitt að skipta alveg yfir í lífræna ræktun. „Ég held það skipti miklu máli hvað við leggjum okkur til munns. Hreinleikinn er mikill, lömbin okkar ganga stærstan hluta ævinnar á fjalli og það hlýtur að skipta máli."

Sonurinn sér um að heyja og hún fær það hey sem hún þarf til skepnuhaldsins. „Maður hefur séð úti í heimi að hluti af túnum getur verið í lífrænni ræktun. Mér hefur alla tíð fundist þetta spennandi, að nýta það sem landið gefur okkur."

Endurnýjun í sveitinni

„Það er stutt á milli bæja í þessari sveit og búskapur fjölbreyttur. Við eigum tvo lífræna bændur hér í grenndinni, Breiðargerði og Sölvanes, það er margt sem er hægt að sjá og gera í þessari sveit.



10. bekkingar í Varmárskóla halda kökubasar á jólamarkaðnum.

Sveitin er dálítið að endurnýjast. Það er ungt fólk að taka við víða og það er dásamlegt að sjá það og finna hvað samheldnin í unga fólkinu er mikil. Þau eru mikið að hjálpast að og vinna saman."

Sigrún segir stemninguna í nágrannasamfélaginu góða. „Við sem erum í ferðaþjónustu erum dugleg að vinna saman og auglýsa viðburði. Við erum mjög meðvituð um að hjálpast að við að koma okkur á framfæri."

Búskapur mikilvægur fyrir heildina

„Mér finnst neytendur alltaf vera að vakna meira og vilja versla beint frá býli, bæði ungir og gamlir. Kannski vantar að það sé betra aðgengi fyrir fólk til að gera það. Við vorum að selja lambakjöt beint frá okkur, en það er gríðarleg vinna og við ákváðum að hætta því þegar Blönduós hætti, þeir þjónuðu okkur smáframleiðendum mjög vel. KS er að reyna en þeir geta ekki veitt sömu þjónustu. Þetta var skemmtileg bilun, en það var skynsamlegt að hætta þessu."

Innt eftir skoðun á stöðunni í starfsumhverfi smáframleiðenda berst talið að slátrun. „Það er eins og það vanti meiri velvilja. Það er eins og það sé búist við að fólk sé með einbeittan brotavilja, þú sækir ekki um leyfi nema þú viljir gera hlutina rétt og vanda þig.

Sumt af regluverkinu er þungt og erfitt. Í litlu sláturhúsunum má til dæmis ekki slátra fleiri en 30 kindum/geitum á dag sem er galið. Frekar en að geta slátrað til dæmis 100 á dag, það myndi breyta gríðarlega miklu. Svona atriði virðast ekki stór, en á gólfinu þegar kemur að framkvæmd þá skiptir þetta verulegu máli."

Sigrún segir ákvörðun bænda um að vera bændur hafa víðtæk áhrif. „Mér finnst eins og það vanti að fólk skilji hvað búskapur á Íslandi er mikilvægur fyrir heildina. Það eru svo mörg störf sem verða til út af landbúnaði, það vantar að meta það að verðleikum."

Innblástur frá útlöndum

Sigrún hefur reglulega farið í ferðir erlendis og skoðað býli smáframleiðenda sem framleiða ýmsar vörur. „Þessar ferðir hafa veitt mér gríðarlegan innblástur. Ég máta mig inn í aðstæður. Við sjáum oft eitthvað sem er ekki leyfilegt á Íslandi."

Hún segir slíkar ferðir efla mann sem frumkvöðul og vera hvatningu til að gefast ekki upp, þær gefi byr undir báða vængi.

Í nýlegri matarhandverksferð til Austurríkis, átti Sigrún samtal við smáframleiðanda í lítilli verslun sinni. Sá sagði um 200 hjólreiðamenn fara hjá á góðum degi sem gjarnan stöldruðu við og fengju sér ís eða annan bita. „Að halda úti svona hér getur verið erfiðara. Við erum að berjast við hvað við erum fámenn."

Þegar BioPol byrjaði árið 2017 var ég eini smáframleiðandinn í Skagafirði sem var að framleiða vörur og selja beint frá býli. Nú hafa fleiri bæst í hópinn sem framleiða sjálfir. Það er stórkostlegt. Ég gæti ekki haldið þessa markaði ef það væri ekki svona mikil gróska og margir smáframleiðendur sem ég get boðið að koma og selja vörurnar sínar," segir Sigrún kampakát að lokum og kveðst hlakka til jólamarkaðarins.



Höggmyndalist:

Ævintýraland forms og áferðar



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

Varðhundur frá árinu 1984 tekur á móti gestum sem koma á Hlöðuloft Korpúlfsstaða þar sem myndhöggvarinn Brynhildur Þorgeirsdóttir sýnir verk sín. Rýmið hefur umbreyst í landslag sem gestir geta þrætt sig eftir og hitt fyrir fjöldann allan af forvitnilegum einstaklingum.

Korpúlfsstaðir eiga sér langa sögu og var á sínum tíma bjargað frá glötun af listamönnum í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík, eins og Brynhildur rifjar upp. Tugir verka hennar eru nú á einkasýningu á Hlöðuloftinu, skammt frá heimili hennar og vinnustofu. Andi hálendisins svífur yfir vötnum, en þar stóð hún vaktina þegar heitasta baráttan um náttúruvernd á Kárahnjúkum stóð yfir. Sýningin stendur til 15. nóvember.

Eldfjöll og firnindi

Brynhildur er fædd og alin upp á Hrafnkelsstöðum III í Hrunamannahreppi, dóttir Þorgeirs Sveinssonar og Svövu Pálsdóttur. Hún segir yngsta bróðurinn hafa verið skilinn eftir heima til að taka við búinu. Sjálf flutti hún til borgarinnar, síðar til Hollands og Bandaríkjanna og aftur heim til Íslands. Glettin bendir hún á að Hrunamannahreppurinn hafi nýlega verið kosinn besti hreppurinn, en á svæðinu í kringum Korpúlfsstaði skaut hún sjálf djúpum rótum.

Brynhildur kallar sýninguna heimildasýningu. Verkin telja einhverja tugi og raða sér niður í rýminu svo úr verða spúandi eldfjöll og firnindi, dalir og vogar. Lifandi landslag sem gestir geta notið að líða um.

Á Hlöðuloftinu eru haldnar reglulegar sýningar, en rýmið er bæði flennistórt og hrátt og ljáir verkunum góða umgjörð. Þar er mikið andrými og birtan sem berst úr þremur áttum breytileg eftir tímum dags.



Brynhildur svífur um meðal spúandi eldfjalla og fjölskrúðugs lífríkis sem hún flutti úr einni vinnustofu á aðra. Sýningin Frá vinnustofu til vinnustofu er á Hlöðulofti Korpúlfsstaða. Myndir / eks

Þriðja augað

Hildigunnur Birgisdóttir liðsinnti Brynhildi við mótun sýningarinnar. Brynhildur kallar hana þriðja auga sýningarinnar. Hildigunnur er enda eins og ljósmóðir, hefur einstakan hæfileika til að aðstoða við fæðingar í myndlistinni, sjá nýjar hliðar og sjónarhorn, finna jafnvægi, hárrétta spennu og stundum snúa öllu á hvolf svo það geti lent mjúklega. Við erum minnt á gildi góðs samtals.

Í texta sínum um sýninguna segir Hildigunnur: „Hún hugsar með höndum og er meistari forms og áferða.“ Blaðamaður andmælir því sannarlega ekki, þarna er ævintýraland forms og áferðar. Upplifunin er næstum eins og verkin séu beintengd náttúruaflinu. Þau eru þegar betur er að gáð náttúra í sjálfum sér. Nema hvað.

Pönk að sigrast á erfiðleikum

Mamma Brynhildar stakk upp á að hún lærða að verða teiknikennari. Hún tók þeirri ráðleggingu og hélt til náms í höfuðborginni. Hún komst á sporið, en að loknu námi langaði hana ekki að verða kennari, hlutverk sem hefur þó fylgt henni samhliða myndlistariðkuninni og farist vel úr hendi. Úr kennaradeild Myndlista- og handíðaskólans þefaði hún þó uppi allt það nýjasta í nýlistadeildinni.

Hún flutti til Hollands og komst í kynni við deild í Gerrit Rietveld Akademíunni þar sem verið var að nota gler í myndlist, sem þá var nýlunda. „Það var ekkert verið að blása neina vasa. Ég var alltaf í baráttu með glerið. Ég var líka pönkari, en að leita mér að öðrum efnum til að vinna með. Þú verður að sigrast á erfiðleikunum. Þetta er svo skemmtilegur prósess, þú getur svo auðveldlega misst tökin og þá gerist eitthvað óvænt.“

Jurtaríkið er í glerblæstrinum

Í Bandaríkjunum kynntist Brynhildur sandsteypu og kolféll fyrir þeirri aðferð, sem hún hefur unnið með æ síðan. „Glerið er náttúruefni, rennur í mót eins og hraun. Í sandsteypunni ertu komin í steinaríkið, en í glerblæstrinum í jurtaríkið. Í glervinnslu fer spuni í gang, alls konar gerist,“ segir Brynhildur.



Vinnuborðið fór með og þar situr listamaðurinn við vinnu á opnunartímum.



Verkin leynast víða í stóru rýminu.

Heita glerið vinnur hún erlendis með teymi glerblásara. „Maður þarf að ná þeim með sér í leik,“ segir hún og nýtur þess greinilega að vinna með þessu móti, sem byggir á að gefa fyrirmæli, vera í samtali en stjórna ekki útkomunni. Margt kemur út úr þeirri vinnu sem miserfitt reynist að kljást við. Hún segir glerið alltaf vera hjartað í verkinu, þar hefjist það og við taki samtal við einstakling í mótun um hvernig hann vill verða.

Elsta verkið af Gullströndinni

Fyrir sýninguna var markmiðið að tæma verkin af vinnustofunni á Bakkastöðum, þar sem hún byggði sér íbúð með vinnustofu í félagi við fleiri vini, randbyggð við Leirvoginn.

Hún segir frá röð verka sem höfðu legið óklárað í hillu á vinnustofunni allt frá árinu 1982. Hún þurfti ýmist að nálgast þau upp á nýtt til að geta klárað þau eða endurnýja viðhorf sitt til þeirra svo þau fengju að vera eins og þau vildu vera. Samtalið við þriðja augað var lykilatriði. „Ég var í vafa öll þessi ár, þau voru ekki í vafa.“

Elsta verkið á sýningunni lúrir í einu horninu og varpar hvítum krítarskugga í hornið. Það er af sýningunni Gullströndin andar, sem var tímamótasýning í íslenskri myndlistarsögu og opnaði í JL húsinu í upphafi árs 1983. Nýjustu verkin eru unnin í sumar.

Vinnustofan öryggi listamannsins

„Ég hef oft opnað vinnustofuna heima og vil að fólk skilji hvað liggur á bak við verk myndlistarmanna.“ Lokahelgina, laugardaginn 14. nóvember, býður Brynhildur gesti velkomna á vinnustofuna sína á Bakkastöðum 113. „Ég man þegar ég var að byggja að smiðirnir spurðu hvort ég ætlaði að setja milliloft á vinnustofuna, en svaraði því til að ég ætlaði að nota lofthæðina til að hugsa. Vinnustofan er öryggi listamannsins.“

Hún talar um mikilvægi viðhorfs listamanna og agnúast út í letjandi ellilífeyriskerfi sem skapandi einstaklingar láta bremsa sig af í að taka að sér nærandi verkefni.

„Ég er ekki haldin afkomuótta. En þegar allt er á heljarþröm þá græja ég eitthvað. Ég valdi mér að vera listamaður og ég er ekki að kvarta. Þetta er dásamlegt líf. En staðreyndir blasa við mér.“

Frekari dagskrá er samhliða sýningunni og gestir geta keypt stór og smá verk á afborgunum beint frá listamanninum.

Listamennirnir sem björguðu Korpúlfsstöðum

Á Korpúlfsstöðum varð bruni árið 1969. Fjórum árum síðar gerði hópur listamanna á vegum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík samning við borgina um að greiða krónu á ári í leigu. Rýmin voru ekki árennileg en gerð var gangskör að því og hópurinn hélt úti vinnustofum sínum og kom upp fjölda sýninga. Þar var heilmikið líf og fjör, ógleymanleg partí og ríkulegt samtal um listina. Brynhildur varð virkur þátttakandi í starfseminni á Korpúlfsstöðum og bjó þar um tíma.

Allt þetta má fá innsýn í á sýningunni þar sem er að finna gamlar ljósmyndir og fleiri ummerki um sprúðlandi sköpunarkraftinn sem þar ríkti. Brynhildur hefur nefnilega haldið til haga og safnað saman heilmiklum heimildum; ljósmyndum, blaðagreinum, sýningarskrám og ýmsum smáhlutum sem tengjast þessum suðupotti.

Brynhildur hefur því sterkar taugar til Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Hún hefur starfað mikið innan þess, var formaður um árabil og gerður heiðursfélagi árið 2004.

Náttúruverndarsinninn

Brynhildur hefur nánast alla ævi eytt miklum tíma á fjöllum og sótt mikinn efnivið á hina ýmsu staði. Litbrigði landsins birtast í verkunum, hún á enda safn af sandi frá fjölmörgum stöðum á landinu.

Hún er mikill náttúruverndarsinni og sameinaði um langt árabil það að sækja sér innblástur og efnivið og afla tekna með skálavörslu og því að kokka fyrir fólk á ferð um hálendið.

Vinnustofan sjálf hefur því alltaf tengst hálendinu, og vinnuferlið teygt sig alla leið þangað. Brynhildur stóð kokkavaktina í baráttunni gegn virkjuninni á Kárahnjúkum.

Pönkarinn kemst við þegar tal okkar berst inn á hálendið. „Ég fer að skæla þegar ég heyri Smávini fagra. Hugsa til Kárahnjúka. Þetta er okkar þjóðsöngur. Æ, ég fæ tár í augun núna. Þetta er saknaðartilfinning, sorg. Við erum búin að tapa þessu. Farið.“ Dálítil þögn tekur við.

Hún segist alltaf hafa lagst út í hraun þegar færi gafst í óteljandi hálendisferðunum. „Ég fattaði ekki hrauntenginguna í verkunum fyrr en mörgum árum seinna.“ Eftir ábendingu fór hún að para ljósmyndir víða að úr íslenskri náttúru við verkin sín og sá hana þá, jafnvel við staði sem hún hafði aldrei komið á. „Þetta er bara í okkur.“

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Gastec Hurðir ehf.
Vagnhöfða 9 Reykjavík - bilskurshurdir.is - netfang: olafur@gastec.is

KGM

Gæði á sterkum grunni

Bíll á mynd er upphækkaður í 33” og er á 20” felgum.

Gengið styrkist...
... Benni lækkar nýja bíla!

KGM lækkar um allt að 1.000.000 kr.

Rexton er rúmgóður og ríkulega búinn alvöru jeppi:

- Byggður á grind
- Hátt og lágt drif
- 8 þrepa sjálfskipting
- Læsanlegur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- Vökvafylltir mótorpúðar
- Dísilvél, 441 Nm
- 7 manna

Sjá nánar.

Dæmi um lækkun á KGM Rexton Premium:

Lækkað verð nú 10.890.000 kr.

Verð áður 11.590.000 kr.

Kolefnisjafnaður

4x4

benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
S: 590 2000

Bílabúð Benna
— Sérfræðingar í bílum í yfir fimmtíu ár —

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.

Noregur er „mjaltaþjónaland“ Norðurlanda



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Sjálfvirkar mjaltir halda áfram að ryðja sér til rúms á Norðurlöndum og nýjustu tölur sýna að aldrei hafa fleiri kúabændur nýtt sér mjaltaþjóna en einmitt nú. Þróunin hefur verið nær samfelld allt frá því fyrstu mjaltaþjónarnir komu á markað fyrir rúmum tuttugu árum og ekkert bendir til þess að hún sé að stöðvast. Þvert á móti virðist sjálfvirknivæðingin enn vera í fullum gangi, þótt hún birtist með mismunandi hætti eftir löndum.


Norrænt samstarf um mjólkurgæði og tækni

Á hverju ári sjá NMSM samtökin um að safna saman margs konar fróðleik um mjólkurframleiðslu Norðurlandanna en NMSM stendur fyrir *Nordiske Meieriorganisasjoners Samarbeidsutvalg for Mjølkekvalitetsarbeid*. NMSM er samstarfsvettvangur afurðastöðva í mjólkuriðnaði á Norðurlöndunum og er markmið samstarfsins að efla faglega þekkingu og miðla reynslu á sviði mjólkurgæða, dýraheilbrigðis, fóðrunar og mjaltatækni. Tæknihópur NMSM sér m.a. um að safna árlega upplýsingum um þróun og útbreiðslu mjaltaþjóna á Norðurlöndunum og hefur gert það allt frá því fyrstu mjaltaþjónarnir komu á markað á tíunda áratug síðustu aldar.

Nýjustu gögn NMSM sýna að í lok árs 2025 voru tæplega 7.000 kúabú með mjaltaþjóna á Norðurlöndum og yfir 12.000 mjaltaþjónar í notkun.

Norskir bændur fremstir

Í lok árs 2025 voru starfandi 3.132 mjaltaþjónabú í Noregi, með samtals 3.314 mjaltaþjóna. Engin önnur Norðurlandaþjóð kemst nálægt þessum tölum og í dag er nær helmingur allra norrænna mjaltaþjónabúa staðsettur í Noregi! Þróunin kemur þó ekki beint á óvart enda byggir norskur kúabúskapur enn að miklu leyti á tiltölulega litlum fjölskyldubúum, þar sem einn mjaltaþjónn getur breytt miklu fyrir vinnuumhverfið á viðkomandi kúabúi. Fyrir mörg þessara búa hefur mjaltaþjónninn verið leið til að halda áfram framleiðslu án þess að stækka búin verulega, öfugt við þróunina sem hefur verið á hinum Norðurlöndunum. Noregur hefur því farið nokkuð aðra leið en mörg nágrannalöndin, þar sem áherslan hefur verið á að nýta tæknina til að viðhalda dreifðri framleiðslu.



Þróun á fjölda kúabúa með mjaltaþjóna á Norðurlöndunum. Heimild: NMSM

Finnar halda sínu striki

Í lok árs 2025 voru í Finnlandi 1.429 mjaltaþjónabú með samtals 2.446 mjaltaþjóna. Þótt Finnar séu langt á eftir Norðmönnum í fjölda búa eru þeir enn með mjög hátt hlutfall sjálfvirkra mjalta og hafa verið brautryðjendur á þessu sviði um árabil. Það er einnig athyglisvert að í Finnlandi eru að meðaltali fleiri en einn og hálfur þjónn á hverju mjaltaþjónabúi, sem bendir til að búin séu að jafnaði stærri en í Noregi eins og gögn undanfarinna ára hafa raunar sýnt. Í ár safnaði NMSM ekki gögnum um bústærðir svo það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um raunverulega bústærðir.

Svíþjóð með stærri einingar

Svíþjóð fylgir fast á hæla Finna með 1.358 mjaltaþjónabú og samtals 3.058 mjaltaþjóna og þótt Svíar séu með færri bú en Finnar, eru þeir með talsvert fleiri mjaltaþjóna, enda eru að meðaltali 2,3 mjaltaþjónar á hverju sænsku búi að jafnaði. Þróunin sést einnig í öðrum tölum úr sænskum kúabúskap undanfarinna ára, þar sem búin hafa stækkað jafnt og þétt og virðast halda áfram að stækka.

Danir með stærstu mjaltaþjónabúin

Eins og fjallað var um í þessari samantekt á síðasta ári eru dönsku kúabúin langstærst á Norðurlöndum. Það endurspeglast einnig vel í mjaltaþjónatölunum því þó svo að í Danmörku hafi aðeins verið 787 mjaltaþjónabú í lok árs 2025 þá voru þau með alls 2.884 mjaltaþjóna! Að meðaltali eru því 3,7 mjaltaþjónar á hverju hinna dönsku mjaltaþjónabúa og það er langhæsta hlutfallið á Norðurlöndunum. Það rímar vel við gögn frá þarlenda skýrsluhaldinu en um síðustu áramót var meðalbúið í Danmörku með 285 árskýr, sem var stækkun um 10 árskýr frá fyrra ári! Dönsku kúabúin eru með öðrum orðum enn á fleygiferð og hafa raunar stækkað að jafnaði um 58 árskýr frá ársbyrjun 2020, en sú stækkun ein og sér er jafn stór og íslensku kúabúin eru að meðaltali!

Ísland heldur áfram að vaxa

Á Íslandi heldur þróunin áfram í sömu átt og undanfarin ár en í lok árs 2025 voru starfandi 282 mjaltaþjónabú með samtals 350 mjaltaþjóna. Árið áður voru búin 273 og mjaltaþjónarnir 339. Fjölgunin er því ekki hröð en hún er stöðug. Þegar litið er til þess hversu fá bú og fáar kýr eru á Íslandi, í samanburði við önnur Norðurlönd, er staðan hér á landi athyglisverð enda hafa sjálfvirkar mjaltir náð mjög mikilli útbreiðslu á tiltölulega stuttum tíma og stór hluti íslenskra kúabænda mjólkar nú með mjaltaþjónum. Miðað við þróun síðustu ára er líklegt að sú þróun haldi áfram, þó er hugsanlegt að markaðurinn fari smám saman að nálgast ákveðna mettun þar sem flest stærri nýleg fjós eru nú þegar búin sjálfvirkum mjaltakerfum.

Nærri 35 ára tæknibylting

Þegar horft er yfir lengri tíma er erfitt að líta á þróunina öðruvísi en sem eina stærstu tæknibyltingu sem orðið hefur í norrænum kúabúskap. Fyrstu sjálfvirku mjaltirnar í heiminum fóru fram í tilraunafjósi í Hollandi árið 1992 og á þessi tækni því 35 ára afmæli á næsta ári. Um aldamótin voru mjaltaþjónar enn tiltölulega nýleg tækni, sem margir fylgdust með úr fjarlægð, en í dag er þetta mjaltatækni sem þúsundir bænda nota. Árið 2005 voru t.d. aðeins um eitt þúsund mjaltaþjónabú á Norðurlöndum en eru nú orðin nær sjö þúsund og mjaltaþjónarnir sjálfir orðnir meira en tólf þúsund. Þá hefur tæknin sjálf þróast hratt og úr því að vera einungis sjálfvirkar mjaltavélar yfir í að vera flókin tölvukerfi sem safna gögnum um át, virkni, jórtur, heilsufar og afurðir einstakra kúa svo dæmi sé tekið. Þá geta sumir mjaltaþjónar einnig mælt og metið gæði mjólkur sem og fylgst með einstökum efnum í mjólkinni og þannig hjálpað bændum að bæta enn frekar bústjórn sína.

Hvert stefnir?

Þótt þróunin sé ólík milli landa er eitt sameiginlegt fyrir öll Norðurlöndin og það er að sjálfvirkar mjaltir eru orðnar eðlilegur hluti mjólkurframleiðslunnar. Reyndar er ákveðinn stigsmunur á milli Norðurlandanna á því hvernig tæknin er nýtt. Í Noregi má þannig t.d. segja að hún hafi hjálpað til við að halda lífi í smærri fjölskyldubúum enda er bústærð þar enn langt innan við þá stærð sem hver mjaltaþjónn ræður við. Það má því segja að þar sé búið að offjárfesta í tækni en um leið að skapa bændum þar svigrúm til þess að halda áfram búskap þó svo að einingarnar séu í raun harla smáar. Í Danmörku hefur bústærð mjaltaþjónabúanna ekki náð að fylgja þarlendri þróun á meðalbústærð, staðreynd sem hefur skýrt komið fram á undanförnum árum þ.e. að mjaltaþjónatæknin hefur átt erfitt með að keppa við hefðbundna mjaltatækni þegar búin eru komin um og yfir 250 kýr. Þó kom nýverið fram lausn á þessu, svokallaðar lotumjaltir mjaltaþjóna (sjá nánar í 11.tbl. Bændablaðsins 2025), sem virðist vera að ná fótfestu á stærri búum. Verður því fróðlegt að fylgjast áfram með þessari þróun á komandi árum.



Aldarafmæli Láru Brynhildar

Lára Brynhildur Eiríksdóttir, sem býr á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð á Akureyri, fagnaði 100 ára afmæli sínu 21. október síðastliðinn. Lára ólst upp í stórum systkinahóp en alls voru systurnar fimmtán, enginn bróðir.

Lára Brynhildur og ein önnur systranna eru lifandi í dag. Lára á sjálf 34 afkomendur og er hún orðin langalangalangamma. Afmælisbarnið er fætt og uppalið í Reykjavík en flutti til Akureyrar 2002 til að vera hjá dóttur sinni.



Í tilefni afmælisins færði Berglind Ósk Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Akureyrarbæjar, afmælisbarninu blómvönd. Mynd/India Ása Hreinsdóttir.

Hefur gaman af lífinu

Lára Brynhildur er mjög lífsglöð og alltaf kát og hefur aldrei reykt eða drukkið áfengi. „Já, já, ég hef mjög gaman af lífinu og nýt þess að vera til. Það er hugsað einstaklega vel um mig hér í Lögmannshlíð og hér er stórgott að vera. Ég er dugleg í handavinnu ýmiss konar og svo fylgist ég alltaf með fréttum," segir Lára Brynhildur.

Hún er líka á samfélagsmiðlum eins og Facebook. „Já, ég er þar en ýti stundum á vitlausa takka, það er allt í lagi, en mér finnst gaman að fylgjast með því sem er að gerast í gegnum Facebook," segir hún hlæjandi.

Lára Brynhildur og fjölskylda hennar ólust upp í Reykjavík og voru þar í Sogamýrinni. Hún segir að systurnar hafi alltaf verið mjög góðar vinkonur.

„Já, það vorum við, það var aldrei ósætti og allar vorum við góðar vinkonur, ég man ekki annað. Nú erum við bara tvær á lífi, ég og systir mín í Reykjavík, sem er 92 ára gömul," segir Lára.

Ætlar að verða 105 ára

Lára starfaði lengi í Hagkaup í Reykjavík en síðar hjá SÍBS og Reykjalundi. En hvað stefnir hún á að verða gömul? „105 ára, það er stefnan," segir hún og skellihlær. Lára Brynhildur á þrjú börn, tvo syni og eina dóttur og búa báðir synir hennar á Selfossi og eru þeir komnir á áttræðisaldur.

Hún fylgist vel með því sem er að gerast, hlustar og horfir daglega á fréttir og hún er einnig dugleg að prjóna, hekla og hlusta á bækur. „Ég er búin að hekla teppi handa öllum mínum afkomendum og svo er ég með heyrnartól og læt lesa fyrir mig. Þessa dagana er ég að kynnast Laxness. Ég hafði hvorki tíma né þroska fyrir það fyrr," segir hún hlæjandi. Foreldrar Láru Brynhildar voru þau Sigrún Kristjánsdóttir og Eiríkur Einarsson. */mhh*





Bóndinn á landið – en hver á ábatann?


Haukur Logi Jóhannsson.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið um endurheimt votlendis. Á sama tíma hefur gengið heldur brösuglega að ná þeim. Árið 2025 voru aðeins 13 hektarar votlendis endurheimtir á Íslandi og árið þar á undan ekki einn einasti. Markmið stjórnvalda hefur hins vegar verið að endurheimta um 3.000 hektara árlega. Það þarf ekki mikla reiknikunnáttu til að sjá að þarna er nokkuð langt á milli áætlana og framkvæmda.

Ein af skýringunum sem nefndar hafa verið er takmarkaður áhugi landeigenda. Það ætti kannski ekki að koma neinum sérstaklega á óvart. Ef við viljum að bændur leggi land sitt undir verkefni sem geta haft áhrif á nýtingu jarðarinnar til áratuga, verðum við líka að geta svarað einfaldri spurningu: Hvað fá þeir fyrir það?

Umræða um endurheimt votlendis hefur lengi verið lituð af ágreiningi. Sumir telja hana mikilvæga loftslagsaðgerð en aðrir efast um ávinninginn, forsendur útreikninga eða áhrif á landbúnað. Sú tortryggni er að hluta til skiljanleg. Íslenskir bændur og fyrri kynslóðir lögðu mikla vinnu og fjármuni í framræslu mýra til að skapa ræktunarland og bæta afkomu búanna. Það var mikilvægur þáttur í uppbyggingu íslensks landbúnaðar.

Nú er rætt um að moka ofan í skurðina aftur. Það er því varla hægt að ætlast til þess að bændur taki þeirri hugmynd fagnandi án þess að fá skýrar skýringar á því hvað hefur breyst og hvaða ávinningur geti falist í framkvæmdunum.

En kannski þurfum við að breyta sjálfri nálguninni. Í stað þess að ræða endurheimt votlendis eingöngu sem framlag landbúnaðarins til loftslagsmarkmiða ríkisins ættum við að skoða hana sem mögulega nýja tekjulind fyrir íslenskar bújarðir.


Vatnsveituskurður í Vestur-Landeyjum á síðsumarskvöldi. Mynd / ál

Víða um land eru framræst mýrasvæði sem skila litlum eða engum beinum tekjum. Sum voru aldrei ræktuð og önnur hafa lítið verið nýtt um langt skeið. Það þýðir ekki að landið sé verðlaust. Það getur haft gildi til beitar, sem framtíðarræktunarland eða með öðrum hætti. En á sumum jörðum gæti verið hagkvæmara að endurheimta hluta þess en að halda því áfram framræstu.

Nýlega fjallaði Bændablaðið ítarlega um þróun Mýrkols, aðferðafræði sem á að gera mögulegt að votta samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna endurheimtar votlendis og selja kolefniseiningar á markaði. Þar gætu skapast nýir tekjumöguleikar fyrir landeigendur. Enn er þó óvíst hversu miklar tekjurnar verða, enda ræðst það meðal annars af árangri endurheimtar, kostnaði við vottun og því verði sem kaupendur eru tilbúnir að greiða.

Þetta er spennandi þróun, en það er ekki nóg að benda bændum á hugsanlegan kolefnismarkað og segja þeim að tækifærin séu til staðar. Bóndi sem rekur bú þarf að geta reiknað dæmið til enda.

Hversu mikið kostar að undirbúa verkefnið? Hver greiðir fyrir framkvæmdir, mælingar og vottun? Hvenær gætu fyrstu tekjurnar komið? Hversu lengi þarf að skuldbinda landið til ákveðinnar nýtingar? Og hvað gerist ef markaðurinn fyrir kolefniseiningar þróast ekki eins og vonast er til?

Þetta eru ekki aukaatriði heldur grundvallarspurningar fyrir þann sem á að leggja landið til.

Það er líka mikilvægt að horfa á fleiri verðmæti en kolefnið eitt. Endurheimt votlendis getur stuðlað að varðveislu lífræns jarðvegs, bætt vatnsmiðlun og við ákveðnar aðstæður dregið úr jarðvegsrofi og flutningi næringarefna í ár og læki. Heilbrigð votlendissvæði geta þannig haft jákvæð áhrif á landgæði og vistkerfi í nágrenni sínu.

Á sama tíma verður að taka alvarlega áhyggjur bænda af áhrifum á ræktuð tún og aðliggjandi land. Hækkun grunnvatnsstöðu getur við tilteknar aðstæður haft neikvæð áhrif á frárennsli, ræktunarskilyrði og möguleika til sláttar. Það er því ekki sjálfgefið að endurheimt votlendis sé til bóta á hvaða stað sem er.

Þess vegna á ekki að ráðast í framkvæmdir án þess að skoða áhrifin á alla hluta jarðarinnar og nærliggjandi eignir. Þar verður þekking bænda á eigin landi að vega þungt. Bóndi sem hefur unnið landið í áratugi veit oft betur en nokkur annar hvar vatnið safnast fyrir, hvaða skurðir skipta máli og hvaða tún þola illa breytingar á vatnsstöðu.

Ef endurheimt votlendis á að njóta trausts verður að tryggja að hugsanlegt tjón sé metið fyrirfram og að ábyrgð og úrræði vegna þess séu skýr. Enginn ætti að þurfa að taka fjárhagslega áhættu vegna loftslagsaðgerða annarra án þess að vita hver ber ábyrgð ef illa fer.

Þarna tel ég að stjórnvöld geti gert betur.

Land og skógur veitir þegar ráðgjöf og styrki til endurheimtar votlendis og nú hefur verið hafið sérstakt átak á ríkisjörðum. Það er jákvætt að ríkið byrji á eigin landi og afli frekari reynslu. En ríkisjarðirnar einar munu ekki duga til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Ef stjórnvöld vilja virkja bændur í stórum stíl þarf að skapa einfaldara og fyrirsjáanlegra fyrirkomulag. Ég tel að skoða eigi hvort bændur geti fengið reglulegar greiðslur fyrir mælanlegan árangur af endurheimt votlendis, í stað þess að fjárhagslegur ávinningur þeirra ráðist eingöngu af óvissum viðskiptum á kolefnismarkaði.

Slíkt kerfi þyrfti auðvitað að byggja á traustum mælingum og skýrum reglum. Það þyrfti líka að taka mið af því að aðstæður eru mismunandi milli jarða og að ekki er allur framræstur jarðvegur jafn hentugur til endurheimtar.

Einnig mætti skoða hvernig minni landeigendur gætu tekið þátt án þess að kostnaður við undirbúning, mælingar og umsýslu éti upp mögulegan ávinning. Samstarfsverkefni nokkurra jarða gætu þar verið skynsamleg leið, enda fylgja vottun og vöktun ákveðnir fastir kostnaðarliðir sem geta verið þungir fyrir lítil verkefni.

Ekki síður þarf að tryggja að bóndinn viti hver á þau verðmæti sem verða til. Ef endurheimt votlendis skilar seljanlegum kolefniseiningum, hver á þá réttinn til þeirra? Landeigandinn, sá sem fjármagnar framkvæmdirnar eða annar samningsaðili? Hvernig skiptast tekjurnar og hvað gerist við sölu jarðarinnar eða kynslóðaskipti?

Allt þarf þetta að liggja fyrir áður en skrifað er undir samninga.

Þá vaknar önnur áhugaverð spurning. Ef endurheimt votlendis skilar samfélaginu verðmætum í formi minni losunar, varðveislu jarðvegs, betri vatnsmiðlunar og aukinnar líffræðilegrar fjölbreytni, hvers vegna ætti bóndinn eingöngu að fá greitt fyrir einn þessara þátta?

Auðvitað er ekki einfalt að verðleggja öll þessi áhrif. En það ætti ekki að koma í veg fyrir að við skoðum hvort hægt sé að þróa fjölbreyttari hvata fyrir landeigendur sem bæta ástand lands síns. Slíkt gæti einnig skapað tækifæri á sviði landgræðslu, sjálfbærrar beitarstýringar og annarrar vistheimtar.

Við þurfum nefnilega að hætta að líta á bændur eingöngu sem aðila sem þurfi að leggja eitthvað af mörkum til að uppfylla opinber markmið. Þeir eru líka atvinnurekendur sem hafa yfir að ráða mikilvægum auðlindum og geta skapað verðmæti fyrir samfélagið með fjölbreyttri landnýtingu.

Íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir nægum áskorunum fyrir. Rekstrarkostnaður er hár og víða er afkoman þröng. Við slíkar aðstæður er full ástæða til að skoða nýjar tekjuleiðir sem geta styrkt rekstur bújarða án þess að draga úr matvælaframleiðslu.

Endurheimt votlendis verður ekki lausnin fyrir alla bændur og alls ekki á öllum jörðum. Það á heldur enginn að þurfa að fórna góðu ræktunarlandi í þágu loftslagsmarkmiða ef ávinningurinn er óljós eða fjárhagsleg áhætta óásættanleg.

En þar sem land er lítið nýtt, aðstæður henta og greiðslur eru nægilega góðar gæti endurheimt votlendis orðið skynsamleg viðbót við hefðbundinn búskap.

Og þá ættum við kannski að snúa spurningunni við. Í stað þess að spyrja hvers vegna bændur sýni ekki meiri áhuga á endurheimt votlendis, ættum við að spyrja hvort við höfum gert þeim nægilega auðvelt og hagkvæmt að taka þátt.

Það er nefnilega ekki nóg að segja bændum að endurheimt votlendis sé góð fyrir loftslagið. Við þurfum líka að geta sýnt fram á að hún geti verið góð fyrir búreksturinn.

Ef við ætlum að gera loftslagsaðgerðir að sameiginlegu verkefni samfélagsins verður ávinningurinn líka að geta verið sameiginlegur.

Bændur eiga ekki aðeins að leggja landið til. Þeir eiga líka að geta notið ávaxtanna af því.

Höfundur er umhverfis- og auðlindafræðingur.





Beðin mótuð. Mynd/Aðsend

Látum garðyrkjuhendur standa fram úr ermum



Bryndís Björk Reynisdóttir.

Að virkja áhuga, drifkraft og forvitni hjá kröftugum einstaklingum í garðyrkjunámi er ábyrgðarhlutverk, ekki síst þegar umræðan í samfélaginu fjallar um þjóðaröryggismál í tengslum við fæðu- og framleiðsluöryggi en einnig sjálfbærni, nýsköpun og fullnýtingu afurða. Það er nú líka þannig að eitt er að draga sinn lærdóm úr bókum og annað að draga lærdóminn frá unnum verkum og fenginni reynslu. Það sem mögulega gæti toppað lærdóm frá unnum verkum er að fá að njóta ávinnings þeirrar vinnu.

Í síðustu lotuviku haustannarinnar í Garðyrkjuskólanum FSu bauðst nemendum á garðyrkjuframleiðslubrautum að gróðursetja hvítlauk í landi skólans. Það er óhætt að segja að nemendur sýni matjurtaframleiðslu gífurlegan áhuga og voru þó nokkrir sem stukku á vagninn þrátt fyrir stuttan aðdraganda þar sem passa þurfti uppá veðurviðvaranalausan dag í lotuviku. Það voru því kampakátir, vaskir og bomsuklæddir nemendur sem stikuðu í gúmmígöllum niður í matjurtabeð eftir afmæliskaffi haustannarinnar í skólanum.

Garðyrkjufélag Íslands styrkti nemendur skólans með fimm mismunandi yrkjum af hvítlauksútsæði. Eins og í allri ræktun bregðast yrkin mismunandi við aðstæðum eins og úrkomu, hitastigi, ræktunarefni, frárennsli, áburðargjöf og þess háttar og er það hluti verkefnisins að sjá hvernig yrkjunum reiðir af í þeim aðstæðum sem þeim er boðið. Það er þó ekki gulltryggt að draumaútkoman verði alltaf raunin ef við horfum til breytileika íslensks sumars þegar kemur að veðráttu.

Einnig er hægt að nefna að gróðursett var í sendinn jarðveg sem bættur var með sterkri, vélgerðri hrámoltu sem unnin var úr mötuneyti skólans á síðustu haustönn og hefur fengið að þroskast síðan þá. Þannig er unnið þvert á áfanga Garðyrkjuskólans t.d. að efni sem fengið er út úr moltugerð í einum áfanga nýtist í matjurtaræktun í öðrum áfanga.

Hvítlauksútsæðið er sett niður að hausti í september-október. Einn hvítlauksgeiri kemur til með að skila einum hvítlauk að ári við góðar aðstæður. Geirarnir eru settir niður með laukkökuna niður og mjóa toppinn upp, nokkuð þétt eða 10-15 cm á milli geira og ca. 20 cm á milli raða. Hvítlaukurinn þarf 1-2ja mánaða kaldörvun/kuldatímabil til að skipta sér í geira en það er ástæðan fyrir gróðursetningu að hausti. Þrátt fyrir langan ræktunartíma er hvítlauksræktun tiltölulega einföld og getur launað ræktandann ríkulega við uppskeru. Mælt er með áburðargjöf í upphafi vaxtar snemmsumars.

Þetta er í annað skiptið sem Garðyrkjufélagið færir skólanum hvítlauksútsæði en í haust voru uppskorin um 6 kg af hvítlauk eftir fyrstu tilraunina og mátti sjá heilmikinn mun á því hvernig yrkjunum reiddi af. Af þeim 5 yrkjum sem gróðursett voru haustið 2025, fengu þessi yrki bestu einkunnina:

• Fljótsprottni Primor hvítlaukurinn stóð fyrir sínu með nettum, ljósum og fallegum laukum.

• Sabagold og Thermidrome gáfu fallega og stóra lauka en voru einnig með minnstu afföllin frá útsæði að uppskeru.


Þess má einnig geta að undirbúningur fyrir ræktun í óupphituðu plasthúsi á Reykjum næsta vor er einnig í gangi. Þar fá nemendur að taka þátt í vali á tegundum sem vantar herslumuninn á að ná að þroska sínar afurðir í stuttu, íslensku sumri, fjölærar plöntur sem eiga erfitt með umhleypingasaman íslenskan vetur nú eða tegundir sem er einfaldlega mikil spenna fyrir.

Plasthúsið var reist af nemendum Garðyrkjuskólans haustið 2022 og það var svo í lotuviku sl. september sem nemendur lögðu dúk á gólfið og smíðuðu 8 karma úr timbri. Fyrirtækin Samhentir og Byko styrktu þetta verkefni með dúk og timbri og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Það má því gera ráð fyrir að þessir kampakátu, vösku og bomsuklæddu nemendur stiki gúmmígallaklæddir eins og litla gula hænan í matjurtargarðinn næstkomandi ágúst/september og njóti árangursins af hvítlauksræktuninni.

Höfundur er er brautarstjóri garðyrkjuframleiðslubrauta í Garðyrkjuskólanum á Reykjum FSu.





Fæðuöryggi byrjar í moldinni

Á loftslagsdeginum í Hörpu tók ég þátt í málstofu um fæðuöryggi þar sem ég fjallaði um tækifærin sem felast í lífrænni ræktun. Ég byrjaði erindið á því að spyrja áheyrendur hversu margir hefðu ræktað grænmeti heima í garðinum sínum og hvaða aðferðir þau hefðu notað í ræktuninni. Notuðu þeir moltu eða lífrænan áburð? Tilbúinn áburð? Eða eiturefni?


Anna María Björnsdóttir.

Það var mjög greinilegt að flestar hendur fólks fóru á loft við lífrænu aðferðirnar. Það sýnir að fólkið í salnum velur þessar aðferðir fram yfir hinar þegar þau rækta heima í garðinum sínum fyrir fjölskylduna sína. En hvað ef við hugsuðum á sama hátt um landbúnaðinn okkar í heild?


Dóra Ruf og Kristján Oddsson.

Moldin – undirstaða matvælaframleiðslu

Um 95% af matnum í heiminum í dag er framleiddur beint eða óbeint úr jarðvegi. Samt er talið að 60–70% jarðvegs í Evrópu sé í óheilbrigðu ástandi. Ástæðurnar eru margvíslegar, meðal annars einhæf ræktun, ber jarðvegur, ofnotkun á tilbúinum áburði og notkun á eiturefnum. Jarðvegur hnignar einnig þegar lífrænu efni er ekki skilað aftur til baka í hann, inn í hringrásina.

Jarðvegurinn er þó miklu meira en bara það efni sem plönturnar vaxa í. Hann er lifandi vistkerfi, fullt af örverum, sveppum og öðrum lífverum sem gegna mikilvægu hlutverki í hringrás næringarefna og frjósemi landsins.

Heilbrigður jarðvegur er bæði loftslagsaðgerð og tryggir betur fæðuöryggi

Jarðvegur er ein stærsta kolefnisgeymsla jarðarinnar. Jarðvegur geymir meira kolefni en andrúmsloftið og allur gróður jarðarinnar samanlagt! Hvernig við ræktum landið og förum með jarðveginn hefur áhrif á loftslagið.

Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa sýnt að lífrænar ræktunaraðferðir stuðla að auknu magni kolefnis í jarðvegi og fjölbreyttara jarðvegslífi heldur en í almennum landbúnaði. Heilbrigður jarðvegur virkar eins og svampur. Hann getur tekið við miklu vatni í mikilli úrkomu og geymt vatn betur í þurrkum. Þetta skiptir sífellt meira máli þegar loftslagsbreytingar hafa áhrif á úrkomumynstur, þurrka og ræktunarskilyrði. Að byggja upp heilbrigðan jarðveg er bæði umhverfismál og mikilvægur þáttur í að styrkja viðnámsþrótt landbúnaðarins.

Það getur tekið aldir að mynda örfáa sentímetra af frjósömum jarðvegi, en aðeins örfá ár að eyðileggja hann. Íslendingar þekkja afleiðingar jarðvegseyðingar betur en margar aðrar þjóðir.

Að vernda moldina er ekki bara náttúruvernd. Moldin er matarkistan okkar og barnanna okkar. Það skiptir miklu máli að við verndum þessa dýrmætu matarkistu fyrir komandi kynslóðir.


Elínborg Erla Ásgeirsdóttir.

Íslenskir bændur búa yfir ótrúlegu hugviti

Stundum heyri ég sagt að uppskeran sé oft síðri í lífrænni ræktun, en svo þarf alls ekki að vera. Það eru mörg dæmi um það hér á Íslandi t.d. í grænmetisræktun þar sem lífrænu aðferðirnar skila alveg sambærilegri uppskeru og almennu aðferðirnar – og stundum betri.


Eymundur Magnússon.

Þegar ég vann að heimildarmyndinni GRÓU um lífræna ræktun á Íslandi ferðaðist ég um landið og hitti fjölmarga lífræna bændur sem höfðu þróað fjölbreyttar og hugvitssamlegar leiðir til ræktunar og matvælaframleiðslu.

Í Skagafirði heimsótti ég Elínborgu. Á myndinni má sjá hana með rófu á stærð við mannshöfuð, eingöngu ræktaða með lífrænum áburði í íslenskum jarðvegi.

Í Vallanesi hafa Eymundur og Eygló byggt upp öfluga lífræna korn- og matvælaframleiðslu. Þau hafa meðal annars ræktað tómata í gróðurhúsi upphituðu eingöngu með viðarorku og sólarorku. Þau hafa líka plantað um tíu kílómetrum af skjólbeltum og byggt upp skógrækt sem skýlir ræktuninni, bætir ræktunarskilyrði og bindur kolefni. Samkvæmt útreikningum þeirra sjálfra er nettó kolefnisbinding á búinu um 1.100 tonn af CO_2 þegar tekið hefur verið tillit til losunar frá framleiðslunni.

Kristján og Dóra, stofnendur Biobú, lífrænu mjólkurvinnslunnar, hafa einnig unnið með áhugaverðar aðferðir á Neðra-Hálsi. Kristján hefur verið að framleiða lífkol úr viði sem hann grisjar úr skóginum. Hann brennir viðinn við lítið súrefni og úr því verða lífkol sem eru með mjög hátt magn kolefnis. Lífkolunum er svo dreift á túnin, þar sem þau bæta jarðveginn og virka sem langtíma kolefnisbinding í jarðvegi.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi um þá miklu þekkingu og sköpunargáfu sem býr í íslenskum bændum.

Ímyndum okkur hvað við gætum gert ef við byggðum markvisst upp rannsóknir, ráðgjöf og þekkingu á lífrænni ræktun fyrir íslenskar aðstæður. Hvaða nýjar aðferðir gætu orðið til og hvaða gömlu aðferðir mætti endurvekja?

Fæðuöryggi snýst líka um hvaðan áburðurinn kemur

Þegar við ræðum fæðuöryggi snýst umræðan gjarnan um hversu mikið af matvælum við framleiðum sjálf. En við þurfum líka að horfa á það hversu háð framleiðslan er innfluttum aðföngum.

Nánast allur tilbúinn áburður sem íslenskur landbúnaður notar er innfluttur og hann kemur úr línulegu kerfi, ekki hringrásarkerfi. Framleiðsla á tilbúnum áburði er orkufrek og er unnin með jarðefnaeldsneyti. Verð og framboð eru því háð alþjóðlegum orku- og hráefnismörkuðum.

Við sáum skýrt hversu viðkvæmt þetta kerfi getur verið þegar áburðarverð hækkaði mikið eftir innrás Rússlands í Úkraínu árið 2022. Bændur sem treystu á tilbúinn áburð fundu strax fyrir þessum hækkunum, lífrænir bændur síður þar sem þeirra áburður kemur úr staðbundinni innlendri hringrás hér á Íslandi.

Lífrænn landbúnaður byggir á öðrum forsendum. Þar er lögð áhersla á að viðhalda frjósemi jarðvegsins með lífrænum áburði, skiptiræktun og hringrás næringarefna, fremur en að treysta á tilbúinn köfnunarefnisáburð.

Það þýðir ekki að lífrænir bændur séu ekki háðir aðföngum eða að allar áskoranir hverfi. En með því að byggja ræktunina á staðbundnum innlendum áburðargjöfum úr hringrásinni hér á Íslandi og nýta næringarefni betur má draga úr þörfinni fyrir innfluttan tilbúinn áburð.

Á Íslandi felast mikil tækifæri í betri nýtingu lífrænna auðlinda. Við höfum búfjáráburð, matarleifar, fiskúrgang, þang og ýmsar hliðarafurðir frá matvælaframleiðslu, sem í dag fara að miklu leyti til spillis en eru í raun verðmæt hráefni. Með því að nýta þau betur mætti styrkja innlenda framleiðslu á lífrænum áburði og auka fæðuöryggi Íslands til langs tíma. Til þess þarf þó að byggja betur upp innviði fyrir söfnun, vinnslu og dreifingu á lífrænum áburði.

Tífalda á lífræna ræktun á Íslandi

Í dag er lífræn framleiðsla aðeins lítill hluti íslensks landbúnaðar, um 1%. Þetta er athyglisvert í landi sem byggir ímynd sína að stórum hluta á hreinni náttúru og hreinum matvælum.

Í Evrópusambandinu hefur verið sett markmið um að 25% landbúnaðarlands verði lífrænt vottað árið 2030. Á Íslandi kom út aðgerðaáætlun hjá atvinnuvegaráðuneytinu um að tífalda lífrænt vottað landbúnaðarland og verði það 10% árið 2040.

Það er stórt skref frá núverandi stöðu, en um leið tækifæri til að efla íslenskan landbúnað, auka fjölbreytni í framleiðslu og byggja upp nýja þekkingu og markaði.

Til þess að slíkt markmið náist þarf þó meira en áhuga einstakra bænda.

Bændur sem vilja hefja lífræna framleiðslu þurfa að hafa aðgang að faglegri ráðgjöf, rannsóknum og þekkingu sem tekur mið af íslenskum aðstæðum. Aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum getur kallað á breytingar í rekstri, nýjar aðferðir og fjárfestingar. Hún getur líka falið í sér áhættu, sérstaklega ef markaðurinn fyrir afurðirnar er ótryggur. Þess vegna þurfa uppbygging framleiðslunnar og þróun markaðarins að haldast í hendur.

Þar geta opinber innkaup gegnt mikilvægu hlutverki. Skólar, leikskólar, sjúkrahús og önnur mötuneyti kaupa mikið magn matvæla á hverjum degi. Með skýrum markmiðum um kaup á lífrænum matvælum væri hægt að skapa stöðugri eftirspurn og



QR kóði á málþingið, 19.nóvember.

betri forsendur fyrir bændur til að fjárfesta í framleiðslunni.

Við þurfum jafnframt að efla samstarf bænda, rannsóknastofnana, ráðgjafa, matvælaframleiðenda, verslana og stjórnvalda. Uppbygging lífræns landbúnaðar er ekki verkefni sem bændur geta eða eiga að bera einir.

Það er því vert að segja frá því að Fagráð í lífrænum búskap kynnir í samstarfi við VOR og Lífrænt Ísland málþingið:

Tíföldum lífræna framleiðslu - blásið til sóknar!

Málþingið er haldið með stuðningi atvinnuvegaráðuneytisins í Kaldalóni í Hörpu fimmtudaginn 19. nóvember kl. 10–15:30.

Skráning er á vefslóðinni www.lifraentisland.is

Lífræn ræktun er ekki aðeins hugmyndafræði eða yfirlýsing framleiðanda. Hún byggir á lögbundnum reglum, vottun og eftirliti með framleiðsluháttum. Reglurnar taka meðal annars til áburðarnotkunar, varnarefna, jarðvegsverndar og dýravelferðar.

Lífræna vottunarkerfið er alþjóðlegt kerfi sem hefur verið þróað og mótað í áratugi og býður upp á verkfæri til að vinna að umhverfisvænni matvælaframleiðslu. Í allri umræðunni um loftslagsmál og umhverfismál er mikilvægt að horfa til þeirra kerfa sem eru nú þegar til og eru með lausnir sem gagnast öllu samfélaginu. Það er full ástæða til að nýta betur þá reynslu og þekkingu sem þar hefur skapast.

Þekkingin sem við megum ekki glata

Tengdaforeldrar mínir, Britta og Søren, hafa stundað lífrænan búskap á Jótlandi í Danmörku í þrjátíu ár. Nú eru þau að láta af búskap.

Í fjórtán ár hef ég notið þess að heimsækja þau og kynnast lífrænni ræktun innan frá. Fyrir þann tíma hafði ég engan áhuga á matvælaframleiðslu eða lífrænni ræktun, hélt þetta skipti engu máli, en í dag er ég á allt öðru máli. Britta hefur ræktað og selt um 85 tegundir af grænmeti á hverju ári í versluninni sinni á býlinu og Søren hefur séð um kýrnar. Börnin mín hafa fengið að alast upp við að ganga út í grænmetisbeð og tína ferskt grænmeti beint í kvöldmatinn, stundum tegundir sem ég kann ekki einu sinni nafnið á. Britta er ástæðan fyrir því að ég fékk áhuga á lífrænni ræktun og lífrænum mat.

En þegar ég hugsa um þau í dag hugsa ég ekki síður um þá þekkingu sem felst í því að hafa ræktað landið sitt með lífrænum aðferðum í þrjá áratugi. Að þekkja moldina, árstíðirnar, plönturnar og hvernig hægt er að byggja upp frjósemi jarðvegsins ár eftir ár.

Sömu hugsun fæ ég þegar ég heimsæki íslenska lífræna bændur. Þar er að finna þekkingu sem hefur orðið til með reynslu, samtali, tilraunum, mistökum og þrautseigju. Þekkingu sem er verðmæt fyrir íslenskan landbúnað og samfélagið allt.

Þegar rætt er um fæðuöryggi er mikilvægt að horfa ekki bara á framleiðslutölur, birgðir og aðfangakeðjur. Fæðuöryggi byggir líka á að það sé til fólk, bændur sem hafa þekkingu á hvernig er hægt að rækta matinn okkar hér á Íslandi úr staðbundinni innlendri hringrás.

Ef samfélagið stæði frammi fyrir alvarlegum áföllum veit ég hverja ég vildi hafa mér við hlið: Brittu og Søren og alla þá íslensku lífrænu bændur sem ég hef heimsótt og lært af. Fólk sem kann að rækta mat úr hringrásinni hér á Íslandi.

Þess vegna þurfum við að hlúa að þessari þekkingu, efla hana og tryggja að hún berist áfram til næstu kynslóða.

Lífrænn landbúnaður er ekki eina lausnin við þeim áskorunum sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir. En hann býður upp á mikilvæga möguleika til að byggja upp heilbrigðari jarðveg, efla hringrás næringarefna, draga úr þörf okkar fyrir innfluttan tilbúinn áburð og styrkja fæðuöryggi okkar til framtíðar.

Á loftslagsdeginum í Hörpu höfðu flestir í salnum valið að rækta með lífrænum aðferðum þegar þau ræktuðu grænmeti í garðinum sínum heima. Ég vil að við hugsum eins um allt Ísland. Að við lítum á jarðveginn á Íslandi sem garðinn okkar allra, sem hann er – og matarkista komandi kynslóða.

Loftslagsvæn framtíð byrjar ekki bara á því sem við hættum að losa. Hún byrjar líka á því sem við veljum að byggja upp og rækta.

Ræktum framtíðina og nýtum tækifærin sem felast í að byggja upp lífrænt Ísland.

Höfundur er verkefnastjóri hjá Lífrænt Ísland.




Til sölu

Heybindigarn sem hentar í eldri bindivélar fyrir litla bagga. Styrkur er 300 metrar per kíló.
Verð í þessari lokasölu er kr. 2.900 hver rúlla.
Lágmarksmagn pöntunar eru 10 rúllur.



Polypropylene pokar sem taka 5 kg, með fyrirbandi, stærð 50X 45 cm
Verð í þessari lokasölu er kr. 95 per poki.
Lágmarksmagn eru 100 pokar.



Polypropylene pokar sem taka 50 kg , stærð 79X 66
Verð á 50 kíló poka er kr. 190 per poki.
Lágmarksmagn eru 100 pokar.



Við bætist sendingarkostnaður en einnig má nálgast vörurnar í geymslurými í Hafnarfirði.
Nánari uplýsingar: Guðni s. 898-1323 eða Halldór s. 780-3555.



Ríkisstjórnin og landsbyggðin


Eyjólfur Ármannsson.

Undanfarna daga hefur skapast mikil umræða um málefni landsbyggðarinnar. Sameiningar stofnana og breytingar á fyrirkomulagi Loftbrúar hafa sætt gagnrýni. Ég skil þær áhyggjur sem komið hafa fram. Þegar teknar eru ákvarðanir sem snerta daglegt líf fólks er eðlilegt að spurt sé um rökstuðning og heildarmynd.


Ég tel mikilvægt að upplýsa betur um þessi mál og veita innsýn í vegferð ríkisstjórnarinnar þegar kemur að landsbyggðinni. Þegar rýnt er í tölurnar og þær aðgerðir sem eru í farvatninu blasir við að ekki er verið að draga saman seglin á landsbyggðinni. Þvert á móti er verið að blása til sóknar í samgöngumálum og grunnþjónustu um land allt.


Erfiðar ákvarðanir – en skýr forgangsröðun í þágu landsbyggðarinnar


Til að skýra ýmsar erfiðar ákvarðanir þarf fyrst að horfa á stöðu ríkisfjármála. Ríkissjóður hefur verið rekinn með halla samfleytt frá árinu 2019. Afleiðingin er sú að vaxtakostnaður ríkissjóðs hefur aukist úr 59 milljörðum króna árið 2021 í um 168 milljarða á þessu ári. Það nemur um 460 milljónum króna á degi hverjum. Til að setja þá tölu í samhengi fer jafnmikið fé í vaxtagreiðslur á rúmum mánuði og varið er í allt viðhald þjóðvegakerfisins á heilu ári.


Hátt vaxtastig bitnar ekki einungis á ríkissjóði heldur einnig á íbúum og heimilisbókhaldinu. Hver króna sem brennur upp í vexti fer ekki í vegi, heilbrigðisþjónustu eða skóla. Þess vegna er stefnt að hallalausum fjárlögum árið 2027, sem krefst þess að öll ráðuneyti fari gaumgæfilega yfir sína útgjaldaliði.

Á sama tíma og hagrætt er í ríkisrekstrinum almennt er ríkisstjórnin að forgangsraða mun meira fjármagni en áður hefur þekkst í viðhald vega, vetrarþjónustu og innviði á landsbyggðinni, enda brýn nauðsyn á að bregðast við uppsafnaðri innviðaskuld. Það er skýr forgangsröðun.









Sögulegt fjármagn í vegaviðhald og vetrarþjónustu um land allt

Þjóðvegakerfið telur nærri 13 þúsund kílómetra, 1.200 brýr og 11 jarðgöng. Álagið á kerfið hefur vaxið hratt vegna fjölgunar ferðamanna og stóraukinna þungaflutninga í tengslum við atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.

Árið 2024 fóru einungis 12,8 milljarðar króna í viðhald vega og í áætlunum fyrri ríkisstjórnar var aðeins gert ráð fyrir 13,8 milljörðum árið 2027. Fæstir hafa gleymt því ástandi sem þá blasti við, þegar innan við 40% vega voru metin í góðu ástandi.

Þessari þróun var snúið við strax í upphafi kjörtímabilsins þegar þremur milljörðum króna var bætt við vegaviðhald sumarið 2025. Síðan höfum við hækkað heildarframlagið í 17,5 milljarða króna á ári og stefnum enn hærra. Jafnframt var tekið á miklum vanda í vetrarþjónustu sem hafði verið verulega vanfjármögnuð um árabil. Á næstu fimm árum verður tæpum 14 milljörðum króna meira varið í snjómokstur og hálkuvarnir en áður var áætlað, sem skiptir sköpum fyrir öryggi íbúa og rekstrarforsendur atvinnulífs í dreifðari byggðum.

Ný samgönguáætlun – 65% nýframkvæmda í vegakerfinu til landsbyggðarinnar

Forgangsröðun stjórnvalda í þágu landsbyggðarinnar birtist í nýrri samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040. Á fyrstu fimm árum áætlunarinnar rennur 361 milljarður króna til samgöngumála, sem er um 100 milljörðum króna meira en í tillögu fyrri ríkisstjórnar. Þar vegur þungt að yfir 65% fjármuna til nýframkvæmda í vegáætlun Vegagerðarinnar renna til verkefna á landsbyggðinni.

Við höfum stofnað innviðafélagið Göng og brú sem tryggir fjármögnun stórverkefna, hraðar framkvæmdum og rýfur langa kyrrstöðu í jarðgangagerð á Íslandi. Framkvæmdir við Fljótagöng hefjast á næsta ári og undirbúningur að gerð Fjarðaganga og Súðavíkurganga er hafinn. Markmiðið er samfelld jarðgangagerð þar sem nýtt verkefni tekur við af öðru til að rjúfa einangrun og stækka atvinnu- og þjónustusvæði á landsbyggðinni.


Breyting á Loftbrú – til að stuðningurinn skili sér til íbúa

Stuðningur stjórnvalda við samgöngur á landsbyggðinni einskorðast ekki við vegakerfið. Þegar markaðsforsendur fyrir áætlunarflugi til Ísafjarðar brustu á árinu steig ríkið inn og tryggði þá lífæð Vestfjarða til næstu fjögurra ára með samningi upp á rúmar 420 milljónir króna á ári.

Sama áhersla á traustar flugsamgöngur liggur að baki breytingum á Loftbrú. Úrræðið tók gildi haustið 2020 með 600 milljóna króna árlegri fjárheimild. Kostnaðurinn hefur hins vegar farið fram úr áætlun undanfarin fjögur ár, þótt fjöldi flugleggja hafi haldist nær óbreyttur frá 2023, fyrsta heila ári Loftbrúar eftir Covid. Ástæðan er sú að flugfargjöld hafa hækkað um 55,9% frá september 2020 á móti 43,2% hækkun almenns verðlags og sýna gögn Vegagerðarinnar að dýrustu miðarnir hafa hækkað mest.

Þegar ríkið niðurgreiðir fasta prósentu á markaði þar sem skortur er á samkeppni tekur ríkissjóður sjálfkrafa þátt í hverri einustu verðhækkun. Erlend reynsla sýnir sama mynstur. Þegar stjórnvöld á Spáni hækkuðu hlutfallslega niðurgreiðslu flugfargjalda fyrir íbúa Kanarí- og Baleareyja úr 50% í 75% árið 2018 hækkuðu fargjöld flugfélaganna um 11–14% í kjölfarið.

Hér á landi kostaði dýrasti flugmiðinn á fullu verði um 30 þúsund krónur árið 2020 en var kominn í 58 þúsund krónur árið 2024. Jafnvel með 40% afslætti Loftbrúar greiddi farþeginn þá 35 þúsund krónur úr eigin vasa, eða meira en miðinn kostaði á fullu verði fjórum árum áður. Kerfið var farið að vinna gegn tilgangi sínum og niðurgreiðslan rann í auknum mæli í verðhækkanir í stað þess að lækka ferðakostnað íbúa á landsbyggðinni.



Bændablaðið kemur næst út 19. nóvember

Metframlag í Loftbrú – 800 milljónir króna

Með fastri krónutölu í stað prósentu stöðvum við verðbólguhvata og veitum verðlagningu í innanlandsflugi skynsamlegt aðhald. Þegar rök komu fram um að fyrsta tillagan um 7.000 króna afslátt gengi of nærri notendum hlustuðum við og bættum 200 milljónum króna við verkefnið á örfáum dögum. Árlegt heildarframlag verður því 800 milljónir króna sem er það hæsta frá upphafi.

Samkvæmt greiningu Austurbrúar tengjast um 71% ferða með Loftbrú heimsóknum til vina og ættingja, en næstalgengasta ástæðan er heilbrigðisþjónusta. Lífið gerir þó ekki alltaf boð á undan sér. Þegar kemur að veikindum er mikilvægt að muna að Loftbrú var aldrei hugsuð sem sjúkratryggingakerfi, enda njóta íbúar þegar ríkra réttinda hjá Sjúkratryggingum Íslands. Þegar fljúga þarf að læknisráði vegna nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu utan heimabyggðar greiðir sjúklingur aldrei meira en 1.500 krónur fyrir hverja ferð fram og til baka. Það gildir jafnt um almennar ferðir, ítrekaðar ferðir vegna alvarlegra veikinda og þegar fljúga þarf með stuttum fyrirvara vegna bráðatilvika. Í alvarlegustu tilvikunum tekur sjúkraflug við.

Breytingin á Loftbrú tekur gildi um áramótin og fylgst verður náið með framkvæmdinni til að meta árangurinn og hvernig kerfið kemur út fyrir mismunandi svæði. Samhliða er nú þegar til skoðunar í ráðuneytinu hvernig megi þróa Loftbrú enn frekar til framtíðar og sníða kerfið betur að daglegum þörfum íbúa.

Sókn í heilbrigðis-, orku-, mennta- og byggðamálum

Samhliða sókn í samgöngum er unnið að stórum verkefnum í öðrum ráðuneytum sem snúa beint að lífsgæðum á landsbyggðinni. Um 600 ný og endurbætt hjúkrunarrými verða tekin í notkun utan höfuðborgarsvæðisins fram til ársins 2030, framkvæmdir eru hafnar við nýja legudeild á Akureyri og undirbúningur að stækkun sjúkrahússins á Selfossi er langt kominn. Dreifikostnaður raforku í dreifbýli hefur verið lækkaður, flutningskerfi raforku á Norðurlandi eystra styrkt, unnið er að auknu orkuöryggi Vestfjarða og ráðist hefur verið í átak í uppbyggingu hleðslustöðva um land allt. Þá hefur uppbyggingu ofanflóðavarna verið flýtt og undirbúningur er hafinn að framkvæmdum við verknámsskóla í fjórum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Næsta stóra skrefið verður stigið í komandi viku þegar ég mæli fyrir nýrri byggðaáætlun 2027–2041 á Alþingi. Áætluninni fylgja 30 nýjar aðgerðir til næstu fimm ára og er gert ráð fyrir tæpum 4 milljörðum króna til hennar á tímabilinu, en alls rúmum 9 milljörðum til byggðamála. Meðal helstu áherslna má nefna:

- Loftbrú verður nú í fyrsta sinn fest í sessi sem formleg aðgerð í byggðaáætlun til að jafna aðstöðumun og styðja við búsetufrelsi. Ábyrgðaraðili er innviðaráðuneytið en framkvæmdaraðili er Vegagerðin í samstarfi við Byggðastofnun, ásamt flugrekendum og landshlutasamtökum.
- Hönnunarstaðlar Vegagerðarinnar verða endurskoðaðir með það að markmiði að flýta lagningu bundins slitlags á umferðarminni tengivegum á ódýrari og einfaldari hátt.
- Ráðist verður gegn markaðsbresti í húsnæðismálum í minni byggðarlögum.
- Óstaðbundnum störfum verður fjölgað með 340 milljóna króna framlagi og fylgt eftir markmiðum um að hið minnsta 65% stöðugilda hjá embættum sýslumanna verði á landsbyggðinni.
- Loks verður svokölluð byggðalinsa tekin í notkun við stefnumótun og lagasetningu sem tryggir að áhrif opinberra ákvarðana á ólík byggðarlög séu metin strax í upphafi ferlisins.

Verkin tala – landsbyggðin í forgangi

Þegar öllu er á botninn hvolft eru fjárfestingar á landsbyggðinni ekki sérhagsmunamál heldur þjóðarhagsmunamál. Öruggar samgöngur, öflugir innviðir og sterk sveitarfélög eru forsenda verðmætasköpunar og samkeppnishæfni Íslands.

Þegar horft er á stóru myndina fer ekki á milli mála hvar áherslan liggur. Á sama tíma og tekist er á um útfærslu á 800 milljóna króna metframlagi til Loftbrúar er ríkisstjórnin að verja 361 milljarði króna í samgöngumál á næstu fimm árum – um 100 milljörðum meira en fyrri stjórn áætlaði. Sá samanburður sýnir betur en nokkuð annað hver forgangsröðunin er.

Stjórnarflokkunum er umhugað um landsbyggðina. Þeir eiga sterka fulltrúa á Alþingi úr öllum landsbyggðarkjördæmunum og aðgerðir ríkisstjórnarinnar spegla það í hvívetna. Þótt við þurfum að sýna aðhald alls staðar í ríkisrekstrinum til að ná tökum á ríkisfjármálunum er engu að síður verið að forgangsraða fjármunum af miklum þunga til landsbyggðarinnar. Þar liggur okkar áhersla – í verki.

Höfundur er innviðaráðherra, og fer með byggðamál.









„Gagnaver Google rétt utan við bæinn Skien í Noregi, sker í sundur landbúnaðarsvæði og skóg á landareign Lövenskjold-aðalsættarinnar. Búið er að ryðja skóg og gjörbreyta ásýnd lands, rétt utan við þéttbýlið og einn fimmti hluti af gagnaverinu var tekinn í notkun í vikunni. Það þekur tvo ferkílómetra og einkavegir merktir Google only liggja að iðnaðarsvæðinu. Sé hin vinsæla mælieining fótboltavellir notuð, gætu þeir verið hátt á þriðja hundrað á svæði gagnaversins.“

Hvað þarf Ísland mörg gagnaver?



Björg Eva Erlendsdóttir.

Fréttir af veldisvexti gagnavera og vaxandi ásókn í náttúru nágrannalanda fyrir þá starfsemi berast smám saman til Íslands. Nýlegar skýrslur í Noregi og víðar sýna að ágóðinn af gagnaverum rennur að miklu leyti til tæknirisa erlendis og störf eru fá. Sveitarstjórnir renna þó enn hýru auga til uppbyggingar og telja óþarft að setja skorður við henni, eða spyrja um innihald. Gott er að hafa í huga að eitt gagnaver getur þurft virkjun á stærð við Vaðölduvindverið og þrjú gagnaver gætu þurft heila Kárahnjúkavirkjun. Eftirspurnin virðist óendanleg og orkunni er úthlutað eftir því hver býður fyrst og hæst. Draumur Viðskiptaráðs um orkuframleiðslu alls staðar er kannski ekki eins fjarlægur og við höfum lengst af talið

Google only

Gagnaver Google rétt utan við bæinn Skien í Noregi, sker í sundur landbúnaðarsvæði og skóg á landareign Lövenskjold-aðalsættarinnar. Búið er að ryðja skóg og gjörbreyta ásýnd lands, rétt utan við þéttbýlið og einn fimmti hluti af gagnaverinu var tekinn í notkun í vikunni. Það þekur tvo ferkílómetra og einkavegir merktir Google only liggja að iðnaðarsvæðinu. Sé hin vinsæla mælieining fótboltavellir notuð, gætu þeir verið hátt á þriðja hundrað á svæði gagnaversins. Þrjú önnur gagnaver bíða afgreiðslu í Þelamerkurfylki og umsóknir um meðfylgjandi vindorkuver, sem taka enn meira pláss, bíða líka. Andstaðan við vindorkuverin er enn víðtækari og vaxandi. Talað er um að 50 til 80 vindmyllur plús vatnsafl þurfi fyrir hvert gagnaver af Google stærðinni.

> Tillaga um tímabundna neyðarstöðvun á uppbyggingu gagnavera í Noregi kom fram á norska Stórþinginu og hlaut stuðning fjögurra flokka, en náði ekki í gegn.

Chosen by Google

Tillaga um tímabundna neyðarstöðvun á uppbyggingu gagnavera í Noregi kom fram á norska Stórþinginu og hlaut stuðning fjögurra flokka, en náði ekki í gegn. Í Noregi vilja þó allir flokkar núorðið stöðva stjórnlausa uppbyggingu gagnavera. Stór stéttarfélög bætast líka í hópinn og krefjast þess að orkusölu til nýrra gagnavera verði hætt, uppbyggingin sé farin að ryðja burt öðrum atvinnugreinum, skaða almenning, hækka orkuverð og bitna á orkuskiptum. Ríkisstjórnin vill ekki ganga svo langt en opnar á samstarf um að hægja á og setja strangari reglur. Allir flokkar telja nú að byggt sé í þágu of fárra, landnotkun sé of mikil, umhverfisáhrif víðtæk, orkunotkun gríðarleg, innihald og eignarhald óljóst og sérstök lög um gagnaver þurfi til. Sveitarstjórnir mótmæla margar inngripi, því þótt almenningur hafi áhyggjur, sjá þær fjárstreymi í kassann. Chosen by Google, auglýsti bæjarstjórn Skien, með stolti gagnvart íbúum. En áhyggjur af afleiðingunum vaxa samt með hverjum degi, enda kalla gagnaverin á orkuframleiðslu sem líkist engu sem sést hefur áður.

Gagnrýni berst seint til jákvæða Íslands

Sprenging í uppbyggingu gagnavera í heiminum hefur leitt af sér andstöðu og gagnrýnar spurningar víða um heim á síðustu mánuðum. Mótmælt er í fjölda landa, undirskriftarlistar ganga í Bandaríkjunum, og í Evrópu hefur snarhægt á uppbyggingunni, vegna neikvæðra áhrifa og vaxandi andstöðu. Fréttir af álitaefnum tengdum gagnaversiðnaðinum hafa borist furðu hægt og treglega til Íslands. Hér er enn að mestu talað um gagnaver eins og frábærar framfarir og tækifæri í hverri byggð. Í Finnlandi er hafin glæparannsókn á athæfi Google sem ruddi burt 400.000 trjám, án þess að bíða eftir leyfum. Hraðinn er mikill og stóru tæknirisarnir eru ekki nákvæmir með að fara eftir lögum og reglugerðum. Við skoðun norska vinnueftirlitsins fundust 143 brot gegn lögum og reglugerðum á uppbyggingartíma Google-gagnaversins í Skien.





Framkvæmdir eru hafnar fyrir gagnaver Google í Skien.

Gagnaver eru allt, en hvað með okkur?

Þótt gagnaver séu nauðsyn á þriðja tug 21. aldar hlýtur einhvers staðar að þurfa að staldra við. Þótt þau geymi gervigreindina, fjármálakerfi, heilbrigðisgagnagrunna, búvísindi, geimvísindi og hernaðarkerfi, rafmyntir, samfélagsmiðla, afþreyingu, falsanir, upplýsinga-óreiðu, klám og allt okkar rafræna hliðarsjálf, er að fleiru að hyggja. Stafræna sjálfið er kannski komið fram úr líkamlegu sjálfi okkar. Gagnaver ógna lífinu með því að ógna náttúrunni í stjórnlausum vexti. Þau eru landfrekar orkusugur, mengandi stóriðja, öryggisógn í átökum, hafa ruðningsáhrif og hækka orkuverð. Gagnaver eru ekki orkuskiptin, sem stjórnmálin segjast forgangsraða, en geta þvert á móti notað alla þá orku sem annars ætti að fara í orkuskiptin, á örskömmum tíma.

Viðskiptaráð eða óráð

Nýjar skýrslur í Noregi sýna að hagnaðurinn af gagnaverum rennur að langmestu leyti úr landi til erlendra tæknirisa. Aðeins lítinn hluta þeirra 113 gagnavera sem þegar eru risin í Noregi, þyrfti til að tryggja stafrænt sjálfstæði og geymslu samfélagslega mikilvægra gagna sem hver þjóð þarf á að halda. Samt eru 116 gagnaver í orkubiðröðinni. Boðað hefur verið til opins fundar í Skien, með yfirskriftinni: „Hvað þurfum við mörg gagnaver?“ Sú spurning ómar nú víða um lönd. Og það er bara tímaspursmál, þar til Norðmenn og margar fleiri þjóðir segja STOPP á gagnaver sem vilja velja sér stað til uppbyggingar. Væri NEI nágrannalanda tækifæri fyrir Ísland? Fyrir gagnaver í hverja sveit. Er málið að virkja allt sem virkjanlegt er á Íslandi, Geysi, Dettifoss og Landmannalaugar og reisa vindorkuver á hverri fjallsbrún, eins og Viðskiptaráð leggur til? Eða er það kannski hið mesta óráð?

Höfundur er framkvæmdastjóri Landverndar.









Ef við værum Kjarval, væri þá hlustað?



Jóna Hlíf Halldórsdóttir.

Jóhannes S. Kjarval hafði vinnustofur á ólíkum stöðum á sínum langa myndlistarferli. Meðal annars starfaði hann í Austurstræti 12 og Sigtúni 7 og hafði vinnuaðstöðu í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar yfir sumartímann í um tvo áratugi. Hann nýtti sér líka íslenska náttúru sem vinnustofu og málaði víða um land. Við njótum enn í dag ómetanlegrar arfleifðar hans, en að baki verkunum lágu áratuga vinna og tími til að skapa.

Vinnustofan er mikilvægt rými fyrir listamanninn. Þar gefst svigrúm til að vinna með hugmyndir, gera tilraunir, leyfa þeim að þróast og jafnvel gefa sér tíma til að leiðast, sem getur verið mikilvæg forsenda skapandi hugsunar. Starfið fylgir þó ekki alltaf hefðbundnum vinnutíma. Margir myndlistarmenn sinna annarri vinnu meðfram listsköpuninni og vinna því á kvöldin, um helgar eða í skorpum þegar tími og aðstæður leyfa. Það sem skiptir mestu máli er að hafa fastan samastað, geta komið og farið eftir aðstæðum og haldið áfram vinnunni þar sem frá var horfið.

Vinnustofan er jafnframt rými fyrir efnivið, verkfæri og listaverk sem safnast upp á löngum myndlistarferli. Ekki seljast öll listaverk, en það þýðir ekki að þau séu ekki mikilvæg. Sum marka tímamót á ferlinum, önnur fá nýtt hlutverk með tímanum og enn önnur eru hluti af vinnuferli sem ekki er lokið. Myndlistarfólk þarf því ekki aðeins vinnurými heldur einnig geymslu. Hvort tveggja eru grundvallarforsendur listsköpunar.

Leigukostnaður við vinnustofur og geymslur getur verið mjög kostnaðarsamur fyrir myndlistarfólk, enda eru tekjur þess almennt lágar á sama tíma og húsnæðis- og annar rekstrarkostnaður hefur hækkað verulega. Margir hafa einfaldlega ekki efni á vinnustofu á almennum leigumarkaði. Leigusamningar eru oft ótryggir, til skamms tíma eða háðir óvissu um endurnýjun. Listafólk hefur því litla tryggingu fyrir áframhaldandi aðgangi að húsnæðinu, sem gerir því erfitt að byggja upp starfsemi og tryggja sér stöðugt vinnurými.



Húsnæðið við Skipholt 37 hefur hýst vinnustofur listamanna síðan í nóvember í fyrra, en nú stendur yfir fyrirhuguð sala hússins. Mynd / Aðsend

Það er jafnframt þekkt að fasteignaeigendur nýti sér starfsemi listafólks til að halda húsnæði í notkun á meðan það bíður sölu eða annarrar uppbyggingar. Listafólk neyðist oft til að gera skammtímaleigusamninga án tryggingar fyrir áframhaldandi afnotum, þótt starfsemin geti nýst eigendum og jafnvel aukið verðmæti eignanna. Það er óeðlilegt að listafólk beri sjálft kostnaðinn og áhættuna af þessari óvissu. Tryggja þarf aðgang að heilnæmu, öruggu og viðráðanlegu vinnustofuhúsnæði með langtímasamningum.

Skipholt 37 – varanlegt rými fyrir listafólk

Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) hefur um árabil kallað eftir samstarfi við ríkið um að tryggja myndlistarfólki vinnustofur með langtímaleigusamningum. Það var því mikið fagnaðarefni þegar samningur náðist um uppbyggingu og rekstur vinnustofuhúsnæðis í Skipholti 37. Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið veitti SÍM rekstrarstyrk og styrk til stofnkostnaðar til þriggja ára, samtals 97,5 milljónir króna. Samningurinn gaf myndlistarfólki von um öruggari starfsaðstöðu og uppbyggingu til framtíðar.

Listamenn fengu fyrst aðsetur og afhendingu á húsnæðinu í nóvember 2025, eftir að SÍM hafði kynnt húsið um haustið og lokið umsóknarferli fyrir félagsmenn.

Margir þeirra sem fluttu inn höfðu lengi búið við óviðunandi húsnæðisaðstæður og vonuðust eftir heilnæmari og öruggari vinnustofum. Fyrstu mánuðirnir í Skipholti einkenndust þó af framkvæmdum, röskun og tímabundnum lokunum vegna athugasemda eldvarnareftirlitsins. Sumir listamenn komust ekki inn í vinnustofur sínar mánuðum saman.

Þegar starfsemin virtist loks vera að komast í eðlilegt horf kom tilkynning um að húsið hefði verið sett á sölu og leigusamningum sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara. Um 44 myndlistarmenn höfðu komið sér upp vinnustofum í húsinu og þurfa nú að finna sér nýja starfsaðstöðu. Þetta er mikið áfall, bæði vegna kostnaðar og fyrirhafnar við flutninga og þeirrar óvissu sem fylgir því að vita ekki hvar hægt verður að starfa næstu misseri.

Ábyrgð ríkisins á menningarlegum innviðum

Eflaust spyrja margir sig hvers vegna ríkið eigi að koma að uppbyggingu og tryggingu vinnustofuhúsnæðis fyrir myndlistarfólk. Svarið er einfalt: Vinnustofur eru grundvallarinnviðir myndlistar, rétt eins og listasöfn, sýningarrými og aðrar menningarstofnanir. Án viðeigandi aðstöðu verður myndlistin fátækari, bæði að umfangi og fjölbreytni. Vinnustofur eru því ekki aðeins mikilvægar fyrir listafólkið sjálft heldur allt samfélagið.

Ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á að efla íslenska myndlistarmenningu og styrkja starfsumhverfi myndlistarfólks kemur skýrt fram í samþykktri myndlistarstefnu Alþingis til ársins 2030. Á Norðurlöndunum er jafnframt víða litið á aðgang að vinnustofum sem hluta af opinberri menningarstefnu og ábyrgð hins opinbera á starfsumhverfi listafólks.

Niðurstöður könnunar SÍM meðal fagmenntaðs myndlistarfólks árið 2025 sýna að þrátt fyrir mikið vinnuframlag eru tekjur af myndlist aðeins lítill hluti af heildartekjum þess. Meirihluti myndlistarfólks ver 30 til 50 klukkustundum á viku, eða meira, í listsköpun og tengda umsýslu, en þarf jafnframt að treysta á önnur störf til að ná endum saman. Þar sem möguleikar á styrkjum eru takmarkaðir og leiguverð á almennum atvinnuhúsnæðismarkaði mörgum myndlistarmönnum um megn er mikilvægt að hið opinbera komi að uppbyggingu og tryggingu vinnustofuhúsnæðis á viðráðanlegu verði. Þannig má skapa listafólki raunhæf skilyrði til listsköpunar.

Skipholt 37 er eign ríkisins og þar gefst stjórnvöldum tækifæri til að fylgja eigin stefnu eftir í verki. Í stað þess að selja húsið ætti ríkið að fjárfesta í nauðsynlegum endurbótum og gera langtímasamning við SÍM. Með því væri ekki aðeins verið að tryggja myndlistarfólki starfsaðstöðu heldur einnig að fjárfesta í framtíð íslenskrar myndlistar og menningarlífs.

Þegar rýmin hverfa

Samhliða óvissunni um framtíð Skipholts 37 hefur aðgengi listafólks að húsnæði einnig verið skert hjá Reykjavíkurborg. Borgin hefur sagt upp 15 leigusamningum um rými sem nýtt hafa verið fyrir listafólk, menningarstarfsemi og skapandi greinar. Þegar bæði ríki og sveitarfélög draga úr aðstöðu til listsköpunar þrengist verulega að starfsumhverfi listafólks. Þetta eru ekki ótengd mál heldur hluti af stærri þróun þar sem rými fyrir listsköpun og menningarstarfsemi eru að hverfa.

Þessi þróun er varhugaverð og hefur ekki aðeins áhrif á starfsskilyrði myndlistarfólks heldur allt menningarlífið. Það er skammsýni að líta á fjárfestingu í menningu sem útgjöld sem megi skera niður þegar þrengir að. Verðmæti frumsköpunar verða ekki aðeins mæld í krónum og aurum. Menning og listir stuðla að auknum lífsgæðum, vellíðan og samheldni, efla gagnrýna hugsun og styrkja lýðræðið.

Ein mikilvægasta fjárfesting sem ríkið og sveitarfélög geta ráðist í er að tryggja listafólki rými og tíma til að skapa. Það dugar ekki að tala um mikilvægi lista og menningar, setja sér metnaðarfulla stefnu og fagna árangri íslensks listafólks á alþjóðavettvangi ef fólkið sem skapar listina hefur ekki viðunandi starfsaðstæður.

Við þurfum að hugsa lengra en til næsta fjárhagsárs og líta á vinnustofur og menningarhúsnæði sem mikilvæga innviði til framtíðar. Þegar slík rými hverfa er ekki auðvelt að byggja þau upp aftur. Það tekur tíma að skapa aðstæður, byggja upp samfélag og þróa starfsemi.

Það er ekki sanngjarnt að menningarstarfsemi byggist að stórum hluta á lágum tekjum, ólaunaðri vinnu og persónulegri fjárhagslegri áhættu listafólks. Ef hallalaus fjármál eru forsenda sjálfbærs rekstrar hjá ríkinu ættu sömu sjónarmið ekki síður að gilda um listafólk. Það vill, rétt eins og aðrir, geta staðið undir kostnaði við starfsemi sína, rekið hana hallalaust og séð sér og fjölskyldu sinni farborða. Ríkið hefur safnað upp verulegri innviðaskuld gagnvart listafólki. Nú er kominn tími til að greiða hana niður með markvissri fjárfestingu í starfsumhverfi listafólks.

Þegar menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, sem fer með menningarmálin, og fjármála- og efnahagsráðherra, sem fer með eignir ríkisins, tala ekki saman og samræma ekki stefnu sína og aðgerðir, fer ekki saman hljóð og mynd.

Listafólkið sem leigir vinnustofur í Skipholti 37 skorar því á ríkisstjórnina að samræma stefnu sína, vinna markvisst að lausnum og tryggja að Skipholt 37 verði áfram rými fyrir listsköpun. Með því getið þið tryggt framtíð íslenskrar frumsköpunar og um leið heiðrað arfleifð Kjarvals með því að tryggja listafólki rými og aðstæður til að skapa.

Höfundur er forseti Bandalags íslenskra listamanna.



Mótaðu framtíð skýrsluhaldskerfanna með okkur

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) vinnur að endurhönnun skýrsluhaldskerfanna og óskar nú eftir bændum og búfjáreigendum í rýnihópa fyrir Huppu, Heiðrúnu og Fjárvís til að hafa áhrif á þróun þeirra.

Skýrsluhaldskerfin geyma verðmætar upplýsingar sem styðja við ræktunarstarf og búrekstur um land allt. Með endurhönnun þeirra er markmiðið að einfalda dagleg störf, auðvelda notkun í farsímum og veita bændum skýrari yfirsýn til ákvarðanatöku á eigin búum.

Þarfir bænda í forgrunni

Árið 2025 lét RML vinna greiningu á gagnalandslagi landbúnaðarins og hvernig gögn og skýrsluhaldskerfi geti nýst bændum betur. Viðtöl við bændur og notendakannanir hafa gefið skýra stefnu fyrir framhaldið: einfaldari vinnubrögð, hraðari kerfi, aðgengilegar lykiltölur og betra samspil upplýsinga milli kerfa.

Þessar áherslur verða leiðarljós við endurhönnun kerfanna, þar sem bæði útlit, uppbygging og vinnuferlar verða tekin til endurskoðunar.

Vinnan er hafin

Undanfarið ár hefur farið fram umfangsmikil undirbúningsvinna við að samræma virkni og útlit kerfanna. Ný Heiðrún fór í loftið í sumar, unnið er að því að færa Huppu í nýtt umhverfi



Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.



Christina Mai.

og undirbúningur að endurforritun Fjárvís er að hefjast. Samhliða er unnið að samræmingu kerfanna og Jörð mun brátt birtast í nýju útliti.

Þróun nýs WorldFengs er einnig hafin, en auglýst verður sérstaklega eftir alþjóðlegum rýnihópi fyrir hann síðar.

Vilt þú taka þátt?

Til að kerfin nýtist sem best viljum við móta þau í samráði við notendur. Hvað myndi spara þér tíma? Hvaða upplýsingar þarftu að hafa við höndina? Hvaða skráningar mætti einfalda?

Nú þegar eru starfandi rýnihópar fyrir Heiðrúnu og Huppu og hefur framlag þátttakenda verið dýrmætt fyrir þróunina. Við viljum byggja áfram á því samstarfi og bjóða fleiri þátttakendur velkomna í þá hópa, auk þess að stofna rýnihóp fyrir Fjárvís.

Stefnt er að 8–12 þátttakendum í hverjum hópi. Við leitum að bændum og búfjáreigendum með ólíkan bakgrunn og mismikla reynslu af kerfunum. Ekki þarf sérstaka tölvuþekkingu – reynsla þín úr daglegum störfum er það sem skiptir máli.

Áhugasamir geta skráð sig í gegnum QR kóðann sem hér fylgir eða í gegnum heimasíðu RML.

Við hlökkum til að móta næstu skref með ykkur.

Gunnfríður Elín er verkefnastjóri Þróunar og verkefnastofu og Christina er sérfræðingur í hugbúnaðarþróun hjá RML.









Bændablaðið
www.bbl.is

Afurðasemi er engin tilviljun

– Leggjum grunninn að afurðaárinu 2027



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Góður árangur í sauðfjárrækt byggist á mörgum samverkandi þáttum og markvissri bústjórn allt árið um kring. Nú þegar fengitíminn nálgast er kjörið tækifæri til að huga að þeim þáttum sem geta stuðlað að aukinni frjósemi og fleiri vænum lömbum á næsta afurðaári. Á komandi vikum leggjum við mikilvægan grunn að lambafjölda næsta vors og þar með afurðum næsta hausts.

Þótt við höfum lítil áhrif á hækkandi aðfangaverð og önnur ytri skilyrði, sem breytast ört um þessar mundir, getum við sjálf haft veruleg áhrif á holdafar, fóðrun og heilbrigði hjarðarinnar. Þegar þrengir að í rekstri og hver króna skiptir máli er því ekki síður mikilvægt að átta sig á hvar skynsamlegt er að kosta til en hvar hægt er að spara. Réttar ákvarðanir á réttum tíma geta skilað sér í auknum afurðum og bættri afkomu.

Afurðasemi skiptir máli fyrir afkomuna

Í skýrslu RML um rekstur sauðfjárbúa 2022–2024, sem byggir meðal annars á gögnum frá 199 búum árið 2024, kemur fram að framlegð á vetrarfóðraða kind var um 20.995 krónur hjá afurðaminnstu búunum en 41.340 krónur hjá þeim afurðamestu. Afurðamestu búin skiluðu fleiri lömbum til nytja og meiri fallþunga, lögðu meira upp úr endurræktun túna, áburðarnotkun og ræktunarstarfi, en voru þó ekki með hærri breytilegan kostnað á kind. Það undirstrikar mikilvægi þess að nýta aðföngin vel, fremur en að einblína á lægsta mögulega kostnað.

Holdafar og fóðrun fyrir fengitíma

Holdafar hefur áhrif á egglos og frjósemi. Því er rétt að holdastiga ærnar tímanlega, flokka þær sem eru rýrar og haga fóðrun eftir þörfum. Holdastig um 3–3,5 á fimm stiga kvarða getur verið gagnlegt viðmið fyrir fullorðnar ær. Sérstakt fengieldi getur bætt egglos, einkum hjá ám í rýrum eða miðlungs holdum. Það er ekki ástæða til að gefa öllum ám meira af handahófi: heyefnagreining, át og holdafar eiga að ráða ferðinni.

Fyrstu vikur meðgöngu skipta einnig máli. Forðast þarf snöggar fóðurbreytingar, verulegan næringarskort og óþarfa álag meðan fósturvísar þroskast og taka sér bólfestu. Ávinningur af góðum undirbúningi getur farið forgörðum ef næringarástandið versnar strax eftir fang.



„Þótt við höfum lítil áhrif á hækkandi aðfangaverð og önnur ytri skilyrði, sem breytast ört um þessar mundir, getum við sjálf haft veruleg áhrif á holdafar, fóðrun og heilbrigði hjarðarinnar.“ Mynd / smh

Snefilefni – vitum við nóg um það sem er í heyinu?

Í nýlegri grein í breska tímaritinu Sheep Farmer er sérstaklega fjallað um mikilvægi fjögurra snefilefna fyrir frjósemi sauðfjár: joðs, selens, kóbalts og kopars.

Joð er nauðsynlegt fyrir starfsemi skjaldkirtils og eðlilegan fósturþroska. Selen gegnir mikilvægu hlutverki í andoxunarvörnum og ónæmiskerfi, auk þess að tengjast æxlunarheilbrigði. Kóbalt er nauðsynlegt fyrir örverur vambarinnar til að mynda B12-vítamín og skortur getur meðal annars haft áhrif á vöxt og næringarnýtingu. Kopar kemur við sögu í fjölmörgum efnaskiptaferlum, en sauðfé er jafnframt mjög viðkvæmt fyrir kopareitrun.

Það sem vekur athygli við þessa umfjöllun er hversu takmarkaðar upplýsingar við höfum almennt um innihald þessara snefilefna í íslensku heyi. Við höfum á undanförnum árum byggt upp góða þekkingu á orkugildi, próteininnihaldi og ýmsum öðrum þáttum í heyjum, en snefilefnin hafa ekki fengið sambærilega athygli í almennum heyefnagreiningum líklega vegna þess að greining þeirra kostar aukalega.

Það er líka rétt að hafa í huga að magn snefilefna í heyinu segir ekki alla söguna. Nýting þeirra getur verið breytileg og samspil einstakra steinefna haft áhrif á hversu vel þau nýtast gripunum. Því þarf að túlka niðurstöður heyefnagreininga í samhengi við heildarfóðrun og í einhverjum tilvikum þyrfti að taka sýni úr gripum til að skoða.

Við ættum að mínu mati að leggja meiri áherslu á rannsóknir á snefilefnainnihaldi íslensks gróffóðurs. Betri þekking á þessum þáttum gæti hjálpað okkur að fóðra markvissar, forðast óþarfa kostnað og jafnframt tryggja að raunverulegur skortur standi ekki í vegi fyrir eðlilegri frjósemi og afurðasemi.

Ekki gleyma hrútunum

Einn hrútur með skerta frjósemi getur haft mikil áhrif. Sæðisframleiðsla tekur margar vikur og því þarf að yfirfara holdafar, klaufir, hreyfigetu og eistu með góðum fyrirvara. Veikindi og hiti geta haft áhrif á sæðisgæði síðar.

Á búi með 400 vetrarfóðraðar ær þýðir aukning um 0,05 fædd lömb á á 20 fleiri lömb, en aukning um 0,10 skilar 40 lömbum til viðbótar. Miðað við 17 kg meðalfallþunga, 1.125 króna afurðaverð og 320 króna gæðastýringarálag á kíló gætu 20 viðbótarlömb skilað tæplega hálfri milljón króna í auknar tekjur og 40 lömb nærri einni milljón. Auðvitað skila ekki öll fædd lömb sér til slátrunar og aukinn lambafjöldi getur kallað á meiri vinnu og kostnað. Dæmið sýnir þó vel hversu miklu tiltölulega lítil aukning í frjósemi getur skipt fyrir tekjumöguleika búsins. Markmiðið er enda ekki aðeins að fá fleiri lömb fædd, heldur að sem flest þeirra verði heilbrigð og væn lömb sem skila sér til nytja.

Nýtum tækifærin – uppskeran hefst með góðum undirbúningi

Þótt rekstrarumhverfi sauðfjárræktarinnar sé krefjandi megum við ekki missa sjónar á þeim tækifærum sem felast í góðri búmennsku. Við búum yfir þekkingu, reynslu og öflugum verkfærum á borð við holdastigun, heyefnagreiningar, skýrsluhald og faglega ráðgjöf. Með því að nýta þau markvisst getum við lagt grunn að meiri afurðum og bættri afkomu.

Nú er rétti tíminn til að huga að fóðruninni, yfirfara hrútana og sinna sérstaklega þeim ám sem þurfa á aukinni umönnun að halda. Það þarf ekki alltaf stórar breytingar til að ná árangri, en réttar ákvarðanir á réttum tíma geta skipt sköpum.

Við þurfum vissulega að gæta að hverri krónu, en um leið að hafa kjark til að fjárfesta þar sem það getur skilað okkur auknum afurðum.

Góður árangur að hausti verður ekki til af sjálfu sér. Grunnurinn er lagður löngu fyrr, með útsjónarsemi, þekkingu og góðri búmennsku. Því eins og sagt er: Þeir uppskera sem til sá.

Heimildir: RML (2026). Rekstur sauðfjárbúa 2022–2024, lokaskýrsla. https://www.rml.is/static/files/RML_Rekstur/2026/rekstur-saudfjarbua-2024-lokaskyrsla.pdf

Noblett, E. (2026). „Key considerations for a successful tupping and early pregnancy“. Sheep Farmer, október/nóvember 2026, bls. 30–31.

Höfundur er formaður deildar sauðfjárbænda innan BÍ og ráðunautur hjá RML.

HVAR LIGGJA TÆKIFÆRI Á ÞÍNU BÚI?

Loftslagsvænn landbúnaður auglýsir eftir nýjum þátttakendum

Taktu þátt í skemmtilegu verkefni og fáðu ráðgjöf og stuðning við að:

- **RÝNA** búreksturinn
- **BÆTA** nýtingu aðfanga
- **GREINA** tækifæri
- **GERA** raunhæfa áætlun fyrir þitt bú

Hagkvæmari búrekstur og minni loftslagsáhrif fara oft saman.

LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR
RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Land og skógur

OPIÐ FYRIR ALLAR BÚGREINAR
Hægt er að sækja um þátttöku með skráningarhnappi á heimasíðu RML
loftslagsvaennlandbunadur.is
sts@rml.is | 516 5078

Ræða við opnun Landbúnaðarsýningarinnar

Drottinn, sem veitir frægð og heill til forna,
farsæld og manndáð, vek oss endurborna.
Strjúk oss af augum nótt og harm þess horfna,
hniginnar aldar tárin láttu þorna.

Dagur er risinn, öld af öld er borin,
aldarsól ný er send að skapa vorin
Árdegið kallar, áfram liggja sporin.
Enn er ei vorri framtíð stakkur skorinn.


Guðni Ágústsson.

Herhvöt Hannesar Hafstein, fyrsta ráðherra Íslands, í ljóði sínu Aldamótin er enn í fullu gildi. „Enn er ei vorri framtíð stakkur skorinn.“ Íslendingar höfnuðu því afdráttarlaust að selja fullveldi lands vors og sjálfdæmi í annarra hendur. Við ráðum okkar auðlindum sjálf, hafinu bláa og landinu græna. Og nú er ekkert annað en að bretta upp ermar, byggja upp og rækta og minnast þess að við eigum einn besta landbúnað heimsins. Fjölskyldubúin með alúð bændanna sem færa neytendum heilbrigðustu og hollustu landbúnaðarvörur í heimi inn á eldhúsborð hvern dag.

Landbúnaðarsýningin heillar þjóðina

En hugsið ykkur hvað þessi Landbúnaðarsýning er sterk áminning um áhuga þjóðarinnar á framförum og nýjungum í íslenskum landbúnaði. Hingað koma um 60 þúsund manns á fjögurra ára fresti sem þykir vænt um landbúnaðinn sinn, bændurna, búpeninginn og sveitirnar með bleika akra og slegin tún. Þarna er ekki bara lagður grunnur að fæðuöryggi þjóðarinnar heldur líka heilnæmi matvörunnar. Til viðbótar leika grösugar sveitir landsins án nokkurs vafa stórt hlutverk í ferðaiðnaði þjóðarinnar. Án þeirra væri akasturinn á milli áfangastaðanna ábyggilega nöturlegur.

Skjöldóttar kýr, besti hestur heimsins og lagðprútt sauðfé í haganum á beit. Lambið fæðist úti í guðsgrænni náttúrunni á vorin, drekkur móðurmjólkina, teygar vatn úr lækjum og lindum, bítur gras við jökulrönd sem sprettur undan sól og regni. Svo sækir fjallsmalinn lambið inn á öræfin á besta hesti heimsins. Og lambið deyr fyrir mig og þig. Og er guðslambið sjálft. Hver er ekki sveitamaður í göngum og réttum á haustin?

Bændurnir eru landverðir Íslands

Sveitirnar eru á ábyrgð bændanna. Þeir eru landverðir þjóðarinnar. Tónninn var gefinn af landnámshetjunum. Í grunninn voru þeir Njáll og Gunnar á Hlíðarenda, Hildigunnur Starkaðardóttir, Snorri Sturluson og aðrir garpar Íslendingasagnanna bændur. Hinn spakvitri Njáll var ekki eingöngu með djúpstæða þekkingu í lögum heldur líka landbúnaði. Hann fór á undan sinni samtíð og þoldi eflaust víða bæði glott og grín fyrir að bera skarna á tún sín til þess að örva sprettuna. Hallgerði langbrók þótti honum hollara að bera skítinn á kjálka sína til þess að örva skeggvöxtinn sem enginn var.

Þannig voru bændur til forna, rétt eins og í dag, í stöðugri leit að framförum. Síðustu áratugina hafa þær verið stórstígar. Um það ber þessi sýning fagurt vitni. Nánast á hverjum fermetra sjáum við nýjungar sem spara bændum sporin, létta þeim líkamlegt erfiði, efla framfarir hvers kyns ræktunar og bæta aðbúnað með ýmsum hætti.

Byggja verður fjós og fjárhús

Þetta eru lykilatriði fyrir nýliðun í bændastéttinni. Ég er ekki einungis að hugsa um betri tækjabúnað og aukna þekkingu. Ég er upptekinn af þeirri hættulegu staðreynd að húsakosturinn, fjósin og fjárhúsin, eru fyrir löngu farin að úreldast. Svigrúmið til fjárfestinga er í lágmarki, skilningur stjórnvalda við frostmark. Við verðum að byggja ný fjós um allt land – svona eins og gert hefur verið á skagfirska efnahagssvæðinu þar sem vel er stutt við bak bænda. Við verðum einnig að hrinda í gang byggingum nýrra fjárhúsa. Í senn þarf að huga að nútímalegri vinnuaðstöðu bændanna og vellíðan búpeningsins. Þessar fjárfestingar þola enga bið.

Ég skora á bændaforystuna og ríkisstjórnina, iðnaðinn og atvinnulífið að gyrða sig í brók. Frændur okkar í Noregi eru góð fyrirmynd en þar tóku stjórnvöld þá einföldu ákvörðun að halda landinu í byggð og efla landbúnaðinn með öllum tiltækum ráðum.

En hvað ætlum við að gera á allra næstu árum? Ætlum við að fljóta sofandi að feigðarósi eða snúa vörn í sókn? Vakna af þessum væra blundi, hrekja af okkur lamandi hönd skilningsleysis og fylkja liði að baki íslenskum landbúnaði? UPP MEÐ LANDBÚNAÐINN. UPP MEÐ NJÁLU!

Hannes Hafstein missti aldrei móðinn og heldur áfram í aldamótaljóði sínu:

Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa,
sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,
menningin vex í lundi nýrra skóga.

Starfið er margt, en eitt er bræðra bandið,
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er: Að elska, byggja og treysta á landið.

Höfundur er fyrrverandi landbúnaðarráðherra.









HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag

Umhverfismat framkvæmda
Matsáætlun í kynningu

Endurnýtingarstöð fyrir lífrænan úrgang, vestan Þorlákshafnar

First Water hefur lagt fram matsáætlun til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar vegna umhverfismats endurnýtingarstöðvar fyrir lífrænan úrgang, vestan Þorlákshafnar.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg í Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is. Beinn aðgangur á málið er https://skipulagsgatt.is/issues/2026/1239.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og birt umsögn sína í Skipulagsgátt. Síðasti dagur til að skila umsögn er **24. nóvember 2026.**

Sagnaþáttur:

Hafmeyjan og sólskríkjan


Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Gamli bærinn á Hlíðarenda í kringum aldamótin 1900. Mynd / Cornell University Library

Laugardaginn 29. mars 1947 hófst gos í Heklu eftir rétt rúmlega aldarlangt eldsumbrotahlé. Firnin öll komu upp af vikri og ösku í blábyrjun sem fékk jarðvísindamenn til að velta vöngum yfir hvort öskumagnið í Heklu aukist eftir því sem lengra líður milli gosa. Kunnar eru myndir af þessum fyrstu gosstundum. Þær sýna voldugan öskumökk teygja sig til himins. Lengi voru í notkun frímerki, gefin út í nóvember árið 1948, sem sýna fjallið og mökkinn. Heita má að hvert mannsbarn á Íslandi um 1950 hafi vitað upp á hár hvernig Heklugosið leit út á fyrstu dögum þess því brúnu 50 aura Heklufrímerkin voru á flestum umslögum þessara ára.

Askan dreifðist til suðurs og austurs en ójafnt þó. Samkvæmt gosdagbók Jóhanns G. Guðnasonar, bónda í Vatnahjáleigu í Austur-Landeyjum, var öskufall þar niður frá lítið þótt vel sæist að öðru leyti til eldsins. Jóhann segir að í Landeyjum hafi aðeins lítilræði fallið af vikri en eitthvað af ösku og hafi öskulagið verið rétt um einn og hálfur millimetri. Drunurnar hafi hins vegar stundum verið svo miklar að rúður hafi titrað. Aska steig svo áfram úr gígunum næstu vikur. Segist Jóhann að á stundum hafi hann ekki séð til fjallsins fyrir gosmekkinum sem og mistri frá Fljótshlíðarheiðum, ösku sem vindar feyktu til. Því var nefnilega þannig farið að í innanverðri Fljótshlíð lagðist yfir þykkt vikur- og öskulag þegar gosið hófst. Sjónarvottar lýsa því að vart hafi sést þar í ljósan díl og margir örvæntu um hvort nokkuð myndi spretta þá um vorið eða hvort búsmali kæmist á beit. En fólk tók til hendinni, ræktaði upp öskuborin tún og rakaði hroðanum saman og á endanum hrökk það til að hægt var að láta út kýr og heyja.

Nokkrir lögðu þó árar í bát. Á Nikulásarhúsum í Fljótshlíð fannst þeim Auðuni Pálssyni og Soffíu Gísladóttir útlitið dimmt og fluttust burt úr sveitinni og að Bakka í Ölfusi. Með þeim fóru líka foreldrar Auðuns, Páll Auðunsson og Sigríður Guðmundsdóttir, sem búið höfðu á Nikulásarhúsum frá því á fyrsta áratug tuttugustu aldar. Bæði höfðu þau Páll og Sigríður alið allan sinn aldur í Fljótshlíð og munu hafa saknað heimahaganna mjög þegar þau voru komin vestur. Sigríður var dóttir Guðmundar Guðmundssonar frá Nikulásarhúsum en hann lést þegar hún var rétt eins árs svo hún var tekin í fóstur og ólst upp á næsta bæ austan við Nikulásarhús, Hlíðarendakoti. Þegar fjölskyldan hraktist undan vikrinum sumarið 1947 lauk búskap á Nikulásarhúsum og jörðin fór í eyði. Sést nú ekki annað en þústir til bæjarhúsanna sem stóðu í brekkunni óskammt austan við Hlíðarendakirkju. Þaðan er gríðarfagurt útsýni í allar áttir, austur til Eyjafjallajökuls og inn í Þórsmörk sem og suður yfir Landeyjar og út til Vestmannaeyja. Frá fáum bæjum á Íslandi hefur verið jafn tignarlegt að horfa af hlaði.

Fögur æska

Síðla ágúst árið 1892 fæddist að Nikulásarhúsum Jónína Sæmundsdóttir, sem síðar tók sér listamannsheitið Nína Sæmundsson. Hún lærði höggmyndalist í Kaupmannahöfn, bjó um tíma í París en vann lengst að list sinni í Bandaríkjunum. Nína kom svo til Íslands aftur eftir seinna stríð, settist að í Reykjavík og lést þar árið 1965. Nýverið hefur frægð hennar risið að nýju. Verk hennar eru um þessar mundir sýnd á Listasafni Reykjanesbæjar, afsteypa af einu hennar helsta verki var fyrir skömmu sett upp á Hvolsvelli og nýlega var útvarpað þáttaröð um örlög Hafmeyjunnar, styttu Nínu sem sett var upp í Tjörninni í Reykjavík og síðan var sprengd í loft upp á nýársnótt árið 1960. Þegar komið er fram á tuttugustu og fyrstu öld virðist líf og starf þessarar listakonu okkur miklu nákomnara en margs þess íslenska myndlistarfólks sem mest var látið með á sinni tíð.

Nína var yngsta barn þeirra Þórunnar Gunnlaugsdóttur frá Lambalæk í Fljótshlíð og Sæmundar Guðmundssonar frá Nikulásarhúsum, bróður Guðmundar Guðmundssonar fyrrnefnds. Þau hjón höfðu búið á Nikulásarhúsum frá árinu 1883 og höfðu eignast fimmtán börn en tíu náðu fullorðinsárum. Þegar þau hættu búskap haustið 1907 og fluttu til Reykjavíkur varð úr að bróðurdóttirin, Sigríður, og Páll, eiginmaður hennar, tóku við jörðinni og þannig var hún áfram í ábúð þessa fólks.

Nína fór með foreldrum sínum suður en saknaði Fljótshlíðarinnar sárt og undi sér aldrei í Reykjavík. Það gerðu foreldrar hennar ekki heldur. Þau fluttu aftur austur í Fljótshlíð strax árið eftir að þau komu til Reykjavíkur og voru næstu árin í vinnumennsku á ýmsum bæjum.

Í viðtali sem Matthías Þórðarson þjóðminjavörður tók við Nínu árið 1918 segir hún frá æsku sinni á Nikulásarhúsum og hve landið og ljósið hafi mótað sig. Tímunum saman hafi hún setið á steini og horft á skýin og „dreymt vakandi drauma“. Hún hafi setið yfir ám og smalað eins og önnur sveitabörn á þeirri tíð og ferðir hennar upp í heiðina hafi kennt henni að „elska fjöllin og allt sem þau geymdu í skauti sínu“. Fljótshlíðarinnar minnist hún sem töfralands. Þar hafi ímyndunaraflið skapað heila veröld með henni hið innra og sem hún síðan þráði að sjá birtast sér og öðrum. Hún komst til Kaupmannahafnar og bjó þar hjá frænku sinni, Helgu Guðmundsdóttir, sem rak þvottahús. Helga kostaði Nínu til náms, fyrst í praktískum fræðum svo sem kaupmennsku og tannsmíði uns Nína fann köllun sína í höggmyndalistinni.

Fyrr var kátt í koti

Næsti bær innan við Nikulásarhús er Hlíðarendakot. Þar ólst upp, sem flestum er kunnugt, eitt höfuðskálda Íslendinga í kringum aldamótin 1900, Þorsteinn Erlingsson, og um þann bæ orti hann eitt sitt kunnasta kvæði sem lýsir sólríkri bernsku þar sem „oft var hlegið hátt“ og „hent að mörgu gaman“ á glaðværu og fjölmennu heimili. Þorsteinn fæddist upphaflega í miðbænum á Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum, sem eru þar handan Markarfljóts, en var settur til fósturs hjá ömmu sinni og afa í Hlíðarendakoti og var í sérstöku afhaldi hjá þeim.

Þorsteinn var líkt og Nína mótaður af því umhverfi sem hann ólst upp við á æskuárum og tengdist æskuslóðum sínum nánum böndum. Þá, sem muna bláu Skólaljóðin, rámar kannski í kvæði Þorsteins um fossaniðinn í innanverðri Fljótshlíð og er þar engu logið að kliðurinn í þeim mörgu bunandi lækjum og ám er sem hljómfögur sinfónía, enda yrkir skáldið um söknuð sinn eftir þeim og ber saman við danskan hljóðheim og segir „Sjáland sælla“ ef það hefði slíkt fyrir eyrum.

Líkt og Nína dvaldi Þorsteinn árum saman í Kaupmannahöfn, fyrst við nám en síðan vinnu og giftist raunar danskri konu, en kom að endingu heim til Íslands og sá fyrir sér með blaðamennsku austanlands- og vestan uns hann settist að í Reykjavík, giftist innlendri stúlku sem hann elskaði heitt og reisti sér og fjölskyldu sinni hús syðst í Þingholtsstræti.

Þorsteinn var ástsælt skáld um sína daga, tilfinningaríkur maður sem lagðist á árar við eflingu dýraverndar og tók til varna fyrir þá sem minna máttu sín og var í ofanálag einn helsti trúleysingi hérlendis um sína daga. Hann var ötull við að styðja við ýmsa í sínu skapandi starfi og nægir að nefna skáldkonurnar Ólöfu frá Hlöðum og Huldu.

Sú var tíðin að fólk kunni hendingar úr helstu kvæðum hans svo sem Arfinum þar sem þau fleygu orð standa að vinið verði bjartara við glasaglaum ef einhver grætur þar hjá hryggðartárum og enn heyrist fólk segja „ef æskan vill rétta þér örvandi hönd, þá ertu á framtíðarvegi“. Því Þorsteinn var maðurinn sem fann rétta tóninn fyrir aldamótakynslóðina, laus við ofurmennisbelging og heimshryggð nýrómantísku skáldanna, en kunni að spila á pípur vorsins og vonarinnar. Þess vegna gat hann ort kvæði eins og Hreiðrið, ákall um að vera ekki að atast í fuglunum, og Sólskríkjuna sem er fagnaðaróður um söng okkar minnstu bræðra og systra og hve gleðin er mikil að heyra hann óma. Þar er íslenska vonin um eilíft vor öll samankomin í fáum línum þegar sólskríkjan biður sumarið um að líða aldrei undir lok og að næturnar megi „dreymandi bíða“ til eilífðar.

Á aldarafmæli Þorsteins 27. september 1958 var afhjúpaður minnisvarði um skáldið rétt vestan við Hlíðarendakot í svokölluðum Þorsteinslundi, brjóstmynd sem sveitungi Þorsteins, Nína Sæmundsson, gerði. Uppi á brekkunni, skammt austan við Hlíðarendakirkju, er svo önnur höggmynd eftir Nínu, verkið Ung móðir. Það var sett niður á bæjarstæði Nikulásarhúsa á afmælisdegi Nínu, 26. ágúst aldamótaárið 2000 og um leið markaður Nínulundur til minningar um hana og ætt hennar. Þaðan „gnæfir sú hin mikla mynd“ sem Jónas Hallgrímsson orti um í Gunnarshólma: Eyjafjalla-jökull, Þórsmörkin, Markarfljóts-aurar og víðlendi Landeyjanna. Æskuútsýni Nínu.



Vísnahornið

Steingrím Thorsteinsson þarf ekki að kynna. Hann yrkir svona fallega um haustið í kvæðinu Haustkvöld:

Setjumst undir vænan við.
Von skal hugann gleðja.
Heyrum sætan svanaklið.
Sumarið er að kveðja.

Vor er indælt eg það veit
þá ástar kveður raustin.
En ekkert fegra´á fold ég leit
en fagurt kvöld á haustin.

Fagra haust þá fold ég kveð
faðmi vef mig þínum.
Bleikra laufa láttu beð
að legstað verða mínum.

Baldvin skáldi, frá Hofsstöðum í Viðvíkursveit, orti þessa haustvísu:

Fölnar smái fífillinn,
fegurð sá er rúinn.
Öll eru stráin stálfreðin,
stakki gráum búin.

Guðrún Árnadóttir frá Oddstöðum í Lundarreykjadal orti um haustið:

Híma stráin hélu rennd.
Hretið sá um dóminn.
Sveimar þráin klökkvakennd
kringum dáin blómin.

Margar sunnlenskar konu hafa verið með lipurt ljóðamál á tungu. Þessi góða staka er eftir **Guðlaugu Sveinbjörnsdóttur,** Uppsölum í Flóa:

Auka mörgum yndisstund,
eyða skapi þungu,
þeir sem hafa létta lund
og ljóðamál á tungu.

Guðlaug á Uppsölum orti líka þessa og margir geta þar tekið undir:

Flest þó missi völd og veg,
valtir tímar líði,
eina hylli íþrótt ég,
er það ljóðasmíði.

Guðlaug yrkir svo um tímann sem óðum nálgast:

Kreppir vetur kalda hönd
kúra blóm í dái.
Kominn er í klakabönd
káti fossinn smái.

Arnleif Lýðsdóttir (1877–1960) frá Brattholti í Biskupstungum orti þetta fallega kvæði um haustið:

Sest eg fangin fagra kveld,
fjörudrangann undir.
Hafs við vang á himins eld
horfi langar stundir.

Heyrist gnöldur hafi frá,
hrærast öldur kvikar.
Himins tjöldum heiðum á
hnattafjöldinn blikar.

Norðurljósin letra þar
leifturrósir gylltar.
Ægisdrósir dimmbláar
dansa á ósi stilltar.

Guðmundur Stefánsson, bóndi í Hraungerði í Flóa, á margar góðar:

Ævigátu á ég svar:
Yndisstund ei dvínar
meðan eru ódrýgðar
ótal syndir mínar.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

SAGTÆKNI EHF

GÆÐI – ÞEKKING – ÞJÓNUSTA



Sími: 567 4262 - sagtaekni@sagtaekni.is - sagtaekni.is - Bæjarflöt 8e, Reykjavík

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur
og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

Stólpi



Vantar þig geymslupláss?
Við bjóðum upp á tvo þægilega valkosti fyrir geymslu gáma, eftir því hvað hentar þínum þörfum best

24/7 geymslugámur
Þjónustusvæði með 24/7 aðgangi að læstu geymslusvæði alla daga vikunnar. Þú hefur fulla stjórn á aðgengi að gámnum þínum þegar þér hentar.

Langtíma geymslugámur
Gámurinn er geymdur á tilteknum stað. Aðgangur er veittur með dags fyrirvara, sem hentar vel fyrir lengri geymslu án daglegrar notkunar.

Hafðu samband í **422-1230** eða **stolpigamar@stolpigamar.is** og fáðu frekari upplýsingar um geymslulausnir Stólpa.

Staðsetning er að Gullhellu 2, 221 Hafnarfirði og aðeins gámar í eigu Stólpa eru geymdir á svæðinu.

Bókaðu geymslupláss á www.stolpigamar.is





Glæstur ferill límmiðasala

– Saumakallinn Arnar Stefánsson tekinn tali



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Hér verður rakin saga manns í blóma lífsins, sem án efa verður öðrum til hugljómunar. Titill greinarinnar má þó ekki blekkja lesendur, því einmitt þessi nafngift er upphaf þess sem í dag er staðgengill virðingu og dugs.

Sagan hefst á unglingsárum Arnars sem lengi hefur haft áhuga á öllu sem viðkemur textíl, en þá starfaði hann á tímabili á Elliheimilinu Grund þar sem oft mátti nýta áður notaðan fatnað.

„Já, saumaskapurinn á vel við mig, þar hef ég skarað fram úr frá unga aldri," segir Arnar. „Allt sem ég saumaði þarna fyrst var í höndunum. Mér fannst ég góður í því og um leið og ég lagaði eitthvað átti fólk það til að súpa hveljur af hrifningu. Sem kom skemmtilega á óvart, því mér þótti eðlilegt að lagfæra það sem þurfti og gerði það af lagni greinilega.

Á þessum tíma var ég að dunda mér við að vera í framhaldsskóla, leyfði einingunum að hlaðast upp svona í rólegheitunum, þar til foreldrar mínir voru farnir að velta fyrir sér því að nú liði að útskrift hjá mörgum, en ég átti eftir um 100 einingar á sama tíma? Ég a.m.k. vaknaði upp við þá staðreynd að það var ekki að stefna í neina útskrift og ákvað að drífa mig, þá árið 2013, í Fjölbrautaskólann í Breiðholti að læra saumaskap.

Það er mikið handverksfólk í ættinni, sérstaklega móðurmegin – úr Svarfaðardalnum. Einn frænda minna, sem reyndar hefur sjálfur smíðað sér flugvél, var sérstaklega ánægður þegar hann frétti að ég hefði ákveðið að læra að vinna með höndunum, enda handverkið í blóðinu frekar en bókhneigðin. Það gaf mér byr undir báða vængi og ég flaug áfram fullur sjálfstrausts með iðnina sem ég hafði valið mér að starfsvettvangi.

Ég kynntist saumavélinni í skólanum, naut góðrar aðstöðu og leið eins og blómi í eggi. Smá sjokk að fara úr þeim aðstæðum út í blákaldan raunveruleikann saumavélalaus og án þess að vita hvað tæki við, en ég útskrifaðist 2015. Ákvað þó í kjölfarið að flytjast til Kaupmannahafnar, kynntist þar stelpu, verslunarstjóra í vintagebúðinni Wasteland, sem margir þekkja hérlendis. Henni gafst kostur á að kaupa sig inn í bisnessinn og opna útibú í Reykjavík og ég fylgi þá með aftur heim, sem hnakkaskraut.

Þetta var skemmtilegur tími, tengslin við Wasteland gerðu það að verkum að ég gerði við heilmikið af fatnaði sem kom í búðina í miður góðu ástandi. Hins vegar þarfnaðist ég þess, saumaóður maðurinn, að geta setið við sauma daginn út og inn en ekki einungis í hlutastarfi eins og staðan var þarna."

Svettsjopp í Asíu

Lítið var um störf hérlendis við viðgerðir sem slíkar og leitaði hugur Arnars á framandi slóðir, en aðspurður segist hann alveg hafa verið til í að flytjast til Asíu og sitja þar í „svettsjopp". Íslenska fánasaumastofan á Hofsósi var einnig eitthvað sem heillaði, en enga vinnu var þar að fá og að lokum fékk Arnar starf hjá Seglagerðinni Ægi.

Það er ýmislegt sem gleður augað í hinu víðfræga glerbúri Glæsibæjar.

„Þráin var það heit að ég hefði verið tilbúinn að leggja land undir fót til að verða mér úti um vinnu við að sauma," segir hann, en það fór nú svo að ég landaði vinnu hjá Seglagerðinni, sat þar einbeittur í saumasalnum ásamt fjölda annarra sem voru þegar nokkuð framar á þessari braut. Meðalaldurinn í kringum fimmtugt. Og ég elskaði þetta! Að sitja og sauma allan daginn, ég hefði ekki getað verið sáttari."

Upphaf límmiðaferlisins

„Þegar þarna er komið, er ég í hlutastarfi í Wasteland, hlutastarfi í Seglagerðinni og datt svo í hug að fara að selja límmiða ásamt Brynjari bróður mínum. Sú hugmynd kom til þegar ég tók eftir því að límmiðaskreytingar mínar innan dyra verslunarinnar Wasteland hurfu allfljótt af veggjunum, fólk greinilega spennt fyrir þessu. Þannig ég ákvað að brjótast svolítið bakdyramegin inn á markaðinn með því að fylgja öllum þeim sem fylgdu Wasteland á Instagram sem nýstofnaðaður límmiðabisness, Klístur Reykjavík.

Fylgjendurnir hrönnuðust inn og eftir að hafa verið að taka á móti límmiðaóðu fólki heim til mín, fólk sem sagt pantaði og mætti á vissum tímum, stóð í röðum í garðinum ... og þáverandi kærastan mín kasólétt ... þá færðum við Brynjar út kvíarnar og leigðum bás í Kolaportinu einu sinni í mánuði.

Þetta sló í gegn og áður en varði vorum við farnir að vinna þar allar helgar, alveg þangað til að kom í ljós að bróðir minn sá ekki beinlínis framtíðarstarfsheitið límmiðasali í hillingum. Hann vildi verða smiður. Þetta fyllti mig stolti og ég keypti hann út úr starfseminni," segir Arnar hugsi.

Í kjölfarið sat Arnar þá gjarnan með saumavélina sína hjá sér í Kolaportinu. Það fór ekki fram hjá gestum Kolaportsins og fljótlega fæddist fyrirtækið Saumakallinn, saumastofa fyrir almenning. „Mér fannst skemmtilegra að hafa saumavélina með mér, það myndaðist þarna rými fyrir hana og þá mig til viðgerða – enda ekkert verra en að sitja og stara viðskiptavini niður sem ætla sér að skoða límmiða. Til viðbótar er í rauninni ekkert hægt að selja límmiða ... „vá, þessi límmiði er svo mikið þú" ... virkar illa. Þannig ég fór að sauma með annað augað á límmiðunum. Tíminn hjá Kolaportinu var mér mjög dýrmætur og aðstandendur þar og aðstæður til fyrirmyndar."

Fagleg og jarðbundin þjónusta

„Í dag er ég menntaður fatatæknir frá Tækniskólanum, fór þangað eftir heimkomu frá Kaupmannahöfn og útskrifaðist árið 2022. Iðnaðarmaður í raun.

Menn kannski fatta ekki að ég er iðnaðarmaður þar sem ég sit við saumavél, en þetta getur ekki verið skýrara, ég er iðnaðarmaður. Félagsmaður í Samtökum iðnaðarins meira að segja, drekk gallharður kaffi á Þorláksmessu með hinum iðnaðarmönnunum, nánast prjónandi úti í horni."

Í dag hefur Arnar aðsetur í verslanamiðstöðinni Glæsibæ í Reykjavík, miðsvæðis á fyrstu hæð og býður þar upp á „faglega, persónulega og jarðbundna þjónustu" hverslags saumaskapar.

Fer verkstæðið Saumakallinn ekki fram hjá neinum, en auk þess að þar sé boðið upp á viðgerðir á fatnaði eru til sölu alls lags fatabætur, lyklakippur og jú límmiðar, í kringum 200.000 talsins sem er fagurlega uppstillt.

„Ég kom mér hérna vel fyrir 1. mars 2025, hentuglega staðsettur miðsvæðis og stíla á að fólk taki eftir mér á leið sinni um húsið," segir Arnar glaðhlakkalega og bætir því við að aðeins 10 mínútur hafi liðið frá því að hann kom sér fyrir í sætinu við saumavélina þar til að fyrsti kúnninn mætti inn fyrir dyrnar.

Orðsporið mikilvægt

Límmiðarnir vekja mikinn áhuga, ekki síst hjá ungviðinu sem hefur gaman af að fá að skoða og enn meiri skemmtan af að fá gefins nokkra útvalda hjá Arnari. Lítið er um að verið sé að hnupla miðunum sem þekja allstórt svæði saumaverkstæðisins og hefur Arnar skýringu á reiðum höndum hvers vegna svo sé.


„Ég veit að þetta er glannalega uppsett hjá mér, en þetta eru nú bara límmiðar og svo er það nú þannig að ef þú rænir frá mér, þá ertu bara ekki kúl. Út af því að ég er svo kúl," bendir Arnar kurteislega á. „Ef þú að stæra þig af því að vera með nokkra límmiða, ránsfeng úr Klístri, þá ert þú bara glataður. Af því að þú ert að stela frá gaur sem er mjög næs við þig. Ég sé það alla vega þannig að ef ég kem vel fram við viðskiptavininn þá er ekki verið að stela frá mér. Orðsporið, sjáðu til. Það þýðir samt ekki að ég sé ekki að fylgjast með þó ég sitji hérna og saumi, ég sé allt! Og myndavélarnar líka."



Arnar Stefánsson er hvatning fyrir þá sem eiga eftir að láta drauma sína rætast. Myndir / sp







Það er ýmislegt sem gleður augað í hinu víðfræga glerbúri Glæsibæjar.

Í glerbúri í Glæsibæ

Saumasjoppan, eða verkstæði iðnaðarmannsins Arnars, er í 37 fermetra plássi, settu saman úr glerveggjum, enda bendir hann á að hann sé hvorki klæðskeri né kjólameistari, hér sé saumað og unnið við viðgerðir sem þurfi ekki meira pláss.

Góður rómur fer af Saumakallinum sem þykir natinn og sérstaklega laginn við viðgerðir rennilása og myndi sjálfur, ef og þegar kemur að því að hanna fatalínu, gæta þess að rennilásar séu á sem aðgengilegustu stöðum.

„Þetta púslaðist svona vel saman að lokum. Límmiðarnir undu upp á sig allsvakalega á meðan ég óskaði þess heitast að vinna við að sauma. En nú er þetta komið og ég er einn í þessari hljómsveit, fyrir utan harðduglegt ungt fólk sem tekur vaktir um helgar.

Ég fæ mjög iðulega spurninguna, hvernig geturðu þetta? En ég hef gaman af þessu og er búinn að koma mér á einhvern stað sem ég get seinna sett í ferilskrána mína. Framtíðin er ekki eitthvað sem ég velti fyrir mér því ég er á góðum stað, skulda ekkert og gæti þess vegna gengið út á morgun. Bara meira fokkitt, er það lánsamur að vera í núinu og starfa hérna í 37 fm glerbúri í Glæsibæ þar sem innvolsið er eins og heilinn á mér á röngunni. Glerbúrið í Glæsibæ, opið hverjum sem vill á líta."

Fyrirtækið Saumakallinn er svo sannarlega hugsjón ungs manns sem varð að veruleika og nú jafnvel fyrirmynd allra þeirra sem hafa hug á að láta drauma sína rætast.



Arnar er þekktur fyrir bæði natni og faglega þjónustu.



Myndir / Aðsendar

Bandalag íslenskra listamanna:

Tilmæli um ábyrga notkun gervigreindar

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) hefur ákveðið að hrinda af stað átaki þar sem vakin er athygli á mikilvægi höfundarréttar, virðingu fyrir listafólki og vernd mannlegrar sköpunar á tímum gervigreindar.

Átakinu, sem heitir „Stillum saman strengi“, verður ýtt úr vör með útgáfuhófi í Norræna húsinu klukkan 17:00 á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Jóna Hlíf Halldórsdóttir, forseti BÍL, segir í samtali að bandalaginu hafi fundist vanta tilmæli sem auðvelt væri fyrir almenning, stofnanir og fyrirtæki að fara eftir. Á útgáfuhófinu verður birtur bæklingur með tilmælum sem beint er til allra sem nota gervigreind.

„Þetta er flókið viðfangsefni og við höfum verið sofandi á verðinum,“ segir Jóna. „Við vitum af fólki sem er að nota gervigreind til þess að búa til tónlist í anda þekktra listamanna á borð við Björk og Sigur Rós. Eins höfum við heyrt af kennurum sem eru að renna heilu bókunum í gegnum gervigreind til þess að búa til verkefni, án þess að biðja höfunda um leyfi. Þetta eru dæmi um notkun sem getur falið í sér brot á höfundarrétti og við finnum að mikil óvissa ríkir í samfélaginu um hvar mörkin liggja. Gervigreindin er auðvitað komin til að vera, en við viljum ná til samfélagsins og stuðla að því að fólk nýti þessa tækni af ábyrgð og virðingu fyrir höfundarrétti og sköpunarverki listafólks.



Jóna Hlíf Halldórsdóttir.
Mynd / Saga Sigurðardóttir

Hugmyndin að þessum tilmælum spratt frá sænskum systursamtökum BÍL sem heita KLYS (Konstnärliga och Litterära Yrkesutövares Samarbetsnämnd) sem gáfu út sambærilegan bækling í júní 2025. Við byrjuðum á að þýða og staðfæra þann bækling og unnum hann svo nánar með lögfræðingum sem eru sérfræðingar í höfundarréttarmálum.



Bandalag íslenskra listamanna vill hvetja fólk til þess að nota gervigreind af ábyrð og sé meðvitað um höfundarrétt. Grafík / Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Við eigum í góðu samstarfi við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og viljum jafnframt efla samstarf við önnur viðeigandi ráðuneyti. Okkur finnst mikilvægt að tilmælin nái sem víðast og verði kynnt og innleidd hjá opinberum stofnunum, sveitarfélögum og öðrum aðilum sem nýta sér gervigreind í starfsemi sinni.

Það á við um allar stofnanir, meira að segja lögregluna, sem hefur meðal annars nýtt gervigreind til að útbúa límmiða fyrir börn. Það sýnir hversu hratt tæknin er að ryðja sér til rúms og hversu mikilvægt er að fólk hafi skýrar leiðbeiningar um ábyrga notkun hennar.

Við viljum fá alla þjóðina með. Þess vegna köllum við átakið „Stillum saman strengi“. Markmiðið er að skapa jafnvægi milli tækniþróunar og nýsköpunar annars vegar og hins vegar virðingar fyrir höfundarrétti og forsendum mannlegrar sköpunar. Eins viljum við að tilmælin verði til þess að stjórnvöld ráðist í nauðsynlegar lagabreytingar svo að lögin taki betur utan um réttindi höfunda og listafólks í samhengi við þróun og notkun gervigreindar. Það þarf meðal annars að tryggja að fyrirtæki sem þróa gervigreindarlíkön greiði fyrir notkun á höfundarréttarvörðum verkum og að höfundar fái sanngjarnt endurgjald fyrir notkun hugverka sinna,“ segir Jóna.

Í fréttatilkynningu frá BÍL eru tilmælin átta tekin saman í stuttu máli. *Þau eru: 1. Virðum og verndum höfundarréttinn. 2. Notum ekki gervigreindarverkfæri sem þrengja að höfundarrétti. 3. Athugum að efni sem framleitt er af gervigreind er ekki verndað af höfundarrétti. 4. Gefum skýrt til kynna hvort efnið er framleitt af gervigreind. 5. Setjum ekki eigið nafn við efni framleitt af gervigreind. 6. Mötum ekki gervigreindarforrit á efni eftir aðra. 7. Framleiðum ekki efni í persónulegum og einstökum stíl annarra. 8. Skiptum ekki út vinnu starfandi höfunda og listamanna fyrir spunagreind.*

Nánari útskýringar verður hægt að nálgast í bæklingnum sem gefinn verður út 16. nóvember. */ál*







Syðri-Varðgjá íbúðarsvæði, Eyjafjarðarsveit – auglýsing tillögu

Eyjafjarðarsveit

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 15. október sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði í landi Syðri-Varðgjár (L152799) *skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Skipulagssvæðið nær yfir um 9 ha svæði í landi Syðri-Varðgjár ofan Veigastaðavegar og er á íbúðarsvæði ÍB35 í aðalskipulagi. Skipulagssvæðið afmarkast af Veigastaðavegi í vestri og nær þaðan til austurs upp í Vaðlaheiði. Mörkin í norðri eru við landamerki Ytri-Varðgjár og í suðri liggja mörkin við landamerki Kotru og Smáralæks. Á svæðinu eru uppi áform um að byggja 15 íbúðarhús með aðkomu frá Veigastaðavegi.


Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.esveit.is og á vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri 228/2026.

Hægt er að skila inn athugasemdum um málið til **17. desember nk.** á vef skipulagsgáttar.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9 eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi
















Anthony Nix galleristi og Mark Rohtmaa-Jackson, sýningarstjóri og listamaður, (efst t.v.) reka Gallerí Lokað, en þessi fyrsta sýning er á verkum listakonunnar Heiðdísar Hólm (hér að ofan).

Gallerí Lokað:

Nýtt gallerí á Seyðisfirði

Gallerí Lokað er listamannarekið rými sem var opnað nýverið í gömlu netagerðinni á Seyðisfirði. Anthony Nix galleristi og Mark Rohtmaa-Jackson, sýningarstjóri og listamaður, reka rýmið.

Fyrsta sýningin ber titilinn The behaviour of geese, eða hegðun gæsa, og er sýning á verkum listakonunnar Heiðdísar Hólm. Næsta sýning verður á verkum japönsku listakonunnar NaoKo TakaHashi.

Galleríið er lítið með stórum glugga og var vinnustofa listamanns áður en það varð sýningarrými. Í gömlu netagerðinni eru bæði vinnustofur og verkstæði. Mark Rohtmaa-Jackson sagði í viðtali við blaðið að hugmyndin sé að búa þarna til rými sem gæti allt eins verið í Shoreditch í London þótt það sé á Austfjörðum á hættusvæði C vegna ofanflóða. „Rýmið er lítið svo þar er tækifæri til að sýna listamenn sem eiga kannski ekki mikið af verkum eða listamenn sem koma erlendis frá með verk, en að fólk geti samt gert eitthvað verðmætt í litlu rými.“ Mark segir það kallast fallega á við staðinn sjálfan þar sem mikil list og sköpun er til staðar á Seyðisfirði þótt samfélagið sé lítið.

„Það er ákveðin viðkvæmni í því líka, eða brothætta, að koma með listaverk hingað á þetta ofanflóðasvæði og í þetta rými sem er aldrei formlega opið eða lokað, heldur bara er og fólk getur komið við hvenær sem því hentar, það þarf bara að kveikja ljósin og ganga inn.“

/kró

Nú er Nesdekk í kortunum!



Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Veðurkort er ekki byggt á raunverulegri veðurspá.

Bókaðu tíma í dekkjaskipti og skoðaðu úrval vetrardekkja á nesdekk.is

Höfuðborgarsvæðið / Reykjanesbæ / Selfoss / Akureyri

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Áhugaleikhús landsins – áfram gakk!

Vissir þú að áhugaleikhús bjóða upp á mikilvægan vettvang þar sem fólk á öllum aldri getur ræktað hæfileika sína, eflt sjálfstraustið og fundið samfélag – enda skapar þessi ástríðufulla listsköpun nefnilega dýrmætar minningar fyrir bæði þátttakendur jafnt sem áhorfendur.

Á dögunum kom út ársrit BÍL, Bandalags íslenskra leikfélaga, þar sem farið er yfir verkefni félaganna, áhugaleiksýningu ársins 2026, stjórnarfundi, menningarstefnu ... svo eitthvað sé nefnt. Skemmtilegt er að lesa yfir sameiningarsöng áhugaleikara, sigurlagið í samkeppni sem haldin var á Selfossi fyrir um 40 árum, enn og aftur staðfestingu á því hve galdurinn til að skapa brennur heitt í hjörtum víða um land.



Hörður Sigurðarson, framkvæmdastjóri BÍL.

Í ávarpi segir Hörður Sigurðarson, framkvæmdastjóri BÍL, fjárhagslega þrautagöngu samtakanna heilmikla og hafi staðið yfir síðan framlög til áhugaleiklistar voru skorin niður um helming í kjölfar hrunsins.

Sú aðgerð var þungt högg sem hafði víðtæk áhrif á leikfélög á landinu og helsta birtingarmynd þess sennilega sú bitra staðreynd að 62 leikfélögum sem störfuðu árið 2010 hafði fækkað niður í 40 árið 2025. Baráttan til að snúa við hinum gríðarlega niðurskurði á allnokkuð í land og því gott að árétta og minna á mikilvægi leiklistarlífs í landinu.

Það er því enn og aftur tilefni til þess að hvetja zsem flesta að kynna sér áhugaleikhúsin í nærsveitum, öllum opin og mannbætandi svo ekki sé meira sagt.

Yfirlit leikhúsanna má finna á vefsíðu bandalagsins allt frá Kópavogi til Fljótsdalshéraðs og allt þar í kring. Ættu allir að geta fundið sér þar eitthvað við sitt hæfi, hvort sem er að standa á sviði, sjá um förðun, ljós, hljóð, búninga eða leikmynd ... en ótal verkefni fylgja hverri uppsetningu og gleði og kraftur sem þeim fylgja gefur hjörtum liðsmanna kipp, enda sálin í hverju samfélagi.




Leikfélagið Lauga sýnir nú gamanverkið Beint í æð.

Vaninn er að sýningar hefji vinnslu að hausti og í byrjun árs, frumsýning þá í kringum 6 vikum síðar. Því eru þær flestar að renna sitt skeið núna en gaman er að segja frá því að leikfélagið Lauga er akkúrat aðeins með seinna móti núna, og verður með þrjár sýningar í lok nóvember. Verið er að setja upp gamanverkið Beint í æð og tekið verður á móti sýningargestum í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík dagana 20., 21. og 25. nóvember nk.

Miðapantanir og nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu leikfélagsins Laugu, eða í síma 848-1505 hjá Sóleyju Jóns. eða 865-7491 hjá Nönnu Aðalheiði.

Þeir sem eru farnir að hlakka til jólanna ættu að hafa bak við eyrað að a.m.k. bæði Leikfélag Kópavogs og Freyvangsleikhúsið í Eyjafirði verða með sérstakar jólasýningar. Um átta sýningar er að ræða hjá Leikfélagi Kópavogs sem sýnir verkið Jólapakkarnir, einstaka jólaupplifun fyrir börn og fullorðna, fullt af húmor, söng og hasar.


Leikfélag Kópavogs kynnir Jólapakkana til leiks.

Jólapakkarnir fjallar um hóp af jólapökkum sem vakna til lífsins seint á aðfangadagskvöld og uppgötva sér til undrunar að það er enn ekki búið að opna þá. Ringulreið verður þegar upp kemst að einn pakkinn sker sig úr og hverfur svo skyndilega. Í kjölfarið brýst út tortryggni og ásakanir á báða bóga milli pakkanna og ástandið versnar enn frekar þegar grunur vaknar um að skrímsli leynist á meðal þeirra. Þeir þurfa þó að standa saman og leysa málin áður en jólamorgunninn gengur í garð.

Frekari upplýsingar og miða má finna á vefsíðu tix.is – og mælst er til þess að hafa hraðar hendur því nú þegar er uppselt á frumsýninguna sem verður þann 15. nóvember. Sýnt verður helgarnar 21.-22. nóv., 28.-29. nóv. og svo 5.-6. desember eru lokasýningar.




Freyvangur kynnir Marísól og leitina að gleðinni.

Freyvangsleikhúsið heldur vana sínum þegar kemur að jólasýningunum og frumsýnir nú barnaverkið Marísól og leitin að gleðinni eftir formanninn, Jóhönnu S. Ingólfsdóttur, sem einnig leikstýrir verkinu. Þetta er hugljúf jólasaga, rétt rúmur klukkutími að lengd og hentar því vel fyrir yngstu kynslóðina. Sex sýningar eru í boði frá og með 20. nóvember, miða má panta á tix.is eða í síma 857-5598. Fjallað verður betur um verkið í næsta Bændablaði, en þó verður að hafa hraðar hendur þegar kemur að því að panta miða, en líkt og hjá sýningum Jólapakkanna er nú þegar uppselt á frumsýninguna í Freyvangi.

En áfram gakk – allir í áhugaleikhúsin! */sp*

Heimilisfriður
Meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis
Fáðu hjálp og breyttu lífi þínu og þinna
s. 555 3020 heimilisfridur@salfraedistofan.is
www.heimilisfridur.is



Af hvaða stað er myndin?

Í loftmyndagetrauninni að þessu sinni eru lesendur beðnir um að bera kennsl á litla skeifulaga eyju úti fyrir ströndum Íslands. Sendið svör á netfangið myndagetraun@bondi.is. Dregið verður úr réttum svörum mánudaginn næstkomandi. Vinningshafi hlýtur að launum gjafabréf á veitingastað fyrir tvo í boði Loftmynda ehf. Rétt svar mun birtast á vef Bændablaðsins, bbl.is, mánudaginn 9. nóvember.

Mynd / Loftmyndir ehf.

CONSENSA

INNKAUPAÞJÓNUSTA

Við veitum viðskiptavinum okkar innkauparáðgjöf og innkaupaþjónustu og tökum að okkur framkvæmd útboða, óháð tegund innkaupa

• • •

www.consensa.is - consensa@consensa.is

Cinderella
Incineration Toilets

„Þetta klósett er algjör snilld. Það mun aldrei stíflast. Hljóðlátt. Ekkert mál að þrífa. Mæli hiklaust með. Bestu kveðjur Ingibergur"

BRENNSLUSALERNI

Hagkvæm lausn við skólpvandamálum

- Engin rotþró
- Ekkert jarðrask
- Einfalt í notkun og umgengni
- Auðvelt í uppsetningu
- Ekkert vatn
- Engin lykt

516-2600
vorukaup@vorukaup.is
VK vörukaup

Segðu **BLESS** við óværuna!

YKKAR pest control
Músaplastfellur
Nagdýrakítti
Nagdýraagn

YKKAR pest control

ALLT TIL NAGDÝRAVARNA

- fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum


DIAMOND

LÍFRÆN SKÓLPHREINSISTÖÐ

Einföld, áreiðanleg og fyrirferðalítil

IÐNVER

Sími 517 2220 | www.idnver.is



SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR

TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Matarkrókurinn:

ÍSL-MEX



Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Þakklæti mitt fyrir fólk sem flytur til landsins og tekur með sér góðan mat á sér fá takmörk. Ég er svo glaður að mest framandi kryddið í stórmörkuðunum er ekki lengur gult karrí og ég er ótrúlega glaður fyrir kebaba, sushi og pólska pierógía.

Auðvitað eru nýir og framandi réttir ekki nein nýlunda hér á fróni. Við fáum flest allt lóðbeint frá útlandinu. Fyrst frá Noregi, þá Danmörku og svo auðvitað Bandaríkjunum eftir seinna stríð. Fólkið sem kom frá Víetnam í snemm-áttunni kom með nýja matarsýn og auðvitað vinir okkar frá Póllandi. Ég er svo glaður að geta keypt margar tegundir af súrum gúrkum úti í búð að það nær engri átt. Svo ekki sé talað um búðirnar. Pólskar, asískar og miðausturlenskar búðir hafa séð okkur frostbitnum frónbúum fyrir framandi nýjungum og góðu kryddi í mörg herrans ár. Kryddjurtir og sósur sem fást jafnvel nú bara úti í Jóabúð hefðu talist til framandi matargerðar fyrir ekki svo löngu.

En það er eitt þjóðerni sem gjarnan mætti sækjast örlítið meira í slagveður og slabb. Það eru Mexíkóarnir. Ég vildi óska þess að fleira fólk þaðan eða í það minnsta frá Mið-Ameríku sækti í það að eiga hér heima. Kryddið þaðan fæst nefnilega ekki svo gjarnan í búðunum hér. Cummin er eiginlega það eina – en mig langar í alla flóruna af chilikryddi, sterku, mildu og reyktu. Mig langar í betri tortíur, meira korn, og hvar eru tómatíódósirnar? Mig vantar þetta í líf mitt. Getum við ekki tekið höndum saman og opnað á Mið-Ameríkubrú?

Mig langar í gott takkó og það byrjar oft eins og svo margt annað á góðu fólki og góðri sósu.

Sósusósa

Salsa þýðir sósa, svo salsasósa, þessi sem við dýfum flögum í, heitir því sósusósa. Svo er hún í rauninni TEX-MEX. Ættuð norðan Rio Grande-fljótsins, í Bandaríkjunum. Sósan sem við ætlum að búa til er mörgum bragðlaukum betri en sósusósan, en þó ekki beinlínis ekta MEX meira svona ÍSL-MEX.

Það sem þarf til að búa til sósu sem minnir eitthvað á Mexíkó eru þurrkaðir chili-ávextir. Ekki endilega þessir litlu sterku heldur þessir stóru, tæknilega bragðmiklar paprikur. Gaman væri að sjá garðyrkjubónda á Stór-Flúðasvæðinu kynna sér þá til ræktunar. Sumir chilíarnir eru auðvitað sterkir en flestir frekar mildir. Stundum eru þeir líka reyktir. Um að gera að prófa þá sem flesta. Vandamálið er að þá er erfitt að finna. Best að fara í krydddeildina í appelsínugula stórmarkaðnum. Þar eru þeir oft í neðstu grindinni, gleymdir af öllum og meira að segja starfsfólkið veit ekki almennilega af þeim. Þessu þarf að breyta. En hvað um það, svona gerum við þetta:

Hita smá matarolíu í pönnu og steikja gróft skorinn lauk og ferska papriku, gróft skorna sömuleiðis. Þegar það er kominn smá litur á grænmetið fara þrjú, fjögur hvítlauksrif út í og fimm miðlungsstórir þurrkaðir chili-ávextir. Taka fræin úr fyrst, þau eru bitur. Ég var með þrjá Guajillo og tvo New Mexico chilía. Steikja saman í mínútu eða svo, ekki of lengi því hvort tveggja getur orðið biturt við bruna. Þá fer þurrkað krydd út í. Sirka tvær matskeiðar í heildina. Mexíkóskt óreganó hef ég því miður ekki séð hér á fróni en evrópska afbrigðið fæst í öllum búðum. Matskeið af því. Teskeið af sítrónupipar færir það ítalska nær því mexíkóska. Sama magn af cummin bindur okkur svo kirfilega í Mið-Ameríku.

Næst er það steinselja. Teskeið af því líka. Kóríanderfólk notar kóríander. Það er mexíkóskara en langt frá því allra. Þegar kryddið hefur fengið nokkrar sekúndur í pönnunni setjum við vatn svo rétt fljóti yfir. Ekki of mikið, við viljum ekki missa of mikið bragð í vatnið. Sjóða í nokkrar mínútur með loki eða þangað til þurrkaði chilíinn er orðinn sæmilega mjúkur. Veiða grænfóðrið úr og setja í blandara ásamt tveimur tómötum úr niðursuðudós. Ekki vökvanum, bara tómatnum. Hægt að nota ferskan og steikja og sjóða þá saman með hinu grænmetinu. Ég átti bara ekki ferskan, auk þess sem niðursoðnir eru oftar bragðmeiri. Blanda saman og smakka til með kjúklingakrafti og smá hunangi. Ef sósan er of þykk er hægt að þynna hana með smá af soðvatninu. Um að gera að nýta bragðið sem lak úr.

Þessi sósa hentar vel út á flest sem hægt er að steikja eða sjóða. Frábært á kjúkling og svínakjöt, nautahakk og fisk. Hentar þetta sérlega vel í takkó en líka hægt að drekkja baunum og hrísgrjónum í þessu. Getur svo verið grunnur að alls konar. T.d. með því að bæta við ananas, þá erum við komin ansi nálægt marineringu af frægum mexíkóskum rétti, taco al pastor. Sagði annars einhver þorskhnakkatakkó?

Áfram ÍSL-MEX!

- 3 stk. Guajillo chili
- 2 stk. New mexico chili
- 2 tómatar (ferskir/úr dós)
- 1 stk. laukur (lítill)
- 4 hvítlauksrif
- 2 tsk. hunang
- 2 tsk. kjúklingakraftur
- 1 msk. origano
- 1 tsk. cummin
- 1 tsk. sítrónupipar
- 1 tsk. steinselja

KROSSGÁTA



275	SJÚK-DÓMUR	BRÁKUN	HRÓPA	BÓLU-SETJA	SUÐ	↴	LÆSA	RÆKTA	MISKUNN	
LIMMÓ-SÍNA / BERG										ORÐA-SKIPTI
↳					DREN					
SPIL					SPLÆSA / AFLÉTTA					
TVEIR EINS / AFL-FÆRSLA			AFLÝSING / UNDIR-STAÐA						VELTA	
DÆLIR		VÆNLEIKI	ÓSKÝR / ÁKEFÐ					VARP / HRAKTI				
↳				GLÓSA / ROKNA						ÁTT / TÓLG		
STARTARI					MÆLA / FESTA LAUSLEGA				ÖNUG / SÖNG-LEIKUR			
TVEIR EINS / HÆRRI			MÖR / SKRENSAR				FRÆÐA / AUGNA-RÁÐ					VEGVÍSIR
↳				MYRKVAST / PATTI					ÖFUG RÖÐ / HAGLENDI		STAPPA	
STEMMA		AÐFINNSLA / ÁSLÁTTUR						HÖFUÐFAT / HÆTTI				
↳				STJÁKLAR / SAMSTÆÐA						TVEIR EINS / ÁKALL		
SLÉNA						TILSKIPUN / TVEIR EINS						
ÞRÁTTA					ETJA				ÞJÓTA			
SMÁRÆÐI					STÍFNA							

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



274	MEÐ-HJÁLPARI	ÍÞRÓTT	STÖÐVUN	Í RÖÐ		HÓL-BUNGA / BEISKUR	B	ÁVÖXTUR	FJÖL-BREYTNI / KVÍÐA	Ú
HROKA-FULLUR	D	R	A	M	B	S	A	M	U	R
SLÉTTUR / ÚT-SMOGINN	J	A	F	N	BÓNUS / HVAÐ	Á	L	A	G	V
H	Á	L	L	BAUGA / STAMUR	H	R	I	N	G	A
SLYNGA	K	L	Á	R	A	HVORT	ÓHLJÓÐ / MÆNIR	G	A	L
	↓	ÓNÓG / FRÓÐUR	V	NOTA / HANGA	N	Ý	T	A	SJÁLF / KRINGUM	E	G	Ó	EYJA	TÁL
KULDI / GNAUÐA	S	V	A	L	I	ÓHEFT	FLÍK / SKORA	K	U	F	L	TITILL / BLÆR	M	A
H	V	Í	N	A	EIND / ÁVARPAR	F	R	U	M	TÖFRAORÐ / ÖFUG RÖÐ	Á	L	Ö	G
FRERI	Í	S	TIL TRAFALA / SKÍFA	F	Y	R	I	R	ÓVARINN / HÉLA	O	P	I	N	N
	N	LEIKUR / UNDIR-FERLI	P	A	R	Í	S	TALA / ÁGANGUR	H	N	I	T	KVITTANA	NIBBA
ÞRÓTTUR	A	F	L	ÞEKKIR	Đ	KRASS	P	Á	R	HALARÓFA / ELDHÚS-ÁHALD	R	U	N	A
SLAP	S	L	A	K	I	AUSTUR-ÁLFA / LÝKT	A	S	Í	A	STILLTUR / BRAUT	R	Ó	R
VINNUVÉL	T	Æ	T	A	R	I	BERGMÁL / TVEIR EINS	Ó	M	U	R	TVEIR EINS / Í RÖÐ	T	T
RÍKI / ÓSKADI	Í	R	A	N	ÁBREIÐA	L	A	K	SVÍÐA	S	Á	R	N	A
B	A	Đ	AUÐLINDIN	N	Á	M	A	N	ERNA	A	S	S	A	

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Gosi banar geimi

Það var dálítið vandræðalegur spilari sem þurfti að upplýsa fyrir sveitarfélögum að hann hefði farið þrjá niður á þremur gröndum í spili sem tölvan sagði að ætti að skila 10 slögum.



Björn Þorláksson.

Vettvangurinn er efsta deildin í bridds, deildarkeppnin. Spilað var um fjögur efstu sætin 24.-25. október sl. Suður spilar þrjú grönd eftir að austur hefur hindrað á tveimur hjörtum sem sýnir sexlit.

Útspilið er laufgosi. Ef þú horfir aðeins á NS hendurnar, hvernig spilarðu spilið?


Sagnhafi hugsaði lengi áður en hann valdi fyrsta spilið, sem reyndist banabiti. Skipting lauflitarins er vitaskuld á þessu stigi fullkomlega óljós. Sagnhafi sá að með því að leggja kónginn á væri þó hægt að tryggja einn laufslag. Og ef spaðinn lægi upp í fjóra slagi, annaðhvort hónor annar á hægri hönd og hægt að svína í gegnum vestur eða toppa í 3-3 legu þá voru líka fjórir slagir í skógi í tígli. Vandræðalegt að dúkka ef ás-drottning í laufi væri á hægri hönd. Þess vegna lagði sagnhafi kónginn á. Og tapaði spilinu stórt örfáum sekúndum síðar þegar hann svínaði tígli og drottning austurs átti slaginn. Síðan fylgdu fimm laufslagir og hjartaás. Þrír niður.

Tölvan segir 10 slagir. Vegna þess að hún gerði ekki ráð fyrir að Hlynur Garðarsson



Þeir Ragnar Magnússon, Aðalsteinn Jörgensen, Sverrir Gaukur Ármannsson og Steinar Jónsson urðu hlutskarpastir í sveit Infocapital í Fyrstu deildinni. Matthías Þorvaldsson og Bjarna Einarsson vantar á myndina.

fyndi þetta vel hugsaða og í raun banvæna útspil frá brotinni röð. Hlynur má vel við una að hafa ekki spilað einspilinu sínu í hjarta eins og sást á einhverjum borðum.



Ein rök í lokin fyrir því að sagnhafi átti sennilega að leysa vandann, dúkka í fyrsta slag á grunni þess að langur lauflitur væri á vinstri hönd með ásinn í fararbroddi. Það hlýtur að teljast ólíklegt þegar betri spilarar landsins takast á, að sá sem opnar á tveimur hjörtum sé með tvo ása. Nú orðið opna flestir á einu hjarta með tvo ása og sex í hálit.

Sveit Infocapital skoraði mest í mótinu, Málning varð í öðru sæti, Vinir Gylfa tóku bronsið og Munus endaði í fjórða sæti. Þessar sveitir berjast til úrslita um gullið síðar í þessum mánuði.

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com

Stephan Briem með alþjóðlegan áfanga

Fjögur íslensk skáklið tóku þátt á Evrópumóti taflfélaga (European Club Cup), sívinsælu móti þar sem áhugamenn og heimsklassa skákmenn sitja að tafli á sama stað. Mótið fór fram í strandbænum Budva í Svartfjallalandi, í uppblásnu tjaldi. Greinarhöfundur kannast ekki við að hafa áður teflt í tjaldi. Íslensku liðin voru Skákfélag Akureyrar, Víkingaklúbburinn, og tvö lið frá Skákdeild Breiðabliks, bæði skipuð skákmönnum undir 25 ára aldri. Greinarhöfundur tefldi sem lánsmaður með Skákfélagi Akureyrar.



Gauti Páll Jónsson.

Tveir skákmenn skara fram úr þegar kemur að einstaklingsárangri. Sigurbjörn Hermannsson, á 6. borði Víkingaklúbbsins, nældi sér í sex vinninga úr skákunum sjö. Sigurbjörn hefur ekki náð 2000 skákstigum, en með árangrinum er hann orðinn kandídatmeistari nái hann 2000 stigum, og hvorki meira né minna en Fide-meistari, nái hann 2100 stigum. Það gilda ákveðnar sérreglur um þetta mót og titla, sem eru eftirsóknarverðir í skákheiminum. Árangur Stephans Briem á 1. borði B liðs Breiðabliks var frábær. Þrátt fyrir töp í fyrstu tveimur skákunum þá náði Stephan áfanga að alþjóðlegum meistaratitli. Það er eftirtektarverður árangur, sérstaklega í ljósi þess að Stephan hefur dregið úr taflmennsku undanfarin ár, en það gæti vonandi breyst eftir þennan góða árangur. Enskt lið sem Björn Þorfinnsson tefldi fyrir náði einnig ótrúlegum árangri í mótinu og var í toppbaráttunni í lokaumferðinni!

Netskákin hefur verið í fullum gangi undanfarna sunnudaga á vef Rafíþróttasambandsins. Átta manna úrslit fóru þannig að Jóhann Hjartarson vann Sigurbjörn J. Björnsson, Aleksandr Domalchuk-Jonasson vann Helga Áss Grétarsson, Vignir Vatnar Stefánsson vann Jón Kristin Þorgeirsson og Hilmir Freyr Heimisson vann Braga Þorfinnsson.



Stephan Briem á fyrsta borði Breiðabliks-B fékk áfanga að alþjóðlegum meistaratitli.

Ferðir á Evrópumót halda áfram en þriðjudaginn 3. nóvember fóru þrettán íslenskir keppendur til grísku eyjarinnar Krítar. Teflt er í mörgum aldursflokkum og sagt verður frá árangri krakkanna í næsta blaði. Krakkarnir eru mörg hver orðin mjög vön taflmennsku á alþjóðlegum mótum. Þjálfarar eru þeir Björn Ívar Karlsson og Ingvar Þór Jóhannesson, sem sjá einnig oft um að lýsa netskákinni. Einhvers konar Bogi og Ólafur íslenskrar skákhreyfingar.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum mega þeir hafa samband.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson
gauti.pj@hotmail.com



Erfinginn:

Tryggvi Björn

Nafn: Tryggvi Björn Hultin.

Aldur: 6 ára.

Stjörnumerki: Hrútur.

Búseta: Norðurland eystra.

Skemmtilegast í skólanum: Útifrímínútur.

Áhugamál: Fótbolti.

Tómstundaiðkun: Er að æfa á trommur.

Uppáhaldsdýrið: Risaeðla.

Uppáhaldslitur: Svartur.



Uppáhaldsmatur: Tjockpankakor (sænskar pönnukökur).

Uppáhaldslag: Miracle með Smash Into Pieces.

Uppáhaldsmynd: ToyStory 5.

Fyrsta minningin: Þegar ég hitti litla bróður minn í fyrsta skiptið.

Hvað ertu ánægður með í fari þínu: Að vera í fótbolta.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Þegar ég fór í tívolí í Svíþjóð.

Hver er fyndnastur sem þú þekkir: Erik Fannar, bróðir minn.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Fótboltamaður.

Áttu þér einhverja fyrirmynd? Róbert Karl, frænda minn.

Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

1	4	7				6		
		8	6	7		1	2	
	6		3	1		8		7
8					7	5	4	9
4	7	1			8			
	3			2	6			
		4	2		9		6	
6	1	2				9	8	
9			5	6				

Miðlungs

9								
			8		9	1	2	
	1				6	3	8	
8		3		6	7			
		5	1					6
			4					
	4							3
	2	7						
				4			6	7

Þung

	9	6			2			
4	3			8				
				7	5		6	
							9	5
6		9	4				7	
8								
			1	6				
9				2			4	7
3		2	7					

Þyngst

			1	5				6
					8		3	
5						4		
	1							4
					7			
		6	4				7	
				8			2	
4	9			1				3
		7	2	6				1

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn finnur hvernig skyndileg breyting mun krefjast þess að hann neyðist til að hugsa út fyrir rammann, mót venju. Í kjölfarið, svona til að hrella taugakerfi hans enn fremur, þarf hann eitthvað að endurskoða langtímamarkmið sitt. Vatnsberanum er þó ráðlagt að slaka á og vera viss um að þetta sé örugglega allt til góða. Happatölur 4, 17, 29.

Fiskarnir finna fyrir þrýstingi þegar kemur að skyndiákvörðun sem varðar húsnæði eða búsetu, þótt innsæið segi þeim að bíða um stund. Þetta gefur þeim upplagt tilefni til að setja skýr mörk gagnvart fólki sem tekur meira en það gefur – eitthvað sem þeir ættu einmitt að æfa. Rólegur göngutúr í myrkri mun hreinsa hugann. Happatölur 8, 14, 33.

Hrúturinn finnur hvernig nú er rétti tíminn til að losa um gamlar skuldbindingar sem skila engu nema kvíða og vinna í kjölfarið að einhverju sem mun skila árangri á næstu vikum. Gott trikk er að leyfa öðrum að taka sviðsljósið á meðan unnið er í kyrrþey. Happatölur 2, 19, 41.

Nautið má eiga von á einhvers konar truflun sem verður til þess að það veit ekkert hvað það á sér fyrir hendur að taka. Núnú, í stað þess að gremjast skal nú nýta frelsið til að gera eitthvað sem tengist engu öðru en eigin sköpunargáfu. Best er að taka fram að matur og tónlist gegna lykilhlutverki til að koma sér í stuð. Happatölur 6, 21, 35.

Tvíburar finna, sér til undrunar, að samskipti geta verið stirð ef þeir reyna að útskýra allt í smáatriðum. Þeim er ráðlagt að leyfa hlutunum að eiga sinn gang og taka ekki allar athugasemdir of nærri sér. Til viðbótar er þeim ráðlagt að einbeita sér að einu krefjandi verkefni í senn, í stað þess að dreifa orkunni á tíu mismunandi staði. Jafnvel þó tvíburinn sé með orku á við fimm. Happatölur 5, 12, 27.

Krabbinn má gleðjast yfir því að undanfarið hrærist í honum tilfinningalegur stöðugleiki innan frá en ekki vegna ytri aðstæðna. Gamlar minningar og tilfinningar sækja að honum og hann ætti að leyfa sér að vera eins viðkvæmur og opinn og honum best lætur. Krabbanum er í kjölfarið bent á að gott er að nýta þessar stundir til að loka kafla sem hefur verið opinn of lengi. Happatölur 3, 16, 38.

Ljónið þarf að finna hvernig nú skiptir máli að hlusta af alvöru áður en svarað er því í ljós mun koma lítill sigur á bak við tjöldin sem gefur ljóninu meiri frið í sálina en nokkur almenn viðurkenning. Lagfæra svo heimilið því heimilið er hjarta og rót vellíðunar. Þá mun ljóninu líða vel. Happatölur 7, 22, 44.

Meyjan þarf nú að leyfa óvissunni að njóta vafans í stutta stund og þá munu koma í ljós lausnir sem annars hefðu farið forgörðum. Ferskt loft gerir meyjunni gott, göngutúrar, sundferðir, að sitja við eld, allt sem viðkemur frumkröftunum lofti, jörð, eldi eða vatni. Happatölur 9, 18, 30.

Vogin þarf að finna jafnvægið aftur, en hún er eitthvað að ganga út af brautinni. Hvaða braut sem það nú er. Líklegast er best að vera trú hjarta sínu og sjálfri sér og sækja aðstoð óhrædd um að aðfinnslur fylgi ekki í kjölfarið. Vogin má vita að það er í lagi að standa fast á því sem hún þarfnast án þess að útskýra það fyrir öllum öðrum. Happatölur 11, 23, 40.

Sporðdrekinn hefur beðið spenntur eftir einhverju sem hann taldi dramatískt, en honum til nokkurs ama er dramatíkin minni en hann hefði kosið. Best er að láta sem ekkert sé, sýna yfirvegun og nota staðreyndir þessa máls til að taka næsta skref. Nú er skammt í tíma óvæntra athafna og slík vitneskja kveikir auðvitað í sporðdrekanum sem getur aftur farið að bíða spenntur. Happatölur 1, 15, 32.

Bogmaðurinn má eiga von á því að öll plön muni nú tefjast á einhvern hátt. Þó má ekki örvænta, því tíminn sem gefst í staðinn nýtist í raun betur í að endurhlaða batteríin og bogmaðurinn má sannarlega njóta augnabliksins eins og það er um þessar mundir. Hér er um örlítið logn á undan stormi að ræða. Happatölur 10, 25, 46.

Steingeitin þarf að muna að taka vel undir allt þakklæti sem henni berst, án þess að afgreiða það sem sjálfsagðan hlut. Hún þarf að vera duglegri við að deila ábyrgð með öðrum í kringum sig og hefja upp raust sína ef henni þykir aðstandendur latir við verkin. Ekkert mjög hátt, en láta í sér heyra þannig að skiljist. Happatölur 13, 26, 39.

Tíska:


Er hár yðar óstýrilátt?

Margir þekkja þá raun að eiga við hárið á sér, sumir fremur öðrum auðvitað og einhverjir bara alls ekki. Fagurlega snyrt hár vekur alltaf eftirtekt og með það í huga mætti leitast við að reyna að bursta gegnum flókann daglega. Svo er nú það að hann haldist á réttum stað.

Löngu fyrir daginn í dag og löngu fyrir eina af þeim uppfinningum sem skóku 20. öldina, í þessu tilfelli hárspreyið góða, notuðu konur Viktoríutímans vökva sem gerður var úr ávextinum quince (blöndu peru og eplis) til þess að halda í skefjum íburðarmiklum og oft flóknum hárgreiðslum sínum. Fræ ávaxtarins voru soðin þar til myndaðist þykkur og klístur- eða slímkenndur lögur sem gjarnan var blandaður áfengi eða einhvers konar jurtagúmmí til þess að þykkja blönduna. Til viðbótar, vegna þess hve hráefnin gátu skemmst auðveldlega, þótti gott að bæta í þetta ilmolíum, rósavatni eða hreinlega ilmvatni.

Tekið hefur verið fram í ýmsum ritum frá þessum tíma að heimatilbúin blanda sé allra best, því þær sem seldar voru í verslunum voru oftar en ekki blandaðar einhvers konar eitur- eða óhreinum efnum sem gátu verið skaðleg bæði húð og hári.

Í bók eftir fagurkerann J.R.Stitson, „The Human Hair, Its Care and Preservation“, frá árinu 1900 segir að „Tilbúnar lausnir sem seldar eru undir mismunandi nöfnum, til að stífa hárið og láta það halda lögun sinni í tiltekinni stöðu, sem og til að láta það virðast þykkara, eru stundum skaðlegar vegna þess að óhrein efni hafa verið notuð; þekkt eru dæmi þar sem hárið hefur af slíkum orsökum orðið ryðgrátt. Einnig, vegna þess að hárið er þakið þunnu lagi af lausninni leiðir það af sér að hárið fær ekki næga loftræstingu um tíma og nýtur því ekki sérstaks ávinnings af slíkri notkun.“



Í bók eftir J.R.Stitson var ýtt undir að nota fremur lífrænar lausnir á borð við fræblöndu úr ávextinum quince þegar kom að því að halda hárinu í skefjum.

Taka skal fram að lítið finnst um J.R.Stitson, en honum er lýst sem frumkvöðli síns tíma, gefandi út áðurnefnda bók þar sem hann fjallaði um hreinlæti og hársnyrtingu bæði kvenna og karla. Þetta þótti á þeim tíma allsérstakt, enda snyrting karlmanna oft á undanhaldi. Hins vegar bjó Stitson – sem skrifaði einungis þessa einu bók – yfir nægri þekkingu til að skrifa kafla um lífeðlisfræði hárróta, en deildi jafnframt hagnýtum uppskriftum að hárlitun, aflitunarefnum og meðferðum til að fjarlægja óæskilegan hárvöxt.

Segir sagan hérlendis að þegar kom að því að halda lokkunum í skefjum hafi íslenskar konur helst notað sykurvatn til að stífa hárið og sykurmolar fastur liður í snyrtitöskunni á árum áður. Molarnir voru þá leystir upp í volgu vatni og greiðu dýft í sykurlausnina, en þegar vatnið gufaði upp hertist sykurinn svo



Liðsmenn sveitarinnar Mötley Crüe voru á meðal þeirra sem notuðu ótæpilega af hárspreyi – og hvöttu auglýsendur almenning til að láta nú ekki standa á sér í þeim efnum ...

greiðslan haggaðist ekki heilu böllin. Þetta þótti með eindæmum ágætt, hárið hélst fullkomlega, allt þar til fór að rigna en þá fór allt í klessu. Svona í stuttu máli.

Heimatilbúinn hárlögur virðist hafa haldið velli um nokkurt skeið, en það var svo í kringum fimmta áratug síðustu aldar sem farið var að nota úðabrúsa. Það vildi nefnilega svo skemmtilega til að brúsarnir komu á markaðinn í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar, en þá hannaði bandarískt herinn þrýstibrúsa til að úða skordýraeitri.

Athugulir framústefnumenn sáu að brúsann mætti nota á aðra vegu og árið 1948 hóf bandaríska fyrirtækið Chase Products að setja hársprey í úðabrúsa – og svo beint á markaðinn undir nafninu Spray Net. Tilvist þessarar gleði var ekki sein að vinda upp á sig, fleiri tegundir fóru í umferð á borð við hinar velþekktu Elnett og Aqua Net, og árið 1964 hafði hársprey skákað varalitnum sem söluhæstu snyrtivöru heims.

Það stóð þó ekki mjög lengi því árið 1968 setti strik í reikninginn. Þarna höfðu hippaárin svokölluðu hafið göngu sína og strangtrúaðir hippar voru alls ekki til í að úða eiturefnum á víð og dreif, sérstaklega ekki á sig sjálfa. Einnig fór mikið fyrir femínistum á sama tíma og tók nú önnur hver kona að losa sig við allt sem hægt var að tákna sem kúgun kvenna, þ.m.t. brjóstahaldara, gerviaugnhár, tímaritið Cosmopolitan og auðvitað hársprey. Almannarómur vildi meina að brjóstahöld hefðu verið brennd, en við nánari grennslan lítur nú út fyrir að það sé mýta ...

En spólum nú aðeins áfram. Á níunda áratugnum náði hársprey nýjum hæðum, þá í dægurmenningunni, nánar tiltekið í tónlistarstefnu sem varð óaðskiljanleg frá úðabrúsanum – svokölluðu glamúrrokki. Á þessum tíma breyttist hársprey úr því að vera snyrtivara fyrir húsmæður í að verða líflína harðsvíraðra rokkstjarna og tákn um uppreisn, óhóf og fullkomna ásýnd hins kynþokkafulla manns. Karlmenn í hljómsveitum eins og Mötley Crüe, Poison, Cinderella, Ratt og Bon Jovi mættu með vel túberað hár sem þurfti að geta staðið af sér heilu tónleikana undir heitum kastljósum ... og þá með gríðarlegu magni af spreyi.

Ef eitt vörumerki skilgreindi þetta tímabil þá var það Aqua Net. Sagt var að hljómsveitirnar hefðu keypt spreyið í kassa- eða brettavís fyrir túra og vildu menn meina að spreylyktin fylgdi hvar sem glamúrböndin voru á ferð. Það þótti kaldhæðnislegt að hárspreyið á þessum tíma var gríðarlega eldfimt, en það að mæta með hálfan brúsa af spreyi í hárinu nálægt opnum eldi var hluti af hinu hættulega rokklífi.

(Aðrir sem vildu tolla í tískunni á þessum tíma spreyjuðu auðvitað að sama skapi hár sitt af miklum móð!)

Endalok hárspreysnotkunar rokkara hélst í hendur við næsta tónleikatímabil, grunge-stefnuna sem kynnti til leiks sveitir á borð við Nirvana, Pearl Jam og þess háttar.

Í dag hefur hárspreyið fallið niður úr verðlaunasæti snyrtivaraheimsins, en er þó enn ofarlega í grein hárvara sem slíkra. Með umhverfisáhrif spreybrúsans í huga er málið að við gætum okkur bara að velja eitthvað sem fer ofsalega vel með jörðina ...kannski spurning um að fara að taka upp klístursgerð Viktoríutímans, setja fræ í bleyti og blanda olíu?

/sp

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 07.10.2026 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Lambalækjarflöt, og nýtt deiliskipulag, Brekkukot.

Lambalækjarflöt (L193947) – Breyting á deiliskipulagi
samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Brekkukot (L134386) – Nýtt deiliskipulag
Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru kynntar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Tillögur eru í kynningu frá 14.10.2026 til og með 25.11.2026.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögur á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 09.10.2026.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ

Vísnagáta

Höfuðból í Hreppum er
hetjunni tengist grísku
svar á reiðum höndum hér
háir voru í tísku.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar. Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 9. nóvember.

Lausnarorð síðustu gátu var **toppur.**

Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson
Gudbjorn.Sigurmundsson@mk.is

Bændablaðið
kemur næst út
19. nóvember

www.velaval.is - Alltaf opið

VÉLAVAL

- Sendum um land allt -

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 m/vsk. - texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Jesús sagði:

„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."

Matt. 28.20

biblian.is



Infrarauður klefi,
150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum,
bæði að utan og innan ásamt
útvarpi m/blátannartengingu,
m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum
og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur
í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.

Verð aðeins kr. 260.000

**GODDI.IS Auðbrekku19,
200 Kópavogi, sími: 544-5550**



Hársnyrtistofan Topphár

Dverghöfða 27, 110 Reykjavík

Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin

Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum

Engar tímapantanir bara mæta!

Heitir Pottar



Sex manna heitir pottar með einn legubekk og fimm sætum.

Fjöldi vatns- og loft nuddstúta. Ljós inni í pottum og að utan og með wifi tengingu. Lok, trappa og sía fylgir.

Verð kr. 850.000

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550



Vetrargeymsla fyrir húsbíla og ferðavagna. Sama góða verðið og síðastliðin 6 ár. Upplýsingar á netföngunum: lisafann64@gmail.com og gunnifj@simnet.is eða í s. 893-4515.



Mercedes Benz Sprinter rúta. 19+1+1 farþega. Árgerð 2015, ekinn 410.000 km. Ber aldurinn vel. Ný framrúða, nýr rafgeymir. Fín fyrir verktaka/skólaakstur og fl. Sendið mér tilboð á arsaelll@gmail.com



Til sölu KGM Rexton Ultimate, 4x4, dísil, árgerð 2025, sjálfskiptur, ekinn 68.000 km. Verð kr. 9.790.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Láttu drauminn verða að veruleika! ÁF-Hús smíðar vönduð smáhýsi og sumarhús eftir þínum óskum. gretar@afhus.is



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, stórir sem smáir. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 S. 865-2717.



Til sölu Tesla Model Y Long Range AWD, rafmagn, árgerð 2026, sjálfskiptur, ekinn 16.000 km. Verð kr. 7.890.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Fisléttu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 11.900 til 13.900 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776. Aurasel.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Til sölu ljósar marmaraflísar 61x61 cm. 15 mm þ. 90 ferm. Verð kr. 250.000. Upplýsingar í s. 820-0940.




GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.

VÍR OG LYKKJUR EHF

772-3200

Lok á heita potta



Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 10 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.



GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM Á NETINU

Nám sem gefur rétt til prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla*

Opið allan sólahringinn

VERÐ 70.000 kr.

*Nema brúkrana

VINNUVÉLA SKÓLINN

vinnuvelaskolinn.is

- á íslensku og ensku

Vélsmiðja Grundarfjarðar




VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR

Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum



Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083



JCB 535-95 IND.
Árgerð 2020. Notkun 4.880 klst.
Vökva hraðtengi.
ELM vökvafærslugafflar.
Verð kr. 9.900.000 +vsk.



Solis 60.
Árgerð 2017. Notkun 1.666 klst.
60 hp. Fjórhjóladrif.
Verð kr. 1.750.000 +vsk.



Claas Arion 440.
Árgerð 2019. Notkun 4.017 klst.
130hp. Adblue tekið út.
Ámoksturstæki. Frambúnaður og PTO.
Verð kr. 8.700.000 +vsk.



Claas Celtis 456.
Árgerð 2006. Notkun 14.700 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 2.700.000 +vsk.



Kuhn GA 7501
+ Miðjumúgavél. Árgerð 2021.
Vinnslubreidd 6,80-7,50m.
Vökvahreyfing á vinnslubreidd.
Verð kr. 2.800.000 +vsk.



Claas Disco 4400 sláttuvél.
Árgerð 2023.
Vinnslubreidd 4,20m. Lítið notuð og vel með farin sláttuvél.
Verð kr. 2.800.000 +vsk.



Redrock Super Flow brunndæla.
Galvaniseruð. Lengd 3m.
Afköst 16,300 l/mín.
Verð kr. 1.270.000 +vsk.

VÉLFANG

www.velfang.is
velfang@velfang.is
Gylfaflöt 32, Reykjavík
Óseyri 8, Akureyri
Sími: 580-8200



Dísilhitari. 5 kw. 12 og 24 volt. Öll þjónusta. Verð kr. 53.900. Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Hausttilboð. Fjórhjólakerra, verð kr. 519.000. Skjólborð úr áli, 35 cm há, skúffan lengd 2,50 x breidd 1,40 mtr. Flottur heit galv. rampur m. pumpum. 750 kg h.burðargeta. 13"dekk. Flott t.d. fyrir fjórhjólið eða sláttutraktorinn. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosó s. 894-5111.



Skoda Superb 4x4, árgerð 2021, ekinn 98.500 km. Dísilbíll með krók og 200 hestöfl. Klár í allt. Staðsettur í Mosfellsbæ. Verð kr. 4.800.000. S. 849-6757 fyrir upplýsingar.



Dacia Duster árgerð 2022. Keyrður 118.000 km. Geggjaður bíll fyrir veturinn. Frábært verð - kr. 2.370.000. Splunkuný vél. Skipt um hedd og tímareim í 117.000 km. Skipt um drifskaft í 118.000 km. Splunkuný nagladekk. Næsta skoðun september 2028. Gummi s. 778-3914.



Til sölu Faun RTF-60 krani. Ekinn 138.000 km. Vinnustundir 18.000. Árgerð 1992. Bóma 39m jib 15m lyftigeta 60 tonn. Er skoðaður til 2027. Staðsettur á Siglufirði. Upplýsingar í s. 892-9811.



Hunnebeck steypumót til sölu, um er að ræða ca 700 fm af 3 metra háum mótum. Fylgihlutir fyrir um helming. Verð kr. 24.000.000 Jarnavirkid@gmail.com



Básamottur. Drenmottur. Gúmmíhellur. Plastgirðingarstaurar. Plastprófílar í fjárhús, fjós og hesthús. Jarðvegsgrindur fyrir plön, gerði og garða. Gervigras. Útileiktæki og heildarlausnir. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Ársspá 2027 – Hvaða kafli hefst í þínu lífi? Tækifæri, örlög og tímamót í djúpri og persónulegri spá frá Laufeyju miðli. Tryggðu þér þína spá á volvusvor.is



Til sölu Toyota BZ4X, rafmagn, árgerð 2023, sjálfskiptur, ekinn 72.000 km. Verð kr. 5.590.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Flórsköfur og vélkústar. Þessi þýska hljóðláta flórskafa léttir störfin svo um munar. Verð kr. 595.000 +vsk. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Á Rokon mótorhjólinu eru bæði hjólin drifin samtímis – það er ástæðan fyrir því að það kemst þangað sem ekkert annað farartæki ræður við. Skoðaðu allt um Rokon á www.sumarlif.is eða hringdu í s. 898-7737 - Eigum eitt hjól eftir á lager!



Snjóblásarar fyrir dráttarvélina PTO og einnig vökvadrifnir sem henta á ámoksturstækin eða liðléttinginn. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Nýtt á Íslandi - Eldstæði sem notar vax í stað viðar. Lítil sem engin þörf á þrifum. Verð frá kr. 34.900. Nánari upplýsingar á www.sumarlif.is.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Óliver.



Dísilhitari 5kw 12,24 og 220v með 4l eldsneytisgeymi. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Hleðslustöð 12v. 2,5 kw. 230v. hleðsla 100a frá neti. Sólarselluhleðsla 30-400v. 3.000w. Verð kr. 89.900 orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Sólarsella 585w stærð: 238x114x3 cm Verð kr. 39.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík S. 888-1185.



Sólarrafstöð 4.2 kw hleðslustöð, 4st. 600w sólarsellur 200 ampertíma lithium rafhlöður vírar og festingar. Verð kr. 582.500. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Plastgrindur í fjárhúsgólf. Þýsk hönnun og framleiðsla. Stærð 800 x 600 mm. Eigum bæði til á lager sléttar mottur og mottur með griptökkum. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Dren- og básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmíhellur, útileiktæki, járnrimlagirðingar, gervigras o.fl. Heildarlausnir á leik og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co jh@johannhelgi.is s. 565-1048.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm og 150 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm og 150 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 10 x 15. Verð frá kr. 31.900 til 36.300 +vsk. Lamasett kr. 4.400 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2“, 3“, 4“. Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m, dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tiheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Álsliskjur fyrir brettatjakka á lager. Burðargeta 2 tonn Lengdir: 100 cm eða 150 cm Breidd: 70 cm Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is www.hak.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is




Led perur fyrir flúrlampa!

3 stærðir:
60 cm - kr. 1.500
150 cm - kr. 1.500
120 cm - kr. 2.000



SMH Gróðurhús ehf.
Sími: 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.

Þriggja arma ledljós sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur. 80w - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000 -



Álsliskjur fyrir fjórhjól o.fl. á lager. Samanbrjótanlegar. L: 223 cm, breidd: 28 cm. Stuðningsfætur og strappi. Í pörum eða stakar. Beinar blikksliskjur, L: 180 cm. Einnig burðarmeiri sliskjur fyrir buggy bíla. 30% afsláttur Hákonarson ehf. Netfang: hak@ hak.is - www.hak.is s. 892-4163.



Hyundai dísilvélar til sölu. Rafstart, hlífðargrind, 3.000 til 3.300 sn/min. Beinn öxull, 19,7 mm með fínum gengjum. Ónotaðar. Verð kr. 120.000 +vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163 E-mail hak@hak.is www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Honda bensín, GX 390 vélar til sölu. Nýjar með rafstarti. 1” öxull með kíl og snitti að innan. Verð kr. 80.000 + vsk. stk. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is s. 892-4163.

Fagráð í lífrænum landbúnaði kynnir málþingið:

Tíföldum lífræna framleiðslu - blásið til sóknar -

Haldið í Kaldalóni Hörpu
19. nóvember 2026
kl 10:00 - 15:30

Frekari upplýsingar um dagskrá og skráningarhlekk má finna hér:

EINARÁ

„SVARTUR“ NÓVEMBER
Á DALVEGI 16D – ALLAN NÓVEMBER MÁNUÐ

SUPER-ALL 350 LÍMKÍTTI Á FRÁBÆRU VERÐI
HVÍTT, SVART, GRÁTT OG BRÚNT
930 kr.
SEAL-IT
SUPER-ALL 350

ALLAR DYNAPLUS FÖTUR
50% AFSLÁTTUR
DYNA PLUS

FACADE 315 & 318 FÚGUKÍTTI ALLIR LITIR
600 ML.
990 KR.

FFP3 RYKGRÍMUR M/ÁN VENTILS
190 / 390 KR.

SEAL-IT ULTRA WIPES KASSAVERÐ 6 STK. Í KASSA
6.550 KR.

ALLAR KNIPEX VÖRUR
50% AFSLÁTTUR

VINNULJÓS KUBRIK
VINNULJÓS 350 LM + VASALJÓS 150LM
2.670 KR.

HÖFUÐLJÓS BOWIE
5W
1.790 kr.

VINNULJÓS FARGO
1000 LÚMEN
2.875 kr.

HÖFUÐLJÓS „LASER“
300 LÚMEN
4.765 kr.

PICA ALLAR VÖRUR
50% AFSLÁTTUR

ALLAR SPIT GIFSSKRÚFUR
50% AFSLÁTTUR

ALLAR DYNAPLUS SKRÚFUR Í BOXUM
50% AFSLÁTTUR

ELDVARNARÞÉTTULL MÁLUÐ 50 X 600 X 1200 MM
7.600 KR.

FLEIRI VÖRUR MÁNAÐARINS Á FRÁBÆRUM TILBOÐUM ÚT ALLAN NÓVEMBER MÁNUÐ
TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
ÖLL VERÐ MEÐ VIRÐISAUKASKATTI

EINARÁ
EINAR ÁGÚSTSSON & CO - SÍÐAN 1954
Dalvegur 16d, 201 Kópavogur
577-3900
einara@einara.is
Opið: Mán-fim 8-17, Fös 8-16
Þín tækifæri eru okkur hvatning til að gera betur

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.




ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is
BÍLARAFMAGN

VETRARTÆKI

-Mikið úrval á lager-

PRONAR



Fjölplógar PUV „M“ Diagonal

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.
- 2,6 m
- 2,8 m
- 3,3 m

Fjölplógar PUV – Heavy Duty

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.
- 3,6 m
- 4,0 m

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari:

EPT15, 1,5 m3, rafstýring, 12V

Tokvam®



Fjölplógar VT320 & VT380

Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.

Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- og sanddreifarar

SMA510 / 150 cm
SMA800 / 200 cm
SMA1100 / 200 cm
SMA1600 / 230 cm

Möguleiki á glussa yfirtengi



Snjóblásarar
241 THS Flex
256 THS Flex

Fjöldi aukahluta í boði.

Nánari upplýsingar og verð má finna á á heimasíðu okkar aflvelar.is

AFLVÉLAR

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfoss
Njarðarnesi 1, 603 Akureyri
Sími 480 0000 | www.aflvelar.is



Útsala á háþrýstidælum fyrir verktaka og bændur! 15 L /min 310 bar með Honda x 4 stk. 16 L / min 250 bar með Honda og rafst. X 1 stk 12 L / min 200 með 3 fasa rafmótor x 3 stk. Búnaðurinn er frá COMET, Ítalíu. Seljast með 40% afslætti. Einnig ýmis fylgibúnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: jhh@hak.is



Útsala á rafstöðvum með Honda! Margar stærðir, 1 fasa eða 1 og 3 fasa 2,2 kw upp í 6,4 kw. Seljast á 40% afslætti. Búnaður frá ELCOS og GENMAC, Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: jhh@hak.is



Vélasliskjur úr áli. Margar lengdir og burðargeta á lager. 30% afsláttur. Bjóðum einnig sérpantanir. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is s. 892-4163.



Hardox sturtuvagn með 11 tonna burðargetu/hlassþyngd. Gerð: Weckman 110DG. Verð kr. 2.800.000 +vsk. Dekk 520/50-17. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Heitgalvanhúðaðar stíugrindur í fjárhús. Breidd 129 cm x Hæð 97 cm. Verð kr. 8.530 m/vsk. Breidd 182 cm x Hæð 97 cm. Verð kr. 9.794 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Weckman sturtuvagn með 11 tonna burðargetu/hlassþyngd. Laus skjólborð. Verð kr. 2.450.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Weckman sturtuvagn með 13 tonna burðargetu/hlassþyngd. Laus skjólborð. Verð kr. 2.850.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Snjótennur/fjölplógar frá finnska fyrirtækinu HW. Breidd 360 cm. Verð kr. 1.600.000 +vsk. Breidd 380 cm. Verð kr. 1.650.000 +vsk. Breidd 400 cm. Verð kr. 1.700.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Fjárhúsmottur/járnristar á tilboði. Verð áður kr. 12.900 m/vsk. - Tilboð kr. 11.610 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Tilboð á tvöfaldri vökvastýrðri rúllugreip. Burðargeta 2 x 1.600 kg. Verð áður kr. 543.000 m/vsk. Tilboð 488.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Tilboð á 300 cm flaghefil. Gerð Jykeva H30. Tveir vökvatjakkar. Stuðningshjól og endaplötur. Þyngd 1,1 tonn. Verð áður kr. 1.364.000 m/vsk. Tilboð kr. 1.240.000. H. Hauksson s. 588-1130.



Rúllu- og vélavagn. Rúlluvagn með vökvastýrðum rampi til að keyra vinnuvélar uppá. Burðargeta/hlassþyngd 18 tonn. Fjaðrandi beisli, stærð á palli 2,5x9,0m. Dekk 650/50-22,5. Verð kr. 3.945.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Rampar með langri brekku fyrir vörugáma. Samanbrjótanlegir. Heitgalvaniserað stál, 16 cm undir tungu sem fer inn í gáminn. Burðargeta 10 tonn. Lengd 190 cm, breidd 210 cm. Keðjur og lásar til að festa rampi við gám fylgja. Eigin þyngd 271 kg. Til á lager. Hákonarson ehf hak@hak.is www.hak.is S. 892-4163.



Snjóskóflur með vængjum frá HW í Finnlandi. Breidd 260 cm + 80 cm. Vængir með 3,5 m³ rúmmál. Verð kr. 1.528.000 +vsk. Breidd 265cm + 100cm. Vængir með 4,0 m³ rúmmál. Verð kr. 1.653.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Gjafahringir Heitgalv. Hæð: 70 cm. Þvermál: 200 cm. Verð kr. 59.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sjálfmokandi sand- og saltdreifari frá FK Machinery Breidd 240 cm, 1,80 m3. Verð kr. 890.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Einkamál



Ung kona af landsbyggðinni leitar að vel stæðum manni. Á sína eigin íbúð og keyrir um á glænýrri Teslu. Finnst gaman að ferðast til útlanda og bjórinn getur verið mjög góður. Hendið í follow instagram og sendið á hana þar @Bjarteybirkis

Trúnaður. Óska eftir að kynnast góðri, heiðarlegri konu á aldrinum 60+ (ekki skyndikynni), góð framtíð fyrir réttu konuna. Vinsamlegast sendu mér póst og símanúmer, gjarnan upplýsingar sem geta skipt máli á netfangið: blom@simnet.is

Ég er best í brasi, eilítið skítug og sveitt. Pæja þegar það á við. Eru 49 ára konur virkilega að finna menn á djamminu? Eða kannski hér? landsbyggdatutta@gmail.com

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

Auglýsendur athugið! Ekki er tekið við einkamálaauglýsingum frá öðrum en þeim sem skráir auglýsinguna. Ef þú skráir einkamálaauglýsingu fyrir einhvern annan en sjálfan þig þá mun hún ekki verða birt í blaðinu. Kær kveðja, starfsfólk Bændablaðsins.

Húsnæði

Góðan daginn, vantar að leigja pláss í skemmu eða stóru húsnæði á Suðurlandi (Selfoss +- 50 km) Er með 4x4 húsbíl sem er mjög hár og kemst því ekki i venjulega bílskúra, langar að ath. með pláss til að dytta að honum í vetur. Uppl í s. 767-2402 eða hjolli69@gmail.com

Óska eftir

Kaupi vínylplötur og CD diska, staðgreiði stór söfn. Einnig sum hljómtæki. Ingvar s. 865-1709 og myrkinn@hotmail.com

Óska eftir gömlum afturdrifnum fjórhjólum eða þríhjólum, í hvaða ástandi sem er. Mega vera Quad Racer, Kawasaki Mojave eða sambærilegar tegundir. Leita einnig að gömlum tvígengis krossara, allt kemur til greina. Má vera bilaður, eða í pörtum, skoða allt. S. 770-6997.

Skoða og kaupi: Vínylplötur, frímerki, gömul póstkort, og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Kamínu vil ég kaupa, gamla eða nýja, svo kuldinn úr kotinu neyðist til að flýja. Sendu mynd á s. 761-1160.

Er að leita að bílstjórahurð af Toyota Hilux. Árgerð 1990. Tveggja dyra með palli kv. Ómar s. 893-1632.

Til sölu

Til sölu lítið notaðir þverbogar á Mitsubishi Outlander o.fl. og skíðaklemmur fyrir fjögur skíði, sem eru ónotaðar. Selst bara saman á kr. 30.000. Upplýsingar í s. 831-0956.

Nokian nelgd snjódekk á álfelgum 4 stk. 235/60 R18. S. 897-0626.

Þjónusta

Allt hreint fyrir jólin. Hreinsa glugga, rimlagluggatjöld og flestar aðrar gerðir gluggatjalda. Kíktu við á: laufgraenn.is og pantaðu tíma. S. 861-8752.

Bændablaðið kemur næst út 19. nóv.

Kvenna athvarf

Opið allan sólarhringinn,
sími 561 1205.
Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi.
Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

TÍMAVERA

Segjum NEI við tímasóun

Tímaskráningarkerfi fyrir verktaka, iðnaðarmenn og auðvitað bændur!

- Hættu að nota penna og blað og komdu yfir í Tímaveru
- Einfalt og þægilegt í notkun
- Þú getur strax byrjað að nota appið
- Kostar ekkert að prófa



SKANNAÐUR KÓÐANN
TIL AÐ PRÓFA TÍMAVERU

Frí 14 daga prufa
timavera.is

AFLVÉLAR

Nánar á aflvelar.is:

Vel útbúin fjórhjól á góðu verði.

XWOLF 1000 LAND TREKKER
976 cc - 99 hö



2.390.000 kr.

Staðalbúnaður :




Auka kastarar að framan



3 aksturstillingar Normal, Work og Sport



Fram- og afturstuðari & hliðargrindur



Framrúða



27” dekk & Beadlock felgur



Sætishiti fyrir bæði ökumann og farþega



110 L farangurskassi



Hiti í handföng & handhlífar

XWOLF 1000 MUD
976 cc - 99 hö



2.590.000 kr.

XWOLF 1000
976 cc - 99 hö



2.190.000 kr.

XWOLF 700
686 cc - 47 hö



1.590.000 kr.

XWOLF 550
500 cc - 43 hö



1.290.000 kr.

GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2026